

Ragnar Kjartansson

**ER EITT AÐALNAFNIÐ Í ALÞJÓÐLEGU LISTASENUNNI**

▶ 40



**GEÐVEIK JÓL Á GLÓ**
**GUNNAR NELSON Í JÓLAMYNDBANDI** ▶ 118


Kaupum gull

silfur, demanta, málverk og vönduð úr.

3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknastöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is

KAUPUM GULL KG



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
30. nóvember 2013
282. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**❞ ÉG PARF AÐ TÓNA MIG NIÐUR Í HAMAGANGI LÍFSINS**

**MAÐUR PARF AÐ BORGA FYRIR ALLT SEM MAÐUR GERIR HVORT SEM ÞAÐ ER GÓÐUR MATUR, FÍKNIEFNI EÐA STRESS**

# ÉG FÉKK AÐVÖRUN

**BUBBI MORTHENS var fluttur á spítala með verk fyrir brjósti í síðustu viku. Hann segist hafa fengið gula spjaldið, en þessi lífsreynsla sýni honum hve dýrmæt heilsan sé. Bubbi segir jólin hafa verið klámvædd og gefur lítið fyrir bjölluhljóm og strengi.** ▶ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HEILLAR ALLA Á SKJÁNUM**

Hilda Jana Gísladóttir, dagskrárstjóri hjá N4, kynntist skuggahliðum lífsins sem unglingur. ▶ 34



**Dýragarður á Íslandi**

**Ólst upp á Sædýrasafninu**

▶ 54

**Í ÚTRÁS TIL FINNLANDS**

Rakel og vinkona hennar, Aldís, eru metnaðarfullar og komnar í útrás.

▶ 106




JOE BOXER®
KRINGLAN&SMÁRALIND

Margt smátt ...
Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar fylgir Fréttablaðinu í dag!
Hjálparstarf kirkjunnar



VIÐ TENDRUM LJÓSIN
Á JÓLATRÉNU
KL. 14 Í DAG
SMÁRALIND

## FRÉTTIR 2→18



**SÓKNARFÆRI Í OFFITUVANDA 16**
Ný vara frá Primex á Siglufirði gæti gert mönnum kleift að borða konfekt án samviskubits yfir aukakílóunum.

**ÖRYGGISATRIÐI AÐ HAFA MYNDAVÉLAR 4**
Eftirlitsmyndavélum hefur fjölgað mikið í íslenskum leigubílum. Leigubílstjórar finn fyrir auknu öryggi.

**STJÓRNARRÁÐSINS AÐ VINNA FRUMVÖRP 6**
Ekki er hefð fyrir því að hagsmunaaðilar komi beint að frumvarpsgerð. Stjórnarráðið á að vinna frumvörp en ekki aðilar úti í bæ, segir prófessor við Háskóla Íslands.

**JÁTAÐI Í BEINNI 8**
Íslendingur búsettur í Svíþjóð hefur játað að hafa tekið þátt í að koma svínshausum, svínsblóði og blóðugu eintaki af Kóraninum fyrir á lóð í Sogamýri þar sem til stendur að reisa mosku.

**HEIMILISLAUSUM EKKI VÍSAÐ FRÁ 10**
Síðustu mánuði hefur margoft þurft að vísa heimilislausum frá í Gistiskýlinu við Þingholtsstræti. Nýtt gistiskýli verður opnað á Vatnsstíg á næstunni þar sem pláss verður fyrir fimm menn. Nágrannar hafa blendnar tilfinningar vegna málsins.

## SKOÐUN 20→24



**VOGARSKÁLAR VALDA OG MÁLEFNA 20**
Þorsteinn Pálsson um stjórnmál og málefnalegan aga.

**FÁTÆKT BARNA Á ÍSLANDI 24**
Margrét Júlía Rafnsdóttir um aukinn ójöfnuð barna.

**FRÁBÆRT FRUMKVÆÐI FRÁ HAGRÆÐINGARNEFND 24**
Vísindamenn um samkeppnissjóði.

## HELGIN 26→80



**ERU BÁÐIR JÓLADRENGIR 26**
Bogomil Font og Samúel J. Samúelsson halda jólatónleika með Stórsveit Reykjavíkur í Hörpu á sunnudaginn.

**GET DANSAÐ UPPI Á BORÐUM EDRÚ 34**
Hilda Jana Gísladóttir, dagskrárstjóri hjá N4, kynntist skuggahliðum lífsins sem unglingur en er nú hæstánægð með tilveruna.

**EINS OG VANSKÖPUÐ KARTAFLA AÐ SPÍRA 36**
Fréttablaðið leitar álits á bestu og verstu plötuumslögum ársins.

**ALLIR LISTAMENN ERU KONUR 40**
Ragnar Kjartansson myndlistarmaður er á sífelldum þönum við sýningahald um allan heim. Í augnablikinu er hann þó með fókusinn á Íslandi, opnar sýningu í Kling og Bang í dag og hannaði Kærleikskúluna í ár.

**VILL HERÐA REGLUR UM RANNSÓKNARNEFNDIR 44**
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, vill herða reglur varðandi rannsóknarnefndir Alþingis og segir nauðsynlegt að setja fastan ramma utan um lengd og rekstrarkostnað slíkra nefnda.

## MENNING 90→118

**LIST Á NETINU 90**
Listakonan Ásdís Sif flytur vídeógjörning í beinni útsendingu á netinu.

**MAÐUR OG NÁTTÚRA 92**
Þrjár kynslóðir listakvenna sýna verk sín á sýningunni Pumpu í Norræna húsinu.

**HVAÐ GERÐU ÞAU? 98**
Fræga fólkið og þeirra fyrri störf.

## SPORT 112



**STRÆTISVAGNASÆTI Á VARAMANNABEKKNUM**
ÍR-ingar voru með óvenjulegan varamannabekk á leik liðsins í Olísdeild karla í vikunni.

**STÓRLEIKUR HJÁ GYLFA ÞÓR OG FÉLÖGUM**
Manchester United kemur í heimsókn á White Hart Lane.







## FIMM Í FRÉTTUM FJÖLDAUPPSAGNIR OG AÐALSKIPULAG



**Oddný Sturludóttir** segir skilið við stjórnmálin eftir átta ára starf sem borgarfulltrúi fyrir Samfylkinguna. Hún hefur sett stefnuna á frekara nám en skilur við borgarstjórnina stolt og sátt.



**Dagur B. Eggertsson**, formaður borgarráðs, fagnaði því að aðalskipulag Reykjavíkur til 2013 væri samþykkt í borgarstjórn. Dagur segir mikla áherslu vera á umhverfismál, jöfnuð og félagslega blöndun.



**Heimir Hallgrímsson** og Lars Lagerbäck munu þjálfa karlalandsliðið í fótbolta í sameiningu í undankeppni EM 2016. Í framhaldi af því mun Heimir taka við stjórn liðsins.



**Arndís Thorarensen**, framkvæmdastjóri Lífandi markaðar, segir skort vera á lífrænum kjúklingi á Íslandi. Hún segir framleiðendur þurfa að hlusta á markaðinn og bjóða upp á betri vörur.



➜ **Páll Magnússon** reiddist heiftarlega á fundi með starfsmönnum Ríkisútvarpsins sem haldinn var í kjölfar fjöldauppsagna hjá stofnuninni. Ástæða reiðinnar var spurning um hvort uppsagnirnar væru hluti af leikriti gagnvart ráðamönnum.

# Þrettán metra jógi úr bronsi við rætur Esju

**Jógar í Sri Chinmoy-miðstöðinni vilja heimild til að setja upp þrettán metra hátt líkneski af Chinmoy við Mógilsá. Styttan er sögð verða sú langstærsta af nokkrum styttum sem listamaðurinn Kaivaliya Torpu hefur gert af Chinmoy víða um lönd.**

**MENNINGARMÁL** Sri Chinmoy-miðstöðin íhugar nú að kaupa land við rætur Esjunnar undir þrettán metra háa bronsstyttu af Chinmoy.

Guðný Jónsdóttir hjá Sri Chinmoy-miðstöðinni á Íslandi segir um að ræða listaverk tileinkað friði, gert af Englendingnum Kaivaliya Torpy. Hann hafi gert margar styttur af Chinmoy og standi þær víða um heim, til dæmis í Ósló, Prag, á Balí og í Vasa í Finnlandi.

Að sögn Guðnýjar yrði styttan á Íslandi sú langstærsta af Chinmoy sem Torpy hefur gert hingað til af hinum heimsþekkta indverska gúrú og kraftlyftingamanni. Torpy hefur þrisvar komið til Íslands og ferðast um. Hér upplifir hann frið í náttúrunni og draumur hans er að styttan verði hér,“ segir Guðný.

Styttan á að verða 13,35 metra há og sýna Chinmoy í sitjandi stöðu. Óskað hefur verið eftir svari frá Reykjavíkurborg við því hvort reisa megi styttuna í landi Lunds við Mógilsá. Þar er tveggja og hálfs hektara skógi vaxinn skiki með gömlu húsi einmitt til sölu um þessar mundir. Ásett verð er 35 milljónir króna.

„Við förum náttúrulega ekki að kaupa land nema vita fyrirfram að við fengjum leyfi,“ segir Guðný, sem kveður skiljanlegt að borgin vilji skoða fyrirspurn þeirra vandlega. „Þeir vilja vitanlega kanna hvort hér er alvara að baki eða hvort við séum bara einhverjir rugludallar.“

Þeir sem standa að Sri Chinmoy-miðstöðinni á Íslandi eiga að sögn Guðnýjar það sameiginlegt að hafa numið hugleiðslu hjá indverska jóganum. Hann lést árið 2007.

gar@frettabladid.is



**Í LUNDI** Indverski gúrúinn Sri Chinmoy skýtur hér upp kollinum í skógarrjóðri við Esjurætur á þessari samsettu mynd. MYND/SRI CHINMOY MIÐSTÖÐIN




**SAMANBURÐUR** Styttan í samanburði við hús sem stendur á lóðinni.

> Þeir vilja vitanlega kanna hvort hér er alvara að baki eða hvort við séum bara einhverjir rugludallar.
>
> *Guðný Jónsdóttir hjá Chinmoy-miðstöðinni á Íslandi.*



**FORSÆTISRÁÐHERRA LYFT** Sri Chinmoy sýndi aflraunir hér á landi 1989 og lyfti þá Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra. MYND/SV.P

Tillögur sérfræðingahóps um höfuðstólshækkun verðtryggðra húsnæðislána:

# Skuldaniðurfellingar kynntar

**EFNAHAGSMÁL** Skýrsla og tillögur sérfræðingahóps um höfuðstólslækkun verðtryggða húsnæðislána verður formlega kynnt almenningi á blaðamannafundi klukkan fjögur í dag.

Skýrslan var rædd í ríkisstjórn í gær og samþykkti hún að halda áfram vinnu um undirbúning að framkvæmd tillagnanna, meðal annars smíði lagafrumvarpa á grundvelli þeirra. Þingflokkar stjórnarflokkanna funda fyrir hádegi í dag um tillögurnar.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að útfærsla tillagnanna feli í sér víðamestu efnahagsaðgerð ríkisstjórnarinnar til þessa.

Heimildir Fréttablaðsins herma að aðgerðirnar muni aðeins ná til hluta íslenskra heimila eða um 70 þúsund þeirra, en um 52% íslenskra heimilda skulda engin húsnæðislán.

Gert er ráð fyrir að skuldir lækki um allt að 130 milljarða króna og verður farin svokölluð blönduð leið í beinna niðurfellinga verðtryggðra húsnæðislána ásamt skattaafslætti á niðurgreiðslu með séreignarsparnaði.





**FORMAÐURINN** Dr. Sigurður Hannesson stærðfræðingur er formaður sérfræðingahópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Blaðamannafundurinn verður í beinni útsendingu á Vísi í dag, ásamt því sem aukaþáttur af Stóru málunum verður sýndur beint eftir kvöldfréttir Stöðvar 2 í kvöld þar sem Lóa Pind Aldísardóttir stefnir að því að fá forráðamenn ríkisstjórnarinnar til að ræða tillögurnar. - fbj


TÖFRANDI JÓLASTEMNING
OPIÐ 10 - 18 Í DAG OG 13 - 18 Á SUNNUDAG
TENDRUM JÓLATRÉ
KRINGLUNNAR KL. 14 Í DAG
AÐVENTUKAFFI UM HELGINA
Smákökur og ilmandi kaffi frá Kaffitári milli kl. 14 - 17
LAUGARDAGUR
14.00 Vísinda-Villi kveikir á jólatré Kringlunnar. Jóhanna Guðrún og barnakór Bústaðarkirkju syngja jólalög. Jólasveinar gleðja börnin. Jónas Þórir og Stefán S. Stefánsson leika á píanó og saxófón.
16.00 Tónlistarmaðurinn Steinar flytur lög af nýrri plötu.
SUNNUDAGUR
14.00 Ingó Veðurguð syngur og sprellar með jólasveinunum.
14.30 Einar Mikael töframaður.
15.00 Strengjasveit Tónskóla Sigursveins.
GEFÐU EINA AUKAGJÖF ÞESSI JÓL
Pakkasöfnun Kringlunnar hefst um helgina í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpina
PÓSTURINN
Pósturinn aðstoðar við pakkasöfnun og kemur jólagjöfum utan höfuðborgarsvæðisins endurgjaldslaust til skila undir jólatréð
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

## 23.11.2013 → 28.11.2013

**70.000 tonn** af síld voru talin vera innan brúar í Kolgrafafirði á fimmtudag þegar Landhelgisgæslan nýtti smásprengjur í tilraun til að fæla hana á brott.

Togarinn Örfirisey RE, skip HB Granda, landaði um **100 tonnum** af fiskhausum eftir veiðiferð á Vestfjarðamið. Þeir fara á markað þurrkaðir og frystir.

**14.000** E-töflur hafa verið gerðar upptækar í tollinum það sem af er ári.

**830** grunnskólanemendur frá 23 skólum tóku þátt í Skrekk 2013. Það var Langholtsskóli sem fór með sigur af hólmi.

**106.000.000.000 kr.** gæti kostað að koma upp háhraðalest milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Íbúar Kópavogs verða **40.000** talsins árið 2024 ef áætlanir ganga eftir.

**9 milljónir** snjallsíma af tegundunum iPhone 5c og 5s seldi Apple á fyrstu þremur dögunum sem símarnir voru til sölu.

**102 milljónir** króna voru óinnheimtar viðskiptakröfur Landspítalans á einstaklinga í júní.

**3.000.000** manns höfðu hlaðið niður spurningaleiknum QuizUp í byrjun þessarar viku. Áhugi erlendra fjárfesta á leikjafyrirtækinu Plain Vanilla er mikill í kjölfar vinsælda leiksins.



**KVARÐINN LESINN** Hart virðist í ári á verkstæðum fyrir vélknúin ökutæki. NORDICPHOTOS/AFP

Gjaldþrot eru 13,6% færri:

## Flest gjaldþrot í smásöluverslun

**EFNAHAGSMÁL** Alls voru 117 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í októbermánuði, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofu Íslands.

„Fyrstu tíu mánuði ársins var fjöldi gjaldþrota 787, en það er 13,6 prósenta fækkun frá sama tímabili í fyrra þegar 911 fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta," segir á vef Hagstofunnar. Fram kemur að flest gjaldþrot það sem af er ári séu í flokknum heild- og smásöluverslun og ökutækjaviðgerðir. Þar eru þau 162, eða rúmur fimmtungur. **- óká**

Ný skoðanakönnun MMR:

## Færri styðja ríkisstjórnina

**KÖNNUN** Um 43,1 prósent landsmanna styður ríkisstjórnina samkvæmt skoðanakönnun MMR. Það er lítils háttar lækkun frá síðustu könnun þar sem stuðningurinn mældist 44,6 prósent.

Litlar breytingar eru á fylgi flokka milli kannana. Sjálfstæðisflokkur mælist með 26,8 prósenta fylgi. Björt framtíð er með 15,2 prósent og Framsóknarflokkurinn mælist með 15 prósent. Alls segjast 13,8 prósent styðja Samfylkingu og 12,6 prósent VG. Það segjast níu prósent styðja Pírata og 7,4 prósent nefna aðra flokka. **- bj**

# Eftirlitsvélar í 100 leigubíla

Eftirlitsmyndavélum hefur fjölgað mikið í íslenskum leigubílum. Leigubílstjórar finna fyrir auknu öryggi þar sem fólk hagi sér öðruvísi þegar myndavél er til staðar. Árásir á leigubílstjóra tengjast oft fíkniefnaneytendum.

**ÖRYGGISMÁL** Eftirlitsmyndavélum í íslenskum leigubílum hefur fjölgað mikið að undanförnu og eru þær á bilinu sextíu til eitt hundrað talsins, flestar á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt ágiskun Ástgeirs Þorsteinssonar, formanns Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra. Alls eru 587 leigubílar í umferð á númerum á höfuðborgarsvæðinu í dag samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu.

„Menn hafa orðið varir við það að ef fólk veit af myndavélunum, þá hagar það sér öðruvísi," segir Ástgeir, spurður hvort leigubílstjórar hafi fundið fyrir auknu öryggi með myndavélunum „Þetta hefur ákveðinn fælingarmátt."

Myndavélarnar fást hér á landi og kostar stykkið á bilinu fimmtíu til eitt hundrað þúsund krónur. Leigubílstjórarnir þurfa sjálfir að kaupa þennan eftirlitsbúnað, enda eru þeir einyrkjar.

Árásum á leigubílstjóra hefur fjölgað töluvert og með notkun myndavélanna vilja menn sporna við þeirri þróun. Oft tengjast árásirnar fíkniefnaneytendum. Að sögn Ástgeirs verða leigubílstjórar meira varir við þá á næturnar í miðri viku enda sé hinn almenni maður ekkert á ferli þá.

Hann segir öðruvísi að keyra fíkniefnaneytendur en drykkjufólk. „Þetta er ekkert eins og var hér áður fyrr þegar menn voru eingöngu að keyra drukkið fólk. Þá var yfirleitt hægt að tala menn til en almennt taka menn engan „séns" á því í dag. Menn geta aldrei áttað sig á ástandi farþega og menn eru hálfruglaðir undir áhrifum. Oft er betra að reyna að losa sig við farþegana. Þetta hefur samt ekki verið neitt stórvandamál."

Þeir sem vilja gerast leigubílstjórar þurfa í dag að undirgangast námskeið á vegum Samgöngustofu þar sem fulltrúi frá fíkniefnadeild lögreglunnar fer yfir hvað er best að gera þegar fíkniefnaneytendur stíga inn í leigubíla.

Starfsmenn Hreyfils sem lenda í vandræðum geta látið lögregluna vita með því að ýta á neyðarhnapp í bíl sínum. Staðsetningartæki lætur lögregluna vita hvar þeir eru staddir og þurfa þeir því ekki að segja aukatekið orð þurfi þeir á hjálp að halda. **freyr@frettabladid.is**



**AUKIÐ ÖRYGGI** Ástgeir Þorsteinsson segir að leigubílstjórar með eftirlitsmyndavélar finni fyrir auknu öryggi í starfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Menn hafa orðið varir við það að ef fólk veit af myndavélunum þá hagar það sér öðruvísi**
>
> *Ástgeir Þorsteinsson, formaður Bandalags íslenskra leigubifreiðarstjóra*

## Málbandi vafið utan um hálsinn



**MYNDAVÉL** Eftirlitsmyndavélum í leigubílum hefur fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Daníel Einarsson borgaði hátt í 100 þúsund krónur fyrir eftirlitsmyndavél í leigubílinn sinn fyrir þremur mánuðum. Hann segir andrúmsloftið í bílnum hafa breyst við það. „Fólk er ekki eins mikið að rífa kjaft upp úr þurru og hættir að gleyma veskinu og svona."

Hann lenti eitt sinn í því að málbandi var vafið utan um hálsinn á honum. „Mér brá heldur. Það var maður sem sat fyrir aftan mig sem hengdi málbandið á mig. Þegar ég reyndi að losa strekkti hann," segir Daníel, sem hefur verið leigubílstjóri í tólf ár. „Þetta á að vera sniðugt og fínt en þegar fólk er í glasi gerir það sér ekki grein fyrir hættunni sem það er að stofna bílnum í, það er bara í öðrum heimi. Þegar djammklukkan slær hjá Íslendingum þá allt í einu má allt sem mátti ekki áður."

Hann veit dæmi þess að fólk hafi hringt og pantað sér fíkniefni úr bílnum hans. „Það er að spyrja hvort það eigi stuð. Svo er það með peninga fyrir stuðinu og er ekki með peninga fyrir bílnum, en núna er þetta allt á myndavél með hljóði."

Daníel er sammála því að heimurinn sé að harðna þegar vímuefnaneytendur í leigubílum eru annars vegar. „Maður veit ekkert á hvaða efnum fólk er. Það getur „snappað" allt í einu."




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HVASSVIÐRI** Það verður ekkert sérstaklega jólalegt þessa fyrstu helgi í aðventu. Víða allhvasst eða hvassviðri en hægari NA-til framan af degi á morgun. Skúrir eða él V- og NV- til í dag og rigning S- og V- lands á morgun.




**Á morgun**
15-20 m/s, hægari A-til framan af degi.




**Mánudagur**
10-18 m/s V-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 5° | Gautaborg | 6° | London | 7° | Orlando | 24° | San Francisco | 17° |
| Basel | 4° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 14° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 23° | New York | 3° | París | 9° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

*Við elskum jólin*

# TAX FREE

## SERÍUR OG JÓLALJÓS

**OPIÐ TIL 21:00**
**SKÚTUVOGI**
**ALLA DAGA TIL JÓLA**



Jólastjarna
999
~~1.490~~

Jólasýpris
399

Hýasinta
299

Aðventuljós
999
~~1.490~~

Aðventukrans
1.999

**OPIÐ ALLA AÐVENTUHELGINA UM LAND ALLT**
SJÁ NÁNAR AFGREIÐSLUTÍMA Á WWW.HUSA.IS

## JÓLAHLAÐBORÐ
Húsasmiðjunnar Kaffi Garði Skútuvogi



Börn yngri en 10 ára borða frítt
Alla helgina kl. 12-14 og 18-20
Aðeins 1.690kr

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956




Kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum renna út á miðnætti:

# Tugþúsundir án kjarasamninga

**KJARASAMNINGAR** „Þetta gengur hægt. Menn eru að þreifa fyrir sér og reyna að átta sig á því hvaða atriði eiga að vera í samningnum," segir Björn Snæbjörnsson, formaður samninganefndar Starfsgreinasambandsins.

Kjarasamningar á milli 80 og 90 þúsund launþega renna út á miðnætti og nokkuð langt virðist í land að nýr kjarasamningur verði undirritaður.

Eitt af því sem tafið hefur samningsgerðina er að frumvarp til fjárlaga var ekki lagt fram fyrr en í byrjun október. Fyrir rúmri viku kynnti ríkisstjórnin breytingar á fjárlagafrumvarpinu fyrir forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Það má því segja að eiginlegar samningaviðræður hafi ekki byrjað fyrr en í vikunni sem er að líða.

„Við viljum fá vissu fyrir því að atvinnurekendur velti kauphækkunum ekki beint út í verðlagið. Við viljum líka að ríki og sveitarfélög komi að borðinu og hækki ekki álögur á almenning," segir Björn. - jme



**SAMNINGAR LAUSIR** Samningar tugþúsunda launþega renna út á miðnætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aðilar úti í bæ semji ekki ný frumvörp

Ekki er hefð fyrir því að hagsmunaaðilar komi beint að frumvarpsgerð. Stjórnarráðið á að vinna frumvörp en ekki aðilar úti í bæ segir prófessor við Háskólann.

**ORKUMÁL** Ómar H. Kristmundsson, prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, segir ekki eðlilegt að hagsmunaðilar komi beint að samningu frumvarpa.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að fyrirtækið Carbon Recycling International hefði skrifað stóran hluta af fyrstu drögum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að frumvarpi um endurnýjanlegt eldsneyti. Fyrirtækið framleiðir metanól sem má nota sem íblöndunarefni í bensín. Frumvarpið varð að lögum sex mánuðum síðar.

Ómar kveðst ekki vita til þess að ákvæði séu um það í lögum sem meini hagsmunaðilum að koma drögum að frumvörpum á framfæri. „Kjarni málsins er sá að það er hlutverk Stjórnarráðsins að vinna frumvörp en ekki aðila úti í bæ. Það þarf eiginlega ekki að setja reglu um það því það er svo augljóst," segir hann, aðspurður.

Hann segist ekki geta lagt mat á þetta tiltekna mál því hann þekki það ekki nægilega vel. „Almenna reglan er sú að stjórnarfrumvörp eru samin af sérfræðingum ráðuneytanna eða stofnana þeirra. Stundum er sérfræðingum utan ráðuneytis eða sérstökum samstarfshópi falið verkefnið."

Ómar segir að skilja verði á milli frumvarpsgerðarinnar sjálfrar og samráðs. „Það hefur verið vaxandi áhersla hjá íslenskum stjórnvöldum að auka samráð við stefnumótun mála sem leiða til lagabreytinga. Í því hefur falist samráð við hlutaðeigandi. Það er eðlilegt að á stefnumótunarstigi sé haft samráð við ólíka hagsmunaaðila," segir hann. „Einnig þurfum við að hafa í huga að þegar frumvarp hefur verið lagt fram er ávallt leitað umsagnar hagsmunaaðila og rætt við þá í viðkomandi fagnefnd þingsins." freyr@frettabladid.is




**EKKI TIL EFTIRBREYTNI** Ómar H. Kristmundsson, prófessor við HÍ, segir óeðlilegt að hagsmunaaðilar komi beint að mótun frumvarpa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Frumvarp um OR samið af borginni

Dæmi eru um að aðilar utan ríkisins hafi komið að samningu frumvarpa og nefnir Ómar frumvarp um Orkuveitu Reykjavíkur frá 2001 sem hafi að talsverðu leyti verið samið innan Reykjavíkurborgar.

Jafnframt má geta þess að deCode eða dótturfyrirtæki þess samdi fyrstu drögin að lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði og voru einhverjir sem gagnrýndu það á sínum tíma.

> Kjarni málsins er sá að það er hlutverk Stjórnarráðsins að vinna frumvörp en ekki aðila úti í bæ.
>
> *Ómar H. Kristmundsson prófessor við stjórnmálafræðideild HÍ*

365 miðlar selja nú net- og símaþjónustu á nýrri sölusíðu fyrirtækisins:

# Bjóða fjölbreyttar pakkalausnir

**VERSLUN** „Við leggjum tímamótatilboð á borðið þar sem sjónvarpsáskrifendur okkar fá 100 prósenta niðurfellingu á mánaðargjöldum net- og heimasíma með ákveðnum áskriftarpökkum. Það eina sem viðskiptavinir okkar þurfa að greiða er línugjald sem er 2.610 krónur eins og tíðkast hjá viðskiptavinum hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum," segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

Fyrirtækið hefur nú opnað sölusíðuna 365.is þar sem hægt er að kaupa mismunandi pakkalausnir sem innihalda net, heimasíma og áskriftir að sjónvarpsstöðvum. Þar er boðið upp á ljóshraðanet í gegnum Ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur og Ljósveitu Mílu.

Ari segir að fyrirtækið ætli til áramóta að bjóða upp á frítt net og heimasíma með völdum sjónvarpsáskriftum í allt að þrjú ár.

„Þetta er svo sannarlega raunverulegur sparnaður í þágu heimilanna í landinu. Sparnaðurinn getur numið allt að 180 þúsund krónum á þremur árum," segir Ari. - hg




**BLANDAÐA LEIÐIN** Slegið er á létta strengi í auglýsingaherferð 365 miðla þar sem talað er um blönduðu leiðina.

> ➜ 365 miðlar bjóða upp á frítt net og síma með völdum sjónvarpsáskriftum í allt að þrjú ár.



# JÓLASPRENGJA
# 40% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG OG SUNNUDAG




Gildir aðeins 30. nóvember og 1. desember.


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Samþykkt í Kópavogi:

## Sveitarfélög auki samstarf

**SVEITARFÉLÖG** Bæjaryfirvöld í Kópavogi vilja láta skoða stórfellda aukningu sameiginlegra verkefna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Góð reynsla sé af sameiginlegum rekstri á borð við Sorpu og Strætó. „Sóknarfæri eru víða og eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kjörinn vettvangur til að kortleggja af fullri alvöru stórfellda aukningu á samstarfi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hafa vart sýnileg bæjarmörk,“ segir í tillögunni sem lögð var fram af Pétri Ólafssyni úr Samfylkingu og bæjarráð samþykkti. **- gar**



**PÉTUR ÓLAFSSON**



**Í DRESDEN** Frúarkirkju ber við himin í miðborg gömlu Dresden í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglumaður handtekinn:

## Drap mann og bútaði niður

**ÞÝSKALAND, AP** Þýskur lögreglumaður hefur verið handtekinn grunaður um að hafa drepið og bútað niður mann sem hann kynntist á netinu. Manninn dreymdi víst um að vera drepinn og étinn.

Haft er eftir Dieter Kroll, lögreglustjóra í Dresden, að hinn maðurinn hafi látist af stungusári á heimili árásarmannsins. Morðið átti sér stað í byrjun mánaðar um mánuði eftir að mennirnir kynntust í netspjalli. **- óká**

# Kallaður í yfirheyrslu eftir játningu í beinni

Íslendingur búsettur í Svíþjóð hefur játað að hafa tekið þátt í að koma svínshausum, svínsblóði og blóðugu eintaki af Kóraninum fyrir á lóð í Sogamýri þar sem til stendur að reisa mosku. Verður kallaður til yfirheyrslu segir lögreglufulltrúi.

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður búsettur í Svíþjóð játar að hafa tekið þátt í að koma svínshausum og blóðugu eintaki af Kóraninum fyrir á lóð í Sogamýri á miðvikudag. Múslimar á Íslandi hyggjast reisa mosku á lóðinni.

„Þetta er bara gjörningur. Við vorum bara að mótmæla mosku þarna,“ segir Óskar Bjarnason. Hann segir að hann sé hluti af stærri hópi og þrír menn til viðbótar hafi staðið að því að dreifa hausunum.

Óskar var í viðtali við Útvarp Sögu á miðvikudag, sama dag og hausunum var komið fyrir á lóðinni. Þar játaði hann í beinni útsendingu að hafa tekið þátt í verknaðinum. Þar segir hann þó að rauður vökvi sem dreift var á lóðinni hafi verið málning, ekki svínsblóð.

Í viðtalinu sagði Óskar að tilgangurinn hafi verið sá að vanhelga lóðina svo múslimar vilji ekki byggja þar. Næst verði notast við blóð en ekki málningu.

Talsmenn Félags múslima á Íslandi hafa bent á að þetta hafi engin áhrif á áform um að byggja mosku á lóðinni.

Málið er rannsakað sem meint brot á þeirri grein hegningarlaga þar sem lagt er bann við hatursáróðri segir Benedikt Lund, fulltrúi hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Lögreglan hefur óskað eftir upptöku af viðtali Útvarps Sögu við Óskar.

Hann segir að Óskar verði kallaður til skýrslutöku og málið því næst sent ákærusviði lögreglunnar. Þar verði ákveðið hvort ákært verði fyrir hatursglæp.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í dag telur Björg Thorarensen það blasa við að þessi verknaður teljist hatursglæpur og varði við almenn hegningarlög.



**TRÚARRIT** Tilgangur þeirra sem dreifðu svínshausunum og blóðugum síðum úr Kóraninum á lóð Félags múslima á Íslandi var að vanhelga lóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgarstarfsmenn hentu bæði svínshausunum og blóðugu eintaki af síðum úr Kóraninum, trúarriti múslima, að lögreglumönnum ásjáandi. Benedikt segir lögreglu því ekkert hafa í höndunum til að staðfesta að um síður úr Kóraninum hafi verið að ræða.

Ljósmyndari Fréttablaðsins tók mynd af síðunum þar sem hægt er að lesa textann og staðfesta að hann er úr Kóraninum. Myndin hefur verið send lögreglu.

Óskar segir að hann hafi verið á staðnum þegar lögreglan hafi komið á vettvang í Sogamýrinni, en lögreglan hafi ekki haft afskipti af honum. „Ég bara stóð þarna og horfði á þá.“

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vildi ekki tjá sig um málið í gær, og sagðist ekki hafa kynnt sér það né vita um hvað það snúist. brjann@frettabladid.is



**Þetta er bara gjörningur. Við vorum bara að mótmæla mosku þarna.**

*Óskar Bjarnason*

Afturköllun náttúrulaga:

## Bærinn leggist gegn frumvarpi

**KÓPAVOGUR** Fulltrúar minnihlutans í bæjarráði Kópavogs hafa lagt til að sveitarfélagið leggist gegn frumvarpi um afturköllun nýrra náttúruverndarlaga.

„Efling almannaréttar, ítrekun banns við utanvegaakstri, innleiðing varúðarreglunnar og aukin vernd náttúrufyrirbæra skipta öll miklu máli fyrir komandi kynslóðir,“ segir í tillögu Ólafs Þórs Gunnarssonar úr VG og Péturs Ólafssonar úr Samfylkingu. Málinu var vísað til umsagnar hjá umhverfissviði og til umhverfis- og samgöngunefndar. **- gar**

Skuldir stöðvarinnar Kölku:

## Lækka um 700 milljónir króna

**FJÁRMÁL** Rekstur Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, Kölku, hefur gengið vel að undanförnu. Samkvæmt Víkurfréttum hafa lán félagsins lækkað um nær sjö hundruð milljónir króna og farið úr um 1.300 milljónum króna í um 600 milljónir.

Umbætur í rekstri fyrirtækisins ásamt því að staðfestur hefur verið nýr lánssamningur við Íslandsbanka með lækkun á lánastöðu fyrirtækisins um tæplega 340 milljónir króna, gerir Kölku kleift að halda óbreyttum gjöldum þriðja árið í röð. **- fb**

Sími: 552 2440
BBS BBS
City taxi City taxi
Borgarbílastöðin. ehf
ATH.Ekkert utanbæjargjald.
eldri borgara og öryrkjar fá 20% Stgr.afslátt!
www.borgarbilastodin.is

HERTEX
Í jólaskapi.
Komið og gerið góð kaup í búðum okkar. Við erum í Reykjavík,Akureyri,og í Reykjanesbæ.
HJÁLPRÆÐISHERINN
w.w.w.herinn.is

Landsvirkjun
Styrkir til náms og rannsókna
Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir námsmenn og rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Til úthlutunar 2014 eru 52 milljónir króna.
Styrkir til efnilegra nemenda í meistara- eða doktorsnámi á sviði umhverfis- eða orkumála.
Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála, veittir til að mæta kostnaði vegna vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.
Umsækjendur um styrk til rannsóknarverkefna þurfa að leggja fram lýsingu á verkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á www.landsvirkjun.is.
Umsóknum ásamt fylgigögnum má skila rafrænt á orkurannsoknasjodur@landsvirkjun.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.
Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2014.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Eigum **enn** nokkra sýningarbíla
á frábærum afslætti til áramóta.
Fyrstir koma fyrstir fara á
glæsilegum Chevrolet inn í nýtt ár.

ALLT AÐ
**500.000 KR.**
AFSLÁTTUR

**Tryggðu þér eintak strax!**




Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

| | |
|---|---|
| 10 ára ábyrgð | Veldur ekki ofnæmi |
| 12 stærðir (90-500 cm) | Eldtraust |
| Stálfótur fylgir | Þarf ekki að vökva |
| Ekkert barr að ryksuga | Íslenskar leiðbeiningar |

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir



Mannvirðing

Siðmennt styður opið, víðsýnt og fjölbreytt samfélag

SIÐMENNT
www.sidmennt.is

kynntu þér málið!



JÓLATILBOÐ






JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

Magimix matvinnsluvélar, blandarar og safapressur.
Kaffivélar fyrir Nespresso og kaffi frá Caffé Vergnano fyrir Nespressovélar.

magimix jura

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


Endurskoða á hluta nýsamþykkts skipulags fyrir Nýlendureit:

# Skoða færslu rétttrúnaðarkirkju

**SKIPULAGSMÁL** Til að ná meiri sátt um kirkjubyggingu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Nýlendureit verður skoðað hvort finna megi henni lóð á horni Mýrargötu og Seljavegar í stað þess að hún sé austar við Mýrargötuna.

Borgarráð samþykkti á fimmtudag nýtt skipulag fyrir Nýlendureit þar sem meðal annars er gert ráð fyrir rétttrúnaðarkirkjunni við Mýrargötu. Talsverð andstaða er í nágrenni við bygginguna, meðal annars vegna þess hversu háreist hún á að verða og vegna þess að aðeins er gert ráð fyrir þremur bílastæðum á lóðinni. Eftir að skipulagið var samþykkt í borgarráði var tillaga sjálfstæðismanna um að finna kirkjunni nýja lóð einnig samþykkt.

„Það hefur komið fram hugmynd um að kirkjan geti hugsanlega farið betur á öðrum stað á reitnum þar sem hún hefði meira rými og færi betur í jaðri hverfisins,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Hann undirstrikar að aðeins sé um athugun að ræða. Vinna þurfi málið í sátt við nágranna og kirkjuna sjálfa. - gar



**RÚSSNESK RÉTTTRÚNAÐARKIRKJA** Skoða á hvort færa megi rússsnesku rétttrúnaðarkirkjuna austar á Mýrargötu þar sem hún gæti staðið næst Héðinshúsinu. MYND/REYKJAVÍKURBORG-ÍBÚASAMTÖK VESTURBÆJAR

# Ekki fleiri heimilislausum vísað frá

Síðustu mánuði hefur margoft þurft að vísa heimilislausum frá í Gistiskýlinu við Þingholtsstræti. Nýtt gistiskýli verður opnað á Vatnsstíg á næstunni þar sem pláss verður fyrir fimm menn. Nágrannar hafa blendnar tilfinningar vegna málsins.

**VELFERÐARMÁL** Nýtt bráðabirgðagistiskýli fyrir heimilislausa karla verður opnað á næstu dögum á Vatnsstíg 12. Þar mun verða pláss fyrir fimm menn og verður það notað þar til nýtt gistiskýli verður opnað á Lindargötu í vor.

Frá því í maí síðastliðnum hefur alloft þurft að vísa fimm til sex manns frá sömu nóttina í Gistiskýlinu á Þingholtsstræti. Síðan í vor hefur verið leitað að viðeigandi húsnæði, sem stenst öryggiskröfur, til að bæta við gistirýmum.

Verkefnið er ekki á fjárhagsáætlun Velferðarsviðs. Kostnaður mun falla að mestu til á árinu 2012 og leitast verður við að rúma það innan fjárheimilda.

„Ef við þurfum að fastráða starfsmenn frá upphafi fram á vor þá kostar þetta allt að 8,3 milljónum,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður Velferðarráðs. „Það fer eftir ásókninni hversu mikið þetta mun kosta því mestur kostnaðurinn fer í laun starfsmanna. En það er forgangsmál að koma í veg fyrir að menn þurfi að sofa úti. Það hefur alltaf verið stefna okkar.“

Eingöngu verður boðið upp á gistingu í húsnæðinu. Kvöldhressing og morgunverður verður enn í húsnæði Gistiskýlisins í Þingholtsstræti. Starfsmenn Gistiskýlisins munu fylgja gestum sem ekki fá inni þar í útibúið á Vatnsstíg.

Húsnæðið á Vatnsstíg 12 er lítið einbýlishús í eigu Reykjavíkurborgar í miðju íbúahverfi.

„Þetta er bara íbúðarhús og verður það áfram þótt það séu mismunandi íbúar. Það þarf ekki grenndarkynningu. Enda verður engin biðröð fyrir utan eða annað sem mun trufla samfélagið í kring. Við erum bara að bjarga þessum mönnum af götunni og þetta er tímabundin lausn.“

erlabjorg@frettabladid.is



**GISTISKÝLI** Á Vatnsstíg 12 er lítið einbýlishús sem hingað til hefur hýst fjóra starfsmenn sjálfboðaliðasamtakanna SEEDS. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### → Enga trú á að þeir valdi mér ónæði

Ragnar P. Steinsson
Vatnsstíg 9

„Ég hef ekkert á móti því að þessir menn komi í hverfið og ég hef enga trú á að þeir muni valda mér ónæði. En ég er mest hissa á að þeir velji þetta hús fyrir þá. Það er svo lítið og varla pláss fyrir fimm karlmenn. Mér finnst það hálfgert glapræði að láta menn í þessu ástandi vera í timburhúsi í varla manngengu risi.“

### → Borgin veður sífellt yfir borgarana

Þorsteinn Steingrímsson
Vatnsstíg 9a

„Það er ekki hægt að koma með svona fólk inn á svæði þar sem fullt af fjölskyldum býr. Borgin getur ekki sífellt vaðið yfir borgarana og komið með alls kyns starfsemi því það hentar þeim. Þar að auki er þetta eitt af örfáum húsum sem eftir eru á Íslandi af sinni tegund, svona fátæktarmannahús. Það væri mikil eftirsjá ef það kviknaði í húsinu.“

Framkvæmdastjóri Macland fagnar samningi Apple við íslensk fyrirtæki:

# „Lúxus“ að fá iPhone til Íslands

**FJARSKIPTI** Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland sem selur Apple-vörur, er ánægður með samning Apple við íslensk fjarskiptafyrirtæki. Þau munu bjóða milliliðalaust upp á vörur fyrirtæksins frá og með 13. desember.

„Maður er búinn að heyra þetta í mörg ár að þetta sé að fara að bresta á en svo gerist það allt í einu og það er bara frábært,“ segir Hörður. „iPhone fer úr því að vera lúxusvara sem er til dæmis keypt í gegnum menn í svörtum BMV-bifreiðum sem láta menn bíða í biðröðum fyrir utan Apple-búðir í Bretlandi, í það að núna er Apple TV eina Apple-varan sem er eftir sem er ekki hægt að fá formlega á Íslandi. Það eru stórkostlegar fréttir,“ segir hann.

Í stað þess að kaupa iPhone í gegnum birgja mun hann, rétt eins og Epli.is, kaupa símana af fjarskiptafyrirtækjunum. „Ég get ekki beðið eftir að mega kaupa síma af þessum fyrirtækjum. Þetta er þvílíkur lúxus.“

→ Aðgangur Íslendinga að tónlistarveitunni iTunes verður áfram lokaður. Að sögn Harðar tengjast þau réttindamál Apple ekki með beinum hætti.

Hann segir viðgerðaþjónustuna breytast þannig að menn geta keypt sér síma í Evrópu og látið gera við þá á Íslandi og öfugt. Sama verður ekki hægt með síma keypta í Bandaríkjunum. „Núna munu Íslendingar ekki lengur fara til Boston og kaupa sér iPhone fyrir jólin því það er engin ábyrgð á þeim hérlendis.“ - fb



**ÁNÆGÐUR MEÐ APPLE** Hörður Ágústsson hefur beðið í mörg ár eftir samningnum við Apple. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 1 ÁRS AFMÆLI

## Á SELFOSSI LAUGARDAGINN 30.11.13

ÞÖKKUM SUNNLENDINGUM FYRIR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!

## ATH. TILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR!



VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**CHAMPION HÆGINDASÓFI/ HÆGINDASTÓLL**
Glæsilegur sófi og hægindastóll í stíl. Fæst í svörtu BONDED leðri og dökkbrúnu míkrófíberefni.
Hægindastóll **69.950** nú **49.950**
3ja sæta sófi **149.950** nú **89.950**
Vnr. 8880000639

SPARIÐ ALLT AÐ 60.000

STÓLL FULLT VERÐ: 69.950

**49.950**



SPARIÐ 2000

Þvottur: 40°C
Þyngd: 1000 gr.

**JUBILEUM SÆNG OG KODDI**
Sæng á frábæru verði! Sæng fyllt með 1000 gr. af polyesterholtrefjum. Koddinn er fylltur með 500 gr. af polyester-holtrefjum. Má þvo við 40°C. Koddi 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir.
Vnr. 4137300

SÆNG + KODDI

SÆNG + KODDI FULLT VERÐ: 6.995

**4.995**

mascot



50% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: **1.995**

**GREECE FERÐATÖSKUR**
Lítil **3.995** nú **1.995** Miðstærð **5.995** nú **2.995**
Stór **7.995** nú **3.995** Vnr. 327-11-1030



50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

**995**

**ZENNA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% polymíkrófíber.
Lokað að neðan með tölum.
St. 140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.
Vnr. 1224470, 1224490



2 FYRIR 1

VERÐ FRÁ: **279**

**DURATRO JÓLAKANNA**
Flott jólakanna á frábæru verði!
Fáanleg með jólasveini og jólakonu.
Stærðir: 8 sm. **279** 15 sm. **499**
Vnr. 6029001



40% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: **775**

**BOX ONE PLASTKASSAR**
Góðir plastkassar með smelltu loki. 32 lítra á hjólum **1.295** nú **775** Bedroller á hjólum **1.495** nú **895** 40 lítra á hjólum **1.995** nú **1.195** 75 lítra **3.495** nú **2.395**
Vnr. 5710255101401



NÝTT

50% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: **1.495**

**CLAES KISTUR**
Flottar kistur fáanlegar í mörgum mismunandi stærðum og munstrum.
B16 x H25 x D16 sm. **2.995** nú **1.495**
B20 x H35 x D19 sm. **4.995** nú **2.495**
B28 x H49 x D23 sm. **7.995** nú **3.995**
B36 x H59 x D32 sm. **9.995** nú **4.995**
B43 x H69 x D40 sm. **12.950** nú **6.475**
Vnr. 3817901, 3817999



40% AFSLÁTTUR

**JÓLABÚÐ MEÐ LJÓSUM**
Skemmtileg jólabúð með ljósum, hægt að fá nokkrar tegundir.
Vnr. APX910080

FULLT VERÐ 2.495

**1.495**



40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.495

**1.495**

**KROKUS ÁBREIÐA**
Stærð: 140 x 200 sm. Efni: 100% polyester. Fáanlegt í nokkrum litum.
Vnr. 4505240



57% AFSLÁTTUR

**ISAK FJARSTÝRÐUR BÍLL**
Flottur, fjarstýrður bíll með ljósum.
Vnr. 3976600

FULLT VERÐ 3.495

**1.495**



HÆÐ: 100 SM.

30% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ 4.995

**3.495**

**BANGSI EÐA HUNDUR**
Flottir bangsar og hundar með jólasveinahúfu.
Hæð: 100 sm. Vnr. 5632900

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA 30.11 - 01.12

Bæjarstjórn vill endurskoðun fjárveitinga til framhaldsskóla í Hafnarfirði:

# Borgarafundur um niðurskurð

**SKÓLAMÁL** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarsson, að endurskoða fjárframlög til Flensborgarskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnarinnar á miðvikudag afhentu fulltrúar nemenda og starfsfólks framhaldsskólanna áskorun vegna stöðunnar og boðuðu til borgarafundar.

„Krafa um tafarlausa leiðréttingu á rekstrarhalla skólanna er harkaleg þegar horft er til raunverulegrar fjárhagsþarfar þessara tveggja menntastofnana," bókaði meirihluti bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá. Þeir sögðust hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu framhaldsskóla en fullyrðingar um niðurskurð til skólanna væru rangar. „Hefði bæjarfulltrúum Samfylkingar og VG verið nær að líta sér nær og bregðast við á ríkisstjórnartímabili eigin flokka þegar fjallað er um núverandi stöðu þessara skóla," bókuðu þeir. - gar



**IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI** Nemendur og starfsfólk framhaldsskóla í Hafnarfirði boða til borgarafundar um fjárhagsstöðu skólanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Kyrrðardagar í desember



**Dagana fyrir sólstöður er dagskrá alla þá sem vilja sinna andlegri og líkamlegri heilsu sinni og fá skjól til að rækta sinn innri mann.**

Kyrrðardagar verða haldnir 19. - 22. desember á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. **Á dagskrá er meðal annars:** Samverustund - Hugleiðing - Bæn og íhugun í þögn - Yoga - Hlustunarhópar - Helgistund - Leikfimi - Slökunartímar - Útivist og fræðslufundir. Innifalið er ljúffengur og hollur matur, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

1 dagur 14.900 kr. á mann.
3 dagar 38.700 kr. á mann.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is

Berum ábyrgð á eigin heilsu






Hjálparstarf kirkjunnar

**ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK**

Aðgangur að hreinu vatni er ekki sjálfgefinn. Hjálparstarf kirkjunnar gerir fólki kleift að byggja brunna í Afríku – og þitt framlag skiptir sköpum.

**Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka.**

EINNIG:
- Frjálst framlag á framlag.is
- Gjafabréf á gjofsemgefur.is
- Styrktarsími: 907 2003 (2.500 kr.)
- Söfnunarreikningur: 0334-26-50886, kt. 450670-0499



actalliance


# Báðu herinn um aðstoð

Stjórnarandstæðingar réðust í gær inn í höfuðstöðvar taílenska hersins. Þeir krefjast þess að forsætisráðherra landsins, Yingluck Shinawatra, segi af sér. Mótmælin í landinu hafa hingað til verið friðsamleg.

**TAÍLAND, AP** Tólf hundruð stjórnarandstæðingar réðust í gær inn í höfuðstöðvar taílenska hersins í Bangkok. Þar óskuðu þeir eftir aðstoð hersins við að koma forsætisráðherra landsins, Yingluck Shinawatra, frá völdum, og fóru langleiðina með að kalla eftir valdaráni hersins.

Fjöldi fólks hefur síðustu daga tekið þátt í mótmælum í Taílandi og krafist þess að Shinawatra segi af sér. Mótmælin, sem hafa að mestu verið friðsamleg, hafa nú teygt anga sína út fyrir höfuðborg landsins og inn í nálægar borgir og vakið ótta um aukinn óstöðugleika í landinu.

Shinawatra, sem hefur setið í embætti forsætisráðherra frá árinu 2011, sagði í viðtali við BBC í gær að hún hygðist ekki boða til nýrra þingkosninga.

„Þú verður að spyrja hvort nýjar kosningar myndu fullnægja kröfum mótmælenda," sagði Shinawatra, sem biðlaði fyrr í vikunni til stjórnarandstæðinga um að stöðva mótmælin.

Sjö ár eru liðin síðan taílenski herinn steypti Thaksin Shinawatra, bróður forsætisráðherrans, af stóli í kjölfar ásakana um spillingu og önnur brot í starfi. Hann býr nú í Dúbaí en mótmælendur segja að Shinawatra sé einungis leppur bróður síns.

Mótmælendurnir hafa áður sagt að markmið þeirra sé ekki einungis að koma Shinawatra frá völdum, heldur einnig að koma í veg fyrir að bróðir hennar hafi áfram sterk ítök í taílenskum stjórnmálum.



**MIKIL ÓÁNÆGJA** Mótmælendurnir biðu í höfuðstöðvum hersins í um tvo klukkutíma áður en þeir héldu friðsamlega á brott. NORDICPHOTOS/AFP.

Shinawatra hefur hingað til ekki reynt að koma í veg fyrir mótmælin og lögregla og her landsins hafa leyft þeim að hafa sinn gang.

Forsætisráðherrann og ríkisstjórn hennar héldu í fyrradag velli þegar 297 þingmenn taílenska þingsins greiddu atkvæði gegn vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar. haraldur@frettabladid.is



**MEIRI MJÓLK** Eftirspurn eftir fituríkum mjólkurafurðum hefur aukist mikið síðustu mánuði og hafa afurðastöðvar samið við bændur um að borga jafn mikið fyrir umframmjólkina og kvótamjólkina eða 82 krónur fyrir lítrann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afurðastöðvar greiða meira fyrir umframmjólk:

# Mjólkurkvótinn á næsta ári aukinn

**LANDBÚNAÐUR** Kúabændur fá ekki hærri ríkisstyrki þó mjólkurkvótinn sé aukinn. Afurðastöðvar ætla að greiða fullt verð fyrir mjólk sem framleidd er umfram kvóta á þessu ári.

„Framleiðslustyrkir sem við fáum í gegnum búvörusamninginn eru föst upphæð og hún breytist ekki þó mjólkurkvótinn sé aukinn. Eftir því sem kvótinn eykst deilist styrkurinn á fleiri lítra," segir Sigurður Loftsson formaður Landssambands kúabænda.

Vegna aukinnar neyslu á fituríkum mjólkurafurðum hefur verið ákveðið að auka mjólkurkvótann um 7 milljónir lítra á næsta ári eða úr 116 milljónum lítra í 123 þúsund lítra.

Undanfarin ár hafa bændur framleitt 6 til 8 milljónir lítra af mjólk umfram kvóta. Afurðir úr umframmjólkinni hafa verið fluttar út og hafa bændur fengið um 40 krónur fyrir lítrann. Guðni Ágústsson framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði segir að búið sé að semja við bændur um að þeir fái greitt sama verð fyrir umframmjólkina og þeir fá fyrir kvótamjólkina, það er 82 krónur fyrir lítrann. - jme

### 660 KÚABÚ FÁ STYRKI

- Styrkir til kúabænda nema 6,3 milljörðum á þessu ári. Mjólkurkvótinn er 116 milljónir lítra.
- Beingreiðslur nema 45,75 kr. á lítra. Kynbóta- og þróunarfé er 1,36 kr. á lítra. Gripagreiðslur eru 5,41 króna á lítra.
- Aðrar greiðslur, ótengdar framleiðslu, nema 1,58 krónum á hvern lítra. Ríkið greiðir 54,10 krónur í framleiðslustyrk á hvern mjólkurlítra.




# LJÓSADÝRÐ OG LOTTÓ!

**Sexfaldur Lottópottur** stefnir í **60 skínandi milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

30/11 2013 | WWW.LOTTO.IS


Fíton/SÍA

THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION
WLA

facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
**facebook.com/lotto.is**



Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Símnotkun fylgir 0 kr. Nova í Nova og umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi. Sjá, verðskrá á nova.is. Afmælisafslátturinn gildir af staðgreiðsluverði. 4G styður yfir 100 Mb/s hraða. Algengur hraði til notenda er um 20–40 Mb/s. Til samanburðar má




nefna að hraði ADSL er um 6 Mb/s og 3G um 2–4 Mb/s.

# Sóknarfæri í offituvanda gæludýra

Primex á Siglufirði framleiðir efni úr rækjuskel sem notað er í vörulínur um heim allan – fæðubótaefni, lyf, snyrtivörur og matvæli. Hermenn nota efnið til að stöðva blæðingar. Ný vara Primex gæti gert mönnum kleift að borða konfekt án samviskubits yfir aukakílóunum.

Siglfirska líftæknifyrirtækinu Primex hefur tekist að komast inn á Rússlandsmarkað og það stefnir að landvinningum í Asíu. Kítósan, verðmætt efni sem fyrirtækið vinnur úr rækjuskel, er í dag nýtt í vörulínur heimsþekktra fyrirtækja eins og Herbalife, NuSkin, Now, L‘oréal og Wella.

Fyrirtækið Primex var stofnað árið 1999 til að nýta rækjuskel en það ár var bannað að henda rækjuskel í sjóinn. Núna veltir fyrirtækið 500 milljónum króna á ári og milljarði hefur verið varið til uppbyggingar verksmiðju, í rannsóknir, þróun og markaðsstarf.

**Skortur og verðmæti**

Sigríður Vigfúsdóttir, markaðsstjóri Primex, segir að í dag standi hráefnisskortur starfsemi fyrirtækisins helst fyrir þrifum. Á sama tíma er skel enn hent í sjóinn, þó að Primex fái mest af tilfallandi rækjuskel hérlendis til úrvinnslu. Viðbrögð við hráefnisskorti eru að afla þess erlendis, og er horft til Grænlands og Kanada.

„Hráefnisskorturinn varð þess valdandi að við leituðum uppi verðmætari markaði fyrir okkar vöru, eins og fyrir lyf þar sem virðisaukinn er meiri. Í skelinni eru auk þess fleiri efni en kítósan sem eru áhugaverð,“ segir Sigríður og nefnir andoxunargjafann astaxantín, steinefni og prótín.

**Konfekt án samviskubits**

En vörur Primex koma víðar við en halda mætti við fyrstu sýn. Íslenskir neytendur eru margir með LipoSan í skápnum, trefjaefni sem dregur í sig fitu og nýtist til að bæta meltinguna. ChitoClear er sárasprey sem upphaflega var markaðssett fyrir dýr, en nýtist okkur mannfólkinu engu síður.

Sigríður segir að í þróun sé ný útfærsla á LipoSan. „Um er að ræða örhúðað LipoSan sem eykur notkunarmöguleikana verulega, eins og t.d. í heilsudrykki, heilsuskot og snakkstangir. Svo er einn möguleiki sem við höfum verið að kynna fyrir kúnnum okkar en það er að setja örhúðað LipoSan í konfekt. Þennan möguleika kynntum við á stærstu heilsuvörusýningu í Las Vegas í síðasta mánuði og sló þetta alveg í gegn. Hver vill ekki geta fengið sér konfektmola án samviskubits yfir fituinnihaldinu?“

**Herbalife og L‘oréal**

Viðskiptavini Primex má finna um allan heim. Bandaríkjamarkaður tekur rúm 40% og Evrópa litlu minna. Asíumarkaður er vaxandi og 20% af framleiðslu Primex fara þangað. Vörudreifing fer í gegnum vöruhús fyrirtækisins í Norfolk í Bandaríkjunum og Rotterdam í Hollandi. Sigríður segir að Rússland sé nýjasti markaðurinn og lofi góðu. Næst verður lögð áhersla á Asíumarkað og byggt á góðum árangri í Japan og Suður-Kóreu.

Meðal fyrirtækja sem kaupa vöru Primex til að nota í vörulínur sínar eru alþjóðlegu stórfyrirtækin Herbalife, NuSkin, Now, L‘oréal og Wella, svo einhver séu nefnd. Notagildi efnisins sannast kannski þegar á það er minnt að bandaríski herinn hefur notað kítósanplástra frá Primex, en þeir hafa reynst notadrjúgir við að stöðva blæðingu hjá hermönnum á vígvellinum.

> **Hver vill ekki geta fengið sér konfektmola án samviskubits yfir fituinnihaldinu?**
>
> *Sigríður Vigfúsdóttir markaðsstjóri Primex*

**Feit gæludýr**

Sigríður segir að markaður fyrir fæðubótarefni gefi takmarkalitla möguleika. „Það er ekki bundið við okkur mennina. Offituvandamál gæludýra í heiminum og þá ekki síst bandarískra gæludýra felur í sér möguleika fyrir okkur því dekur við dýrin eru að verða vandamál. Það er því að verða til markaður fyrir megrunarlyf fyrir dýr þar sem við getum sótt fram. Undanfarin tvö ár höfum við verið að vinna heimavinnuna okkar til að koma sterk inn á þennan markað.

Eitt af stærstu gæludýrafyrirtækjunum er tilbúið með sína neytendavöru fyrir hunda og reiknar með að setja hana á markað í byrjun árs. Þetta sama fyrirtæki ætlar einnig að setja á markað ChitoClear-sárasprayið okkar. Samvinnuverkefni með þessu bandaríska fyrirtæki hefur nú tekið um fjögur ár, þannig að þetta er langhlaup í þróunar- og markaðsferli.“

svavar@frettabladid



**ÁRANGUR** Sigríður og Rúnar Marteinsson, framleiðslustjóri Primex, að taka við Nýsköpunarverðlaunum Íslands 2012. MYND/PRIMEX

## ➜ Markaðsáherslur Primex




SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback frumsýndur í dag

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.




Eyðsla frá 4,4 l/100 km
$CO_2$ frá 114 g/km
5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is


Aðventan er gleðileg
í Garðheimum
20% AF ÖLLUM KERTUM
VÖNDUÐ KERTI SEM BRENNA VEL
HEIMAEY, HOME ART, KERTASMIÐJAN OG WENZEL (SJÁLFSLÖKKVANDI KERTI)
490KR TILBOÐ
HEITT SÚKKULAÐI OG 3 SMÁKÖKUR
EÐA KAFFI OG LJÚF SARA
SPÍRAN
BORÐUM VEL
20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM JÓLASERÍUM,
LJÓSAHÚSUNUM ÆVINTÝRALEGU
OG RAFHLÖÐUKERTUNUM ÖRUGGU
TILBÚNIR AÐVENTUKRANSAR
OG ALLT Í AÐVENTUKRANSAGERÐINA
GRENIBÚNT
595 KR
OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




**BANGLADESS** Enn einn stórbruni varð í fataverksmiðju í Bangladess í gær. Að þessu sinni leikur grunur á að kveikt hafi verið í einni af helstu smiðjunum í Gazipur í úthverfi Dakka. Á staðnum eru búin til föt fyrir fjölda vestrænna vörumerkja. Reitt verkafólk er grunað um íkveikjuna, en níu hæða há byggingin er ónýt eftir brunann. Engar fregnir eru af mannskaða. NORDICPHOTOS/AFP




**FILIPPSEYJAR** Eftirlifendur fellibylsins, sem reið yfir Tacloban í Leyte-héraði á Filippseyjum, sjást hér um borð í C-130 herflugvél á leið til Maníla í gær. Stjórnvöld sendu á fimmtudag frá sér yfirlýsingu um að hagvöxtur í landinu á þriðja ársfjórðungi hefði verið sjö prósent, en vond veður hefðu temprað vöxt og fellibylurinn í þessum mánuði myndi hægja enn á hagkerfinu. NORDICPHOTOS/AFP




**LITHÁEN** Yana Zdhanova, úr femínísku aðgerðasamtökunum Femen, situr í bíl eftir að lögregla stöðvaði mótmæli samtakanna nærri höllinni þar sem Evrópusambandsráðstefna ríkja í austurhluta Evrópu stendur yfir í Vilníus. ESB hefur komið á grunnsamkomulagi við Georgíu og Moldóvu, en hefur ekki tekist að virkja Úkraínu í viðleitni til að efla tengsl við austantjaldsríkin sex sem áður voru hluti af Sovétríkjunum. Hin þrjú eru Armenía, Aserbaídsjan og Hvíta-Rússland. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁSTAND HEIMSINS




**AFGANISTAN** Litla farandhringleikahúsið (The Mobile Mini Circus for Children eða MMCC) er skipað afgönskum börnum. Hér má sjá sýningu í Kabúl í gær þar sem boltum var meðal annars haldið á lofti. Að sirkusnum standa alþjóðleg frjáls félagasamtök sem vilja miðla fræðslu og skemmtan til barna í landinu. NORDICPHOTOS/AFP







**BANDARÍKIN** Hluti fólks tók forskot á sæluna á „Black Friday", árvissri stórútsölu í Bandaríkjunum. Sumar verslanir hófu gleðina þegar á fimmtudag. Parið hér að ofan var mætt fyrir birtingu í verslun Best Buy í Naples í Flórída í gær. Þar var opnað klukkan sex árdegis. NORDICPHOTOS/AFP




**BRETLAND** Fjölskylda Lee Rigby, hermanns sem myrtur var fyrir utan Woolwich-herstöðina í suðausturhluta Lundúna, mætir við upphaf réttarhalda yfir morðingjum hans í dómhúsinu (Old Bailey) í Lundúnum í gær. Michael Adebolajo, 28 ára, og Michael Adebowale, 22 ára, eru sakaðir um glæpinn. Þeir óku á Rigby þar sem hann var vopnlaus á leið heim í skála og réðust svo á hann rænulausan með sveðjum. NORDICPHOTOS/AFP

HERTEX

Ný verslun!

Við opnum nýja verslun
Í Reykjanesbæ 2.desember
í Hafnargötu 18.
Komið og gerið góð kaup.

HJÁLPRÆÐISHERINN
w.w.w.herinn.is


Kjörís
BORGARÍS
Sherrý-ís með makkarónukökum og kirsuberjum
GLEÐILEG JÓL
Kjörís
Kjörís
Eins og í minningunni
Hótel Borg stendur við Austurvöll í Reykjavík og var byggt árið 1930. Þar var fram reiddur Borgarís um miðja síðustu öld, gerður af danska matreiðslumanninum Herberti Pedersen. Ísinn naut mikilla vinsælda, enda með ómótstæðilegum keim af kirsuberjum og makkarónukökum vættum í sherrý. Nú gefst Íslendingum aftur færi á að bragða ekta Borgarís.
Brandenburg

Lögreglan virðist ekki vita hvað hatursglæpur er:

# „Svínamálið“

Reynslan frá nágrannaríkjunum sýnir okkur að hatursglæpir eru einn fylgifiskur fjölmenningarsamfélagsins. Við höfum verið blessunarlega laus við þá til þessa. Einn slíkur var þó framinn í vikunni, um bjartan dag og í vitna viðurvist. Fjórir menn dreifðu svínshausum, -löppum og -blóði á lóðina í Sogamýri þar sem Félag múslima hyggst reisa mosku. Mennirnir gerðu krossa með svínsblóðinu og slettu því meðal annars á blaðsíður úr Kóraninum, trúarriti múslima.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Lögreglan var kölluð til, en lögreglumennirnir virðast ekki hafa þekkt augljósan hatursglæp þegar þeir sáu hann. Þeir rannsökuðu ekki vettvanginn almennilega, heldur létu borgarstarfsmenn hirða sönnunargögnin og henda þeim.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við lögregluna til að athuga hvað rannsókn málsins liði, fengust þau svör að lögreglumaður sem fór á vettvang hefði gefið þær upplýsingar að „einhver bréf“ hefðu verið á vettvangi, en þeim hefði bara verið hent. „Hann sagði að þetta hefði verið eitthvert bréfarusl og veit ekki einu sinni hvort það tilheyrir þessu máli eða hvort þetta var bara eitthvert rusl sem var þarna á vettvangi. Þessu var öllu hent og ég hef ekkert í höndunum um þetta svínamál,“ sagði lögreglufulltrúi, sem taldi í fyrradag ólíklegt að málið yrði rannsakað frekar. Þegar haft var samband við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins í gær hafði hann ekki kynnt sér málið, þrátt fyrir fjölmiðlaumfjöllun.

Einn af fjórmenningunum sem tóku þátt í brotinu hringdi hins vegar samdægurs í Útvarp Sögu og lýsti því á hendur sér. Í samtali við Bylgjuna og Vísi í gær viðurkenndi Óskar Bjarnason að hafa tekið þátt í brotinu til að mótmæla byggingu mosku og „óhelga lóðina“. Hann vitnaði til sambærilegra glæpa í Svíþjóð, en undanfarna daga hafa verið brotnir gluggar í sænskum moskum og svínalöppum hent inn.

Eftir að þessi opinbera játning kom fram rankaði lögreglan við sér og tilkynnti að hún myndi kalla Óskar til yfirheyrslu á næstunni. Ljósmyndirnar sem Fréttablaðið tók á vettvangi eru líka í boði sem sönnunargögn, fyrst lögreglan lét henda hinum.

Í Svíþjóð eru viðbrögð lögreglunnar með allt öðrum hætti en hér. Málin eru rannsökuð sem hatursglæpir, tæknimenn safna sönnunargögnum og gerendanna er leitað. Sömu sögu er að segja frá mörgum öðrum nálægum ríkjum, þar sem allmargir hafa hlotið sektir og fangelsisdóma á undanförnum árum fyrir það til dæmis að krota á moskur slagorð gegn múslimum. Þótt fólk sé ekki beitt ofbeldi í þessum glæpum fylgir yfirleitt sögunni að brotin hafi í för með sér óöryggi og ótta hjá múslimum, ekki sízt hjá börnum. Enda er tekið harðar á þeim en sambærilegum brotum sem ekki beinast gegn minnihlutahópum.

Víða í nágrannalöndunum starfrækja lögregluyfirvöld sérstakar sveitir sem fást við hatursglæpi. Það er algjört lágmark að íslenzkir lögreglumenn fái þá fræðslu og þjálfun að þeir þekki hatursglæp þegar þeir sjá hann.

Óskar Bjarnason og félagar hans eru augljóslega vitleysingar, en þeir eru hættulegir vitleysingar. Það á að taka hart á hatursglæpum gegn minnihlutahópum. Tvær greinar hegningarlaganna fjalla um slíka glæpi og liggur við þeim allt að tveggja ára fangelsi. Ef réttargæzlukerfið beitir ekki þeim lagaákvæðum þegar um augljósa hatursglæpi er að ræða stöndum við ekki undir nafni sem það opna og umburðarlynda fjölmenningarsamfélag sem við viljum vera.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

CHEVENING
— UK GOVERNMENT SCHOLARSHIPS —

The British Embassy Reykjavik is offering Chevening Scholarships to Icelandic citizens for the academic year 2014/15.

To apply please go to www.chevening.org/iceland/

**Closing date for applications is 15 December 2013**

Breska sendiráðið auglýsir eftir umsóknum um Chevening-námsstyrk til íslenskra ríkisborgara fyrir skólaárið 2014/15.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má finna á www.chevening.org/iceland/

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2013**

British Embassy Reykjavik

Follow us on:
www.facebook.com/UKinIceland
@UKinIceland

## SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Vogarskálar valda og málefna



Viðræður dönsku vinstristjórnarinnar við stuðningsflokk sinn, Einingarlistann, um fjárlög næsta árs steyttu á skeri í vikunni. Ágreiningurinn snerist um hversu langt ætti að ganga í að lögfesta rétt aldraðra á aðstoð til að fara í bað tvisvar í viku. Orsökin er fremur ólíkt mat á mikilvægi aga í fjármálastjórn ríkisins en mismunandi sýn á velferðarhugsjónina. Stjórnin samdi síðan við borgaraflokkana.

Ágreiningur af þessu tagi gæti tæpast ógnað ríkisstjórnarsamstarfi á Alþingi. Það stafar ekki af því að velferðarhugsjónin standi á traustari grunni hér. Dönsk stjórnmál snúist um völd rétt eins og annars staðar. Hitt skiptir sköpum að jafnvægið á milli vogarskála málefnalegs aga og sóknar í völd er einfaldlega betra þar.

Óagaðri pólitísk skammtíma hugsun er aftur ein ástæðan fyrir því að framleiðni er minni í íslenskum þjóðarbúskap en dönskum og lífskjörin að sama skapi lakari. Íslenska velferðarkerfið er veikara en í Danmörku fyrir sömu sakir.

Danska krónan er fasttengd evrunni eins og íslenska krónan var í öndverðu fasttengd í norræna myntbandalaginu. Stöðugleiki dönsku krónunnar byggist á þremur þáttum: Aga í ríkisfjármálum, aga í launaákvörðunum og samstarfi við evrópska seðlabankann.

Þó að hefðbundinn ágreiningur ríki á milli vinstri flokkanna og borgaraflokkanna í Danmörku er býsna mikill samhljómur um þessi þrjú lykilatriði. Meðvitundin um tengsl þessara þátta og góðra lífskjara er svo sterk að enginn sem situr við ríkisstjórnarborðið þar telur það fallið til styrkingar á kjósendamarkaðnum að standa að ráðstöfunum sem veikt geta gjaldmiðilinn.

## Getum við gert eins og Danir?

Kjaraviðræðurnar sem nú eru hafnar hér heima snúast fyrst og fremst um stöðugleika íslensku krónunnar. Beggja vegna samningaborðsins hafa menn svipaða sýn á viðfangsefnið þótt þeir horfi á það hvor frá sínu sjónarhorni. Þá spyrja menn: Getum við ekki gert eins og Danir og fasttengt íslensku krónuna við helstu viðskiptamyntina?

Lausnin er aðeins flóknari. En vera má að við séum þó nær því að geta þetta en margir halda. Fyrst er á það að líta að verulegur vilji virðist vera bæði í röðum atvinnurekenda og launþega að útiloka ekki á þessu stigi gerð stöðugleikasamninga til langs tíma á næsta ári þótt það takist ekki í þeirri lotu sem nú stendur vegna pólitískrar óvissu.

Í annan stað lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár með jöfnuði. Það var óneitanlega afar stórt skref í rétta átt. Í hagsmunatogi síðustu vikna hefur fjármálaráðherrann haldið áfram traustri málsvörn fyrir agaða fjármálastjórn. Enn á þó eftir að koma í ljós hvort samstaða verður um að halda frumvarpinu í þeim skorðum í meðferð þingsins. Næstu dagar skera því úr um hvort lóð agaðrar hugsunar í ríkisfjármálum hafa þyngst í raun og veru.

Eftir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fór gat vinstri stjórnin ekki fylgt eftir stefnu sinni um að taka upp evru á agaðri langtímaáætlun í ríkisfjármálum. Núverandi fjármálaráðherra er líklegri til þess. En þá stendur hnífurinn þar í kúnni að ríkisstjórnin hefur útilokað alla aðra kosti en krónuna án þess að hafa lagt fram áætlun eða stefnumörkun um það hvernig verja megi stöðugleika hennar til framtíðar utan nokkurs alþjóðlegs samstarfs af því tagi sem Danir eru þátttakendur í með evrópska seðlabankanum.

Niðurstaðan er sú að við getum fetað í fótspor Dana en minni líkur eru á að svo verði meðan pólitískar aðstæður eru öfugsnúnar með þessum hætti.

## Þjóðaratkvæði er óhjákvæmilegt

Að óbreyttu pólitísku mynstri er nánast útilokað að mynda ríkisstjórn flokka sem líklegir eru til að ná málefnalega saman um alla þá þrjá þætti sem mestu máli skipta til að skapa stöðugleika til framtíðar í gjaldeyrismálum.

Nýlegar kannanir sýna yfirgnæfandi stuðning við þjóðaratkvæði til að útkljá deiluna um hvort ljúka eigi aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Í vikunni birtist svo könnun sem sýnir að andstaðan við aðild hefur minnkað verulega þótt meirihlutinn sé enn þeim megin. Önnur ályktun verður ekki dregin af þessum svörum en að kjósendur vilji ekki hafna aðild áður en samningur liggur á borðinu.

Forysta Sjálfstæðisflokksins lofaði þjóðaratkvæði um framhald málsins enda samþykkti landsfundur hans að skoða yrði fleiri kosti í gjaldmiðilsmálum en krónuna. Það eru svik að hafna þeirri leið eftir kosningar.

Þessi málefnalega spurning verður ekki slitin frá kjaraviðræðum eigi þær að verða þáttur í raunverulegum lífskjarabótum. Þjóðaratkvæði er eina leiðin til að fá svar við henni. Það tekur of langan tíma að bíða eftir breytingum á pólitíska mynstrinu og ætti reyndar að vera ástæðulaust.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# VELDU HOLLARA

Eina kjúklingavaran á Íslandi sem hefur hlotið gæðavottun Skráargatisins




**Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.**

**Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.
Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**



ROSE
Poultry from Denmark




**CLEVELAND** – 3JA SÆTA SÓFI



**CLEVELAND** 3ja sæta
Stærð: 210 x 90 x H 80 cm.
Grátt slitsterkt áklæði
Einnig fáanlegur 2ja sæta.

**84.990**
FULLT VERÐ 94.990

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi.
Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**

**189.990**
FULLT VERÐ 209.990

# Full búð af fallegri GJAFAVÖRU!

**25%** AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU UM HELGINA

VIDIVI Vetri delle Venezie MADE IN ITALY




södahl

**SÖDAHL JÓLADÚKAR**
FJÖLBREYTT ÚRVAL
Fullt metraverð kr. 5.990
**Helgartilboð kr. 4.493**



**VIDIVI** – Glervasi. Hæð: 30 cm.
**Helgartilboð kr. 3.743**



**VIDIVI** Glerskál. Þvermál: 34 cm
**Helgartilboð kr. 3.743**



**VIDIVI** Glerskál. Þvermál: 18 cm
**Helgartilboð kr. 2.243**




**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi.
Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 220x80 H: 88 cm.
Einnig fáanlegur í svörtu leðri.

**309.990**
FULLT VERÐ 359.990

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður allan hringinn.
Stærð: 202x82 H: 85 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Fullt verð kr. 329.990.
**TIlboðsverð 279.990**

**329.990**
FULLT VERÐ 389.990

VERTU MEÐ OKKUR Á facebook KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á **HUSGAGNAHOLLIN.IS**



**ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF PÚÐUM**
Helgartilboð
frá kr. 3.743



**BROSTE GJAFAASKJA**
Ilmkerti, húsilmur og ilmjurtir.
**Helgartilboð kr. 2.993 kr.**

# HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

# Frábært frumkvæði frá hagræðingarnefnd ríkisstjórnarinnar!

VÍSIND

**Erna Magnúsdóttir**
rannsóknarsérfræðingur við Læknadeild HÍ

**Margrét Helga Ögmundsdóttir**
nýdoktor við Læknadeild HÍ

**Þórarinn Guðjónsson**
prófessor við Læknadeild HÍ

**Eiríkur Steingrímsson**
prófessor við Læknadeild HÍ

**Hans Guttormur Þormar**
framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins Lífeindar

Nú eru liðnar um tvær vikur frá birtingu tillagna hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um aukna framleiðni og hagræðingu í ríkisrekstri. Eins og við má búast hefur verið töluverð umræða í samfélaginu um tillögurnar og þær vakið athygli. Það er virkilega ánægjulegt að sjá að í tillögunum er að finna hugmyndir sem íslenskir vísindamenn hafa barist fyrir um áratuga skeið – um eflingu og sameiningu samkeppnissjóða til rannsókna- og vísindastarfs:

„32. Samkeppnissjóðum verði fækkað og þeir stækkaðir og efldir þannig að hlutfall milli fastra fjárveitinga til rannsókna og samkeppnissjóða verði jafnara en nú er. **Unnið verði að því að 50% fjármagns fari í gegnum samkeppnissjóði** (tengist einnig iðnaðar- og viðskiptaráðherra).

33. Rannsóknarstofnunum verði fækkað og skipulag og rekstur þeirra einfaldaður frá því sem nú er með það að augnamiði að ná fram rekstrarhagræði og auknum gæðum í rannsóknar- og vísindastarfi.“

(Feitletrun er áhersluaukning höfunda).

**Vekur von í brjósti**

Það vekur því von í brjósti um að fallið verði frá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að skera harkalega niður í fjárveitingum til samkeppnissjóðanna næstu þrjú árin eins og boðað er á blaðsíðu 244 í fjárlagafrumvarpi ársins 2014, sem lagt var fyrir Alþingi í lok september. Þar er kveðið á um að fallið verði frá 200 milljóna króna Markáætlun á næsta ári og stigvaxandi niðurskurð til þriggja ára um samtals 1 milljarð króna á fjárveitingum til Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs. Vegna þeirrar þriggja ára skuldbindingar sem t.d. felst í styrkveitingu úr Rannsóknasjóði mun þetta þýða að þegar í stað verði um 40% niðurskurður á nýjum styrkveitingum úr sjóðnum, sem aftur þýðir að a.m.k. 40 störf ungra vísindamanna hverfi úr nýsköpunarsamfélaginu strax á næsta ári.

**Djarfar tillögur**

Þessar djörfu tillögur hagræðingarnefndar ríkisstjórnarinnar um að efla verði hér samkeppnissjóðina til þess að gera íslenskar grunnrannsóknir skilvirkari og samkeppnishæfari hljóta því að vera samfélaginu öllu fagnaðarefni. Grunnrannsóknir eru nefnilega forsenda framfara í nútímasamfélagi, og vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem þær hafa á hagvöxt hefur verið lögð mikil áhersla á sterka stöðu samkeppnissjóða hjá þeim þjóðum sem standa fremst í víglínunni hvað varðar lífsgæði og hagvöxt í heiminum. Á tímum samdráttar hefur samkeppnissjóðum margra landa verið hlíft við niðurskurði vegna beinna hagvaxtarhvetjandi áhrifa grunnrannsókna.

Það er því ánægjulegt að sjá að ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks virðist gera sér grein fyrir þessu eins og fram kemur í tillögum hagræðingarhópsins. Þar sem því var lofað að margar hagræðingartillagnanna kæmu strax til framkvæmda við vinnslu fjárlaga hljótum við að gera ráð fyrir að fallið verði frá boðuðum niðurskurði á fjárframlögum til samkeppnissjóðanna í því frumvarpi til fjárlaga sem lagt verður fyrir Alþingi í næstu viku.

**➜ Þessar djörfu tillögur hagræðingarnefndar ríkisstjórnarinnar um að efla verði hér samkeppnissjóðina til þess að gera íslenskar grunnrannsóknir skilvirkari og samkeppnishæfari hljóta því að vera samfélaginu öllu fagnaðarefni.**




# Fátækt íslenskra barna

SAMFÉLAG



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum - Save the Children á Íslandi

Íslenskt samfélag er eitt ríkasta samfélag í heiminum. Á undanförnum árum hefur þó þrengt að hjá mörgum, kjör fólks hafa rýrnað og ójöfnuður og fátækt aukist, ekki síst hjá barnafjölskyldum. Nú er talið að tæplega 9.000 börn á Íslandi búi við fátækt og hefur þeim farið fjölgandi. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest, eiga öll börn að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í sáttmálanum og ekki má mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um að öll börn eigi rétt á að lifa og þroskast og fá að þroska hæfileika sína. Þau eiga að njóta heilbrigðisþjónustu og menntunar, hvíldar, tómstunda, skemmtana og leikja sem hæfa aldri þeirra og þroska. Sökum fátæktar geta þó sum börn ekki notið þessara mannréttinda. Ýmis heilbrigðisþjónusta, sem sum börn þurfa á að halda, er mjög kostnaðarsöm og mörgum foreldrum ofviða. Samkvæmt rannsóknum hefur ekkert neikvæðari áhrif á heilbrigði en ójöfnuður og fátækt.

Skólar eru hornsteinar jafnræðis í samfélaginu, þar sem almennt er lítill munur á milli skóla á Íslandi. Skólinn hefur einstakt tækifæri til að jafna aðstöðu barna, þar sem flest börn sækja leikskóla og öll börn grunnskóla. Þó að grunnskólinn eigi að vera gjaldfrjáls er leikskólinn það ekki, auk þess fylgir mikill kostnaður grunnskólagöngu barna. Mikilvægt er að skólayfirvöld og sveitarstjórnir láti ekki stöðu og bágan efnahag foreldra bitna á börnum þeirra og tryggi að öll börn geti verið þátttakendur í því starfi sem skólinn stendur fyrir.

**➜ Íslenskt samfélag getur ekki skorast undan því að horfast í augu við aukna barnafátækt og aukinn ójöfnuð barna á Íslandi.**

**Vitundarvakning**

Börn sem búa við fátækt eiga oft erfitt með að fylgja skólafélögum sínum eftir í ýmsu tómstundastarfi, eða taka þátt í leikjum eða skemmtunum. Þau geta jafnvel ekki haldið upp á viðburði og áfanga í lífi sínu eins og afmæli eða farið í afmæli hjá öðrum. Þau geta því ekki tekið virkan þátt í samfélaginu með öðrum börnum. Þau fara á mis við að kynnast því fjölbreytta samfélagi menningar, íþrótta og lista, sem gæti vakið áhuga þeirra, göfgað líf og styrkt sjálfsmynd. Þau fá ekki að nýta hæfileika sína, jafnvel ekki að uppgötva eigin hæfileika og hætta er á að þau verði félagslega einangruð.

Íslenskt samfélag getur ekki skorast undan því að horfast í augu við aukna barnafátækt og aukinn ójöfnuð barna á Íslandi. Það verður að vera þjóðarsátt um að útrýma fátækt og að tryggja að öll börn á Íslandi geti lifað með reisn, fái að þroskast og nýta hæfileika sína. Slíkt er fjárfesting til framtíðar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mannréttindasamtök og vilja stuðla að vitundarvakningu um að fjöldi barna nýtur ekki þeirra réttinda sem þeim ber sökum fátæktar. Samtökin vinna að verkefni um stöðu barna á Íslandi með tilliti til stöðu og efnahags foreldra þeirra og munu þeir fjármunir sem safnast í jólapeysuátakinu m.a. renna til þess verkefnis.

# „Snarkvondir“ dagar á Ríkisútvarpinu …

RÍKISÚTVARPIÐ



**Björg Eva Erlendsdóttir**
stjórnarmaður og fv. formaður stjórnar RÚV

Eðlilega er nú spurt um ábyrgð stjórnar Ríkisútvarpsins á því sem gerist á fjölmiðlinum þessa dagana. Því er nauðsynlegt að vekja athygli á eftirfarandi.

Í lögum frá í vor segir að starfssvið stjórnar sé: „að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma.[…] taka meiriháttar ákvarðanir um rekstur Ríkisútvarpsins, […] ýmist að eigin frumkvæði eða fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna. Skal útvarpsstjóri gæta þess að stjórnin sé á hverjum tíma upplýst um helstu þætti í starfseminni.“

Ný níu manna stjórn kosin af Alþingi í sumar þarf að sýna á spilin. Rekstraráætlun sem fól í sér uppsagnir sextíu starfsmanna var borin undir hana fyrir mánuði og samþykkt af meirihluta. Tveir stjórnarmenn greiddu atkvæði gegn með bókun, um að þeir teldu það brjóta gegn skyldum almannaútvarps að skera mest niður í dagskrá sem snýr að menningar- og fræðsluhlutverki, en verja afþreyingarefni sem tekur til sín auglýsingar.

Eftirmálann þekkjum við. Vert er að rifja upp orð menntamálaráðherra á Alþingi sem kveðst vilja verja menningarhlutverk Ríkisútvarpsins sem markaðurinn getur ekki sinnt. Stjórn hefur nú harmað uppsagnirnar og skorað á stjórnvöld að tryggja reksturinn.

**Ábyrgðin**

En að ábyrgð útvarpsstjóra. Rekstraráætlun var lögð fyrir stjórn mest hraði. Til að ekki hlytist meira tjón af. En tjónið varð og trúverðugleikinn brast. Lamað útvarp, átakafundur starfsmanna, umdeilanlegar aðferðir við uppsagnir og óljós framtíð eru staðreynd. Stjórn hefur enga hugmynd um hvernig fyllt verður í dagskrárskörðin.

En í sjónvarpinu kemur yfirlit yfir skapsmuni útvarpsstjóra, sem þó eru flestum kunnir og ræða hans um að aðrir séu ábyrgir. Stjórnvöld beri ábyrgð á fjármálunum, færustu uppsagnarsérfræðingar á framkomu við brottrekna starfsmenn, ákvarðanir um hverjum var sagt upp komi „að neðan“. Geðslag útvarpsstjórans virðist það eina sem hann ber ábyrgð á og hann fær gott pláss til að biðjast fyrirgefningar á því að hafa orðið „snarkvondur“ á starfsmannafundi.

Brýnna væri að fá vitneskju um hvort stefna hafi verið mörkuð til að lágmarka tjón sem hlýst af því að Rás eitt missir helming starfsmanna, tónlistardeildin er aflögð og Kastljós vængstýft. Og fróðlegt væri að sjá sérfræðingana sem Páll vísar til, standa fyrir máli sínu um fagmennsku við uppsagnir. Fyrir útvarpsstjóra sjálfan hefði verið betra að geta borið aðra fyrir ummælum sínum að það séu smámunir og lýðskrum að lækka stjórnendalaun á RÚV til að spara. Svör útvarpsstjóra voru rýr. En spurningarnar góðar sem sýnir að Ríkisútvarpið á sér viðreisnar von.

**➜ Vert er að rifja upp orð menntamálaráðherra á Alþingi sem kveðst vilja verja menningarhlutverk Ríkisútvarpsins sem markaðurinn getur ekki sinnt.**


Litlujólin í Múrbúðinni
Á MÚRBÚÐARVERÐI
ALLAR JÓLAKÚLUR
=TVEIR FYRIR EINN
Þú tekur 2 pakka og greiðir fyrir 1
Jólakúlur 10 cm 6 stk.
290
Margir litir
Jólakúlur 10 cm 6 stk.
390
Margir litir
Jólakúlur 7 cm 12 stk.
498
Jólakúlur 10 cm 6 stk.
290
Margir litir
Jólakúlur 14 cm 4 stk.
695
Jólastjarna/inni í glugga
2.295
LED INNI netljós 1x2 m
176 ljós. Nokkrir litir
995
Kökudúnkar 3 stk.
999
Jólahreindýr
499
Innisería 50 ljósa
1.495
Helios 20 ljósa útisería
3.995
Helios 20 ljósa innisería
695
Ljósastjarna/inni
í glugga
1.295
Álstigi 12 þrep 3,38 m
7.890
Áltrappa 4 þrep
4.990
Jólakrans 30 cm
395
Jólatré 120 cm
995
Einnig til 150 cm
1.995
Límbandsrúlla
39
Strappbönd 150mm
50stk
120
Gjafapokar margar
stærðir. Verð frá
199
3 metra raf-
magnssnúra
990
2 metra raf-
magnssnúra
690
Fjöltengi
3 innstungur
595
Detectomat reyk-
skynjari HD3000
m/lithium rafhlöðu
2.390
10 metra raf-
magnssnúra
2.390
TES Pappír 2 metrar
125
TES Pappír 6 metrar
299
Jólaskraut 4 teg.
595
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Óseyri 1. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar Flötum 29. Opið virka daga kl. 8-18
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Andleg uppbygging

**Jón Gunnar Geirdal athafnamaður**

Í kvöld fer ég á jólahlaðborð æskufélaganna, hins svokallaða LokaGroup, í borg óttans. Morgundagurinn fer í andlega uppbyggingu þar sem hitt gamalmennið, Ryan Giggs, hressir mig vonandi við með sigri á Tottenham.



Snorri Ásmundsson
myndlistarmaður

**Teiknar og dansar**

Ég ætla að teikna og dansa. Og svo ætla ég að kíkja í Týsgallerí til að skoða verk bróður míns.



Anna Lea Friðriksdóttir
útgefandi

**Myndlist og jólaljós**

Ég ætla á opnun myndlistarsýningar í Anarkíu, horfa á tendrun jólaljósa, á hinsegin bókavöku og tónleika Mark Lanegan. Svo eru tvö útgáfuhóf á dagskránni.



Gunnlaugur Bragi Björnsson
ráðgjafi

**Jólahlaðborð og söngur**

Það stendur mikið til. Helst má nefna jólahlaðborð með vinnufélögunum og æfingar fyrir jólatónleika Hinsegin kórsins sem haldnir verða um næstu helgi.



Hnotubrjóturinn

## Sígild jólasaga

Stórviðburður verður á Akureyri þar sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Point Dansstúdíó sameina krafta sína og setja upp hið sígilda verk Hnotubrjótinn í Hofi. Tónlistin er eftir Pjotr Tsjajkovskí en Hnotubrjóturinn var með hans síðustu verkum. Dansarnir eru samdir í sameiningu af kennurum og nemendum skólans.



Sýning á veitingahúsi

## Málar leikföng

Listamaðurinn Ólafur Sveinsson opnar málverkasýningu á veitingahúsinu Friðriki V. á laugardaginn. Til sýnis verða leikfangamyndir Ólafs sem hann málar á striga. Myndirnar eru að hans sögn minningar um eitthvað sem var, skírskotun í samtímann eða myndir með pólitískan undirtón. Ólafur hefur síðustu tólf ár málað leikföng og sýnt myndirnar bæði hér heima og erlendis. Þetta eru þó ekki endilega málverk handa börnum heldur líka fyrir „barnið í hinum fullorðnu“. Sýningin verður opnuð klukkan 15.00 á laugardaginn og verður opin yfir hátíðarnar og fram á næsta ár.



Óður til dans

## Jóladans í Gamla bíói

Óður til dans og tónlistar er nafnið á jólasýningu Dancecenter Reykjavík sem haldin verður í Gamla bíói. Nemendur hafa æft af miklum móð fyrir sýninguna og fá nú útrás fyrir sköpunarþörfina. Aðalkennari skólans, Kameron Bink úr hinum þekktu þáttum So You Think You Can Dance verður heiðursgestur á sýningunni en hann hefur unnið með nemendum og kennurum skólans síðustu misseri. Boðið verður upp á óvænt skemmtiatriði og jólaandinn mun svífa yfir vötnum. Sýningin hefst klukkan 14.00 í Gamla bíói.



**BOGOMIL FONT OG SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON** Mennirnir á bák við majónes-jólin.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Galdurinn á bak við kalypsó liggur í textagerðinni. Maður þarf að geta gert grín að hlutum en þykja vænt um þá í leiðinni. Þannig eru Majónes jólin.
>
> *Sigtryggur Baldursson*

**➜ Majones jól**

Það er majones heimur um jólin
þegar mjallhvítur hjúpurinn er
og landið frýs
eins og rjómaís
nánast alltaf í desember.

Það liggja fannhvítir
flókar um jólin
í fanginu á furunni hér
og konfektskál
innst í minni sál
svo dísætur draumurinn er.

Já, kúlan að framan vex og hún vex
eftir tuttugu og sex
súkkulaðikex
belgurinn góði hann blæs svolítið út
Það sést ekki lengur í stút.

Það er krúttlegt og kósý um jólin
og
kæustupörin á sveim´
útí mjöllinni,
skautahöllinni
í vetrarklæddum majones heim.

*Texti: Sigtryggur Baldursson*

# ERU BÁÐIR JÓLADRENGIR

Bogomil Font og Samúel J. Samúelsson halda jólatónleika með Stórsveit Reykjavíkur í Hörpu á sunnudaginn. Platan Majónes jól verður spiluð í heild sinni en þar er gert létt grín að neyslugeðveikinni um jólin.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is

Það verða majónes-jól í Silfurbergi, Hörpu, á sunnudaginn þegar Stórsveit Reykjavíkur ásamt Bogomil Font heldur sína árlegu jólatónleika. Jólaplata Bogomils, Majónes jól, sem kom út fyrir nokkrum árum, verður spiluð í heild sinni en stjórnandi er Samúel J. Samúelsson.

„Þessi plata var nú upphaflega svolítið prívat grín en það er auðvitað frábært þegar fólk hefur gaman af því sem þú ert að gera,“ segir Sigtryggur Baldursson – Bogomil Font. Majónes jól eru óðum að komast í hóp hinna „klassísku“ jólaplatna og hljóma lög af henni reglulega í útvarpinu yfir hátíðarnar.

**Viljum njóta jólanna**

„Þetta átti nú aldrei að verða einhver vinsældaplata. Okkur fannst þetta bara skemmtileg músík og reyndum að nálgast þetta á einlægan hátt. Þó að sumir textarnir virki svolítið kaldhæðnir þá erum við einlægir í því að skemmta okkur og njóta jólanna.“

Sigtryggur segir Majónes jólin vera innblásin af kalypsó-músík. „Galdurinn á bak við kalypsó liggur í textagerðinni. Maður þarf að geta gert grín að hlutum en þykja vænt um þá í leiðinni. Þannig eru Majónes jólin. Við Samúel erum báðir miklir jóladrengir en svo eru ákveðnir hlutir við jólin sem fara líka í taugarnar á okkur – öll þessi neyslugeðveiki og sölumennska og við gerum grín að þessu en þykir vænt um allt þetta stúss á sama tíma.“

Tónleikarnir hefjast á sunnudaginn klukkan 17.00. Sigtryggur segir þetta enga risatónleika heldur kærkomið tækifæri til að tylla sér niður, hlusta á jólatónlist og njóta augnabliksins.

„Þetta eru afslappaðir fjölskyldutónleikar þar sem við spilum lögin af plötunni. Bara svona klukkutími. Þetta eru ekki risajólatónleikar í Laugardalshöll heldur hugsaðir sem léttir síðdegissunnudagstónleikar fyrir kvöldmatinn.“

# Tsjekhov á hvíta tjaldið í Bæjarbíói

Ófullgert verk fyrir píanó er hluti af rússneskum vetri Kvikmyndasafns Íslands.

Kvikmyndin Ófullgert verk fyrir sjálfspilandi píanó, frá árinu 1977, verður sýnd í Bæjarbíói á laugardaginn. Það er leikritið Platónov eftir Anton Tsjekhov sem liggur til grundvallar myndinni en viðfangsefnið er, eins og í mörgum verkum Tsjekhovs, örvænting og tilgangsleysi í lífi rússneskrar millistéttar um aldamótin 1900. Fjölskylda og vinir Önnu Petrovnu koma saman á sveitasetri ekkjunnar. Undir stofuleikjum og innantómu tali um réttindi kvenna og getu bændastéttarinnar vakna ástir þeirra Sofíu og Misja á ný. En eru þau tilbúin að hlaupast á brott frá fjölskyldu og vinum til að láta gamla drauma rætast?

Myndin vann til verðlauna á San Sebastian-kvikmyndahátíðinni á sínum tíma. Hún skartar stjörnum á borð við Aleksander Kaljagin en þetta er það hlutverk sem hann er þekktastur fyrir. Rússnesk-ameríska leikkonan Jelena Solovey er einnig þekktust fyrir þær myndir sem hún lék í undir stjórn Nikita Mikhalkov.

Sýningar Kvikmyndasafns Íslands fara fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði á þriðjudagskvöldum klukkan 20.00 og á laugardögum klukkan 16.00. Þema vetrarins er rússneskar kvikmyndir og er dagskráin um leið rannsókn á þeim menningararfi sem MÍR eftirlét safninu.



**ÚR MYNDINNI ÓFULLGERT VERK FYRIR PÍANÓ** Ein frægasta mynd leikstjórans Nikita Mikhalkov.

# FÖNDRUM UM HELGINA

## 40% afsláttur af völdum jólaföndurpakkningum

-40%



Jólaföndursett „Jólaálfar"
Hæð 8 sm. Efni í 6 stk.

**1.919,-**
Verð áður 3.195,-



Jólaföndursett „Skíðafjölskylda"
Hæð 8,5 sm. Efni í 4 stk.

**2.099,-**
Verð áður 3.495,-

Með Panduro geta allir í fjölskyldunni föndrað, líka þau yngstu, leyfðu sköpunargleði barnanna að njóta sín



Jólaföndursett „Þrír sveinar"
Hæð u.þ.b. 12 - 20 sm. Efni í 3 stk.

**1.799,-**
Verð áður 2.995,-



Jólaföndursett „Uglur í óróa"
Inniheldur allt efni í 3 stk.
Hæð 6 sm

**1.499,-**
Verð áður 2.495,-



Jólaföndursett „Sleðamýs"
Hæð 6 sm. Efni í 3 stk.

**1.619,-**
Verð áður 2.695,-



Jólaföndursett „Kramarhús"
Hæð 22 sm. Efni í 6 stk.

**2.399,-**
Verð áður 3.995,-



Jólaföndursett „Englastjörnur"
Ummál 10 sm. Efni í 6 stk.

**1.799,-**
Verð áður 2.995,-



Jólaföndursett „Skínandi englar"
Hæð 4 sm. Efni í 8 stk.

**2.099,-**
Verð áður 3.495,-



Jólaföndursett „Fléttuð hjörtu"
Stærð 9,5 x 17 sm. Efni í 8 stk.
Til í gráu eða rauðu.

**599,-**
Verð áður 995,-



Jólaföndursett „Jólatréhjörtu"
Inniheldur allt efni í 3 stk.
Stærð 6,5 x 18 sm

**999,-**
Verð áður 2,990,-



Jólaföndursett „Englahengi"
Hæð 9 sm. Efni í 6 stk.

**1.919,-**
Verð áður 3.195,-

Þetta tilboð gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

www.a4.is / sími 580 0000
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

A4



> „Svo fengum við bræðurnir malt og appelsín sem var aðeins á boðstólum einu sinni á ári.

# Hamingjan er takmarkið

**Bubbi Morthens** var fluttur á spítala með verk fyrir brjósti í síðustu viku. Hann segist hafa fengið aðvörun, gula spjaldið, en þessi lífsreynsla sýni honum hve dýrmæt heilsan sé. Bubbi gefur nú út jólaplötu þar sem hann sækir í arf fortíðarinnar, jól æsku sinnar, minningarnar. Hann segir jólin hafa verið klámvædd og gefur lítið fyrir bjölluhljóm og strengi.



Símon Birgisson
simon@frettabladid.is

Á leiðinni upp að Meðalfellsvatni tekur að birta. Hvít fjöllin birtast í grámanum. Á Hvalfjarðarafleggjaranum eru fáir á ferli. Auðvitað hljómar lag eftir Bubba Morthens í útvarpinu. Kóngurinn, eins og Bubbi er oft kallaður, minnir á sig. Húsið hans ekki svo ólíkt höll sem gnæfir yfir vatninu innrammað af fögrum fjallahringnum.

Bubbi tekur á móti okkur með rótsterku kaffi. Dætur hans tvær eru veikar heima. Það snarkar í arninum í stofunni og jólaseríur og kerti mynda þægilega birtu og minna á að jólin eru á næsta leiti. Bubbi er nýbúinn að gefa út jólaplötu og við hefjum spjallið á hátíð ljóss og friðar.

„Þegar við eignumst börn og byrjum í sambúð þá tökum við með okkur jólahefðina frá foreldrum okkar. Við mótum og bætum aðeins við frá okkar eigin brjósti og þannig verður smám saman til ný hefð, okkar eigin hefð sem byggir þó í grunninn á jólum æsku okkar,“ segir Bubbi. „Jólahaldið er svolítið eins og laukur, lag ofan á lag af gömlum hefðum.“

Jólaplata kóngsins heitir einmitt Æsku minnar jól. Hún er lágstemmd og persónuleg, eins og reyndar flest verk Bubba síðustu ár. Og þrátt fyrir að vera jólaplata er lítið um bjölluhljóm eða strengi sem einkennir flestar jólaplötur þessa dagana.

„Tónlistin á þessari plötu er fyrst og fremst tengd minningum um foreldra mína. Svona hljómaði tónlistin sem þau hlustuðu á um jólin. Ég man að pabbi hlustaði á Nat King Cole, Louis Armstrong og Bing Crosby og mamma hlustaði á Edith Piaff og Marlene Dietrich. Svo gaf Haukur Morthens frændi út Hátíð í bæ og það er minn uppáhaldsjóladiskur,“ segir Bubbi.

Hann segir klisjurnar vera að ganga af jólunum dauðum.

„Það er búið að klámvæða jólin. Skoðaðu bara það sem er að gerast í kringum okkur. Jólin eiga ekki að snúast um bjölluhljóm og strengi eins og þú lýstir. Þetta eru áhrif frá Ameríku. Mér finnst jólin snúast um ljósið, fögnuð þess að daginn fer aftur að lengja. Þetta eru tímamót og augnablik til að horfa yfir farinn veg,“ segir Bubbi.

### Jólin á Hrauninu

Ég spyr Bubba hvort hann sé trúaður. Hann svarar játandi – „en um jólin fer ég í rosalega vörn. Það verður allt svo yfirþyrmandi. Ég meina, það eru haldnir sextíu jólatónleikar á nokkrum vikum. Þetta eru kandífloss jól og samsafn af klisjum. Jólin snúast fyrst og fremst um manneskjuna og það sem hefur fengið mig til að meta jólin hvað mest er augnablikið þegar hlið Litla-Hrauns lokast á eftir mér,“ segir Bubbi en á hverjum aðfangadegi spilar Bubbi fyrir fanga á Hrauninu.

„Þegar maður yfirgefur Hraunið á þessum degi öðlast allt miklu dýpri merkingu og nándin við fólk verður meiri. Það er átakanlegt að vera þarna á aðfangadag. Ekkert töff eða kúl. Það er gefandi en líka sorglegt.“

Reyndar er Bubbi ekki alveg saklaus af tónleikahaldi um jólin. Það er föst hefð hjá honum að halda tónleika á Þorláksmessu og undantekningarlaust spilar Bubbi fyrir fullu húsi daginn fyrir jól.

„Já, ég hef haldið þessa tónleika síðan 1985 en fyrir mig eru þetta ekki sérstakir jólatónleikar. Þetta er miklu frekar tækifæri til að kveðja árið með aðdáendum mínum. Kannski mætti kalla þetta árshátíð trúbadorsins enda er ég alltaf einn á sviðinu,“ segir Bubbi og hlær.

Ómur úr teiknimyndum berst úr barnaherberginu og talið berst aftur að fjölskyldunni. Því dýrmætasta í lífi hverrar manneskju. Ég bið Bubba að segja mér frá uppruna sínum. Maður veit jú ekki hver maður er fyrr en maður veit hvaðan hann kemur.

### Sofnaði við saumavélina

„Gréta Scotte Pedersen er dönsk og móðurættin rekur uppruna sinn til Skotlands á 14. og 15. öld. Ef ég man söguna rétt voru tvær ættir að berjast um völd í Skotlandi og móðurættin mín verður undir í því stríði. Einn úr ættinni hét Forbes. Hann gerist málaliði, fer til Danmerkur og er á endanum aðlaður og eignast lönd. Þaðan sprettur móðurættin og af þessum sökum elst móðir mín upp við ríkidæmi og fínerí. Hún var merkileg kona, langaði að ferðast um heiminn, fór til Íslands en þurfti ekki að ferðast víðar. Á Íslandi hitti hún pabba og settist hér að.“

Faðir Bubba kom úr annarri átt – ættaður frá Noregi og sonur ævintýramanns sem hafði freistað gæfunnar í Klondike: „Afi var samt sniðugur. Hann fór ekki til Klondike til að leita að gulli heldur til að selja gullgröfurunum verkfæri. Hann hafði vit til þess að grafa ekki sjálfur,“ segir Bubbi sem sjálfur hefur grætt og tapað á viðskiptum í gegnum tíðina. Það er nú oft meira freistandi að grafa eftir gullinu en að selja gullgrafaranum skóflu.

„Edward Morthens afi kom svo til Íslands og stofnar Lýsi í Hafnarfirði og er hér þar til kreppan skellur á. Hann tapaði miklum peningunum og var fluttur úr landi. Amma stóð eftir með hóp af börnum í mikilli fátækt. Og þegar mamma hittir pabba er hann fráskilinn málari og bóhem.“

Bubbi segir jólin á sínu heimili hafa verið hefðbundin. „Mamma eldaði hangikjöt og uppstúf með múskati, sem var reyndar dálítið danskt. Svo fengum við bræðurnir malt og appelsín sem var aðeins á boðstólum einu sinni á ári. Og í forrétt var danskur réttur: Ris à l´amande, möndlugrautur. En mest man ég eftir því þegar mamma tók sig til, svona vikur fyrir jólin, og þreif allt hátt og lágt. Og þá meina ég „þreif“. Það var farið í öll skúmaskot, undir skápa og hvert einasta horn þrifið í litlu kytrunni okkar í Gnoðarvoginum. Allt skúrað og skrúbbað. Svo man ég eftir saumavélinni eða réttara sagt – söngnum í Singer-saumavélinni þegar mamma sat á kvöldin og saumaði handa okkur jólafötin. Það er mögnuð minning, að sofna við þetta stef.“

Bubbi segist stoltur af nýja disknum þó ekki hafi gengið áfallalaust að koma honum út. Diskurinn átti upprunalega að koma í búðir síðustu jól en nafnlaus ábending um brot á höfundarrétti á einu lagi á disknum varð til þess að Bubbi þurfti að hætta við útgáfu. Lagið var eftir Bítlana og Bubbi hafði ekki tilskilin leyfi til að gera sína eigin útgáfu af laginu. Nú eru öll réttindamál í lagi.

„Mér finnst skipta gríðarlega miklu máli að vera heiðarlegur og einlægur. Þannig vil ég lifa mínu lífi. Ég vil líka skauta yfir væmnina. Það er svo einfalt að verða súrrealískt væminn þegar maður býr til jólalög,“ segir Bubbi. Spurður um sitt uppáhaldsjólalag svarar hann að bragði: „Heims um ból. Það finnst mér flott jólalag þó þessi setning um meinvilluna sem í myrkrinu lá þvælist enn fyrir mér. Svo er það platan hans Hauks Morthens og Ólafs Gauks. Það er ekki hægt að toppa þá snilld.“

### Fluttur á spítala með hraði

Bubbi hefur lifað hratt og hátt líkt og alþjóð veit. Hann byrjaði að reykja sex ára. Drakk í óhófi og notaði fíkniefni hvern dag. Hann hefur verið edrú síðan 1996 og þrátt fyrir að neyslan hafi sett sitt mark á hann bæði líkamlega og andlega er hann í fantaformi. Hann lyftir lóðum í bílskúrnum heima hjá sér við Meðalfellsvatn, hleypur upp fjallshlíðina og er með hlaupahjól í stofunni.

En þrátt fyrir að hugsa vel um líkamann hafa aðvörunarbjöllur tekið að hljóma. Fyrir nokkru byrjaði Bubbi að finna fyrir verk í baki. Hann hélt að um gömul íþróttameiðsli væri um að ræða og beit á jaxlinn. Á mánudaginn fyrir um tveimur vikum var Bubbi heima ásamt fjölskyldu sinni. Verkurinn ágerðist og það þurfti að flytja hann með sjúkrabíl á spítala. Í ljós kom að verkurinn var ekki í baki heldur brjósti.

„Þetta var aðvörun, ég fékk gula spjaldið,“ segir Bubbi sem var hleypt út af spítalanum samdægurs en hefur verið settur á hjartalyf. „Ég þarf að tóna mig niður í hamagangi lífsins. Maður þarf að borga fyrir allt sem maður gerir hvort sem það er góður matur, fíkniefni eða stress.“

Þessi atburður hefur breytti ▶

VEÐLÁN ALLT AÐ 50 MILLJÓNUM

Græddu á gulli

Kaupumgull.is

# Kaupum gull

## silfur, demanta, málverk og vönduð úr.



### STAÐGREIÐUM ALLT GULL, SILFUR, PLATINUM, DEMANTA

Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.



Kaupum alla demanta

### VEÐLÁN ALLT AÐ 50 MILLJÓNUM.

Lánum allt að 50 milljónum kr. gegn veði í gulli, silfri, demöntum, gömlum peningaseðlum, vönduðum úrum eða málverkum eftir íslenska meistara.

### KAUPUM GÖMUL OG NÝ ÚR

Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



### STAÐGREIÐUM VERK EFTIR ÞEKKTA ÍSLENSKA OG ERLENDA LISTMÁLARA

Gunnlaug Blöndal, Jóhannes Kjarval, Svavar Guðnason, Flóka, Erró, Ásgrím Jónsson, Nínu Tryggvadóttur, Karólínu Lárusdóttrir, Jón Stefánsson, Georg Guðna.



### UMSAGNIR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Ég kom með föður mínum með skartgripi sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr. virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580.000 kr. Til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir. **Sigríður Jónsdóttir**

Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is. Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg. **Jóna Guðmundsdóttir**

**OPIÐ Í KRINGLUNNI 3. HÆÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-18**

3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknastöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is

KAUPUM GULL KG


KOMDU OG SJÁÐU
LJÓSADÝRÐINA




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook



**BREYTTUR MAÐUR** „Ég laug að þjóðinni, ég laug að vinum mínum og ég laug að sjálfum mér.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

lífi Bubba þó það sé eflaust stutt í að hann þeysi upp fjallshlíðina á ný.

„Í dag er heilsan í fyrsta sæti hjá mér. Það er minn stóri lærdómur þessa dagana. Og þakklætið. Að vera þakklátur fyrir það sem þú hefur. Mér finnst mikilvægt að lifa ekki í gærdeginum eða vera fastur í hugsunum um morgundaginn. Ég reyni að temja mér að njóta dagsins í dag, njóta þess að vera með fjölskyldu minni og vinum. Ef maður nær því þá er maður að lifa lífinu. Maður verður að passa sig að drepast ekki á stressi eða óhollustu,“ segir Bubbi.

### Trúir á karma

Bubbi segir þá ákvörðun að verða edrú hafa bjargað lífi sínu. „Ég hélt um tíma lista yfir þá vini og kunningja sem höfðu verið mér samferða í neyslunni. Svo hætti ég því. Nöfnunum á listanum tók að fækka ansi hratt. Þegar menn deyja úr neyslu heitir það ýmsum nöfnum – stundum sjálfsvíg, stundum hjartaáfall. Ég er löngu búinn að missa töluna á þeim sem ég hef horft eftir yfir móðuna miklu vegna drykkju.“

„Ég trúi líka á karma. Ég hef til dæmis aldrei rukkað fyrir að spila í jarðarförum. Ég hef sungið í ansi mörgum jarðarförum ungs fólks sem hefur tekið eigið líf. Suma þekki ég. Aðra ekki. En það er alltaf jafn sorglegt þegar ungt fólk í blóma lífsins fellur frá út af neyslu,“ segir Bubbi.

Ég minnist á fréttina af ungri stúlku sem fannst látin í partíi í heimahúsi fyrr í mánuðinum og það er ljóst að slíkar fréttir hafa áhrif á Bubba.

„Við tilheyrum einfaldlega samfélagi sem lítur á unglingadrykkjuorgíur einu sinni á ári sem sjálfsagðan hlut, þar sem fullorðnum finnst eðlilegt að drekka með börnum, þar sem menn á Alþingi drekka sig fulla nokkru sinnum í mánuði og sitja svo á þingi og garga yfir dópneyslu. Það er allt á skjön og áherslurnar í heilbrigðismálum eru ansi brenglaðar,“ segir Bubbi og heldur áfram. „Ég samdi lag á síðustu plötu sem fjallar nákvæmlega um þetta, um unga stúlku sem deyr í partíi á afmælisdaginn sinn. Þessar fréttir hafa alltaf áhrif á mig. Við verðum að leggja meira fé í forvarnir. Það er ekki hægt að láta Vog berjast í bökkum. Heilbrigðiskerfið er í molum, fornvarnarstarfið er molum og Alþingi er lamað.“

### Sigurinn í uppgjöfinni

Bubbi kynntist sjálfur tólf spora samtökum árið 1985 og leitaði lausnar við áfengisvandamálinu.

„Mér gekk samt erfiðlega að finna mig. Ég var ekki að kaupa þá hugmynd að ég hefði tapað fyrir áfenginu. En því meira sem ég rembdist við að telja sjálfum mér trú um að ég væri við stjórnvölinn, þeim mun verr leið mér. Ég var oft þurr í marga mánuði en svo datt ég í það. Féll. Þetta var mikið strögl og ég þjáðist svolítið af „Hemma Gunn einkenninu“. Ég laug að þjóðinni, ég laug að vinum mínum og ég laug að sjálfum mér,“ útskýrir Bubbi.

Á endanum gafst hann upp.

„Augnablikið þegar ég gafst upp var stærsti sigur lífs míns. Það er enn ein þverstæðan. Sumir geta ekki hugsað sér að tapa. En öll töpin í mínu lífi hafa verið sigrar. Þannig er það bara. Síðan þá hef ég reynt að deila reynslu minni með öðrum. Ég hef farið skóla og talað og hugsað að ef ég næði að hafa áhrif á bara einn einstakling væri það sigur.“

Við færum okkur um set. Bubbi opnar dyrnar á bílskúrnum. Þar er lyftingabekkur og handlóð og svartur boxpúði. Í litlu vinnuherbergi sýnir Bubbi okkur áritaða ljósmynd af átrúnaðargoði sínu – sjálfum Cassius Clay – Muhammed Ali og Bítlunum. Í bókahillu eru ævisögur hnefaleikakappa í röðum. Fyrir utan tónlistina er boxið kannski stærsta ástríðan í lífi Bubba enda á hann sinn þátt í því að kveikja áhuga þjóðarinnar á hnefaleikjum með lýsingum sínum á Sýn og Stöð 2 í gegnum tíðina.

### Sannleikurinn í hringnum

„Það eru þrjár persónur úr mannkynssögunni sem ég gæfi allt til að hitta. Cassius Clay, Chaplin og Jesús Kristur,“ segir Bubbi. „Cassius Clay kemur til sögunnar á svipuðum tíma og Bítlarnir og Bob Dylan og mér fannst hann alveg jafn merkilegur. Þetta ofboðslega sjálfstraust og hvernig hann flaut í hringnum. Það var eins og hann væri að dansa ballett bæði með höndunum og fótunum. Ég sá hann í Kanasjónvarpinu og varð gjörsamlega heillaður. Gleymi því aldrei,“ segir Bubbi.

Hann segist heillast af hreinleika bardagaíþrótta, alveg eins og hann sé heillaður af nautabönum sem leggi líf sitt að veði á vellinum. „Ég fór eitt sinn til Spánar og ferðaðist um og horfði á nautaat. Var í nettum Hemingway-fíling. Og ég varð orðlaus að sjá 61 kílóa mann kyssa granirnar á 750 kílóa nauti. Þarna heillaðist ég af þessum íþróttum en síðar fór ég að skilja þær betur. Ég skildi að þegar tveir menn kljást í hring er lífið strípað niður í sína hráustu mynd. Þar ríkir því einhver algildur sannleikur. Í bardaganum eru engar lygar, ekkert feik eða svik. Eina sem skiptir máli meðan á bardaganum stendur er þessi sannleikur, hvort sem hann er ljótur eða fallegur. Kannski er hringurinn síðasta vígi sannleikans,“ segir Bubbi þó hann viðurkenni að eflaust séu margir ósammála honum í þessum efnum.

### Leitin að hamingjunni

Þetta er hins vegar Bubbi. Hann er maður þversagna. Hann sér fegurð í ljótleikanum, hann er einlægur rokkari, hann er elskaður og hataður og hann hefur þurft að berjast fyrir sínu. Þegar John Lennon var krakki fékk einu sinni það verkefni að skrifa skólaritgerð um hvað hann vildi verða þegar hann yrði stór svaraði hann með einu orði: Hamingjusamur. Og þrátt fyrir að ritgerðin væri ekki löng fólst í henni stór sannleikur.

Bubbi segir: „Mér finnst mikilvægt að minna mig á að hamingjan er ekki einhver staður eða hlutur. Hamingjan er ekki að eignast Iphone 5c eða nýjan Ipad eða deita fallegustu stelpuna eða eiga stærsta húsið eða mest af peningunum. Það er ekki hamingjan. Hamingjan er alltaf til staðar. Inni í þér. Og maður verður að vera meðvitaður um þetta augnablik, þetta sekúndubrot sem hamingjan knýr dyra.“

Ég spyr Bubba hvenær hann sé hamingjusamur og er ekki frá því hann svari með ljóði.

*„Þegar ég vakna og heyri andardrátt hússins,*

*þegar litla stelpan mín, nýbyrjuð að tala, segir hæ,*

*þegar ég horfi á bakið á konunni minni og sé þessa fallegu sveigju,*

*eða þegar ég er lifandi að tala við þig.*

*Stundum koma dagar þar sem tilveran er grá og dökk,*

*samt er hamingjan alltaf kringum þig. Hún kallar á þig.*

*En þú sérð hana ekki.*

Eftir stutta þögn heldur Bubbi áfram:

„Ég held að Lennon hafi nefnilega hitt naglann á höfuðið. Það er stórkostlegt takmark að taka á móti hamingjunni. Hún kemur í allskyns birtingarformum. Nú hlakka ég rosalega til jólanna því ég er jólabarn en það verður algjörlega undir mér komið hvernig mér líður á aðfangadag. Þannig er hamingjan. Hún kemur ekki nema þú takir á móti henni, nema þú sért með opinn faðminn og ef þú ert með opinn faðminn þá verður þú verðlaunaður mörgum sinnum á dag.“


Rannsóknaþing 2013
Stefna Vísinda- og tækniráðs 2013 - 2016



5. desember kl. 8:30-10:30 Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá

8:30 Opnunarávarp
Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra

8:50 Kynning á stefnu Vísinda- og tækniráðs 2013-2016
Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar
Sveinn Margeirsson, formaður tækninefndar

9:20 Hringborðsumræður um stefnu Vísinda- og tækniráðs
Fulltrúar vísindasamfélagsins og hagsmunaaðila ásamt gestum Rannsóknaþings

10:00 Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs
Valur Ingimundarson gerir grein fyrir starfi dómnefndar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs afhendir Hvatningarverðlaunin 2013

Fundarstjóri: Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís

Morgunverður í boði frá kl. 8:15
Skráning á rannis@rannis.is

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ
rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


## HÁPUNKTAR Á FERLI BUBBA



**ÍSBJARNARBLÚS 1980**
Textar Bubba á plötunni voru byltingarkenndir. Bubbi sýndi að ekki aðeins var hægt var að semja íslenska texta um íslenskan raunveruleika á trúverðugan hátt, heldur fór hann alla leið í áliti sínu á þessum raunveruleika. Reiði hins unga rokkara og fyrirlitningin á því óréttlæti sem hann taldi alþýðu landsins beitta, þó sér í lagi farand- og fiskverkafólk, kom bersýnilega í ljós.

**FINGRAFÖR 1983**
Með hljómsveitinni Egó og sólóplötunni Fingraför náði Bubbi auknum vinsældum almennings og seldust plötur hans og sveitarinnar í stærra upplagi en hann hafði áður þekkt. Á árunum 1984 til 1985 lifði Bubbi sígandi lukku lífs síns og orðspor listamannsins fylgdi á þeirri niðurleið.

**KONA 1985**
Bubbi safnaði nýjum þrótti og kom fram, með sterkari texta en nokkru sinni fyrr á plötunni Kona. Frá þeirri stund hefur leið listamannsins Bubba legið upp á við.

**FRELSI TIL SÖLU 1987**
Samningur hans við sænska útgefandann Mislur, gaf Bubba tækifæri til að gera rokkplötu eins og þær gerast bestar. Frelsi til sölu sló í gegn. Vinsældir Bubba og hljómsveitarinnar MX-21 sem hann stofnaði til að fylgja plötunni eftir voru miklar. Platan markaði einnig tímamót í íslenskri útgáfu því hún varð fyrsta platan sem kom út á geisladiski.



**VON 1992**
Bubbi hafði árið 1990 starfað sem tónlistarmaður í heilan áratug og lengst af þann tíma verið einn vinsælasti tónlistarmaður landsins en um leið sá umdeildasti. Þessi staðreynd gaf honum tækifæri til að láta gamla drauma rætast. Einn þeirra var að gera plötu undir spænskum og/eða suðuramerískum áhrifum og það gerðist með plötunni Von. Bubbi hélt til Kúbu þar sem grunnar hennar voru hljóðritaðir með þarlendri sveit; Sierra Mastera.

**NÝBÚINN 2001**
Árið 2001 var Bubbi í rokkgír með Stríð og frið og sendi frá sér plötuna Nýbúinn. Platan vakti umtal, sérstaklega titillag plötunnar en með því vildi Bubbi vekja fólk til umhugsunar á þeim rasisma sem virtist vera að skjóta upp rótum hér á landi. Myndbandi við lagið var einnig gert að sæta skoðun yfirvalda til að athuga hvort lög um íslenska þjóðfánann hefðu verið brotin.

**06.06.06. 2006**
Bubbi Morthens varð fimmtugur og fagnaði áfanganum með stórtónleikum í Laugardalshöll. Ásamt Bubba komu fram allar þær hljómsveitir sem hann hefur stofnað og gefið hafa út efni: EGÓ, GCD, MX-21, UTANGARÐSMENN, DAS KAPITAL og STRÍÐ OG FRIÐUR. Tónleikarnir voru sendir beint út til þjóðarinnar og komu síðan út á DVD og geislaplötu fyrir jólin og náðu metsölu.



**ÆSKU MINNAR JÓL 2013**
Fyrsta jólaplatan sem Bubbi sendir frá sér á meira en þrjátíu ára ferli. Yrkisefni Bubba eru jólin út frá sjónarhóli barns. Á plötunni er að finna hið sígilda jólalag Hátíð í bæ sem Haukur Morthens, föðurbróðir Bubba, gerði frægt.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll




**2698 kr.**
Bert fær sviðsskrekk




**2598 kr.**
Kafteinn ofurbrók




**2798 kr.**
Kjúklingaréttir Nönnu

# JÓLABÆKUR
# á frábæru verði!



## Bættu við 500 kr. og fáðu Nóa konfektkassa 135 g með bókinni!

Ath. gildir eingöngu um þessa titla í auglýsingunni




**2998 kr.**
Vettlingaprjón




**3198 kr.**
Rangstæður í Reykjavík




**3298 kr.**
Draumsverð




**3498 kr.**
Týndu árin

Ath. eftirtaldar bækur: Vettlingaprjón, Rangstæður í Reykjavík, Bert fær sviðsskrekk, Draumsverð og Týndu árin fást í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ, Reyðarfirði og á Selfossi
Kjúklingaréttir Nönnu og Kafteinn Ofurbrók fást í öllum verslunum Krónunnar

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# Get dansað uppi á borðum edrú

**Hilda Jana Gísladóttir**, dagskrárstjóri hjá N4, var frumkvöðull að því að endurvekja sjónvarp á Akureyri fyrir fjórum árum og á sinn þátt í vexti þess og vinsældum. Hún kynntist skuggahliðum lífsins sem unglingur en er nú hæstánægð með tilveruna.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Hilda Jana Gísladóttir tekur á móti mér í Amaróhúsinu á Akureyri. Þar, á annarri hæð, er vinnustaðurinn hennar, fjölmiðlafyrirtækið N4 sem hún byrjar á að sýna mér áður en við komum okkur fyrir á kaffistofunni. Hilda Jana er jafn heillandi í framkomu og hún er á skjánum þar sem hún er snillingur í að láta öllum líða vel, bæði viðmælendum og áhorfendum. „Ég er svo heppin að hafa einlægan áhuga á fólki og mismunandi áhugamálum þess og þarf ekkert að setja mig í stellingar til þess,“ segir hún brosandi. „Það liggur við að það sé sama með hverjum maður sest niður, allir hafa einverja sögu að segja. Meira að segja sjarmerandi sögu. Mér finnst gaman að vita hvað það er sem fær fólk til að fara á fætur á morgnana og hafa ástríðu fyrir því sem það er að gera. Það er svo nærandi fyrir okkur hin að fylgjast með því.“

**Missti vinnuna í hruninu**

Þegar Hilda Jana kom á N4 fyrir fjórum árum var eigandinn, Þorvaldur Jónsson, þar ásamt þremur öðrum að vinna við dagskrána. Nú eru þar átján starfsmenn í fullu starfi og sex verktakar að auki.

Hilda Jana kveðst áður hafa verið búin að taka hring í fjölmiðlaheiminum norðan heiða. „Ég byrjaði að vinna við Akureyrarsjónvarpið, Aksjón, og starfaði fyrir Stöð 2 á sama tíma. En hlutirnir breyttust hratt. Nokkur fjölmiðlafyrirtæki í bænum tóku höndum saman og stofnuðu N4, losuðu sig við fyrri starfsmenn og réðu nýja. Þá fór ég yfir á RÚV, var á RuvAk í nokkur ár en missti vinnuna þar í hruninu þegar svæðisútvarpið var lagt niður. Sjónvarpshluti N4 var þá kominn í þrot og búið að vera slökkt á vélunum í fjóra mánuði. Ég kom með skottið á milli lappanna til Þorvaldar aftur og spurði hvort það væri ekki hægt að gera eitthvað við þessar græjur. Hann tók vel í það og það endaði með því að ég og tveir tæknimenn fengum styrk hjá Vinnumálastofnun til þessa vegferð. Þar með hófst mikið uppbyggingarstarf og vöxturinn hefur verið ótrúlegur.“

**Opnar glugga frá landsbyggðinni**

Sjónvarpsdeild N4 fór rólega af stað að sögn Hildu Jönu. „Á þeim tíma var þjóðfélagið vængbrotið eftir fjármálahrunið og fréttamiðlar lögðu áherslu á að sýna samfélaginu aðhald og spyrja gagnrýninna spurninga. Við ákváðum að fara ekki þá leið. Hugsuðum: Hér erum við þrjú að vinna við sjónvarp og ætlum ekki að gera það sama og aðrir, nema bara verr,“ útskýrir hún. „Stefnan var strax sú að vera með lágan prófíl og fara ekki í samkeppnina um mest sjokkerandi fyrirsögnina, æsinginn eða glansinn heldur vera með þægilegt, notalegt og heimilislegt efni um venjulegt fólk fyrir venjulegt fólk. Ég ber mikla virðingu fyrir fréttum og gildi gagnrýninna fréttamiðla en það er líka eftirspurn eftir því jákvæða efni úr daglega lífinu sem við erum með útsendingar á alla daga. Ég er alltaf að heyra í ánægðu fólki og finnst gaman að geta gefið eitthvað gott út í samfélagið. Fyrir utan það að opna ákveðinn glugga frá landsbyggðinni því stundum finnst mér vanta upp á samtalið milli höfuðborgar og landsbyggðar.“

**Ætlaði að vera í ár fyrir norðan**

Hilda Jana er ekki dóttir Gísla Sigurgeirssonar fréttamanns, bara svo það sé á hreinu. Hún segir það samt mjög algengan misskilning. „Meira að segja dóttir Gísla fær setningar eins og: „Ég bið að heilsa henni systur þinni í sjónvarpinu.“ En nei, við Gísli Sigurgeirsson erum ekkert skyld. Ég á annan Gísla fyrir föður sem býr í Reykjavík og vinnur hjá Samkaupum. Þetta Gíslanafn fylgir mér samt. Ég á bróður sem heitir Gísli, pabbi heitir Gísli og afi heitir Gísli og svo vinn ég með Gísla. Tengdapabbi heitir Gísli og mágur minn Gísli og á Aksjón forðum var yfirmaður minn Gísli Gunnlaugsson. Ætli ég sé ekki bara gísl!“

Hún er úr höfuðborginni. Flutti norður þegar hún var tvítug. „Mamma og pabbi fluttu hingað og ég bara elti þau,“ rifjar hún upp. „Ég var ólétt að elstu dóttur minni og var með barnsföður mínum þá. Við ætluðum bara að vera í ár, síðan eru liðin 17 ár og hér er ég enn. Mér finnst Akureyri yndislegur staður. Stundum finnst mér heimamenn ekki fatta hvað hann er æðislegur. Sumum aðkomumönnum finnst erfitt að kynnast Akureyringum, ég upplifði það aldrei en ég er nú ekki lokaðsta manneskja sem þú hittir og mér var vel tekið af öllum. Ég féll fyrir því hvað Akureyri er fjölskylduvæn og mikill íþrótta- og menningarbær. Auðvitað mætti vera meiri fjölbreytileiki að sumu leyti. En þetta er fallegt samfélag sem hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni frá því að vera þessi gamli iðnaðarbær yfir í þetta fjölbreytta atvinnusvæði sem það er í dag.“

**Var í tómu rugli**

Frá tíu ára til tvítugs bjó Hilda Jana með foreldrum sínum og bróður úti á Granda í Reykjavík, gekk í Melaskóla og Hagaskóla, fór svo í Kvennó og Ármúlaskólann en kláraði stúdentinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þaðan lá leiðin í kennaradeild Háskólans á Akureyri og nú er hún grunnskólakennari að mennt. Þegar nafn hennar er gúglað kemur upp saga um eiturlyf. Hvernig stendur á því? „Ég var í tómu rugli á tímabili meðan ég var fyrir sunnan – árin 1994 og 95 þegar ég var í Ármúlaskólanum. Var bara týnd.“

*Hvernig leiddist þú út í það? Komu dílerar í skólann eða eitthvað svoleiðis?*

„Nei, nei. Ég held ég hafi bara séð um að sækja í það sjálf. Var ekki fórnarlamb aðstæðna eða neitt svoleiðis. Bara ung og forvitin og vitlaus og sótti í félagsskap sem var mér ekki hollur. En ég fór í meðferð þegar ég var átján ára. Það var dásamlegt að hafa stofnun eins og SÁÁ til að ná fótfestu á ný. Það bjargaði mér.“

*Þetta hefur þá verið stuttur tími.*

„Já, stuttur en harkalegur. Svolítið eins og að henda sér ofan í ískalda laug, maður stekkur fljótt upp úr. Fann að þetta var ekki það sem mig langaði að eyða ævinni í að gera. Ég drekk ekki einu sinni í dag. Get líka alveg dansað uppi á borðum þó að ég sé edrú. Ég hef rosa gaman af því að fara út á lífið og dansa og skemmta mér en það er samt voða gott að vita hvar mörkin eru.“

Eftir að Hilda Jana flutti norður kveðst hún mikið hafa sinnt forvarnarstarfi í Jafningjafræðslunni. „Það varð ákveðin tegund af ástríðu hjá mér um tíma að vara unga fólkið við eiturlyfjum. Þó að ég hefði fegin viljað hafa sleppt þessu rugli þá er ekki í boði nein tímavél og ég nýtti bara reynsluna til að læra af henni og miðla. Er svolítið ýkt týpa og fer alla leið í öllu sem ég er að gera, sem hefur bæði kosti og galla.“

> **Þó að ég hefði fegin viljað hafa sleppt þessu rugli þá er ekki í boði nein tímavél og ég nýtti bara reynsluna til að læra af henni og miðla. Er svolítið ýkt týpa og fer alla leið í öllu sem ég er að gera, sem hefur bæði kosti og galla.**

**Kynntust gegnum kvenréttindin**

Núna snýst líf Hildu Jönu um fjölskylduna og starfið. „Þetta eru tvær fjölskyldur, N4-fjölskyldan og alvörufjölskyldan,“ segir hún hlæjandi og segir mér nánar frá þeirri síðarnefndu. „Elsta stelpan mín er Hrafnhildur Lára, hún verður 17 ára í janúar. Það er sú sem ég var ólétt af þegar ég flutti norður. Hún er í 1. bekk í MA, mikið félagsdýr eins og mamman. Svo eru þær yngri tvær, fæddar 2004 og 2005. Ísabella Sól er eldri og Sigurbjörg Brynja yngri. Þær eru ótrúlega ólíkar en báðar frábærar, eru í fótbolta, leiklistarskóla og öllu mögulegu.“

*Hver er svo maðurinn þinn?*

„Hann heitir Ingvar Már Gíslason og er sölustjóri hjá Norðlenska. Hann var þjálfari í ræðuliði Morfís í Verkmenntaskólanum 2001 og ég var að hjálpa einum félaga mínum að gera morfísræðuna sína um kvenfrelsi. Þar lágu okkar leiðir saman. Hann heillaði mig með kvenréttindabaráttunni og nú er ég gift, þriggja barna móðir á Brekkunni.“



**DAGSKRÁRSTJÓRINN** „Mér finnst gaman að vita hvað það er sem fær fólk til að fara á fætur á morgnana og hafa ástríðu fyrir því sem það er að gera. Það er svo nærandi fyrir okkur hin að fylgjast með því,“ segir Hilda Jana. MYND/AUÐUNN

## Hulda Jana um N4




Núna er ég með þætti sem heita Á flakki frá Siglufirði til Bakkafjarðar. Svo er ég í föstudagsþættinum. Þátturinn Að norðan er alla daga, við erum fimm í honum, svo er Matur og menning. Glettur Gísla hafa slegið í gegn, hann er mest fyrir austan og Friðrik Ómar er með þáttinn Borgarinn sem er tekinn á höfuðborgarsvæðinu.

Svo erum við með framleiðsludeild sem ég vinn talsvert í líka. Vorum að klára myndband fyrir Jafnréttisstofu, fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Markaðsstofu Norðurlands, vinnum fyrir ferðaþjónustuaðila, tökum upp fundi, gerðum auglýsingu fyrir Leikfélag Akureyrar og fleira í þeim dúr. Það er margt sem kemur inn á okkar borð.

markhönnun ehf

Gildir **30.** nóv. - **1.** des. 2013




GUÐNI
LÉTTUR Í LUND
3.963 KR




LYGI
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
3.894 KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




FISKARNIR HAFA ENGA FÆTUR
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
4.219 KR




GLEÐILEGT HÁR
3.393 KR




HLUSTAÐ
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
3.946 KR




TRÖLLASTÁKURINN
SIRRÝ
2.713 KR




NIGELLA
Á ÍTÖLSKU M NÓTUM
4.340 KR




STRÁKAR
BJARNI FRITZS. KRISTÍN TÓMASD.
3.843 KR




ELDUR
STRANDBERG/ELFGREN
3.703 KR




MAÐUR SEM HÉT OVE
FREDRIK BACKMAN
4.193 KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Ojba Rasta með besta umslagið

Eins og venja er um þetta leyti árs leitaði Fréttablaðið til hóps valinkunnra andans manna og kvenna til að velta fyrir sér kostum og göllum við umslög íslenskra hljómplatna sem komið hafa út á árinu.

## BESTU UMSLÖGIN




**1. SÆTI**
**Ojba Rasta** Einhvern veginn svona

*„Vel heppnað í alla staði. Grípandi list sem fær mann til að skoða. Bravó.“*
***María Lilja Þrastardóttir***

*„Margslunginn og sýrður ævintýraheimur í óendanlegum, stjörnufylltum himingeimi. Endalaust gaman að skoða. Skerpir glæsilega á „speisuðu döbbi“, tyrkneskri sýru og fleiru spennandi í hljóðheimi Ojba Rasta.“* ***Jens Guð***

*„Ragnar Fjalar Lárusson er að stimpla sig inn sem fjölhæfur og afkastamikill listamaður með litríkt stílbragð. Hér leikur hann sér fram og aftur með myndmálið; hinn innri mann, heilahvelin, náttúruna, alheiminn og sínusbylgjur. Passar eins og flís við rassinn á Ojba Rasta.“*
***Arnór Bogason***

*„Eins og í fyrra er boðið upp á frábært umslag á plötu Ojba Rasta. Í sama „80's overkill“-anda. Virkilega flott. Tvö lokuð augu og það þriðja galopið á enni er líka alltaf „winner“ hjá mér.*
***Jóhann Alfreð Kristinsson***




**2. SÆTI**
**Drangar** Drangar

*„Hér er mjög vel hugað að innihaldi. Innblásturinn er í takt við tónlistina og því er fylgt vel eftir í meðhöndlun leturs, efnisvali og litapallettu. Handverkið og nostrið nýtur sín vel og gripurinn er afskaplega eigulegur. Mig langar mikið frekar til að opna þetta umslag en skrolla eftir plötunni í Spotify.“*
***Kristín Agnarsdóttir***

*„Skemmtilega einfalt og svolítið út úr kú fyrir testósteróntröllin í hljómsveitinni. Hraundranga-leysið í smekklegri hönnuninni var góð ákvörðun.“* ***Sunna Valgerðardóttir***

*„Ég væri til í að ramma þetta umslag inn og hafa það uppi á vegg hjá mér. Ég get horft á það endalaust. Hið fullkomna umslag sem er ekki bara konfekt fyrir augað heldur lýsir tónlistinni líka svo vel. Frábært samspil tveggja listforma.“* ***Lilja Katrín Gunnarsdóttir***




**3. SÆTI**
**Dj flugvél og geimskip** Glamúr í geimnum

*„Glitrandi og hressandi umslag sem lýsir samtímanum vel.“*
***Ólafía Svansdóttir***

*„Flott mynd og fríkað fótósjopp. Það þarf víst að kunna reglurnar til þess að brjóta þær. Þetta er eins og remix af Silvíu Nótt–Goldmine-umslaginu sem kom út í góðærinu. Krúttlega kærulaust ... eins og tónlistin.“*
***Jói Kjartans***




**4. SÆTI**
**Dr. Gunni og vinir hans** Alheimurinn!

*„Stórkostlegt, litfagurt, lifandi og fyndið umslag sem ungir og aldnir munu hrífsa til sín hugsunarlaust úr plöturekkunum fyrir jólin. Plata með svona útliti getur ekki verið annað en sú skemmtilegasta í öllum heiminum.“* ***Kristinn Pálsson***

*„Eitt orð: skemmtilegt.“*
***Guðmundur Pétursson***



**5. SÆTI**
**Emilíana Torrini** Tookah

*„Skemmtilegt og galsafengið listaverk. Vangasvipur í svarthvítri spegilmynd skreyttur með einföldum formum í möttum lit. Úr fjarlægð (eða með því að píra augun) birtist feitlagið andlit.“*
***Jens Guð***

*„Það er eitthvað svo dásamlega furðulegt við þetta umslag. Ég doka alltaf við þetta eins og Sledgehammer-myndband Peters Gabriel eða umslag Alan Parsons Project við Eye in the Sky-smáskífuna. Skrýtið á mjög jákvæðan hátt. Eins og flest sem er skrýtið reyndar.“*
***Kristín Agnarsdóttir***

## VERSTU UMSLÖGIN




**1. SÆTI**
**Steinar** Beginning

*„Af hverju er þessi maður í þessari stellingu og með þennan svip? Er eitthvað að honum? Er honum illt?“*
***Stígur Helgason***

*„Svipurinn er svolítið eins og hann sé við það að átta sig á því að maðurinn sem hann var að opna fyrir er handrukkari.“*
***Ölvir Gíslason***

*„Bjóst við meiru frá vonarstjörnu Íslands í poppinu. Hugmyndasnautt og tilgerðarlegt í alla staði. Eins og tískuþáttur í menntaskólablaði.“*
***Álfrún Pálsdóttir***

*„Eftir fyrstu hlustun virðist sem svo að það hafi verið hent í plötu út af einum hittara. Mér sýnist einmitt líka hafa verið bara hent í umslag. Mjög sorglegt þar sem Steinar er ungur og upprennandi og því verð ég reið þegar ég sé þetta umslag. Á þetta að gera eitthvað fyrir einhvern?“*
***Lilja Katrín Gunnarsdóttir***




**2. SÆTI**
**Kaleo** Kaleo

*„Einstaklega ósexí. Á að hafa klassískt yfirbragð en tekst það ekki og verður fyrir vikið óspennandi og tilgerðarlegt.“*
***María Lilja Þrastardóttir***

*„Gullblóm. Þetta er eins og bók og er mjög ljótt.“* ***Guðmundur Pétursson***



**3. SÆTI.**
**Ólafur Arnalds** - For Now I Am Winter

*„Ólafur horfir fjarrænn út í tómið með íslensku náttúruna inni í sér. Allt mjög íslenskt og klisjukennt með smá snert af velgju.“* ***Ólafía Svansdóttir***

*„Brimrótið er INNI Í honum. Ég skil. Djúpt. Eða eitthvað.“* ***Stígur Helgason***



**4. SÆTI**
**Ólöf Arnalds** - Sudden Elevation

*„Þótti þetta í alvöru svona góð mynd að það þyrfti að nota hana fjórum sinnum? Þetta er eins og amma hafi komist í Photoshop.“*
***Stígur Helgason***

*„Hugmyndin er óskiljanleg og hönnunin á ekkert skylt við titil plötunnar. Og þó að Ólöf sé vissulega fögur eru fjögur andlit í þessu tilviki þremur of mörg.“* ***Sunna Valgerðardóttir***




**5. SÆTI**
**Ýmsir flytjendur** - Einnar nætur gaman með Sigga Hlö

*„Ég efast ekki um að valið á „one hit wonder“-slögurum sé traust hjá Sigga. En undir titlinum Einnar nætur gaman og við undirtitilinn 57 sjóðheit lög undir einni sæng er mynd af Sigga þar sem ég veit ekki hvort hann ætli í mann eða langi í mann. Þetta er samt eiginlega uppáhaldsumslagið mitt líka.“* ***Jóhann Alfreð Kristinsson***

*„Hreinræktaður óhugnaður. Þessi maður hefur ekkert gott í hyggju.“*
***Ölvir Gíslason***

## UMDEILDASTA UMSLAGIÐ




**Mammút** Komdu til mín svarta systir

***Jafnmörgum álitsgjöfum þótti umslagið á þriðju plötu Mammút gott og slæmt.***

*„Gersamlega tryllt framsetning og útlitið svo óraett í allri sinni afstæðu fegurð. Myndin vekur umsvifalausa forvitni en samt er eins og maður vilji ekki vita hvað er að gerast á henni.“*
***Kristinn Pálsson***

*„Eitthvað mjög óþægilegt við þessa mynd.“*
***Álfrún Pálsdóttir***

*„Ég veit ekki almennilega hvað ég er að horfa á, en á einhvern pervertískan hátt líkar mér það.“*
***Stígur Helgason***

*„Með furðulegri koverum sem ég hef séð. Leiðinlegt þar sem platan er svo fín. Reyndar fékk það mig til þess að taka plötuna upp og rýna framan á hana sem ég hefði alla jafna ekki gert. Mér sýndist þetta nefnilega vera einhvers konar vansköpuð kartafla að spíra.“*
***María Lilja Þrastardóttir***

## Álitsgjafar

***Arnór Bogason***
*grafískur hönnuður*

***Álfrún Pálsdóttir***
*blaðamaður*

***Berti Andrésson***
*tónlistaráhugamaður*

***Guðmundur Pétursson***
*grafískur hönnuður*

***Jens Guð***
*grafískur hönnuður*

***Jóhann Alfreð Kristinsson***
*grínisti*

***Jói Kjartans***
*ljósmyndari*

***Kristinn Pálsson***
*tónlistaráhugamaður*

***Kristín Agnarsdóttir***
*grafískur hönnuður*

***Lilja Katrín Gunnarsdóttir***
*blaðamaður*

***María Lilja Þrastardóttir***
*fréttamaður*

***Ólafía Svansdóttir***
*bóksali*

***Stígur Helgason***
*blaðamaður*

***Sunna Valgerðardóttir***
*fréttamaður*

***Tryggvi Hilmarsson***
*grafískur hönnuður*

***Þórður Helgi Þórðarson***
*útvarpsmaður*

***Ölvir Gíslason***
*þýðandi*


ALLT Í PAKKANN
CAMELBAK
BRÚSAR Í RÆKTINA, MARGIR LITIR
FRÁ 3.990 KR.
GPS GARMIN
FORERUNNER 10 ORANGE
23.900 KR.
UNDER ARMOUR
BUXUR - ÓMISSANDI Í RÆKTINA
11.990 KR.
NORTH FACE
BRÚSABELTI - HÓLF, VASI OG ÞÉTTIÓL
7.990 KR.
POLAR
FT4
17.990 KR.
ADIDAS
TASKA
8.990 KR.
UNDER ARMOUR
ÆFINGASKÓR
FRÁ 24.990 KR.
ADIDAS
GRIFFLUR Í RÆKTINA DÖMU OG HERRA
FRÁ 3.990 KR.
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is


Fallegar og kraftmiklar hrærivélar frá **Bosch**.
BOSCH
BOSCH
Glæsileg heimilistæki frá **Siemens**.
BOSCH
**Klukkan 14.00:** Jólasveinar koma í heimsókn.
Konfekt frá **Nóa Síríus**.
NÓA Konfekt

# Sannkölluð **jólahátíð** í dag

Ljúfir jólatónar, heitt kakó, konfekt, ilmandi smákökur og veglegur afsláttur af öllum vörum í tilefni dagsins.
Svo koma jólasveinar í heimsókn.
Verið hjartanlega velkomin.

**Opið í dag frá klukkan 10 til 16.**



**Klukkan 13.00:**
Jólailmur mun leika um verslunina.
Smákökubakstur með Nönnu Rögnvaldardóttur.



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## STIKLAÐ Á STÓRU Á FERLI RAGNARS KJARTANSSONAR

→ **Scandinavian Pain** 2006




→ **God** 2007



→ **The End** 2009



→ **Song** 2011



→ **The Visitors** 2012



# Allir listamenn eru konur

**Ragnar Kjartansson** myndlistarmaður er á sífelldum þönum við sýningahald um allan heim. Í augnablikinu er hann þó með fókusinn á Íslandi, opnar sýningu í Kling og Bang í dag og hannaði Kærleikskúluna í ár. Hann segist hvergi annars staðar vilja búa en hér, þótt hann hafi áhyggjur af því sundurfélagi sem sé að skapast á Íslandi þessa dagana.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is





RAGNAR KJARTANSSON „Þeir sem ráða núna virðast vilja sundurfélag en ekki samfélag." FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ragnar mætir í viðtalið beint frá athöfninni þar sem Kærleikskúlan hans var kynnt, uppstrílaður í tvíhnepptum jakkafötum með bindi. Hann segir kúluna hafa sérstaka merkingu fyrir sig af ýmsum ástæðum.

„Kærleikskúlan er eitthvert mest krefjandi verkefni sem ég hef fengið sem myndlistarmaður. Hún má ekki vera skraut heldur verður að vera listaverk. Verður að vera sönn, ekki bara smart. Ég rembdist og rembdist og hugsaði og hugsaði og gerði óteljandi skissur í skissubókina. Svo fór ég að hugsa um fyrirbæri eins og jólahugvekjur og mundi þá eftir einni þeirri kraftmestu sem ég hef lent í. Hún er bæði mótsögn og gerðist á mótsagnakenndri stundu. Það var á jólanótt 1998 að ég sat inni í stofu með pabba eftir að aðrir voru farnir að sofa. Pabba finnst stundum svolítið gaman að fá sér í glas á jólunum og lesa syni sínum lífsreglurnar og þessi jólin höfðum við verið með koníak og vindla og vorum komnir á trúnó. Pabbi var orðinn svolítið þvoglumæltur þegar hann segir allt í einu: „Ragnar, ég þarf að segja þér það mikilvægasta sem ég hef nokkurn tíma sagt þér." Svo kom löng þögn. „Það er fallegt, en sorglegt að vera manneskja." Síðan kom ekkert meir. Eftir að þetta rifjaðist upp fyrir mér fannst mér ekkert annað koma til greina á Kærleikskúluna."

Og hvað finnst pabba þínum um þetta framtak þitt? „Hann er svo góður að hann treystir mér bókstaflega fyrir mannorði sínu og hvatti mig til að setja þetta á kúluna með upplýsingum um hvaðan þessi setning kom."

### Alinn upp í leikhúsinu

Eins og flestir vita er faðir Ragnars Kjartan Ragnarsson, leikskáld og leikstjóri, og móðir hans Guðrún Ásmundsdóttir leikkona. Hvað kom til að hann fór í myndlist en ekki leiklist, lá það ekki beint við? „Ég hugsaði mig mjög mikið um varðandi starfsval, er náttúrulega alinn upp í leikhúsinu og það heillar mig mjög mikið. En ég þekki líka leikhúsið og veit að þar er maður svo háður samþykki annarra og því að einhver fíli mann. Sem myndlistarmaður getur maður alltaf gert list, sama hvernig viðrar."

Skipta viðtökurnar þá engu máli? „Jú, jú, auðvitað, en maður hefur alltaf trú á sér í hjartanu þótt engum öðrum finnist það merkilegt sem maður er að gera."

Þú notar mjög leikrænar aðferðir í verkum þínum, situr leikhúsið í þér ennþá? „Já, það situr rosalega mikið í mér. Kannski var það líka strax hugsunin hjá mér að færa þá reynslu mína inn í myndlistarheiminn, allavega var það að gerjast undir niðri. Svo fór maður að læra um gjörningalist, sem gengur út á allt annað en það sem ég hafði kynnst í leikhúsinu, og einhvern veginn fór ég að sameina þetta tvennt. Þótt ég geri málverk finnst mér ég alveg jafn mikið vera að performera eins og þegar ég geri einhvern gjörning."

Þú fórst í málun, stóð málverkið síðan ekki undir væntingum? „Jú, ég er heillaður af málverkinu og mér finnst í rauninni allt sem ég geri vera málverk eins og sést mjög vel á sýningunni The Visitors sem verður opnuð í Kling og Bang í dag. Hún er algjör málverkasýning en þar er það ljósið og hreyfingin sem málar."

### Kvenlegt níhilískt gospel

Verkið The Visitors birtist á níu skjáum. Hver þeirra sýnir einn tónlistarmann og allir eru að flytja sama lagið, án þess þó að sjá hina flytjendurna. Það var tekið upp í gömlu húsi í New York-ríki og upphaflega sýnt árið 2012. Verkið er ópus um hið kvenlega og níhilismann, eins og Ragnar orðar það. „Þetta er kvenlegt níhilískt gospel með textum sem ég safnaði saman úr verkum Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur. Hún vinnur alveg ótrúlega fallega með texta og hið kvenlega, sem mér þykir alveg óskaplega spennandi. Við erum náttúrulega búin að vera að díla við feðraveldið í ansi mörg þúsund ár, þannig að mér finnst þetta mjög spennandi hugsun."

Ragnar segist vera mikill femínisti enda alinn upp af mjög femínískum foreldrum. „Femíníska hliðin í manneskjunni er grundvöllur listarinnar. Allir listamenn eru konur. Ef hægt er að tala um hið kvenlega og hið karllæga þá eru tilfinningar og skynjun taldar kvenlægar og það eru þær sem listamaðurinn þarf að nota. Hann þarf að nota tilfinningagreindina en ekki rökfræðina."

### Lattélepjandi Fjölnismenn

Það er ekki hægt að spjalla við listamann þessa dagana án þess að „aðförin að menningunni" berist í tal. Ragnar hefur sterkar skoðanir á þeirri stefnu að skera niður fé til menningar og lista. „Ég hef alltaf búið hér í Reykjavík, þótt ég hafi verið að sýna út um allar jarðir, vegna þess að ég vil búa í samfélagi sem hlúir að listinni og menningunni. Ég hef alltaf upplifað íslenskt samfélag þannig þangað til í dag. Það frábærasta við að búa hér er að landið er byggt svo mikið á kúltúr. Þegar lýðveldið Ísland var stofnað var strax ráðist í að koma upp Þjóðleikhúsi og sinfóníuhljómsveit, Ríkisútvarpið kom á undan. Þá vorum við bara 140.000 en núna er endalaust verið að slá ryki í augu fólks og ráðast á það sem gerði okkur að þjóð. Ég vil ganga svo langt að kalla þetta fólk óvini lýðveldisins. Þetta er ekki málefnalegt og gengur hvorki upp hagfræðilega né menningarlega, eini tilgangurinn er að ráðast á grundvallarstoðir okkar. Að stilla Þjóðleikhúsinu og Sinfóníuhljómsveitinni upp sem andstæðum við Landspítalann og taka svo kvótalénskerfinu sem sjálfsögðum hlut er náttúrulega bara ótrúleg ósvífni.

Öll þessi heift út í listamenn er líka óskiljanleg. Við verðum að muna að það voru lattélepjandi listamenn og vísindamenn sem bjuggu til íslenska þjóðmenningu, þeir kunnu reyndar ekki að hita mjólkina út í kaffið en hefðu þeir kunnað það hefðu þeir verið lattélepjandi, Fjölnismennirnir."

> **Við verðum að muna að það voru lattélepjandi listamenn og vísindamenn sem bjuggu til íslenska þjóðmenningu**

Fyrir nokkrum árum gerði Ragnar verk sem hét Morgunn á Þingvöllum og sýndi léttklæddar stúlkur í makindum á leiði Jónasar Hallgrímssonar. Hann segir það hafa verið byggt á tilfinningu fyrir einhverju sem lægi í loftinu í þá daga en nú sjái hann ekki betur en að verkið endurspegli samtímann. „Þeir sem ráða núna virðast vilja sundurfélag en ekki samfélag. Ísland hefur alltaf gengið út á það að vera samfélag og þess vegna erum við svona framarlega á mörgum sviðum af því að við höfum haft svo sterka samfélagsvitund. Nú þykir helmingi þjóðarinnar bara komið gott af því og vill ekki lengur búa í samfélagi heldur sundurfélagi."

Ragnar tekur, treglega þó, undir þá skoðun að þessi fyrirlitning á listum og listamönnum sé ekkert nýtt fyrirbæri, en ítrekar að þetta sé verra en oft áður. „Ég er reyndar nýbúinn að lesa Heimsljós sem fjallar auðvitað um þennan dúalisma þjóðarinnar sem er endalaust að skammast út í skáldin sín og listamennina en heldur aldrei hátíð á tyllidögum án þess að fara með ljóðin þeirra. Það er þessi margumtalaða þjóðmenning sem ráðamenn monta sig af í útlöndum."

### Kvöldverður hjá Robert Redford

Viðtalið er tekið daginn sem uppsagnirnar á RÚV skullu á og Ragnari er mikið niðri fyrir í því máli. „Að tala um þjóðmenningu á meðan nánast er verið að skera á tengslin við íslenska tungu er út í hött. Auðvitað getum við svo sem verið hérna og hugsað bara um auðlindirnar en ekkert um samfélagið, veitt fisk og selt túristum vöfflur og farið síðan heim og horft á amerískt skemmtiefni. En þá getum við tæplega kallað okkur sjálfstæða þjóð, það er menningin sem skilgreinir okkur. Ég get sagt þér eina dæmisögu um það. Rétt eftir hrun var ég á Sundance-kvikmyndahátíðinni og fór í kvöldverð heim til Roberts Redford. Þar sat sá mikli bissnessmaður George Soros, herra kapítalismi, og spurði mig hvaðan ég væri. „Ertu frá Íslandi já?" sagði hann. „Þið eigið mjög heimska bissnessmenn en stórkostlegan kúltúr og þess vegna mun verða allt í lagi með ykkur." Þetta er okkar orðspor út á við og hefur alltaf verið og þess vegna er svo rosalega furðulegt að við skulum inn á við vera að ráðast á það núna."

Þegar The Visitors var sýnt í New York talaði blaðamaður New York Times, Hilarie M. Sheets, um þig sem eitt af stóru nöfnunum á alþjóðlegu myndlistarsenunni, enda ertu búinn að vera að sýna úti um allt við mikla hrifningu. Hvað er framundan hjá þér? „Næsta sýning verður í Volksbühne í Berlín í febrúar. Það er verk sem ég er að vinna með Kjartani Sveinssyni tónskáldi. Kjartan semur tónverk og ég mála leikmyndir við það, sem sagt leikverk með tónlist og leikmyndum en engum leikurum. Það verk kemur síðan á Listahátíð í Reykjavík í vor. Svo er ég að vinna að sýningu sem verður í Vínarborg í apríl og ég byggði dálítið mikið á Heimsljósi, sem hefur verið nokkurs konar biblía í minni fjölskyldu. Í maí fer ég svo að sýna í New Museum í New York, þannig að það er nóg að gera."

# LAMBAKJÖT

Ótrúlegt verð á 1. flokks gæðalambakjöti frá Fjallalambi.




**VERÐ SPRENGJA**

1. FLOKKUR

1. flokks lambalæri frá Fjallalambi
**998 kr. kg**

Haustslátrun 2013




12 Party belgískt ís-konfekt
**598 kr. pk.**

24 súkkulaðihjúpuð kirsuber
**598 kr. pk.**




30 Party fylltar vatnsdeigsbollur með súkkulaðisósu
**698 kr. pk.**

Party súkkulaðitrufflu ostakaka
**798 kr. pk.**

Party tiramisu-kaka
**798 kr. pk.**

Baileys-bomba
**898 kr. pk.**

Takmarkað magn, aðeins 5 tonn í boði.

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**

**ICELAND ENGIHJALLA**

Iceland

## MYRK FRAMTÍÐARSÝN NOKKUR DÆMI UM ÞEKKTAR DYSTÓPÍUR

**➜ A Brave New World (Veröld ný og góð) eftir Aldous Huxley. Útgefin 1939.**
Ein þekktasta framtíðarsaga allra tíma. Nýtt samfélag er risið upp úr rústum annars heims. Ríkið er kallað Alheimsríkið. Trúarbrögð og sagnfræði eru bönnuð, líkt og barneignir. Í stað þess að fólk eignist börn eru þau ræktuð í sérstökum líftækniverksmiðjum. Þau eru klónuð. Þegnar samfélagsins eru heilaþvegnir og lágstéttirnar ræktaðar til að vera heimskari en hástéttirnar svo almúginn uni sér betur í vinnu í kolanámum og dreymi ekki um betra hlutskipti.

**➜ 1984 eftir George Orwell. Útgefin 1949.**
1984 gerist í heimi þar sem endalaust stríð geisar. Flokkurinn stjórnar heiminum og stjórnandi flokksins er Stóri bróðir. Aðalpersóna bókarinnar er Winston Smith sem vinnur í „Sannleiksmálaráðuneytinu". Andóf hans hefst er hann kaupir sér dagbók og tekur til við að skrifa niður hugsanir sínar. Að skrifa dagbók er refsivert athæfi. Tungumálið er tæki til að gera árás á kerfið og því er tungumálið óvinur. Mörg hugtök sem notuð eru til að lýsa eftirlitssamfélagi og kúgun má rekja til bókarinnar. „Stríð er friður; frelsi er áþján; fáfræði er styrkur."

**➜ Gúlag-eyjaklasinn eftir Alexander Solzhenitsyn. Útgefin 1973 (skrifuð 1958 -1968)**
Sovétríkin voru byggð á hugmyndinni um útópíu. Hið fullkomna framtíðarríki þar sem jafnræði ríkti meðal þegna og engan þyrfti að skorta mat eða menntun. En í raun má segja að hrun kommúnismans hafi átt sinn þátt í að skapa hina dystópísku bókmenntahefð. Draumurinn um útópíu breyttist í martröð þar sem skoðanakúgun og eftirlitssamfélagið lifði góðu lífi. Gúlag-eyjaklasinn er byggður á eigin reynslu Solzhenitsyns úr hinum myrku afkimum fyrirmyndarríkis Sovétmanna. Með bókunum afhjúpaði hann samfélag sem hneppti milljónir í þrældóm. Þegar hann tók við Nóbelsverðlaununum sagði hann: „Eitt orð mælt sannleikanum samkvæmt vegur þyngra en allur heimurinn."



**BYLTING Í AÐSIGI** Í seinni myndinni um Hungurleikanna sem nú er í kvikmyndahúsum er bylting í aðsigi. MYND/MURRAY CLOSE



➜ Suzanne Collins fékk hugmyndina að bókunum þegar hún lá uppi í rúmi og horfði á stríðið í Írak og raunveruleikaþætti í sjónvarpinu.

# Börnin berjast fyrir lífi sínu

Dystópía þýðir á grísku „vondur staður". Hinar geysivinsælu bækur um Hungurleikana lýsa dystópískri framtíðarsýn þar sem fólk lifir í stanslausum ótta og fátækt. Höfundurinn sækir sér innblástur í grískar goðsögur, Rómaveldi og Stephen King.

Símon Birgisson
simon@frettabladid.is

Suzanne Collins fékk hugmyndina að bókunum um Hungurleikana og baráttu Katnissar Everdeen fyrir lífi sínu þegar hún lá uppi í rúmi og flakkaði milli stöðva í sjónvarpinu. Milli þess sem fréttamyndir úr Íraksstríðinu birtust á skjánum sá hún ungt fólk keppa um milljónir dollara í raunveruleikaþáttum. Það var á þessu augnabliki, þar sem stríð og sjónvarp runnu saman í eitt á skjánum, sem hugmyndin að Hungurleikunum kviknaði.

Fyrsta bókin í þríleiknum kom út árið 2008. Bækurnar urðu á endanum þrjár og hafa selst í milljónum eintaka og njóta vinsælda hjá öllum aldurshópum. Og kvikmyndirnar hafa slegið aðsóknarmet og virðist framhaldið ætla að toppa þá fyrri.

### Kúgaður minnihluti

Hungurleikarnir eru dæmi um dystópíu: framtíðarsýn þar sem dregin er upp mynd af verra samfélagi en við búum við í dag. Dystópían er andstæða útópíunnar – draumsins um hið fullkomna samfélag. Í Hungurleikunum er þjóðinni skipt í tvennt. Hinn ríki minnihluti býr í höfuðborginni Kapitól við allsnægtir. Þar snýst allt um yfirborðið, litrík föt, skemmtun og mat. Þau eru svo rík að þau þurfa ekki lengur á peningum að halda. Og drekka kokteila sem fá þau til að æla til að þau geti haldið áfram að borða.

Hinn fátæki minnihluti býr í lokuðum umdæmum, tólf talsins, þar sem fólk vinnur í verksmiðjum og lifir við stanslausan ótta. Það er hinn andlitslausi múgur. Hinn skelfilegi almenningur. Föt þeirra sem honum tilheyra eru ofin úr ull, þeir nota jurtir til að gera að sárum eftir ofbeldisverk stormsveita forsetans og þá dreymir um byltingu. Óvæntur sigur Katnissar og unnusta hennar, Peeta Mellark, sem greint er frá í fyrstu bókinni hefur einmitt gefið sauðsvörtum almúganum von. Og það er vonin sem einræðisherrann Snow vill útrýma framar öllu.

Hann fylgist með hverri hreyfingu fátæklinganna í beinni útsendingu. Þetta er fólk sem býr í eftirlitsríki, Stóri bróðir (hugtak sem rakið er til einnar frægustu dystópíu allra tíma, 1984) fylgist með hverri hreyfingu þeirra. Til að friða lýðinn hefur einræðisherrann Snow sótt sér innblástur til Rómaveldis. „Panem et circenses". Til að halda múgnum ánægðum þarf að höfða til yfirborðslegra hvata fólks. Það sem lýðurinn þarf á að halda er brauð og leikar. Og í Hungurleikunum þurfa tveir fulltrúar hvers umdæmis – börn að aldri – að berjast til síðasta manns.

### Ólst upp við stríð

Faðir Suzanne Collins barðist sjálfur í stríði. Hann var hermaður í Víetnam. Í viðtali við Guardian fyrir nokkrum árum lýsti Suzanne áhrifum þess þegar myndir úr stríðinu birtust í sjónvarpinu. „Móðir mín reyndi eins og hún gat að vernda okkur en stundum sá ég fréttir í sjónvarpinu og myndir frá átakasvæðum og ég heyrði orðið Víetnam og varð hrædd því ég vissi að pabbi var þar."

Eftir stríðið lifði fjölskylda Suzanne Collins á faraldsfæti eftir því hvar faðir hennar þurfti að mæta í þjónustu. Á þessum tíma heillaðist Suzanne af Rómaveldi og grískri goðafræði. Hungurleikarnir sækja að hluta til innblástur sinn í söguna um Þeseif og Mínótárinn en sú saga segir frá Mínosi, konungi Krítar, sem herjar á íbúa Aþenu. Til að friða hinn herskáa konung bjóðast íbúar Aþenu að senda sjö ungar stúlkur og sjö unga drengi á níu ára fresti til Krítar til þess að eins að verða étin af Mínótárnum – ógnvænlegu skrímsli sem býr í völundarhúsi á eynni.

Í sögunni af Þeseifi og Mínótárnum er það prinsinn Þeseifur frá Aþenu sem drepur skrímslið með hjálp Aríadne, prinsessunnar á Krít. Kannski er Aríadne fyrirmynd Katnissar Everdeen. Að minnsta kosti á sú staðreynd að Suzanne Collins velur stúlku í hlutverk hetjunnar í Hungurleikunum einna stærstan þátt í velgengni bókanna. Katniss Everdeen er ný tegund af hetju sem heillar bæði kvenkyns og karlkyns lesendur. Þrátt fyrir óhuggulegan bakgrunn, leika þar sem börn drepa börn, er það þroskasaga stúlkunnar Katnissar – löngun hennar til að elska og vera elskuð og hvernig hún breytir veikleikum sínum í styrk – sem gerir sögurnar jafn vinsælar og raun ber vitni.



**SNOW FORSETI** Hinn illi einræðisherra í Hungurleikjunum. MYND/MURRAY CLOSE

## MÖGULEGUR INNBLÁSTUR SUZANNE COLLINS

**➜ The Long Walk (Gangan langa) eftir Stephen King. Útgefin 1979**
Gangan langa er fyrsta bókin sem Stephen King skrifaði í fullri lengd. Hún hefur oft verið nefnd ásamt Battle Royale sem hugsanlegur innblástur Suzanne Collins. Í bókinni skipuleggur „Borgarstjórinn" Gönguna löngu til að halda þegnum ríkisins ánægðum. Þátttakendur í göngunni eru 100 unglingsdrengir sem þurfa að halda um fimm kílómetra hraða á göngunni, annars eru þeir skotnir. Göngunni er sjónvarpað til allra þegna ríkisins. Einn af öðrum láta drengirnir lífið. Til að mynda fremur einn þeirra sjálfsmorð með því að rífa úr sér barkakýlið á göngunni. Annar reynir að halda fimm kílómetra hraða með því að toga sig áfram á höndunum eftir að fætur hans hafa breyst í blóðuga stubba. Sigurvegarinn í göngunni á að fá allar óskir sínar uppfylltar – þó það komi fram að margir af fyrri sigurvegurum hafi fyrirfarið sér eða látist skömmu eftir keppnina vegna álags og streitu.

**➜ Battle Royale (Batoru Rowaiaru) eftir Koushun Takami. Útgefin 1999.**
Höfundurinn lauk við bókina árið 1996 en hún fékkst ekki útgefin fyrr en þremur árum seinna þar sem söguefni hennar var talið of hrottalegt. Bókin gerist í dystópískri framtíð þar sem hópur af menntaskólanemum vaknar á eyju og komast nemarnir að því að þeir eru hluti af sérstöku rannsóknarverkefni hersins. Verkefnið gengur út á það að bæla niður allar hugmyndir almennings um andóf með því að lama fólk af ótta. Það er gert með sérstökum leik þar sem 42 menntaskólanemar eru látnir berjast til síðasta manns á eyjunni. Bókin, og síðar bíómyndin, vakti gríðarlega athygli fyrir ofbeldi. Nemarnir eru með hálsbönd sem springa ef þeir reyna að flýja eyjuna. Battle Royale eru Hungurleikarnir í sinni strípuðustu mynd. Hér er engin ástarsaga eða væmni, aðeins börn að berjast fyrir lífi sínu.



**BLÓÐUG BARÁTTA** Battle Royale fékkst í upphafi ekki útgefin og bíómyndin var víða bönnuð út af miklu ofbeldi.

# TOPP BÆKUR

## Á BOTN VERÐI!

## 20% AFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM ÍSLENSKUM BÓKUM!






kr **3.679** fullt verð 4.599




kr **2.959** fullt verð 3.699




kr **2.999** fullt verð 3.799




kr **2.959** fullt verð 3.699




kr **1.999** fullt verð 2.499




kr **2.239** fullt verð 2.799




kr **2.399** fullt verð 2.999




kr **2.999** fullt verð 3.799




kr **2.239** fullt verð 2.799



KOMDU og gerðu GÓÐ KAUP!

**Opið:**

*Alla virka daga*
*Kl. 10-18*
*Laugadaga*
*Kl. 11-18*
*Sunnudaga*
*Kl. 13-18*

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝR

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010

Auglýsingin gildir til og með 2. desember 2013 eða meðan birgðir endast. Gildir ekki af íslenskum námsbókum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndvillur.

# Dýrar rannsóknarnefndir

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, vill herða reglur varðandi rannsóknarnefndir Alþingis og segir nauðsynlegt að setja fastan ramma utan um lengd og rekstrarkostnað slíkra nefnda.



### Þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB

Ragnheiður er fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður um ESB. Hún vill þó bíða eftir skýrslu utanríkisráðherra um málið. „Ég taldi og ég tel að það sé ætlun okkar að spyrja þjóðina hvort halda eigi þessum viðræðum áfram eða ekki.“

### Krónan

„Hún hefur stundum reynst okkur ömurlega en stundum verið okkur hagfelld. Krónan er lítill gjaldmiðill og á meðan við göngum ekki inn í eitthvert myntbandalag þá þurfum við að horfa til þess að tengja hana við aðra gjaldmiðla og þá gjaldmiðla þeirra þjóða sem við eigum í mestum viðskiptum við.“

### Reykjavíkurflugvöllur

„Það er alveg ljóst í mínum huga sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður og sem þingmaður að skipulagsvaldið er á höndum Reykjavíkurborgar hvað þetta varðar [...] ríkið á ekki neinn rétt á því að koma inn og ráðskast með skipulagsmál borgarinnar eða annarra sveitarfélaga.“

**Ekki of mikill sveigjanleiki |** Kostnaður vegna rannsóknarnefnda Alþingis hefur farið langt fram úr áætlun samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt var fram á Alþingi í vikunni. Heildarkostnaður er kominn upp í rúmar 800 milljónir en um er að ræða annars vegar rannsóknarnefnd um Íbúðalánasjóð og hins vegar rannsóknarnefnd um fall sparisjóðanna. Sú fyrrnefnda skilaði skýrslu í sumar en sú síðarnefnda hefur enn ekki lokið störfum. Upphaflega stóð til að vinnunni myndi ljúka um mitt ár 2012. Ragnheiður segir nauðsynlegt að endurskoða tíma- og útgjaldaramma í tengslum við rannsóknarnefndir. „Það er algjörlega ljóst að við getum ekki leyft okkur, hvort sem við eigum fullt af peningum eður ei, að setja á fót rannsóknarnefndir sem hafa svona víðtækar heimildir til tímafrestunar, til rannsókna og fjármagns,“ segir Ragnheiður og vill að Alþingi skoði málið. „Það má vera einhver sveigjanleiki í tímaramma og einhver sveigjanleiki í fjármagni en ekki upp á mörg hundruð milljónir.“

Fram kemur í fjáraukalögum að rekstarkostnaður ríkisstjórnarinnar hefur aukist um eitt hundrað milljónir miðað við áætlun núgildandi fjárlaga eða um ríflega 30 prósent. Ríkisstjórnin hefur enn fremur verið gagnrýnd fyrir að fjölga ráðherraembættum og aðstoðarmönnum. Ragnheiður segir að biðlaun fyrrverandi ráðherra skýri þessa hækkun að sumu leyti. „Þessi kostnaður ríkisstjórnarinnar sem ekki var gert ráð fyrir í síðustu fjárlögum eru biðlaun fráfarandi ráðherra og aðstoðarmanna þeirra. Þannig að þetta er ekki eingöngu kostnaður við núverandi ríkisstjórn,“ segir Ragnheiður. Hún telur eðlilegt að sumir ráðherra séu með tvo aðstoðarmenn líkt og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. „Þetta er ráðuneyti sem er bæði efnahagsráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Aðstoðarmennirnir hafa þekkingu hvor á sínu sviði. Við getum líka horft til innanríkisráðherrans sem er með tvo aðstoðarmenn. Í því ráðuneyti eru sveitarstjórnarmál, dómsmál og innanríkismál. Þannig að það getur verið auðveldara að ná fram hagræðingu innan ráðuneyta ef þar eru sérfræðingar sem koma að málum. Menn verða líka að hafa í huga að þetta er starfsfólk sem fer [að loknu kjörtímabili] en verður ekki eftir í ráðuneytinu,“ segir Ragnheiður.

**Galinn spurningaþáttur |** Ragnheiður hefur gagnrýnt spurningaþáttinn Vertu viss sem hóf göngu sína á RÚV í nóvember og hefur tekið málið upp á Alþingi. „Mér finnst það algjörlega galið að Ríkisútvarpið sé að taka upp og stílfæra hér heima einhvern þátt sem gengið hefur í útlöndum [...] Mér finnst þetta ekki vera hlutverk RÚV. Ég hef sagt það upphátt og ég get sagt það hvar og hvenær sem er. Þetta er eitt af því sem verður skorið niður ef það þarf að draga saman því ekki hefur þetta listrænt eða menningarlegt gildi.“

**Óheflaðir þingmenn |** Um 14 prósent landsmanna bera traust til Alþingis samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem var gerð í ágústmánuði síðastliðnum. Ragnheiður segir nauðsynlegt að bæta umræðuhefð á Alþingi. Þannig megi auka tiltrú og traust almennings. „Það verður hver og einn þingmaður að velta fyrir sér tungutaki sínu og orðfæri. Um leið og þingmenn gera það þá mun annað fylgja í kjölfarið. Við erum stundum mjög óvægin og óhefluð,“ segir Ragnheiður. Hún vill einnig breyta þingsköpum til að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi og koma í veg fyrir málþóf. „Það verður að finna þannig flöt að stjórnarmeirihlutinn geti ekki bara valtað yfir minnihlutann þegar honum hentar. Mér finnst að það verði að tryggja það með einhverjum hætti að minnihlutinn hafi alltaf það vopn að geta með einhverjum hætti stöðvað mál. Það er nefnilega ekki þannig að öll mál sem koma frá stjórnarflokkunum séu rosalega góð og að minnihlutinn hafi alltaf rangt fyrir sér,“ segir Ragnheiður.

**ÞESSI KOSTNAÐUR RÍKISSTJÓRNARINNAR SEM EKKI VAR GERT RÁÐ FYRIR Í SÍÐUSTU FJÁRLÖGUM ERU BIÐLAUN FRÁFARANDI RÁÐHERRA OG AÐSTOÐARMANNA ÞEIRRA**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA

**2002-2007** Bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ

**2007-** Alþingismaður.

**2013** Formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

1969 1970 1975 1980 1983 1985 1988 1990 1991 1995 2000 2001 2002 2005 2007 2010 2013

**1969** Stúdentspróf MA.

**1983-1991** Kennari við Gagnfræðaskólann í Mosfellsbæ.

**1988** Próf í uppeldis- og kennslufræði HÍ.

**1991** BA-próf í íslensku HÍ.

**1991-2000** Skólastjóri Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar.

**2001-2002** Skólastjóri Hjallaskóla í Kópavogi.

**2002-2007** Bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

**2002** Framhaldsnám í menntunar- og uppeldisfræðum með áherslu á stjórnun KHÍ.

## MENNTUN OG HELSTU STÖRF

**Höskuldur Kári Schram**
hoskuldur.schram@365.is



**visir.is**
Viðtalið við Ragnheiði er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**



# „LESTRARUPPLIFUN ÁRSINS.“

FB / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★

„Meistaralega fléttuð saga ...“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★½

„... afar þétt og vönduð skáldsaga.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... rammíslensk og afar lipur og aðgengileg.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„Ein af bestu skáldsögum ársins.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN




## BÓKABOÐ Á FULLVELDISDEGI

Vegna tengsla bókarinnar við fullveldisdaginn 1. desember verður efnt til útgáfugleði í Þjóðmenningarhúsinu á morgun, sunnudag, kl. 15. Upplestur, ljúfir tónar og kvikmyndasýning, ásamt þjóðlegum veitingum.

Allir velkomnir.

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*



# HELG

OPIÐ ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT

## FRÁBÆRT TÆKI Á ENN BETRA VERÐI

**PHILIPS**

- Full HD upplausn
- 200Hz Perfect Motion Rate
- Smart TV
- Simplyshare
- Innbyggt Wi-Fi
- 20w RMS hljóðkerfi
- Ljósskynjari
- App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur

Full HD 1080p · SmartTV · WiFi CERTIFIED · 200Hz Perfect Motion Rate

| Stærð | Gerð | Verð | |
|---|---|---|---|
| 32" | Philips 32PFL4208 | VERÐ 99.995 | FRÁBÆRT VERÐ |
| 39" | Philips 39PFL4208 | VERÐ 119.995 | FRÁBÆRT VERÐ |
| 42" | Philips 42PFL4208 | VERÐ 139.995 | FRÁBÆRT VERÐ |
| 46" | Philips 46PFL4208 | VERÐ 169.995 | FRÁBÆRT VERÐ |
| 50" | Philips 50PFL4208 | VERÐ 219.995 | FRÁBÆRT VERÐ |

icona VINTAGE · DeLonghi

GLÆSILEG RETRO LÍNA AF BRAUÐRISTUM OG HRAÐSUÐUKÖTLUM




**BRAUÐTISTAR OG HRAÐSUÐUKATLAR**

## 20% AFSLÁTTUR



**Panasonic**

**RAKVÉLAR**
**SKEGGSNYRTAR**
**HÁRKLIPPUR**

## 20% AFSLÁTTUR



**LOKSINS RAFMANGSTANNBURSTI SEM LAGAR SIG SJÁLFKRAFA AÐ HINUM ÝMSU TANNFLÖTUM VIÐ TANNBURSTUN**

Colgate®

**NÝTT Á ÍSLANDI**

Sendir frá sér allt að 32.000 hljóðbylgjur á mínútu sem mynda örsmáar loftbólur í munnvatninu sem hálpa til við að fjarlægja bakteríuskánina af öllum flötum tannanna.




**RAFMAGNSTANNBURSTAR**

## 20% AFSLÁTTUR



**yonanas**

**Yonanas 282700**
Yonanas Ísgerðarvél sem notar allar gerðir af frosnum ávöxtum. Auðvelt að hreinsa.

**20% AFSL**

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 12.995



Whirlpool

**Whirlpool MWD307HV**
700w og 20 lítra örbylgjuofn með stafrænu stjórnborði. 7 stillingar ásamt afþýðingu. Mál (BxHxD): 45,5x28,5x38sm.

TILBOÐ **16.995**
FULLT VERÐ 19.995

## SJÁLFVIRK KAFFIVÉL

DeLonghi

**DeLonghi ESAM4000**
1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Cappucino System.



TILBOÐ **69.995**
FULLT VERÐ 84.995

illy

**illy** kaffibaunir fylgja!




**6 VERSLANIR**
**REYKJAVÍK - REYKJANESBÆR - AKUREYRI**
**SELFOSS - HÚSAVÍK - EGILSSTAÐIR**

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# ARTILBOÐ

LAUGARDAG 11-18 og SUNNUDAG 13-18

## iSport HEYRNARTÓL



15% AFSL

MONSTER®

## PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARP

FYRIR LJÓMANDI LITRÍKA UPPLIFUN



FÁÐU NÝJUSTU UPPFINNINGUNA FRÁ PHILIPS MEÐ Í KAUPUNUM!

Við kaup á sjónvarpi með Ambilight 3 fylgja HUE WiFi ljósaperur með að verðmæti 37.999 krónur.*

*Tilboðið gildir til 24.12.2013 af Philips 7000, 8000 eða 9000 seríu sjónvarpi.

## HLJÓMTÆKI HÁTALARAR

15% AFSL



DALI NAD DENON PSB

## DECT SÍMAR

Panasonic

**Panasonic KXTG1611/12**
Þráðlaus DECT sími með einnar línu LCD skjár með bakljósi, 50 nafna símaskrá, númerabirtir fyrir síðustu 50 númer og endurval í síðustu 10. 6 Pólyphonic melodíur og 6 tónar.



| EITT SÍMTÓL | TVÖ SÍMTÓL |
|---|---|
| TILBOÐ 4.495 | TILBOÐ 6.995 |
| FULLT VERÐ 4.995 | FULLT VERÐ 8.995 |

## Nikon

*At the heart of the image*



**Þráðlaust farsímatengi að verðmæti 11.990 fylgir.**

**VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN**

**24,2 Megapixla C-MOS myndflaga**

**Nikon D3200KIT1855VR**
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl. Íslenskur leiðarvísir

Nikon SCHOOL

**Nikon School námskeið fylgir.**

VERÐ 109.995

FRÁBÆRT VERÐ

## SOUNDBAR HEIMABÍÓ

*VAR AÐ LENDA!*



Bluetooth

PHILIPS

**Philips HTL2110**
Heimabíókerfi með 40w RMS Soundbar hátalara og Bluetooth. Dolby Digital. MP3 Link, AUX in, coaxial/optical in. Virtual Surround Sound. Hægt að festa á vegg.

KYNNINGARVERÐ 29.995

FULLT VERÐ 39.995

## illy ILLY KAFFIVÉLAR

KYNNING UM HELGINA



**VEGLEGUR KAUPAUKI**
**Tveir Cappuchino bollar og 46 kaffihylki samtals að verðmæti 5.770 fylgir.**

FÆST Í 3 LITUM
SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT

TILBOÐ 29.995

FULLT VERÐ 36.995



OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

# TÖLVULISTINN

# JÓLAOPNUN UM HELGINA

nextbook

## VINSÆL 8" MEÐ DUAL CORE!

Spjaldtölvur eru frábær jólagjöf fyrir börn. 8" er mjög hentug barnastærð. Nextbook Trendy kemur með sprækum Dual Core örgjörva og 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan, heyrnartólstengi, MicroUSB, miniHDMI og Bluetooth. Allt að 6 klukkutíma rafhlöðuending.

Bluetooth

**19.990**




NEX-NEXT800T



27"

27" W-LED HÁSKERPUSKJÁR
PHILIPS
PHS-274E5QHSB
**49.990**

iPAD AIR OG iPAD MINI Á LÆGRA VERÐI



iPad

VINSÆLASTI HD SJÓNVARPSFLAKKARINN OKKAR



A.C.Ryan
ACR-PV73500
**19.990**

ÞRÁÐLAUS MEÐ BLUETOOTH

Bluetooth



noontec
NOO-ZOROWIRELESSWH
**19.990**

INTEL i5 HASWELL

15,6"



TOS-C55A1MW
**119.990**

WACOM TEIKNIBORÐ



WACOM
WAC-CTL470K
**12.990**

RAZER ANANSI



RAZER
RAZ-ANANSI
**19.990**



24"

PHILIPS
PHS-246V5LSB
**24.990**

VINSÆLIR TÖLVUHÁTALARAR



Logitech
LOG-Z323BK
**11.990**

ÞRÁÐLAUS PRENTARI



EPSON
EPS-XP315
**14.990**

2TB NAS NETFLAKKARI



Seagate
SEA-STCG2000200
**24.990**

ÖRÞUNN LEIKJATÖLVA

TOSHIBA

15,6"



TOS-M50A118
**149.990**




## 0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

## 7 VERSLANIR UM ALLT LAND

# OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
## LAUGARDAG 11-18 / SUNNUDAG 13-18

**OPNUNARTÍMI Á AKUREYRI**
**LAUGARDAG 11-16**

# TOSHIBA

## ÓTRÚLEGT VERÐ VEGNA MAGNKAUPA FYRIR JÓLIN

**Besta verð sem við höfum náð 15,6" fartölvu með HD LED skjá og þessum öfluga Intel i3 örgjörva frá Toshiba. 500GB harður diskur, USB3 og HDMI tengi. Kemur uppsett með nýja Windows 8.1 stýrikerfinu. Mikið fyrir peninginn.**



**99.990**

TOS-C50A19U

PROMENNT ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

**INTEL NUC i3 SMÁTÖLVA**
intel
INT-BOXDC3217IYE
69.990

**3TB SEAGATE FLAKKARI**
Seagate
SEA-STBV3000200
26.990

**7" MEMOPAD Á 10.000 KR. AFSLÆTTI UM HELGINA!**
ASUS
ASU-ME172V1B077A
29.990
Fullt verð 39.990

**FRÁBÆRT VERÐ Á FARTÖLVU**
15,6"
TOS-C50DA133
69.990

**HÁGÆÐA MYNDASKANNI**
EPSON
EPS-V370
21.990

**23" INTEL i5 SKJÁTÖLVA MEÐ 1080P FULL HD SKJÁ**
intel
ACE-DQSQQEK001
199.990

**TVEGGJA DISKA NAS BOX FYRIR HEIMANET MEÐ RAID**
ZyXEL
ZYX-NSA320
24.990

**180GB INTEL SSD DISKUR**
intel
INT-SSDSC2CT180A4K5
21.990

**ÖFLUGUR TURNKASSI**
COOLER MASTER
CM-RC912PKKN1
16.990

**STEELSERIES HEYRNARTÓL FYRIR LEIKINA**
steelseries
STE-4H
7.990

**NÝJA NEXUS 7 MEÐ FHD SKJÁ OG SNAPDRAGON S4 ÖRGJÖRVA**
ASUS
ASU-NEXUS71A002A
57.990

# AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM!

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |





**FRAMTÍÐ OG NÚTÍÐ** Verðlaunatillagan gerir ráð fyrir nýrri forbyggingu sem á að hýsa inngang og veitingastað, auk þess að draga úr vindsveipum við dyrnar. Svo á að færa bílana undir stéttina og inn í hól.

# Hlýleg vin í hörðu borgarumhverfi

Dagsbirta og náttúruleg loftræsting, skjól fyrir vindi og umferðargný, aukinn gróður og aðlaðandi staðir til samveru starfsfólks, utan húss og innan. Allt eru þetta áberandi þættir í verðlaunatillögu VA arkitekta og samstarfsfólks um endurhönnun á Höfðabakka 9.




**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is




**ANNA SIGRÍÐUR** „Allir hagnast á vistvænum hugsunarhætti, rekstraraðilar, vinnandi fólk og ekki síst framtíðin," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það hefur alltaf verið keppikefli okkar á VA arkitektum að gera byggingar góðar fyrir manneskjur og tillitssamar við umhverfi sitt og náttúru. Nú eru bara komin ákveðin orð yfir þá stefnu: sjálfbært og vistvænt." Þetta segir Anna Sigríður Jóhannsdóttir, arkitekt hjá VA arkitektum. Hún og félagar hennar á stofunni, í samvinnu við Landmótun og Verkís, sigruðu í samkeppni Nordic Built um vistvæna endurhönnun á Höfðabakka 9 í Reykjavík. Aðalhugmyndafræði í tillögu þeirra er að skapa atvinnusvæði þar sem lögð er áhersla á náttúruleg gæði sem stuðla að aukinni vellíðan fólks sem þar starfar.

**Íslensk náttúruöfl í borginni**

„Þetta var tveggja þrepa keppni. Átján tillögur bárust í fyrri hlutann, víða að úr heiminum. Fjórar þeirra voru valdar úr og við áttum eina þeirra sem við nefndum Grænhöfða. Við unnum áfram með hana og stóðum uppi sem sigurvegarar," segir Anna Sigríður og er ekki í vafa um að staðþekking hafi haft þar sitt að segja. „Í vistvænum arkitektúr leggja aðrar Evrópuþjóðir og Bandaríkjamenn ofuráherslu á orku- og vatnssparnað af illri nauðsyn. Víða er notað rigningarvatn af þökum í klósettin en ekki neysluvatn eins og hér. Við búum við gnægð vatns og vistvæna, ódýra orku ennþá og því höfum við tækifæri til að sinna öðrum atriðum betur, eins og að skapa heilsusamlegt umhverfi. Það hefur keðjuverkandi áhrif á samfélagsreksturinn, veikindadögum fækkar, kostnaður við heilbrigðisþjónustu lækkar, afköst aukast og arðsemi fyrirtækja batnar."

Anna Sigríður telur að þó við Íslendingar séum með tiltölulega hreint loft og ódýra raforku getum við ekki umgengist efnivið og fjármuni eins og alltaf sé nóg til. Til dæmis þurfi að endurnýta orku eins og unnt er og draga úr umferð bíla, bæði vegna mengunar og kostnaðar. Hún segir nauðsynlegt að vinna með íslensk náttúruöfl í borginni og skapa eftirsóknarvert umhverfi. Gera gangandi fólki hærra undir höfði en hingað til hefur verið gert, þannig að við getum öll ferðast um á þægilegan máta, hvort sem við erum akandi, gangandi eða hjólandi. Með því að taka tillit til íslensks veðurfars og loftslags og vinna úr því á vistvænan hátt sé markvist dregið úr viðhalds- og rekstrarkostnaði bygginga. Einnig verði að huga að förgunarkostnaði. „Við tökum þátt í alþjóðasamfélagi og verðum að tryggja að auðvelt sé að endurnýta efni sem við flytjum inn í landið og farga þeim á vistvænan máta," tekur hún fram.

**Meira og meira gaman**

Þá snúum við okkur aftur að Höfðabakka 9. Anna Sigríður segir það hafa verið frábæra áskorun að fá að gera tillögu að endurnýjun svæðisins á vistvænan hátt. En eru ekki alls konar efni í aðalbyggingunni skaðleg umhverfinu ef út í það er farið? „Eflaust en það er heldur ekki vistvænt að rífa niður það sem þegar er komið enda er það ekki markmiðið," svarar hún og segir augljóst að meðal stórra verkefna arkitekta í framtíðinni verði að endurhanna byggingar sem búið er að reisa og annaðhvort eru komnar á viðhaldstíma eða þurfa að fá nýjan tilgang. Það verði að gerast á umhverfisvænan máta.

Höfuðáherslan var á stóru bogabygginguna á Höfðabakka 9 í fyrri hluta samkeppninnar, að sögn Önnu Sigríðar en í framhaldinu var farið að skoða stóra samhengið. „Þá fengum við Landmótun, landslagsarkitekta til aðstoðar við hönnun lóðarinnar og verkefnið óx í höndunum á okkur, alltaf varð meira og meira gaman og við sáum fleiri og meira spennandi möguleika á hönnun í vistvænum anda," lýsir hún.

Bogabyggingin er há og oft rok inni í kringlunni. „Við Íslendingar þurfum alltaf að taka tillit til þess að hér er vindasamt og háar byggingar mynda sterka hvirfla. Því gerum við ráð fyrir nýrri byggingu á tveimur hæðum sem bæði verður inngangur og dregur úr vindsveipum. Á neðri hæð yrði sameiginleg matsala fyrir allt svæðið og á þeirri efri vinnuaðstaða fyrir smærri hópa, svipuð og í háskólabyggingum. Einnig er lagt til að bæta tveimur léttbyggðum hæðum ofan á bogabygginguna með þakgörðum sem gefa útsýni og aðgengi að grænum svæðum og kost á samveru fyrir starfsfólk. Til viðbótar setjum við minni viðbyggingar ofan á lágu bygginguna á móti, til að ▶




**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



**ÁSÝNDIN** Stóra húsið verður klætt með götóttu trefjagleri sem einangrar og hlífir og brýtur niður skæra sólargeisla sem annars glampa á tölvuskjái. Bak við skerminn verður hægt að hafa opna glugga.



**HÖFÐABAKKI 9** Heildaruppdráttur að allri lóðinni eins og VA arkitektar sjá hana.




**AÐALBYGGINGIN** Svona lítur bogabyggingin út núna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

brjóta upp langar línur hennar og skapa samhengi við stóru bygginguna," útskýrir hún og bætir við: „Almenningssvæði innan- og utandyra og tengsl við gróður hafa jákvæð áhrif á vinnuumhverfi og vellíðan notendanna."

### Gróðurreitir og þakgarðar

Bílastæði eiga að verða undir hluta af planinu sem nú er og einnig verður bílastæðum komið fyrir inni í brekkunni á bak við lágu bygginguna. „Lóðin vinnur með okkur að þessu leyti," segir Anna Sigríður. „En það er möguleiki að leggja bílum ofanjarðar fyrir stuttar heimsóknir. Það er ekki verið að banna bíla," tekur hún fram.

Ný vinkilbygging er teiknuð á lóðina. Hún myndar skjól bæði fyrir vindi og umferðarhljóði.

Góðar almenningssamgöngur eru á Höfðabakka 9 og gert er ráð fyrir hjólaskýlum á nokkrum stöðum. Anna Sigríður nefnir að ætla megi að á svona stórum vinnustað sé auðvelt að reka litla bílaleigu, slíkt þekkist erlendis. „Þá kemur fólk í strætó eða á hjóli en getur alltaf nálgast bíl á staðnum til að fara sínar sendiferðir eða á fundi," útskýrir hún.

Græn belti umhverfis byggingarnar eru þegar komin að hluta til en VA arkitektar vilja hafa lóðina þannig að hún nýtist meira til útivistar. Meira að segja er gert þar ráð fyrir matjurtarækt. „Það verða gróðurhús, runnar, tré og þakgarðar. Því meira grænt, því minni koltvísýringur í andrúmsloftinu," bendir Anna Sigríður á. „Við ætlum að nota affallsvatn af götunni til vökvunar gróðurs. Einnig verða litlar tjarnir á fjölnota torgi framan við aðalbygginguna sem kemur til með að verða samkomustaður svæðisins og mætti jafnvel nýta það sem markaðstorg um helgar."



**ÞAKGARÐUR** Hér verður gott að njóta útivistar.

Utan á bogabyggingunni er gert ráð fyrir skermi úr trefjagleri, festum er á steypta bita sem eru fyrir á byggingunni. Það er gert í margþættum tilgangi, að sögn Önnu Sigríðar. „Trefjaglerið brýtur sólarljósið þannig að sterkir geislar þess ná ekki inn og glampa á skjái, heldur verður hægt að nota dagsbirtuna og spara rafljósin. Einnig getum við verið með opna glugga í nánast hvaða veðri sem er og notað okkar hreina loft til loftræstingar sem er mikill plús. Trefjaglerið er vind- og hávaðahemjandi en samt ekki lokað, heldur eru alls staðar göt á því, eins og neti í mismunandi grófleika. Með skerminum er dregið verulega úr viðhaldsþörf hússins. Partur af því að gera húsið vistvænt er að auðvelt sé að taka nýja byggingarhluta niður í einingum ef með þarf og líka að hægt sé að fara á bak við skerminn til að þrífa gluggana."

### Allir græða

Höfðabakki 9 er á útsýnisstað en skermurinn virkar eins og þunnt tjald. Því verða opin svæði í byggingunni sem hægt verður að njóta útsýnis úr og hitta fólk, að sögn Önnu Sigríðar. Tjörn safnar rigningarvatninu af þakinu. Það verður leitt inn í bygginguna og vökvaðir með því gróðurveggir sem ná niður allar hæðir. Allt miðar að því að gera húsið og umhverfi þess að náttúrulegri vin í því harða borgarumhverfi sem umlykur það.

Þótt atvinnurýmið sé fyrst og fremst hugsað sem skrifstofuhúsnæði segir Anna Sigríður það geta hýst mismunandi starfsemi sem vissulega breytist og þróist. Það eigi að vera skapandi umhverfi sem gefi möguleika á einbeitingu en ýti um leið undir virk samskipti. Í tillögunni segir hún reiknað með að þjónustan á svæðinu sé á þann veg að starfsfólk þurfi ekki að leita út fyrir það á vinnutíma. Þannig sé dregið úr akstri og umferð.

„Hér erum við með áberandi byggingu á áberandi stað sem getur orðið ímynd fyrir umhverfisvænt fyrirkomulag. Það er ekki bara fyrir sérvitringa, heldur nokkuð sem allir geta notið. Þegar við förum að hugsa og vinna þannig áttum við okkur á því að það er bara jákvætt og gefandi," segir Anna Sigríður og bætir við að lokum: „Allir hagnast á vistvænum hugsunarhætti, rekstraraðilar, vinnandi fólk og ekki síst framtíðin."

## NORDISK BUILT

Nordisk Built eru samtök hönnuða og framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Þau stóðu á árinu að samkeppni sem kostuð var af Norrænu ráðherranefndinni og Nordic Innovation. Keppnin á að hvetja til nýsköpunar og þróunar á sjálfbærum, framkvæmanlegum og aðlögunarhæfum hugmyndum um endurhönnun algengustu tegunda bygginga á Norðurlöndum í anda Nordic Built-sáttmálans. Verkefnið fólst í að breyta einni byggingu á hverju Norðurlandanna og umhverfi hennar á sem vistvænastan hátt. Höfðabakki 9 varð fyrir valinu á Íslandi.

Nordic Built-sáttmálinn inniheldur tíu boðorð og þeir sem tóku þátt í samkeppninni þurftu að fylgja þeim. Meðal boðorðanna er að byggingin nýti sem best staðbundnar aðstæður og aðlagist þeim, ásamt því að vera viðhaldslítil og bjóða upp á fjölbreytta notkun í umhverfi sem hefur náttúruleg gæði.

Vistvæn bygging og umhverfi getur kostað meira í upphafi en sökum minna viðhalds og annars rekstrarlegs sparnaðar er það hagrænt vistvænt.

# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

NÝTT




2.499KR
Skrímsla Háskólinn

NÝTT




FÆST EINNIG Á BLU-RAY 3D

2.499KR
World War Z

NÝTT




2.499KR
The Lone Ranger




FÆST EINNIG Á BLU-RAY

2.499KR
The Hangover Part III

NÝTT




2.499KR
Pacific Rim




2.499KR
Now You See Me




FÆST EINNIG Á BLU-RAY

2.499KR
Superman, Man of Steel

NÝTT




2.499KR
Red 2

PS3




14.599KR
PS3 - Disney Infinity

NÝTT




12.499KR
PS3 - Lego Marvel




12.599KR
PS3 - Batman

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og á Akureyri.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA




HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



**Á SLÓÐ MINNINGANNA** Ísbjarnargryfjan er í dag púttvöllur.

# Þurfum á dýragörðum að halda

Faðir **Ragnhildar Jónsdóttur** stofnaði Sædýrasafnið í Hafnarfirði þar sem háhyrningar, ísbirnir, apar, ljón og tígrisdýr voru til sýnis. Segja má að Ragnhildur hafi alist upp á safninu. Hún segir dýragarða nauðsynlega til að auka virðingu fyrir dýrunum og náttúrunni, dýrin séu sendiherrar sinnar tegundar.

**Gunnar V. Andrésson**
gva@frettabladid.is
**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is



Sædýrasafnið, Sædýrasafnið. Apar, ljón og ísbirnir, Sædýrasafnið.“ Þannig hljómuðu auglýsingar Sædýrasafnsins á áttunda áratugnum þegar starfsemi þessa sérstaka dýragarðs stóð í blóma. Auk þess að vera geysivinsælt meðal almennings fjármagnaði safnið rekstur sinn með því að fanga háhyrninga og selja í erlenda dýragarða. Þannig rekur Keiko uppruna sinn til Sædýrsafnsins í Hafnarfirði.

Það var Jón Kr. Gunnarsson sem stofnaði Sædýrasafnið 1969 ásamt félögum í Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði. Ragnhildur Jónsdóttir, dóttir hans, segist nánast hafa alist upp í garðinum en hún hefur ekki heimsótt svæðið síðan Sædýrasafninu var loka árið 1987. Hún féllst á að heimsækja garðinn ásamt blaðamanni og rifja upp sögu hans en Sædýrasafnið hefur aftur komist í umræðuna vegna háhyrningsins Tilikum sem varð þremur þjálfurum að bana og leikur aðalhlutverk í myndinni Blackfish.

### Ævintýraleg aðsókn

Sædýrasafnið var neðarlega í Holtinu í Hafnarfirði gegnt Álverinu. Fólk tók strætó upp á Holtið og labbaði svo niður að safninu. „Stundum var samt ófært upp á Holt og ég man að pabbi labbaði einu sinni úr miðbænum upp í garðinn til að gefa dýrunum á jóladag. Þau þurftu jú að fá að borða eins og aðrir,“ segir Ragnhildur á leiðinni að garðinum.

Það hefur margt breyst. Byggðin er orðin þéttari og golfvöllurinn hefur breitt úr sér. Þegar golfklúbburinn Keilir stækkaði tók hann nokkur af gömlu húsum Sædýrasafnsins í notkun. Byggingin þar sem háhyrningarnir voru geymdir og stundum hafðir til sýnis og ísbjarnargryfjan eru nú púttvellir. „Það hefur svo mikið breyst,“ segir Ragnhildur. Það eru ein 25 ár síðan hún kom hingað síðast. Nú elta menn hvíta golfbolta en þá mátti sjá hreindýr og geitur á beit, ísbirni og ljón.

Inni í gömlu háhyrningabyggingunni eru nú skrifstofur og púttvöllur. Þarna var Tilikum hafður til sýnis og líklega dvaldi Keiko þar um stund áður en hann var seldur í erlendan dýragarð. „Ég man nú lítið eftir þeim, allavega ekki svona með nafni,“ segir Ragnhildur og hlær. Hún segir að háhyrningarnir hafi dregið að fjölda gesta. Þó ekki eins marga og tígrisdýrin sem voru til sýnis í safninu um hálfs árs skeið. „Það komu tugþúsundir til að berja tígrisdýrin augun. Þetta var algjört einsdæmi á Íslandi á þeim tíma og örugglega enn þann dag í dag.“

Aðsókn að safninu var oft með ólíkindum. Stundum heimsóttu milli 60 og 90 þúsund manns safnið á ári þegar Íslendingar voru talsvert færri en í dag.

### Leifar af apaskít

Í einu af útihúsunum sem golfklúbburinn Keilir notar nú sem verkfærageymslu eru enn skýr ummerki um dýragarðinn. Þarna voru ljónin til sýnis og aparnir, sem vöktu mikla kátínu gesta. Óskar Kristinsson, starfsmaður Keilis, tekur á móti okkur. Hann bendir glettinn upp í loft á gamlar minjar. „Þetta er apaskítur sem þeir hentu upp í loft og festist og er þarna enn í dag,“ segir hann. „Við höfum ekki kunnað við að hreinsa hann. Þetta eru fornminjar.“

Frá apahúsinu löbbum við að ísbjarnargryfjunni. Ragnhildur segir að virtur landslagsarkitekt hafi verið fenginn til að teikna hana upp. Þarna gat fólk horft á ísbirnina en í dag hefur verið fyllt upp í gryfjuna. „Ísbjarnargryfjan þótti ein sú besta í Evrópu, kannski fallegust líka,“ segir Ragnhildur og hallar sér fram á handriðið og lokar augunum. Eitt augnablik er líkt og garðurinn lifni aftur við. Svo minnir rokið okkur á hvar við erum. Á slóðum minninga um liðna tíð.

### Dásamlegt umhverfi

Við yfirgefum garðinn og setjumst niður í Hellisgerði þar sem Ragnhildur rekur miðstöð fyrir álfa og huldufólk. Þar flettir hún stóru albúmi, myndum úr sögu garðsins. Sérstaka athygli vekja háhyrningarnir og auðvitað



**HÁHYRNINGUR Í SÆDÝRASAFNINU** Myndin er tekin í kringum 1980.



**TÍGRISDÝRIN SLÓGU Í GEGN** Tígrisdýrin voru aðeins til sýnis í stuttan tíma.



**BREYTTIR TÍMAR** Nú er gamla apahúsið notað sem verkfærageymsla.

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2013

# Margt smátt ...



## Hreint vatn bjargar mannslífum

Mannslífið er það dýrmætasta sem til er. Hver vill ekki bjarga mannslífi? En er það í hættu? Hvar þá og hvernig? Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) deyja árlega um 1,5 milljónir barna undir 5 ára aldri í heiminum vegna niðurgangs sem m.a. má rekja til óhreins vatns. Þar af eru 46% í Afríku eða 690.000 dauðsföll á ári eða 1.890 börn á dag. Já, óhuggulegar tölur.

### Margir hafa ekki aðgang að hreinu vatni

Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum hefur tekist vel til með að auka aðgengi að hreinu vatni á heimsvísu. Árið 1990 höfðu 75% íbúa heims aðgang að hreinu vatni, nú hafa 89% aðgang að hreinu vatni. En ef við rýnum aðeins betur í þessar tölur og skoðum aðgang að hreinu vatni eftir svæðum kemur í ljós að í löndum Afríku sunnan Sahara hafa aðeins 61% aðgang að hreinu vatni sem þýðir að um 345 milljónir manna í þessum löndum hafa ekki aðgang að hreinu vatni. Vatnsverkefni Hjálparstarfsins eru í Eþíópíu, Úganda og Malaví. Fólki er gert kleift að byggja brunna, það tekur ábyrgð á flestum þáttum og það sem upp á vantar, eins og til dæmis sement og vatnspumpa sem dælir vatninu, kemur frá verkefninu.

### Leggðu lið

Aðgangur að hreinu vatni bjargar sannarlega mannslífum. Þegar vatnið er komið er hægt að fræða um smitleiðir sjúkdóma og hreinlæti. Fræðsla um notkun kamra og hvernig á að byggja þá er samþætt inn í vatnsverkefnin. Árangur næst með heildrænni nálgun, eflingu samfélagsins með valdeflingu kvenna, fræðslu um hreinlæti og forvarnir gegn sjúkdómum. Þegar brunnur er kominn eru stúlkur ekki bundnar við að sækja vatn langar leiðir sem áður kom í veg fyrir að þær færu í skóla. Vatn frá brunninum gefur möguleika á fjölbreyttari fæðu þar sem hægt er að rækta grænmetisgarða með nýjum tegundum grænmetis sem gefa góða næringu. Með hreinu vatni frá brunni er hægt að taka stór skref til framfara og betra lífs – bjarga mannslífum. Handgrafinn brunnur kostar um 180.000 krónur, 72 greiddar valgreiðslur upp á 2.500 krónur duga fyrir einum brunni. Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma 907 2003 (kr. 2.500), leggja inn á söfnunarreikning: 0334-26-50886, kt. 450670-0499 eða gefa frjálst framlag á framlag.is. Svo er hægt að gefa vinum og vandamönnum jólagjöf sem gerir kraftaverk í Afríku með því að gefa vatn í jólagjöf á gjofsemgefur.is.

**Björgum mannslífum – tökum þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins!**

*Þegar vatnið er komið er hægt að rækta grænmetisgarð.*
*Mynd: Paul Jeffrey / ACT Alliance.*



*Brunnur í Malaví.*





ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK
Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance



# Gefum með gleði

Sérhver gefi eins og hann hefur ásett sér í hjarta sínu, ekki með ólund eða með nauðung, því að Guð elskar glaðan gjafara.

Þessi vers úr síðara Korintubréfi 9:7 koma mér í hug þegar ég hugsa til jólasöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar. Hjálparstarfið hefur í gegnum árin einmitt treyst á gjafmildi og hlýtt hjarta Íslendinga. Manneskja með hlýtt hjarta gefur eins og hún getur með glöðu geði. Þetta tengist einnig því að setja sig í spor annarra, taka til sín neyð annarra og finna löngun til að leggja lið öðrum til hagsbóta. Gleðin og samkenndin á sér heimili á sama stað, nefnilega í hjarta mannsins. Ef þar er engin samkennd verður gleðin einnig minni.

Í þessu blaði getur þú lesið um fjölbreytt verkefni Hjálparstarfsins, heima og að heiman. Faglegt starf sem er unnið með sjálfbærni að leiðarljósi. Slagorðið „hjálp til sjálfshjálpar" er í fullu gildi. Unnið er með fólki af virðingu og á jafnréttisgrundvelli. Tölur frá Sameinuðu þjóðunum staðfesta góðan árangur í að bæta aðgengi að hreinu vatni á heimsvísu en þegar svæði og lönd eru skoðuð kemur í ljós að mörg lönd Afríku liggja langt á eftir og þar hafa 345 milljónir manna ekki aðgang að hreinu vatni. Jólasöfnunin er til styrktar vatnsverkefnum í Eþíópíu, Úganda og Malaví. Í þessum löndum er mikið verk óunnið, víða langt að fara að sækja vatn, erfiði og óhreint vatn lama starfsþrek og lífsþrótt. Veðurfarsbreytingar færast í aukana, rigningar koma seint eða snemma eða ekki. Lestu í blaðinu um hvernig brunnur með hreinu vatni gerir kraftaverk, bætir heilsu og möguleika á fjölbreyttari fæðu. Fræðslu er miðlað til íbúa um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma. Nýjar þurrkþolnari frætegundir og geita- og hænsnarækt eru kynntar til sögunnar og bæta lífsafkomu til muna.

Vonandi hefur þú ásett þér í hjarta þínu að taka þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins. Það getur þú gert með því að greiða valgreiðslu í heimabankanum þínum, hringja í söfnunarsíma eða leggja inn á söfnunarreikning, nánari upplýsingar eru í þessu blaði. Gefum með gleði, Guð elskar glaðan gjafara!



*Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins*

Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri: Jónas Þ. Þórisson
Margt smátt, 4. tbl. 25. árg. 2013
Ábyrgðarmaður: Bjarni Gíslason

Prentvinnsla:
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

## Fermingarbörn standa sig vel



Fermingarbörn stóðu sig vel eins og endranær í 15. fermingarbarnasöfnunni fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem fór fram 4.–12. september. Endanleg tala liggur ekki fyrir en nú þegar er talan komin í 7,3 milljónir króna sem er frábært.

Eftir að hafa fengið fræðslu um vatnsskort í Afríku og hvernig verkefni Hjálparstarfsins bæta aðstæður bönkuðu fermingarbörn um allt land upp á hjá landsmönnum með merkta bauka Hjálparstarfsins.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar fermingarbörnum fyrir dugnað og elju og öllum sem þátt tóku í söfnuninni. Framlagið mun nýtast til að bæta lífsafkomu á verkefnasvæði í Eþíópíu, Úganda og Malaví.

Alþýðusamband Íslands · ARCTICA FINANCE · Arion banki · VÍNBÚÐIN · BORGUN · BRAMMER · BRIM SEAFOOD · Eirberg
FASTUS · Gamla Smiðjan · Frændur pípulagnir · Góa · HAGKAUP · HB GRANDI · HS ORKA HF · ICELANDAIR CARGO
icelandic fish & chips · inter · Íslandsbanki · 24 Iceland · Íslensk erfðagreining · ÍSTAK · Kerfóðrun · KFC
KJARNAFÆÐI · Kjörís · KLETTASTEINN · KSÍ · FROST · Landsvirkjun · LITRÓF
pwc · NEYTENDASTOFA · OPTIMA · Domino's · Portfarma · KOLAPORTIÐ · SALTKAUP
SAMHENTIR · nettó Ódýrt fyrir heimilið! · Set ehf • Röraverksmiðja · SORPA · SPRETTUR · SYTRA ehf · UMSLAG ehf · Utanríkisráðuneytið
Útfararstofa kirkjugarðanna · VALITOR · VÉLAR & VERKFÆRI · vistor · ÖGURVÍK · Virðing Réttlæti VR

# Vatn fyrir lífið – hreinlæti



*Með hreinu vatni frá brunni eykst hreinlæti. Mynd: Paul Jeffrey / ACT Alliance.*

Vatnsskortur er vandamál allra sem Hjálparstarfið vinnur með í Afríku. Við þær aðstæður verður allt annað ótryggt. Þá misferst uppskeran, þá svelta menn og skepnur, sjúkdómum fjölgar með minna hreinlæti. Því eru brunnar, vatnssöfnun í tanka og þrær fyrir yfirborðsvatn í algjörum forgangi í verkefnum Hjálparstarfsins. Á þeim eru svo byggðar umbætur í jarðrækt, dýrahaldi, umhverfi og ýmsum samfélagsþáttum sem tími gefst til að huga að þegar grunnþörf alls lífs er mætt. Ríkt samstarf er við héraðsyfirvöld á hverjum stað. Þá eru verkefni samstillt og langtímaárangur meiri. Íbúar sjálfir eru þjálfaðir til að hafa umsjón með viðhaldi brunna og annarra þátta sem nýtast heildinni.

Að lokum er ábyrgð alfarið færð á herðar íbúa. Sérstakir umsjónarmenn gera við. Þeir rukka inn fyrir vatnsnotkun og halda viðhaldssjóðnum gangandi og sjá til þess að smásalar eigi varahluti á lager. Með hreinu vatni í nágrenninu fá stúlkur tíma til að fara í skóla, konur til að rækta og sinna börnum og eigin tekjuöflun með geita- eða hænsnahaldi eða með því að reka litla búð. Til þess fá þær styrk frá verkefninu.

**Þetta er meðal annars gert í vatnsverkefnum í Eþíópíu, Úganda og Malaví:**

- Grafnir brunnar á ábyrgð íbúa.
- Vatnsþrær.
- Lækna og bólusetja búfé.
- Reistir kamrar.
- Vernd og nýting jarðvegs og vatns.
- Greitt fyrir vatn til að kosta viðhald.
- Vatnstankar.
- Breyta hreinlætisvenjum.
- Námskeið fyrir íbúa og opinbera starfsmenn tryggja langtímaárangur.
- Geitur, hænur.
- Þurrkgrindur fyrir leirtau auka hreinlæti.

*Brunnur í Eþíópíu.*



*Brunnur í Malaví.*



*Mjög víða í Afríku er það hlutverk stúlkna að sækja vatn. Þegar brunnurinn er kominn er allavega stutt að fara og þær komast í skóla. Mynd: Paul Jeffrey / ACT Alliance.*



# Farsæld er markmiðið

Aðstoð til heimilisinnkaupa er stór þáttur í innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins. Notuð eru inneignarkort í matvöruverslanir. Með umsókn um inneignarkort þurfa að fylgja gögn um tekjur og gjöld. Þar sem afgangsfé er undir viðmiðunarmörkum er aðstoð veitt. Vegna takmarkaðs fjármagns miðast kortin við barnafólk á höfuðborgarsvæðinu en öðrum er vísað á hin samtökin sem starfa á svæðinu. Þar sem öðrum samtökum er ekki til að dreifa geta allir, líka barnlausir, sótt um kortin. Áfram stendur öllum til boða lyfjaaðstoð, menntunarstyrkir og fleira og allir hvattir til að þiggja ráðgjöf. Hana veita félagsráðgjafar Hjálparstarfsins og félags- og sálfræðingar Félagsþjónustu kirkjunnar, ókeypis, eftir þörfum. Fjármálaráðgjöf með lífsleiknivafi er mjög vel sótt. Haldin voru saumanámskeið og matreiðslunámskeið fyrir fólk sem vill læra að nýta betur fjármuni. Ungmenni af öllu landinu fá styrk úr Framtíðarsjóði til að ljúka starfsréttindum eða komast í lánshæft nám. Það er mikilvægur liður í að rjúfa vítahring fátæktar. Fjölda barna og fjölskyldum þeirra eru veittar ánægjustundir með miðum í leikhús, bíó, ferð á veitingastað, í sund eða í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Hjálparstarfið stendur fyrir jólaaðstoð þar sem, auk inneignarkorta, er hægt að fá jólagjafir og föt á börnin. Hjálparstarfið gaf út skýrsluna „Farsæld – baráttan gegn fátækt“ með Reykjavíkurdeild Rauða krossins. Skýrslan kallar á hugarfarsbreytingu og breytta orðræðu. Hún leggur til raunhæfar lausnir og hefur Velferðarráðuneytið tekið fjölda tillagnanna á aðgerðaskrá sína.

Dæmi um það sem var gert á síðasta starfsári (júlí 2012–júní 2013):

- Inneignarkort í matvöruverslanir veitt 2.230 fjölskyldum í 5.411 úthlutunum
- 3,8 milljónum veitt til lyfjakaupa og læknisþjónustu, mest til einstaklinga
- 14 börn fengu gleraugu
- 70 börn úr 11 sveitarfélögum fengu styrk vegna tómstunda og sumargjafir
- 400 börn fengu stuðning vegna skólabyrjunar
- 98 ungmenni úr 12 sveitarfélögum og 22 framhaldsskólum fengu námsstyrk

### Jólaaðstoð Hjálparstarfsins 2013

Tekið er við umsóknum á skrifstofu Hjálparstarfsins, Háaleitisbraut 66, 103 Reykavík, frá kl. 11–15 eftirfarandi daga: 2., 3. og 4. desember. Utan höfuðborgarsvæðisins er hægt að sækja um hjá prestum um allt land í síðasta lagi 12. desember. Gögn um tekjur og gjöld þurfa að fylgja umsóknum.

*Mataraðstoð er í formi inneignarkorta í matvöruverslunum. Arion banki gefur kortin sjálf.*




### Korthafar geta sótt um á netinu

Þeir sem þegar hafa farið í gegnum umsóknarferli Hjálparstarfsins og eru með virkt inneignarkort geta sótt um jólaaðstoð á netinu á vefnum help.is. Undir liðnum „Aðstoð innanlands“ er valinn hnappurinn, „Sótt um aðstoð“ og umsókn fyllt út. Síðasti umsóknardagur er 15. desember.
Úthlutað verður 18., 19. og 20. desember kl. 11–15.



*Ráðgjöf er mikilvægur þáttur starfsins.*

# Friðarljós

Þegar hátíð ljóss og friðar nálgast er sannarlega við hæfi að kveikja á Friðarljósum Hjálparstarfs kirkjunnar. Þetta eru útikerti sem þekkt eru fyrir gæði og að loga lengi. Þau eru búin til í Heimaey, verndudum vinnustað í Vestmannaeyjum. Þegar veislu halda skal, þegar lýsa á upp leiði ástvina, þegar lýsa þarf upp myrkur úti við, eru Friðarljósin lausnin. Um leið er stutt við fjölbreytt starf Hjálparstarfs kirkjunnar og verndaðan vinnustað. Þeir sem vilja selja Friðarljós Hjálparstarfsins í fjáröflunarskyni geta haft samband við skrifstofuna í síma 528 4400.





## Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju

**fyrsta sunnudag í aðventu, 1. desember kl. 11**



**Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson og sr. Birgir Ásgeirsson þjóna fyrir altari ásamt messuþjónum og fulltrúum Hjálparstarfs kirkjunnar.**

**Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.**
**Organisti: Björn Steinar Sólberg.**

**Gjöfum til Hjálparstarfs kirkjunnar veitt móttaka.**

Hjálparstarf kirkjunnar

# Lyf og heilsa styðja lyfjaaðstoð Hjálparstarfsins

Aðstoð við að kaupa lyf, greiða læknisaðstoð og kaupa gleraugu er hluti af innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins. Mikilvægur bakhjarl er keðjan Lyf og heilsa sem gaf 3,5 milljónir á nýliðnu starfsári. Þau reka lyfjasjóðinn Lyfjagjöf sem bæði fyrirtækið og almenningur gefur í. 70% þeirra sem fá lyfjaaðstoð eru aðrir en barnafólk. Meðal annars þannig tekst að veita fleirum en barnafólki aðstoð, þótt Hjálparstarfið hafi takmarkað mataraðstoð við barnafjölskyldur. Varkárni er gætt í því hvaða lyf eru greidd til þess að koma í veg fyrir endursölu þeirra. Öll lyf eru greidd beint í lyfjaverslanir. Stuðningur vegna gleraugna er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja nám með styrk frá Hjálparstarfinu. 14 börn og ungmenni fengu gleraugu á nýliðnu starfsári, fjölgaði um þrjú.

Lyf & heilsa
Við hlustum!



# Jólasveinaþjónusta Skyrgáms alveg frábær

Það er ekki spurning að mati Hjálparstarfs kirkjunnar að jólasveinaþjónusta Skyrgáms er alveg frábær, enda láta þeir 20% af innkomu sinni renna til Hjálparstarfs kirkjunnar og láta þannig gott af sér leiða. Þeir heimsækja hundruð leikskóla, fyrirtæki og einstaklinga fyrir jólin ár hvert. Á 14 ára starfsferli hafa þessir jólasveinar gefið hátt í 7 milljónir króna til starfs Hjálparstarfsins. Þeir eru bráðskemmtilegir, gefa í skóinn, syngja og prakkarast og slá í gegn hvar sem þeir fara. Það eru engin takmörk sett fyrir því hverju þeir geta fundið upp á. Í fyrra komu þeir klifrandi niður turn Laugarneskirkju til að afhenda framlag sitt 823.700 kr. Nánari upplýsingar má fá hjá Skyrgámi Leppalúðasyni á jolasveinn.is, með tölvupósti á skyrgamur@skyrgamur.is eða í síma 587 1097.








# Með þéttu samstarfsneti um allan heim náum við þangað sem þörfin er

actalliance

Í neyðar- og þróunarstarfi styður ACT Alliance fólk í hamförum, stríði og átökum og vinnur gegn kerfislægri fátækt, án skilyrða eða aðgreiningar. Fátækir verða oft verst úti í hamförum. Þeir búa þar sem land er að fá, við eyðimerkur, í bröttum fjöllum, á árbökkum og víðar þar sem flóð, þurrkar og vindar geta haft hörmulegar afleiðingar. Starfsmenn ACT Alliance hjálpa fólki að takast á við og laga sig að veðurfarsbreytingum. ACT vinnur stöðugt að því að hafa áhrif á stjórnvöld víða um heim og alþjóðlegar stofnanir til að gæta mannréttinda hinna fátækustu. Í ACT Alliance sameinast 139 kirkjur og kirkjutengdar hjálparstofnanir. 25.000 starfsmenn og sjálfboðaliðar um allan heim svara neyð, vinna að þróun og eru talsmenn þeirra fátækustu í 140 löndum. ACT Alliance hefur áunnið sér traust og virðingu meðal þeirra sem samtökin vinna með. ACT starfar oft þar sem aðrar stofnanir hafa ekki komið og fylgir skuldbindingum sínum eftir, oft í mörg ár þótt fjölmiðlar beini sjónum sínum annað. Hjálparstarfið er stofnaðili að ACT Alliance. ACT Alliance hefur fengið Humanitarian Accountability Partnership (HAP) vottun, fylgir alþjóðlegum stöðlum eins og SPHERE um neyðaraðstoð, ströngum siðareglum og endurmetur sífellt starfsemi sína til að bæta hana. www.actalliance.org



*Börn í skóla í Úganda.*

*Börn í skóla UCCI, samstarfsaðila Hjálparstarfsins á Indlandi. Mynd: Kristján Ingi Einarsson.*



THE LUTHERAN WORLD FEDERATION

Hjálparstarfið er stofnaðili að Lúterska heimssambandinu. Öflug þróunardeild þess vinnur í þeim anda að reisn sé manninum meðfædd og að hver og einn eigi rétt á því að lifa á sjálfbæran hátt við fæðuöryggi án tillits til trúar eða annarra þátta. Lúterska heimssambandið á sterkar rætur í nærsamfélögum um heim allan þar sem samtökin hjálpa fólki að brjótast undan oki fátæktar. Lögð er áhersla á að efla getu og leiðtogahæfileika staðarfólks, betri stjórnarhætti og opinbera þjónustu við fólk. Fólk er frætt um rétt sinn. Markmið sambandsins er að sýna samlíðan og veita þá faglegu aðstoð sem aðstæður krefjast. Þau leita friðar og sátta í margskonar árekstrum og átökum. Í höfuðstöðvum Lúterska heimssambandsins eru 97 starfsmenn í þróunar- og neyðaraðstoð, fulltrúar 142 aðila í 79 löndum og 70 milljóna kristinna manna. Hjálparstarfið vinnur í gegnum Lúterska heimssambandið í Eþíópíu og Úganda. www.lutheranworld.org



# FERÐIR

LAUGARDAGUR 30. NÓVEMBER 2013



## Jól í borgum heimsins

**Á aðventunni getur verið afar skemmtilegt og hátíðlegt að skreppa til stórborgar til að skoða jólaskreytingar stórverslana og kíkja á jólamarkaði.** **SÍÐA 4**

## Hótel í djúpunum

Listamaðurinn Mikael Genberg hefur hannað neðansjávarhótel sem var opnað nýverið við Afríkustrendur. SÍÐA 2

## Halda jól í Malaví

Guðmundur Rúnar Árnason og fjölskylda hans halda jólin hátíðleg í Malaví í ár líkt og í fyrra. SÍÐA 6

## Ný ferðaskrifstofa

Ferðaskrifstofan Nazar, sem starfar á Norðurlöndunum, skipuleggur fjölskylduferðir til Tyrklands. SÍÐA 6



Gestir svítunnar geta kafað í sjónum og kíkt inn um gluggana líkt og fiskarnir.
MYND/JESPER ANHEDE FYRIR GENBERG ART UW LTD

# Himnesk neðansjávarupplifun

**Sænski listamaðurinn Mikael Genberg hannaði árið 2000 fljótandi hús sem listainnsetningu á Mälaren-vatninu í Svíþjóð. Þrettán árum síðar hefur fyrsta neðansjávarsvítan verið opnuð gestum undan ströndum Sansíbar í Afríku. Þar býðst fólki sú undursamlega upplifun að gista meðal sjávardýra.**





Neðansjávarherbergið flýtur á miðju hafinu.
MYND/JESPER ANHEDE FYRIR GENBERG ART UW LTD

Ljós við gluggana laðar að forvitnar sjávarverur.
MYND/JESPER ANHEDE FYRIR GENBERG ART UW LTD

Hin fljótandi neðansjávarsvíta er hönnuð og byggð af sænska fyrirtækinu Genberg Underwater Hotels sem Mikael Genberg stofnaði árið 2006 með það að markmiði að þróa og koma á markað neðansjávarherbergjum um allan heim. Fyrirtækið kom á fót fimm stjörnu lúxusferðamannastað, Manta Resort, á Pemba-eyju árið 2008 en eyjan er hluti af Sansíbareyjaklasanum. Á Manta Resort eru sextán lúxusherbergi en með nýja neðansjávarherberginu eru þau orðin sautján.

Upphafið að neðansjávarsvítunni má rekja til listainnsetningar Genbergs á Mälaren-vatni í Svíþjóð árið 2000. Um er að ræða fljótandi hótel sem hann kallaði Utter Inn en eitt herbergi hótelsins liggur þrjá metra niður í vatnið. Mannvirkið reyndist vel út frá byggingarfræðilegu sjónarmiði en hefur einnig vakið verðskuldaða athygli og laðað að fjölda ferðamanna frá öllum heimshornum.

Genberg Underwater Hotels hefur í mörg ár þróað hugmyndina að neðansjávarherbergjum og loks var það fyrsta opnað gestum hinn 1. nóvember síðastliðinn. Svítan fljótandi er 250 metra undan strönd Pembaeyjar við náttúrufyrirbrigði sem kallast Bláa holan, 12 metra djúp og 50 metra breið hola við kóralrif þar sem er að finna fjölbreytt dýralíf.

Gestir eru fluttir í svítuna á báti. Á jarðhæðinni, eða öllu heldur sjávarhæðinni, er setustofa og baðherbergi, stigi liggur upp á efri hæð þar sem hægt er að slaka á, sleikja sólina á daginn og mæna upp í stjörnubjartan himin að næturlagi. Í kjallaranum er hið eiginlega neðansjávarherbergi sem nær fjóra metra niður í sjóinn. Þar eru gluggar í allar áttir og því fá gestir 360 gráða útsýni yfir sjávarlífið á kóralrifunum. Gestir líkja því við að sofa í loftbólu að gista í neðansjávarherberginu og þykir undursamleg upplifun að fylgjast með dýralífinu. Einhverjir fiskar hafa sest að í kringum herbergið enda veitir það þeim skjól gegn rándýrum. Ljós undir gluggum laða að kolkrabba og fleiri sjávardýr á næturnar. - sg



Gluggar eru á öllum hliðum herbergisins.
MYND/JESPER ANHEDE FYRIR GENBERG ART UW LTD

**Þeir sem vilja kynna sér nánar neðansjávarherbergið er bent á vefsíðurnar www.themantaresort.com og www.underwaterroom.com**


UPPLIFÐU MEIRA

DRAUMAHÓTEL – DRAUMABAÐSTRENDUR – LÚXUS- OG MENNINGAFERÐ

# TYRKLAND

TYRKNESKA RIVIERAN VEISLA FYRIR ÖLL SKILNINGARVIT

**Vikulöng lúxusferð þar sem gist er á mismunandi stöðum á tyrknesku rivíerunni, Leiguflug til og frá Antalya, 7 gistinætur á 5 stjörnu hótelum, ríkulegt morgunverðarhlaðborð á hverjum morgni ....**






Sérverð frá
**116.311**
á mann
**Aðeins með afsláttarkóða: ISBA503**

**Innifalið í ferðinni eru:**

- ✓ Leiguflug með „premium“ flugfélagi til Antalya og til baka.
- ✓ Flutningur frá flugvelli til hótels og aftur á flugvöllinn með loftkældum sérrútum.
- ✓ Allar skoðunarferðir á landi fara fram í loftkældum eða upphituðum sérrútum.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergjum með sturtu eða baði og salerni, loftkælingu og sjónvarpi.
- ✓ 7 gistingar í 5 stjörnu lúxus-strandhótelum (samkvæmt stöðlum viðkomandi lands) á tyrknesku rivíerunni.
- ✓ Innifaldar veitingar: 7 x morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Kynningar- og upplýsingarfundur.
- ✓ Dagsferð: Skoðunarferð um Antalya (hádegisverður ekki innifalinn).
- ✓ Ókeypis notkun heilsusvæðis með sánu, gufubaði, tyrknesku baði (Hamam) og innisundlaug.
- ✓ Faglærðir enskumælandi fararstjórar með leiðsöguréttindi.

**Ferðatímabil og verð fyrir 2014 eru gefin upp í íslenskum krónum á mann í tveggja manna herbergjum**

| Flugvöllur | KEFLAVÍK (-KEF) | |
|---|---|---|
| 2014 | 04.03. / 11.03. | 18.03. / 25.03. |
| Verð á mann | 116.311,- | 125.311,- |
| Hugsanlegt eldsneytisálag og erlent álag sem fer eftir heimsmarkaðsstöðu eru ekki innifalin í verðinu. Álag, hvers eðlis sem er, verður aðgengilegt í bókunarferlinu. | | |

**Aukalega fyrir eins manns herbergi 20.700,- kr. á mann/viku (ef fáanlegt).**

OSKA Travel er skandinavískur ferðaaðili með skrifstofu í Noregi. OSKA Travel er meðlimur í norska ríkistryggingasjóðnum RGF og veitir því ferðatryggingu samkvæmt lögum. Þessi ferðatrygging gildir einnig fyrir ferðir frá Íslandi. www.rgf.no

**Ferðaaðili: OSKA AS | Postboks 4814 Nydalen | NO - 0422 Nydalen**
**Org.nr. 995 944 588 MVA. Með fyrirvara um villur og breytingar.**

**www.oska-travel.is Sími 5 711 888**

OSKA-TRAVEL UPPLIFÐU MEIRA www.oska-travel.is ★ ★ ★ ★ ★

VIRKE

UPPLIFÐU MEIRA

Member of KENBA GROUP INTERNATIONAL

RGF

VISA




Puerto de la Cruz

# Tenerife

**30. janúar - Vika**

**Verð frá:**

**127.251 KR.**

verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunverði.

★★★★

**Beatriz Atlantis Spa**



**Um Puerto de la Cruz**

Puerto de la Cruz er staðsett á norðurhluta eyjunnar. Borgin hefur yfir sér rólegt yfirbragð, þar sem gamli og nýji tíminn mætast á mjög sjarmerandi hátt. Gamli bærinn státar af afar fallegum gömlum byggingum og er höfnin þar í lykilhlutverki, enda þjónaði hún La Orotava dalnum í nokkur hundruð ár með vínútflutningi frá eyjunni.

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á URVALUTSYN.IS

ÚRVAL·ÚTSÝN

# Jólastemning í stórborgum

Í desember getur verið afar skemmtilegt að skreppa til stórborgar, skoða jólaskreytingar stórverslana eða kíkja á jólamarkaði. Borða góðan mat og upplifa jólastemninguna. Mjög margt er um að vera í stórborgum hvort sem menn vilja fara til Evrópu eða Ameríku.



**NEW YORK** Glæsileg jólasýning stendur yfir í Radio City Music Hall í New York.



**KAUPMANNAHÖFN** Það er margt að gerast í Tívolíinu í Kaupmannahöfn fyrir jólin.




**LONDON** Carnaby Street í London er gata rokkaranna.



**RÓM** Aðalverslunargatan í Róm, Via del Corso, skreytt í litum ítalska fánans.



**PARÍS** Leikkonan Gwyneth Paltrow tendraði jólaljósin í stórversluninni Le Printemps fyrir stuttu.

## NEW YORK

Fyrir hver jól er sett upp glæsileg jóladagskrá í Radio City Music Hall í New York með stórkostlegum listamönnum. Sýningin þetta árið er sögð konfekt fyrir augu og eyru. Ameríkanar kunna að skreyta hús sín og þess vegna er skemmtilegt að taka strætó inn í íbúðahverfi og skoða ljósadýrðina.

Jólatréð við Rockefeller Center er eitt það þekktasta í heimi. Milljónir manna fylgjast með þegar kveikt er á þessu stóra og fallega tré. Það verður gert 4. desember og verður bein útsending í sjónvarpinu um öll Bandaríkin.

Í Bronx er sett upp fallegt jólaleikfangaland sem börn hafa gaman af að skoða. Þar eru járnbrautarlestir og eftirlíkingar af frægum byggingum. Þar má sjá Brooklyn-brúna og Yankee-leikvanginn, svo eitthvað sé nefnt.

## KAUPMANNAHÖFN

Kaupmannahöfn er ein vinsælasta borgin sem Íslendingar heimsækja. Þótt kalt sé á þessum árstíma er einstaklega skemmtilegt að heimsækja Tívolí sem er fallega skreytt hátt og lágt. Yfir 50 söluborð eru í garðinum þar sem finna má ýmislegt góðgæti til jóla eða fallegt jólaskraut.

Fyrir utan Tívolí er líka margt að skoða. Á veitingastöðum er boðið upp á ekta danskt jólahlaðborð með síld, önd og hrísgrjónagraut með kirsuberjasaft. Strikið er fallega skreytt en þar er hægt að kaupa dýra merkjavöru eða danska hönnun. Jólamarkaður er í Nýhöfn og Kristjaníu.

## LUNDÚNIR

Það er margt að gerast í Lundúnum fyrir jólin. Verslanir eru fallega skreyttar, jólaljósin skína skært á götum og jólasýningar í leikhúsum eru að hefjast. Konunglegi ballettinn hefur sýningar á jólaverki sínu, Hnetubrjótnum, 10. desember í Royal Opera House í Covent Garden. Jólaskrautssýning er í Geffrye-safninu og ljósin verða tendruð á jólatrénu á Trafalgartorgi þann 5. desember.

Margir jólamarkaðir eru í Lundúnum og má þar nefna markað í Hyde Park þar sem eru fjölmargir básar með jólagjöfum, mat og drykk. Annar stór markaður er rétt við Lundúnaaugað á Suðurbakkanum (Southbank) og stór markaður er í Covent Garden.

Leikfangaverslunin Hamleys breytist í ævintýraland í desember og jólasveinar hafa nóg að gera þar innan dyra.

## RÓM

Róm er fyrir sælkerana. Óteljandi sælkerabúðir með alls kyns góðgæti fyrir jólaborðið. Þar er hægt að smakka osta, skinkur og annað ítalskt góðgæti. Jólamarkaðir eru á Piazza Navona og Campo dei Fiori. Þar er meðal annars boðið upp á heitt jólaglögg.

Borgin er fagurlega skreytt, til dæmis hinar frægu Spænsku tröppur.

Allar kirkjur borgarinnar eru með jóladagskrá sem vert er að kíkja á. Einnig er aðventumessa í Péturskirkjunni sem ógleymanlegt er að fylgjast með.

## PARÍS

Jólaljósin í París voru tendruð 21. nóvember en þau eru einstaklega falleg. Stóru vöruhúsin eru þar fyrir utan afar fallega skreytt, til dæmis Galeries Lafayette sem vekur alltaf mikla athygli fyrir skreytingar sínar. Önnur stórverslun, Le Printemps, leggur ekki síður mikið upp úr skreytingum en það var leikkonan Gwyneth Paltrow sem kveikti jólaljósin hjá versluninni að þessu sinni.

Margir jólamarkaðir eru í París og má þar nefna markaði á Champs-Élysées, Germain, Montparnasse og La Defense.

Jólamatur er í hávegum hafður í desember og hægt er að smakka jólamat Frakkanna, kalkún með kastaníum, ostrur og gæsalifrarkæfu, foi gras. Þá borða allir Frakkar bûche de Noël sem er rúllukaka. Heitt rauðvín er algengt á mörkuðum.



Havaí hefur lögleitt hjónaband samkynhneigðra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brúðkaup samkynhneigðra auka hagnað

Ríkisstjóri Havaí, Neil Abercrombie, skrifaði nýlega undir lög sem leyfa hjónaband samkynhneigðra í ríkinu. Þetta getur að öllum líkindum leitt til þess að hagnaður eyjaklasans af ferðamönnum muni aukast mikið.

Í Washington Post er því haldið fram að Havaí hafi með þessari lagabreytingu styrkt ferðamannabransann í landinu til muna. Þar er greint frá því að háskólinn á Havaí hafi reiknað út að fjölgun brúðkaupa samkynhneigðra á eyjunum muni auka hagnaðinn um 217 milljónir dollara eða 26 milljarða króna á næstu þremur árum. Gengið er út frá því að samkynhneigð pör muni í auknum mæli ferðast til Havaí til að halda brúðkaup sín og veislur þar, og fara í brúðkaupsferðir. Þó er talið að hagnaðurinn muni með tíð og tíma jafnast út eftir því sem fleiri ríki lögleiða giftingu samkynhneigðra.





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**UPPLESTUR OG GRÝLUGLEÐI**
**Góðir gestir verða í Skriðuklaustri um helgina. Í dag lesa Jón Kalman, Vigdís Gríms, Andri Snær, Bjarki Bjarna og Sigríður Þorgríms upp úr bókum sínum. Á morgun er árviss Grýlugleði með jólakökuhlaðborði á eftir. www.skriduklaustur.is**


**NÁMSAÐSTOÐ**
**á lokasprettinum fyrir jólaprófin**
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233












# Í TAKT VIÐ TÍMANN

**ORDABOK.IS KYNNIR** *Ordabok.is hefur að geyma ný orð og nútímaleg. Hún er ein besta heimild yfir orðaforða nútímans og inniheldur allan grunnorðaforða Íslendinga. Ordabok.is eykur slagkraft í frammistöðu á prófum.*

Ordabok.is er orðabókavefur sem hefur að geyma mjög stórar ensk-íslenskar og íslensk-enskar orðabækur. Þær eru ein besta heimild sem til er yfir orðaforða nútímans þegar kemur að pörun þessara tveggja tungumála,“ segir Matthías Magnússon, ritstjóri Orðabókar.is.

„Þetta eru ekki orðabækur sem bjóða upp á orðaforða sem var í notkun upp úr miðri síðustu öld heldur hefur verið lögð áhersla á að safna þeim orðum sem mest eru notuð í dag og síðustu tvo til þrjá áratugi, enda er þarna um að ræða tímabil þar sem gífurlegar þjóðfélags-, fjármála-, efnahags- og tæknibreytingar hafa orðið. Orðabækurnar á ordabok.is endurspegla þessar breytingar hvað orðaforða varðar, en hafa auðvitað líka að geyma allan grunnorðaforða Íslendinga,“ útskýrir Matthías.

Orðabækurnar á ordabok.is eru um 110.000 uppflettiorð hvor fyrir sig.

„Þær henta mjög vel fyrir skólafólk, ekki síst á síðustu metrunum fyrir próf, því þær flýta margfalt fyrir uppflettingum og bjóða auk þess upp á glósumöguleika sem gefur færi á að safna saman þeim orðum sem þörf er á að læra. Þannig stuðla þær að auknum slagkrafti í frammistöðu á prófum,“ segir Matthías um orðabækurnar sem henta einnig vel fyrir fyrirtæki, þýðendur og alla sem vilja fletta upp orðum með lítilli fyrirhöfn.

Nefna má að flest stærstu fyrirtæki á Íslandi eru með ordabok.is í sinni þjónustu, svo og fjölmargar ríkisstofnanir.

Aðspurður um þýðingatól eins og Google Translate á netinu svarar Matthías:

„Við uppflettingar og þýðingar er mikilvægt að hafa við höndina nokkur uppsláttartæki, því ekkert eitt rit eða tæki getur svarað öllum spurningum. Um leið þarf að átta sig á gæðum hvers um sig. Venjulegar orðabækur, í bók eða í tölvutæku formi, eru oftast gerðar og yfirfarnar af manneskjum. En þýðingartól eins og Google Translate safnar gögnum á vélrænan hátt og þarf að taka niðurstöðum þess með fyrirvara.



**Á ENGAN SINN LÍKA**
Matthías Magnússon er ritstjóri ordabok.is. Hann segir orðabækurnar henta námsfólki vel á síðustu metrunum fyrir próf því þær flýti margfalt fyrir uppflettingum og bjóði upp á þægilegan glósumöguleika.
MYND/VALLI

Á þetta einkum við um hin nýrri orð í tungumálunum.“

Matthías nefnir dæmi um leit að „hálspillu“ á Google Translate.

„Þá kemur þýðingin „neck pill“ og „stjórnlaganefnd“ er þýtt sem „Board Legal Committee“. Hjá ordabok.is eru þýðingarnar aftur á móti „lozenge, pastille“ og fleira og „constitutional commission“, sem eru hin réttu hugtök í þessu sambandi.“

Hægt er að fara inn á ordabok.is til að kynna sér hvaða áskriftarmöguleikar eru í boði.

„Flestum kemur þægilega á óvart hversu hagstætt verðið er, enda eru áskrifendur margir og þá þarf hver áskrift ekki að kosta mikið,“ segir Matthías.

**Sjá nánar á www.ordabok.is**


**HÓTEL STJÓRNUN**
**HOTEL MANAGEMENT**
for further information visit www.cesarritz.is or phone the office at 594 4000

WWW.MK.IS
Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI • UNIVERSITY LEVEL

César Ritz
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

**Viltu starfa á alþjóðavettvangi?**
**Do you want to work abroad?**

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum.

Nemendur útskrifast með alþjóðlegt skírteini í hótelstjórnun og geta í framhaldi lokið BA námi í Sviss.

Námið fer fram á ensku.

An exciting new option for those who hold a university entrance certificate or a vocational certificate in the hospitality industry. Students graduate with a certificate in Hotel and Restaurant Operations and may continue their studies towards a BA degree at César Ritz Colleges in Switzerland.



INNRITUN FYRIR VORÖNN STENDUR YFIR / ENROLLMENT FOR SPRING SEMESTER IS NOW








**TRÖLLIN** Framhaldssagan Þegar jólin komu til Tröllalands verður birt á barnaefni.is á aðventunni.

# TRÖLL FYRIR BÖRN

**BARNAGAMAN** *Á morgun opnar vefsíðan Barnaefni.is á netinu. Þar verður að finna íslensk ævintýri, leikrit, viðtöl við börn, fróðleik, tónlist og fleira.*

Sem foreldrar þekkjum við af eigin raun hversu erfitt er að finna íslenska, skemmtilega og örugga afþreyingu fyrir börn á netinu. Það á ekki síst við nú þegar jólin nálgast, skólafríin byrja og börn verða meira heima við," segir Sindri Bergmann Þórarinsson, einn aðstandenda vefsíðunnar Barnaefni.is.

„Hugmyndin kviknaði þegar við sáum að við höfðum allt sem til þurfti til að búa til vefsvæði sem tileinkað væri börnum og hugsað alfarið út frá þeirra þörfum."

Sindri stofnaði fyrirtæki utan um barnaefni.is ásamt Andra Franklín bróður sínum árið 2008.

„Allar götur síðan höfum við unnið að skemmtilegum hugmyndum fyrir börn og núna svo heppnir að starfa með rétta fólkinu sem smellpassar við hugmyndir okkar um áhugavert efni fyrir börn."

Fyrirtækið hefur áður gefið út þjóðsögur og ævintýri á geisladiskum og sett upp jólaleikrit með Ladda. Þegar fram líða stundir verður margt af eldra efninu aðgengilegt á barnaefni.is.

„Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrirtækið var stofnað og nú hafa bæst við hópinn leikararnir Viktor Már Bjarnason og Jana María Guðmundsdóttir. Þau leika meðal annars í Tröllalandinu, sem er jólaævintýrið okkar, og börnum býðst að hlusta á á vefsíðunni á aðventunni," segir Sindri, sem skrifaði og leikstýrði Tröllalandinu. Björn Ómar Guðmundsson sá um kvikun á verkinu og Jóhann Leó Lindu Birgisson teiknaði sögupersónurnar.

„Auk spennandi ævintýra verður boðið upp á frábær viðtöl við krakka um þá sjálfa og það sem þeim finnst skemmtilegt, frumsamda tónlist sem ætluð er krökkum, fjölbreytt fræðsluefni og margt, margt fleira," útskýrir Sindri.

Þegar barnaefni.is opnar á morgun geta krakkar horft á viðtal við Sylvíu Ósk, sem vann hæfileikakeppni Tónabæjar með frumsömdu lagi og syngur fyrir áhorfendur. Einnig verður viðtal við strákinn Viktor Nóa sem segir frá klifuráhugamáli sínu og sýnir hvar og hvernig honum finnst skemmtilegast að klifra.

„Af nógu er að taka og börn geta daglega fundið nýtt efni því vefsíðan er í stöðugri þróun. Þá tökum við fagnandi góðum hugmyndum frá krökkum um hvers kyns efni mætti bæta við á síðuna. Þetta er bara bábyrjunin því svo miklu meira efni er í vinnslu," segir Sindri.



**BARNGÓÐ** Hópurinn á bak við Barnaefni.is. Frá vinstri: Andri F. Þórarinsson, Björn Ómar Guðmundsson, Jana María Guðmundsdóttir, Viktor Már Bjarnason og Sindri Bergmann Þórarinsson, sem hangir. Á myndina vantar Jóhann Leó Lindu Birgisson og Ingvar Alfreðsson.



**DULARFULLT** Neðanjarðar-Birgir leitar dularfullra svara í ekkert svo dularfullum málum.



**SYLVÍA ÓSK** Jana María Guðmundsdóttir með Sylvíu Ósk sem sigraði í hæfileikakeppni Tónabæjar.

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# TRYGGIR HEILBRIGÐA ÞVAGRÁS

*Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu í slímhúð þvagrásar og bakteríunni skolar út með þvaginu. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan hjálpar líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum og einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Hápróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás.*

**Hylkin innihalda:**

- Trönuberjaþykkni (Cranberry extract 36mg PACs)
- Mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, Styrkur: 1 milljarður)
- A-vítamín 320µg (900 iu, 40% af RDS)




**Notkunarleiðbeiningar*:**

*Tvö hylki einu sinni til tvisvar á dag með mat til að fyrirbyggja þvagfærasýkingu.*

***Á meðgöngu:***

*Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur.*

*Áður en inntaka hefst er alltaf mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk.*

***Börn undir 12 ára:***

*Mælt er með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.*

**Ef fagfólk ráðleggur þér aðra skammtastærð, þá skal fylgja því.*

# LÆKKAÐU KÓLESTERÓL Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** *Ateronon-fæðubótarefni markar tímamót þegar kemur að því að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfis.*

Ateronon er fyrsta og eina fæðubótarefnið sem inniheldur líffræðilega virkt lycopene. Eitt hylki af Ateronon á dag getur hamlað oxun LDL-kólesteróls í blóði, allt að 90% á átta vikum. Virka efnið í Ateronon er lycopene, öflugt andoxunarefni sem Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans. Lycopene er náttúrulegt andoxunarefni sem finnst í tómötum og öðrum rauðum ávöxtum. Ateronon var þróað með það að markmiði að gera náttúrulega vöru sem hefur skýran, vísindalegan ávinning og jákvæð langtímaáhrif á líf fólks.

Vísindamenn í Cambridge hafa í samstarfi við matvælafyrirtækið Nestlé uppgötvað nýja leið til að gera lycopene líffræðilega virkt svo líkaminn geti nýtt það betur en áður hefur þekkst. Ateronon er einstakt efni og er einkaleyfisskráð uppgötvun á náttúrulegu efni.

Hömlun oxunar á LDL-kólesteról er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist í slagæðum. Ateronon bætir að auki blóðflæði um allan líkamann. Fyrirstaða í æðum gerir það að verkum að blóð hefur ekki eins greiða leið út í líkamann og getur valdið heilsutjóni. Ateronon er auk þess eina fæðubótarefnið sem með góðum árangri hamlar oxun LDL-kólesteróls og er staðfest með rannsóknum. Ateronon má taka með lyfseðilsskyldum lyfjum. Það er unnið á náttúrulegan hátt og hefur engar þekktar aukaverkanir.

Fólk sem þolir ekki soja, tómata eða mysuprótein getur ekki notað vöruna. Hylkin innihalda ekki erfðabreytt efni (GMO free).



**100 krónur af hverjum pakka renna til söfnunarátaks Hjartaheilla fyrir nýju hjartaþræðingartæki.**



**GÓÐ LAUSN** Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Ateronon hafi vakið mikla athygli lækna.




## UMSAGNIR SÉRFRÆÐINGA:

*„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL-kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum til langs tíma.“*
***Dr. Howard Sesso, aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvard-háskóla í Boston***

*„Æðakölkun, þrengingar af völdum kólesteróls í slagæðum, er stór áhættuþáttur þegar til heilablóðfalls kemur. Við vitum að andoxunaraefnaríkt mataræði er ákjósanlegt til að minnka þrengingarnar og við fögnum niðurstöðum þessara rannsókna.“*
***Dr. Peter Coleman, rannsóknarforstjóri samtaka um heilablóðfall á Bretlandi***

*„Algjörlega ný leið í meðferð við háu kólesteróli í blóði.“*
***Prófessor Anthony Leeds stjórnarmaður í HEART UK***

# YES LÍFRÆNT SLEIPIEFNI

*Konur sem eru komnar á breytingaskeiðið, hafa nýlega eignast barn, verið í meðferð við krabbameini eða vegna langtíma veikinda, eiga oft við þurrk í leggöngum að stríða.*

Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar um heim. „Ummæli neytenda um vöruna hafa verið mjög jákvæð og hafa læknar í Bretlandi einnig mælt með því að konur sem stríða við þurrk í leggöngum noti vöruna,“ segir hún.

„Yes sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem er hægt að nota með gúmmíverjum,“ útskýrir Birna og bætir við að einnig sé fáanlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignahugleiðingum. Pakkningin inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglosunarpróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Fjallað hefur verið um þetta nýja lífræna efni í mörgum helstu tímaritum í Bretlandi. Þar er meðal annars haft eftir Anne Brember, yfirhjúkrunarfræðingi á krabbameinsdeild á Basingstoke og North Hants Hospital í Bretlandi:

„Ég finn að Yes lífræna sleipiefnalínan er kærkomin lausn fyrir skjólstæðinga okkar sem þjást af þurrki í leggöngum og á kynfærasvæði í kjölfar krabbameinsmeðferðar. Konurnar upplifa efnið á þægilegan hátt á viðkvæmri slímhúðinni auk þess sem það veitir þeim þægilega öryggistilfinningu á ný í tengslum við kynlíf.“



YES línan er sérstaklega hönnuð fyrir konur sem stríða við þurrk í leggöngum og slímhúð.

- ✔ YES sleipiefnin eru unnin úr lífrænum innihaldsefnum og hafa hlotið lífræna vottun frá The Soil Association, Bristol UK.
- ✔ YES sleipiefnin innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina.
- ✔ YES sleipiefnin klístrast ekki og eru rakagefandi fyrir slímhúðina.
- ✔ YES sleipiefnin má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir.

**Nánari upplýsingar eru á www.icecare.is**

YES línan fæst í apótekum og heilsuverslunum.

# HAIR VOLUME STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

*Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með.*

Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég líka með töluvert hárlos vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlosið.

Ég byrjaði að nota Hair Volume í ágúst. Ég og hárgreiðslukonan mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með,“ segir Margrét Viðarsdóttir.



**MARGRÉT VIÐARSDÓTTIR**




## HJÁLP FYRIR HÁRIÐ

### NÝ UPPFINNING

**Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.**

Hinsegin bókavaka á laugardaginn kl. 18
í IÐU Zimsen Vesturgötu 2a

IÐA

Sjón og Jónína Leósdóttir lesa úr og ræða nýútkomnar bækur sínar auk þess sem lesið verður úr fleiri verkum. Kynnir kvöldsins er Þorvaldur Kristinsson. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir!




IÐA ZIMSEN Vesturgata 2a 101 Reykjavík sími 511-5004



FÁTÆKT

Fátæktin er erfið, því hún stelur vonum og draumum.

*12 ára drengur á höfuðborgarsvæðinu*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Styrktu verkefni Barnaheilla og sendu SMS með textanum **„jol“** í síma **903 1510 - 903 1520 - 903 1550** fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.

**www.jolapeysan.is**



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT




Gæsalifrarkæfan hans Sigvalda er ljúffeng.



Grafin gæs sem Sigvaldi hefur veitt og grafið sjálfur.



Einiberjagrafið dádýr á veislubakka.

# JÓLAVEISLA ÚR ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

**JÓL VEIÐIMANNSINS** *Fjölmargir veiðimenn nýta jólahátíðina til að elda gómsæta rétti úr veiði sumarsins og haustsins. Villtur lax, rjúpa, gæs og önd eru meðal þeirra hráefna sem sjást á borðum veiðimanna.*

Sigvaldi Jóhannesson, matreiðslumaður í mötuneyti Tækniskólans í Reykjavík, er einn fjölmargra veiðimanna hérlendis sem eldar jólamatinn úr því sem hann hefur veitt eða skotið. Sjálfur ólst hann upp með veiðistöng í hendi en hóf þó ekki skotveiðar fyrr en fyrir sjö árum. Í ár verður boðið upp á rjúpur, gæs og önd yfir jólin og hlakka fjölskyldumeðlimir mikið til. „Veiðar eru stór hluti af lífi mínu. Ég er mikið í laxveiði á sumrin auk þess sem skotveiðar hafa bæst við síðustu árin. Segja má að rjúpan sé fastur réttur á jólaborði fjölskyldunnar auk þess sem önd og gæs skipa oft stóran sess þar. Auðvitað elda ég líka þennan klassíska hamborgarhrygg enda finnst konunni og börnunum hann alltaf jafn góður.“

**GÆSAPOTTRÉTTUR Í UPPÁHALDI**
Uppáhaldsréttur Sigvalda er þó gæsapottréttur sem hann segir sérstaklega ljúffengan. „Þetta er einfaldlega geðveikur pottréttur. Ég elda hann oft um jólin og bara alltaf þegar tækifæri gefst til. Hann er í sjálfu sér einfaldur í framkvæmd þótt það taki smá tíma að elda hann. Bláberjasultan gefur dásamlegt bragð ásamt villisveppaostinum og grænmetinu. Með pottréttinum ber ég yfirleitt fram heimagert rauðkál og rótargrænmeti.“

**VILLIBRÁÐIN ER HOLL OG GÓÐ**
Þegar Sigvaldi er ekki að elda ofan í svanga framhaldsskólakrakka sér hann um matreiðslu í ýmsar veislur, bæði stórar og smáar, undir nafninu Matur ehf. „Villibráðarveislur eru mjög vinsælar á þessum árstíma og þar vinn ég allt frá grunni, reyki til dæmis sjálfur svartfuglinn sem ég veiði, skýt og úrbeina hreindýrið, gref gæsina og laxinn og laga gæsalifrarkæfuna sjálfur frá grunni. Þar elda ég alltaf úrval rétta úr íslenskri villibráð og vekja réttirnir alltaf jafn mikla lukku. Íslenska villibráðin er sérstaklega góð, holl og fitulítil og býður upp á óendanlega möguleika í matreiðslu.“





**Úrval af villibráð; reyktur svartfugl, gæsalifrarkæfa, grafin gæs og krónhjörtur. Íslenskt hreindýr sem Sigvaldi skaut, borið fram með rauðkáli, waldorf-salati, rótargrænmeti og önd.**

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI



**Sigvaldi Jóhannesson, matreiðslumaður og veiðimaður, ásamt hundinum Boss eftir góðan veiðidag.**

**UPPÁHALDS GÆSAPOTTRÉTTURINN**

**1 laukur**
**2 gulrætur**
**Ferskt rósmarín, nokkrar greinar**
**Ferskt garðablóðberg, nokkrar greinar**
**2 gæsalæri**
**2 gæsabringur**
**1 villisveppaostur**
**2 matskeið bláberjasulta**
**Smá púrtvín**
**Kjúklingakraftur, 1½ teningur**
**Smælki (litlar kartöflur)**
**1 dl rjómi**
**Maizena-mjöl**

Grænmeti og gæs er brúnað á pönnu. Salti og pipar er stráð yfir allt saman. Vatni bætt út í og látið flæða rétt yfir hráefnið og soðið í tvær klukkustundir.

Allt hráefnið sigtað í sér pott og gæsin skorin í bita út í. Villisveppaostur skorinn í litla bita og bætt út í ásamt bláberjasultu, kjúklingakrafti og smá púrtvíni. Rjóma bætt út í og þykkt með maizenamjöli. Smælkinu bætt út í sósuna. Borið fram með rauðkáli og rótargrænmeti. ■ **starri@365.is**



**Sigvaldi ásamt tengdaföður sínum og hundinum Boss eftir góða veiði á grágæs og stokkönd.**

**FITULÍTIL**

„Íslenska villibráðin er sérstaklega góð, holl og fitulítil og býður upp á óendanlega möguleika í matreiðslu.“

Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16

# 24 Dagar til Jóla

Jóladagatal á Facebook
Nýtt sértilboð á hverjum degi í Desember.

## Vision, stærsti fluguveiðiframleiðandinn í skandinavíu



Vision Subzero Primaloft Jakki
Verð: 37.990



Vision Vöðlujakkar
Verð frá: 29.990



Vision Fluguveiðihjól
Verð frá: 12.900



Vision Loikka Vöðluskór
Verð: 36.900



Vision Fluguveiðistangir
Eitt landsins mesta úrval af fluguveiðistöngum
Verð frá: 29.900



Vision Caribou Veiðivesti
Verð: 19.990



Vision Fluguveiðisett
Verð: 29.990



Vision Veiðigleraugu
Verð frá: 8.990



Vision Keeper Vöðlur og Skór
Tilboðsverð: 29.900
Verð áður: 52.800



Vision Kura Vöðlur
Verð: 59.900




Vision Fluguveiðilínur
Verð frá: 7.990



Vision Töskur
Verð frá: 9.900

Finndu okkur á facebook
facebook.com/veidivorur

Skannaðu kóðann til að heimsækja facebook síðuna okkar.

WILLIAM JOSEPH · NOREIN® · VISION FLY FISHING · Badlands · SALMO

# GEFANDI GJAFAKÖRFUR



Þeir sem vilja gefa óvenjulegar jólagjafir og láta um leið gott af sér leiða geta gefið Gefandi gjafakörfu frá UNESCO. Gjafakarfan er full af bóluefnum, námsgögnum, lyfjum og fleiri gagnlegum hlutum fyrir bágstödd börn. Gefandi gjafakarfan kemur börnum víða um heim til góða og hefur slegið í gegn undanfarin ár. Sá sem gefur körfuna fær fallegt gjafabréf sem hann getur sent ættingja eða vini og þannig gefið körfuna í nafni þeirra. Þau sem njóta gjafarinnar eru bágstödd börn víða um heim. Vöruhús UNESCO senda gögnin til einhverra þeirra landa þar sem þau starfa og miðast sendingin við hvar þörfin er mest hverju sinni.

Karfan inniheldur til dæmis ormalyf sem vernda 150 börn gegn sníkjudýrasýkingu en á hverju ári deyja 150.000 börn í heiminum af völdum sníkjudýrasýkinga. Í henni er einnig bóluefni gegn mislingum fyrir 25 börn en mislingar eru banvænn sjúkdómur í mörgum fátækustu ríkjum heims. Einnig inniheldur hún 20 stílabækur og 20 blýanta fyrir skólabörn og 38 pakka af vítamínbættu jarðhnetumauki og orkukex sem getur gjörbreytt lífi vannærðs barns.







**ÍSLENSK HÖNNUN** Fjölbreytt hönnun verður til sýnis og sölu í Hörpu um helgina. MYND/ÚR EINKASAFNI

# MARKAÐUR MEÐ HÖNNUN Í HÖRPU

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Tveir „pop up"-markaðir með íslenska hönnun verða haldnir í Hörpu. Sá fyrri hefst í dag og þar sýna og selja um 20 íslenskir hönnuðir vörur sínar.*

Þessa helgi og næstu helgi verður settur á fót „pop up"-hönnunarmarkaður í Hörpu í Reykjavík. Hópurinn sem stendur á bak við markaðinn hefur starfað í fimm ár og sett upp nokkra slíka markaði í Reykjavík en þar kemur saman fjöldi hönnuða úr ólíkum áttum. „Pop up"-markaðurinn er settur upp tvisvar til þrisvar á ári og þá gjarnan í kringum stærri viðburði eins og Hönnunarmars og menningarnótt og svo alltaf kringum jólahátíðina. Að sögn Þóreyjar Bjarkar Halldórsdóttur, fatahönnuðar og eins skipuleggjenda markaðarins, taka um 40 hönnuðir þátt í honum yfir þessar tvær helgar. „Þarna verður mikið úrval af spennandi og fallegri íslenskri hönnun til sýnis og sölu. Nefna má tískuvörur, skartgripi, heimilisvörur, leikföng, barnaföt, jólakort og margt fleira. Við reynum að skipta þessu upp þannig að samsetning hönnuða sé ekki sú sama á báðum mörkuðum. Þannig hafa þeir hvor sitt sérkennið og gestir geta hiklaust mætt á báða."

Eitt markmið slíkra markaða, að sögn Þóreyjar, er að efla liðsheild innan hönnunar hérlendis og gefa nýjum hönnuðum þessara fagstétta verðskuldaða kynningu. „Við sem stöndum að þessum viðburðum leggjum ríka áherslu á að hönnun á Íslandi sé sýnileg almenningi og flétti saman samband hönnuða og neytanda. Enda hafa þessir viðburðir verið vel sóttir undanfarin ár og aðsóknin er alltaf að aukast meir og meir. Svo er auðvitað upplagt fyrir fagurkera á öllum aldri að gera góð kaup fyrir jólin og velja íslenska hönnun í jólapakkann."

Þetta er þriðja árið í röð sem Harpa er lögð undir jólamarkaðinn og segir Þórey mikla ánægju vera meðal hönnuða með staðsetninguna enda stutt frá miðbænum og stöðugur straumur gesta, bæði innlendra og erlendra.

Fyrri markaðurinn er þessa helgi í Hörpu og sá síðari næstu helgi, dagana 7.-8. desember. Opið er kl. 12-18.



**FALLEG HÖNNUN** Um 40 hönnuðir taka þátt í „pop up"-markaði í Hörpu næstu tvær helgar. MYND/DANÍEL


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

húsfélag.is
HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN

Á ekki að gera sameignina hreina fyrir jólin!

Nú er rétti tímin til að gera sameignina hreina fyrir jólin.
Húsfélagaþjónustan ehf býður djúphreinsun á teppinu og óhreinindavörn eftir hreinsun ef óskað er eftir því.
Einnig bjóðum við alþrif á veggjum,gluggaþvott og reglubundna ræstingu á sameigninni

Hægt er að panta þrif í síma 555-6855 eða senda tölvupóst á husfelag@husfelag.is www.husfelag.is





# Ríkt trúarlíf einkennir hamingjusama

**Biskup Íslands hvatti til söfnunar innan þjóðkirkjunnar um síðustu áramót til að styrkja kaup á línuhraðli fyrir Landspítalann. Sú söfnun hefur staðið yfir í kirkjum landsins síðan og lauk á sunnudag. Af því tilefni flutti Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, áhrifamikið ávarp. Þar þakkaði hann biskupi og söfnuðum landsins fyrir. Hann sagði sömuleiðis frá hamingjurannsóknum sem hafa verið honum hugleiknar en niðurstöður þeirra gefa til kynna að ríkt trúarlíf einkenni þá sem hamingjusamastir eru**

Með leyfi Páls er hér birtur hluti ávarpsins en það má lesa í heild sinni á vef þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is

„Það er mér sérstök ánægja að standa hér í dag í þessari glæsilegu kirkju fyrir framan ykkur. Tilefnið er líka einstaklega ánægjulegt. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, greindi frá því í apríl síðastliðnum að ákveðið hefði verið að safna fyrir línuhraðli á Landspítalanum, en hún tók þá ákvörðun að hvetja söfnuði landsins til að safna fyrir þessu tæki í samráði við fyrrverandi forstjóra. Línuhraðall er grundvallartæki við geislameðferð á öllum tegundum af krabbameini, algjörlega nauðsynlegt við nútíma lækningar, en líka ákaflega dýrt tæki og kostar hundruð milljóna króna. Landspítalinn einn og sér á sínum ríkisfjárlögum hefur ekki bolmagn til að fjármagna svona tæki að fullu og þarf að reiða sig á gjafmildi og hlýhug borgaranna um margar nýjungar og þetta er með dýrustu tækjakaupum sem ráðist hefur verið í. Því var það ómetanlegt að biskup skyldi taka þessa ákvörðun og frábært og í raun ótrúlegt að verða vitni að því síðan hvernig kirkjur landsins og söfnuðir hafa tekið sig saman og efnt til söfnunar, samskota og átaks til að leggja málefninu lið.“ [...]

„Landspítali snýst um almannaheill og er lykilhlekkur í heilbrigðiskerfinu og þar með í því samfélagi sem við viljum eiga. En af því að hann er stór og af því að það kostar mikla peninga að reka hann og af því að það er flókið að byggja hann upp, þá er eins og stjórnvöld veigri sér stundum við verkinu. Þegar á stangast vel afmarkaðir sérhagsmunir annars vegar og almannaheill hins vegar þá kennir reynslan okkur að almannaheillin víkur oftar, því miður. Sá niðurskurður sem þjóðarsjúkrahúsið hefur þurft að þola undanfarinn áratug er með ólíkindum og okkur sem þjóðfélagi til skammar. Spítalinn hefur sparað ríkinu 41,7 milljarða króna með niðurskurði undanfarin 6 ár og er nú kominn að fótum fram – er það það sem við, fólkið í þessu landi, vildum? Þrátt fyrir tiltekin áform í aðdraganda kosninga þá tala verkin og það er ljóst að stefnumörkun stjórnvalda í raun undanfarinn áratug hefur orðið sú að veikja þjóðarsjúkrahúsið og draga úr þjónustu þess. Ég vona svo sannarlega að botninum sé náð og komið sé að því að veita Landspítalanum þá viðspyrnu og það fé sem hann þarf til að rækja sitt hlutverk af sóma, með stoltu og vel höldnu starfsfólki, sem sinnir hinum sjúku í nútíma byggingum með nútíma tæki.



**Sterk og heit trú og ríkt trúarlíf einkennir mjög þá sem sáttastir eru.**

Páll Matthíasson

Þess vegna, í þessu ljósi, er einstaklega ánægjulegt að skynja þann velvilja og skilning sem söfnuðir landsins sýna hlutverki Landspítalans sem þjóðarsjúkrahúss sem vinnur að almannaheill.

Ég hef lengi haft mikinn áhuga á hamingjunni í öllum sínum myndum. Þar er ég eflaust ekki frábrugðinn öðrum hér inni, en ég hef í starfi mínu sem geðlæknir reynt að nálgast hamingjuna með gleraugum vísinda- og fræðimannsins. Þannig hélt ég, m.a. í nokkrum kirkjum landsins, töluvert af fyrirlestrum um áhrifaþætti hamingjunnar í lífi fólks mánuðina eftir hrunið mikla haustið 2008, í von um að geta hjálpað fólki að setja áföllin í samhengi. Mér hefur alltaf þótt það sérlega áhugavert að skoða hvað það er sem einkennir hamingjusamt fólk, fólk sem er „sátt við Guð og menn“ eins og sagt er. Það er tvennt sem er sérstaklega áberandi í fari þeirra sem hamingjusamastir eru: Annað er trúin. Sterk og heit trú og ríkt trúarlíf einkennir mjög þá sem sáttastir eru. Fyrir því eru vafalaust ýmsar ástæður; trúin boðar fagnaðarerindið og gefur fólki leið til að sjá líf sitt og hlutverk í samhengi. Trúin er líka tæki til að hjálpa fólki að fyrirgefa og sætta sig við hluti sem maður fær ekki breytt en það að geta fyrirgefið er eitt öflugasta tækið til að komast yfir erfiða hluti, sérstaklega ef maður hefur verið beittur órétti eins og kemur fyrir alla einhvern tímann. Sú auðmýkt sem trúin boðar er ábyggilega líka stór þáttur í því að ná sátt – við sjálfan sig, en líka við aðra. Síðast en ekki síst þá er það samfélag hinna trúuðu. Fólk sem er virkt í safnaðarstarfi hittir aðra og það er svo sannarlega svo að maður



MYND/GVA

er manns gaman, það er vel þekkt að fólk sem á í miklum samskiptum við aðra er hamingjusamara en þeir sem einmana eru. Þannig er trúin ákaflega mikilvæg og áberandi hjá þeim sem hamingjusamir eru. Hitt atriðið sem einkennir þá hamingjusömu getur verið óháð trú, en það er að taka þátt í óeigingjörnu samfélagsstarfi sem leiðir gott af sér. Það er hamingjuaukandi.

Þá kem ég að kjarna málsins – það frábæra átak sem biskup boðaði á vordögum og sem söfnuðir landsins hafa rækt áfram með óeigingjörnu söfnunarstarfi er dæmi um gefandi samfélagsstarf. Þetta frábæra átak verður ekki aðeins til góðs fyrir Landspítalann og þar með almannaheill heldur vona ég að það verði líka hamingjuaukandi fyrir allt það góða fólk sem að söfnuninni hefur staðið og sem við stöndum í þakkarskuld við.“

# Öflugt starf á aðventu

Hallgrímskirkja mun skarta sínu fegursta á aðventu, jafnt í messuhaldi, tónleikum og fjölskrúðugu mannlífi. Aðventudagskrá hefst á morgun.

Allir þekkja Hallgrímskirkju, enda sést hún víða frá," segir Jón Dalbú Hróbjartsson sóknarprestur. „Það vita hins vegar ekki allir hversu mikið starf fer fram hér innandyra, sérstaklega á aðventu. Við byrjum í fyrramálið kl. 11 en þá er hátíðarmessa með biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur, en um leið fer í gang jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar," segir hann ennfremur.

„Á aðventunni verða tólf messugjörðir á sunnudögum og um hátíðir. Aðra daga vikunnar eru 22 bæna- og kyrrðarstundir. Prestar hér sinna einnig þjónustu á Droplaugarstöðum en þar verða fimm helgistundir í desember," segir Jón Dalbú en annasamur tími er að ganga í garð hjá prestum.

„Á vegum Hallgrímskirkju verða ellefu jólatónleikar á aðventu. Fyrstu tónleikarnir verða á morgun með Schola Cantorum sem einnig verður með hádegistónleika á miðvikudögum til jóla. Mótettukórinn verður síðan með jólatónleika um næstu helgi. Einnig verða organistarnir með sína tónleika," greinir Jón frá og bætir við að fimm aðrir kórar verði með tónleika í kirkjunni í desember, þar á meðal Karlakór Reykjavíkur."

Mikið líf er alltaf í og við Hallgrímskirkju. Jón Dalbú segir að um 1.000-1.500 erlendir ferðamenn komi daglega í heimsókn og ekkert lát sé á því þótt komið inn sé vetur. „Ferðamennirnir setja mikinn svip á kirkjuna og allt umhverfið í kringum hana. Við reynum að taka vel á móti öllu þessu fólki en margir setjast inn og hlusta á æfingar. Við finnum fyrir þakklæti þessa fólks fyrir að fá að hlusta á fallega músík eða eiga með okkur kyrrðarstund."

Prestar kirkjunnar eru Jón Dalbú og Birgir Ásgeirsson. Einnig er starfandi í kirkjunni Irma Sjöfn Óskarsdóttir héraðsprestur.

Hallgrímskirkja er með heimasíðu þar sem hægt er að kynna sér dagskrána í desember, www.hallgrimskirkja.is.



Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, segir að nú sé annasamur en skemmtilegur tími fram undan í kirkjunni. MYNDIR/GVA



Sextán jólatónleikar verða í Hallgrímskirkju á aðventunni. MYND/GVA

## HELGIHALD Á AÐVENTU OG JÓLUM Í HALLGRÍMSKIRKJU

**1. des. 1. sd. í aðventu**
- Hátíðarmessa og barnastarf kl. 11.00.
- Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, predikar.
- Upphaf jólasöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar.
- Mótettukórinn syngur.

**8. des. 2. sd. í aðventu**
- Messa og barnastarf kl. 11.
- Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir predikar.
- Karlakór Reykjavíkur syngur.

**15. des. 3. sd. í aðventu**
- Messa og barnastarf kl. 11.00.
- Sr. María Ágústsdóttir predikar.
- Kvennakór Háskóla Íslands syngur
- Christmas Carols kl. 14.00.

**22. des. 4. sd. í aðventu**
- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00 í umsjá Ingu Harðardóttur æskulýðsfulltrúa og sr. Jóns D. Hróbjartssonar.
- Jólasöngvar. Fiðlusveit úr Allegro-skólanum leikur,
- Jólakór barna í Hallgrímskirkju syngur.
- Áróra Gunnarsdóttir leikur á horn.

**24. des. aðfangadagur jóla**
- Aftansöngur kl. 18.00.
- Sr. Birgir Ásgeirsson predikar
- Miðnæturguðsþjónusta á jólanótt kl. 23.30.
- Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson predikar.
- Rannveig Káradóttir syngur einsöng.
- Mótettukórinn syngur í báðum athöfnunum.
- Jólatónlist flutt fyrir báðar athafnirnar af organistum kirkjunnar, Herði Áskelssyni og Birni S. Sólbergssyni.

**25. des. jóladagur**
- Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00
- Inga Harðardóttir æskulýðsfulltrúi predikar.
- Mótettukórinn syngur.

**26. des. annar í jólum**
- Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00 með Drengjakórnum.
- Sr. Birgir Ásgeirsson prédikar.

**29. des. sd. milli jóla og nýárs**
- Messa kl. 11.00.
- Sr. María Ágústsdóttir prédikar.
- Mótettukórinn syngur.
- Ensk messa kl. 14.00 í umsjá sr. Bjarna Þ. Bjarnasonar.

**31. des. gamlársdagur**
- Hátíðarhljómar kl. 17.00 í umsjá Harðar Áskelssonar kantors.
- Aftansöngur kl. 18.00. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson prédikar.
- Mótettukórinn syngur.

**1. jan. nýársdagur**
- Hátíðarmessa kl. 14.00.
- 400 ára afmælisár Hallgríms Péturssonar hefst.
- Sr. Birgir Ásgeirsson prédikar.
- Mótettukórinn syngur.

# Fékk fríkirkjuandann í vöggugjöf

Nýverið kom út saga Fríkirkjunnar í Hafnarfirði sem er 100 ára í ár. Fjölmargar skemmtilegar myndir prýða bókina.

Fríkirkjan í Hafnarfirði er 100 ára á þessu ári og af því tilefni gefur söfnuðurinn út sögu kirkjunnar sem ber titilinn Loksins klukknahljómur. Í bókinni er rakin saga safnaðarins sem var stofnaður að vori og byggði kirkju að hausti 1913. Hún er um leið saga mannlífs í bænum á sinn hátt og hefur fengið afar góðar viðtökur lesenda.

Sigríður Valdimarsdóttir, kennari og djákni við Fríkirkjuna í Hafnarfirði, er einn höfunda bókarinnar. „Ég tók að mér að vera með í ritun þessarar bókar því ég tel sögu kirkjunnar mjög merkilega og nauðsynlegt fyrir framtíðina að eiga aðgengilegar upplýsingar um söfnuðinn og það óeigingjarna starf sem hér hefur verið unnið. Að hugsa til þess að árið 1913 var hægt að stofna söfnuð og byggja kirkju með handaflinu einu saman og mikið í sjálfboðavinnu er ótrúlegt."

Höfundar lúslásu fundargerðabækur safnaðarstjórnar, kvenfélagsins og bræðrafélagsins auk fjölmiðlaefnis um söfnuðinn frá því fyrir 1913 og ýmsar aðrar heimildir. „Allt þetta efni notuðum við síðan til að skrifa söguna. Við fengum fjölmargar myndir til að birta í bókinni, áttum líka töluvert af þeim sjálf og enn aðrar voru teknar á meðan á vinnu við bókina stóð."

Sigríður er fædd inn í söfnuðinn, ef svo má segja. „Ég er mjög tengd kirkjunni og þá sérstaklega kvenfélaginu og öllu barnastarfi. Foreldrar mínir báðir voru í söfnuðinum og þeirra foreldrar einnig. Má því segja að ég hafi fengið fríkirkjuandann í vöggugjöf. Mamma var í kvenfélaginu í mörg ár, þar af varaformaður í samtals þrettán ár og það gerði hún þrátt fyrir að segjast ekki geta staðið upp á fundum og talað."

Bókinni fylgir diskur með Fríkirkjukórnum og einsöng Ernu Blöndal. Hún kostar 4.900 kr. og fæst í safnaðarheimilinu, Fjarðarkaupum, Blómabúðinni Burkna, Kirkjuhúsinu, á Hrafnistu, hjá Hár-Ellý og í vefverslun safnaðarins á www.frikirkja.is.



Sigrún Valdimarsdóttir er einn höfunda bókarinnar. MYND/GVA



Fríkirkjan og Hafnarfjarðarkirkja sjást hér um 1920. MYND/ÚR EINKASAFNI

**Basar Fríkirkjunnar Kefas**



Sunnudaginn 1. desember, fyrsta í aðventu, verður árlegur basar Fríkirkjunnar Kefas, Fagraþingi 2a í Kópavogi, **milli kl. 13-17**. Á basarnum verður happadrætti fyrir börn og fullorðna með flottum vinningum á öllum miðum! Heimabakað bakkelsi á góðu verði, fallegar gjafavörur, handverk, bækur, mynddiskar og tónlist. Einnig má kaupa sérlega vönduð kerti frá Heimaey í Vestmannaeyjum og rennur ágóðinn af þeirri sölu til sunnudagaskóla kirkjunnar.

Gómsætar vöfflur, rjúkandi kaffi eða gos verða til sölu og hægt verður að njóta veitinganna undir lifandi hátíðartónlist sem tónlistarhópur kirkjunnar flytur yfir daginn ásamt góðum gestum; hjónunum Evu Dögg og Einari, Ingunni Huld, Blokkflautuhópnum og hljómsveitinni GIG. Einnig verður hægt að skoða listaverk eftir sunnudagaskólabörn sem verða til sýnis í kirkjusalnum.

***Endilega lítið við, upplifið skemmtilega aðventu stemningu og gerið góð kaup!***

Capacent Ráðningar

# SÖLUMAÐUR

ÍSFELL www.isfell.is

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell veiðarfæragerðir á sex stöðum á landinu undir nafninu Ísnet. Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með góða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur.

**Ísfell óskar eftir að ráða sölumann í rekstrarvörudeild fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf fyrir einstakling sem sýnir frumkvæði og er metnaðarfullur og árangursdrifinn.**

**Helstu verkefni sölumanns í rekstrarvörudeild:**
- Sala á vörum Ísfells með áherslu á rekstrarvörur, til rekstrarvara teljast m.a. pökkunarlausnir (bindi- og plöstunarvélar) og hífibúnaður
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda við viðskiptavini fyrirtækisins með reglubundnum heimsóknum
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Samskipti við rekstrarstjóra Ísnets netaverkstæða
- Gerð kynningarefnis í samráði við sölu- og markaðsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Áhugi og metnaður til að vinna við sölu og að mynda viðskiptatengsl
- Öguð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulund og góð færni í mannlegum samskiptum
- Menntun með áherslu á sölu- og markaðsfræði

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsækjendur eru beðnir um skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína til að gegna starfinu.
Nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is)hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

# ERT ÞÚ ÁRANGURSDRIFINN EINSTAKLINGUR MEÐ MIKLA SAMSKIPTAHÆFNI?

1912

Heinz · Cocoa Puffs · Dove · Dole · Gott fæði · Neutral · Dan Sukker · Cheerios

## SÖLUFULLTRÚI NATHAN & OLSEN

### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ
- Almenn sölustörf og pantanataka í verslunum
- Uppröðun og eftirlit með vörum fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við sölustjóra

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Stúdentspróf æskilegt
- Reynsla af störfum á dagvörumarkaði skilyrði
- Stundvísi og reglufesta
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Viðkomandi einstaklingur yrði hluti af söluteymi Nathan & Olsen. Starfið felur í sér mikil samskipti við samstarfsaðila í verslunum. Vinnutími er virka daga frá kl. 8:30 til 16:30. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Frekari upplýsingar um starfið veitir sölustjóri: Þorsteinn Gunnarsson í s. 821-8407.

Nathan & Olsen sérhæfir sig í markaðssetningu á vörumerkjum á íslenskum dagvörumarkaði með því að nýta sérþekkingu starfsmanna, sölukraft og tengsl við birgja og viðskiptavini. Starfið miðar að því að tryggja aðgengi notenda vara að eftirsóttum vörumerkjum og tryggja skilvirkar dreifileiðir.

**1912** er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Það þjónar dótturfélögum sínum Nathan & Olsen, Ekrunni og Góðu fæði með því að samnýta mannauð, tæki og aðrar auðlindir til að ná fram hagkvæmni í rekstri. Jafnframt er 1912 samnefnari þeirra gagnvart starfsfólki sem er í dag 100 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfustöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík þar sem jafnframt er rekið vel útbúið mötuneyti. Að auki er starfsstöð á Akureyri.

Gildin sem starfsfólk hefur að leiðarljósi eru:
**Frumkvæði - Liðsheild - Áreiðanleiki - Ástríða**

### NÁNARI UPPLÝSINGAR
Áhugasamir um starf sendi umsókn með mynd á: **atvinna@1912.is** merkta: **Sölufulltrúi.** Greina skal frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast í starfi. Bæði kynin eru hvött til þess að sækja um starfið. Umsjón með ráðningu hefur Inga Guðrún Birgisdóttir, mannauðsstjóri. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðingu hefur verið tekin.
**Umsóknarfrestur er til 16. desember.**

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2010 · VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2011 · VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2012

Ekran · Nathan & Olsen hf



# Leiðtogi framleiðsluteyma í skautsmiðju

**Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum einstaklingi í starf leiðtoga framleiðsluteyma í skautsmiðju. Teymin vinna við framleiðsluferli skautsmiðjunnar, þar sem ný rafskaut eru búin undir að fara í rafgreiningarker og notuð rafskaut eru endurunnin. Leiðtogar framleiðsluteyma í skautsmiðju vinna á 12 klukkustunda dagvöktum.**

## Hlutverk leiðtoga hjá Fjarðaáli

- Veita starfsmönnum þjónandi forystu.
- Tryggja að teymi setji sér metnaðarfull markmið í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum og styðja starfsmenn í að ná þeim markmiðum.
- Taka þátt í ráðningu nýrra starfsmanna og hafa umsjón með mönnun og þjálfun teyma.
- Tryggja að starfsmenn hafi næga hæfni og þróist í starfi.
- Veita endurgjöf á frammistöðu og leysa ágreiningsmál.
- Fylgja því eftir að öll verk séu unnin í samræmi við verklagsreglur og stuðla þannig að öryggi starfsmanna, ásamt hagkvæmum og umhverfisvænum skautsmiðjurekstri.
- Hvetja teymi til að taka þátt í stöðugu umbótastarfi.

## Kröfur um menntun og hæfni

- Umsækjendur þurfa að hafa góða menntun og reynslu af stjórnun.
- Leiðtogi þarf að bera virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og búa yfir hæfileikum til að leiða teymi. Mikið reynir á samskiptahæfni bæði innan og utan teymis.
- Leiðtogi þarf að hafa hvort tveggja í senn, frumkvæði og staðfestu. Hann verður að hafa mikinn metnað til að ná árangri og vinna að stöðugum úrbótum. Hann þarf að geta stutt og hvatt starfsmenn en um leið tekið á vandamálum.
- Leiðtogastarf krefst nákvæmni og skipulagshæfileika. Mikilvægt er að leiðtogi hafi gott vald á íslensku og góð enskukunnátta er kostur.

**Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Valgerði Vilhelmsdóttur í mannauðsteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.**

## Alcoa Fjarðaál

**Með stöðugar umbætur að leiðarljósi hefur Fjarðaál komist í fremstu röð álvera í heiminum. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið. Fjarðaál býður starfsmönnum fjölbreytt tækifæri til menntunar og starfsþróunar.**

## Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

**Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og er frestur til að sækja um starfið til og með mánudeginum 9. desember 2013.**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

# Eldhús – Eldhús

Matsölustaðurinn Hjá Dóra í Mjódd óskar eftir að ráða starfskraft vanan eldhússtörfum og afgreiðslu á heitum mat. Snyrtimennska og íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í s. 557 3910 eða á staðnum mán- föst.

## Tálknafjarðarskóli leitar að:

- **umsjónarkennara á unglingastigi með áherslu á stærðfræði og raungreinakennslu.**
- **leikskólakennara í 100% stöðu.**

Tálknafjarðarskóli er sameinaður grunn-, leik- og tónlistaskóli sem rekinn er af Hjallastefnunni. Nemendur skólans eru 72, 49 í grunnskólanum og 23 í leikskólanum.

Tálknafjörður er skjólgóður fallegur fjörður sem liggur á milli Patreksfjarðra og Arnarfjarðar á sunnanverðum vestfjörðum. Mikið og öflugt íþróttastarf er í sveitafélgainu og öll helsta þjónusta til staðar á svæðinu.

**Ráðið verður í stöðurnar frá 1. janúar 2014.**
Umsóknir berist fyrir 10. desember 2013. Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið talknafjardarskoli@hjalli.is. Upplýsingar um störfin veitir skólastjóri í síma 456 2537 / 8617085.

Capacent Ráðningar

# ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSFULLTRÚI

Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar er með því besta sem gerist hér á landi, jafnt sumar sem vetur.

**Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi aðila í starf íþrótta- og æskulýðsfulltrúa. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er einn af lykilstjórnendum fræðslu- og menningarsviðs. Gildi sviðsins eru virðing, metnaður og jákvæðni. Kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**

- Rekstur og ábyrgð á starfsemi íþróttamannvirkja og tjaldsvæði
- Yfirumsjón með starfsemi frístundahúss
- Áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum
- Stefnumótun og stjórnun starfsmanna
- Umsjón og eftirlit með vinnuskólanum
- Mikil samskipti og samvinna við hagsmunaaðila
- Forvarnarstarf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, meistarapróf kostur
- Reynsla og áhugi á starfi með börnum og ungmennum
- Reynsla af stjórnun og stjórnsýslu æskileg
- Reynsla og þekking af áætlanagerð kostur
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvu-og tungumálakunnátta, íslenska, enska og eitt Norðurlandamál
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að stuðla að jafnræði og réttlæti í samfélaginu
- Hreint sakavottorð

**Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SKRIFSTOFUSTJÓRI SKRIFSTOFU FJÁRMÁLA- OG REKSTRAR

**Umhverfis – og auðlindaráðuneytið auglýsir laust embætti skrifstofustjóra skrifstofu fjármála og rekstrar.**
Undir skrifstofuna heyrir innri þjónusta, rekstur og fjármál ráðuneytisins og skjalastýring. Níu starfsmenn starfa á skrifstofunni en í ráðuneytinu starfa alls þrjátíu og átta starfsmenn.

Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á stefnumótun, að framfylgja markmiðum og daglegum störfum skrifstofunnar að öðru leyti. Skrifstofustjóri stuðlar að faglegri og metnaðarfullri starfsemi í almannaþágu.

**Helstu verkefni:**
- Dagleg stjórnun og rekstur skrifstofunnar
- Rekstrareftirlit stofnana, yfirferð og samþykkt rekstraráætlana
- Rekstur og ábyrgð á fjárlagagerð ráðuneytis
- Ábyrgð á faglegu innra starfi skrifstofunnar
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til ráðherra
- Samskipti innan stjórnsýslunnar
- Seta í nefndum

**Færni og aðrir eiginleikar:**
- Leiðtogahæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Geta til að vinna undir álagi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórn og rekstri
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af áætlanagerð
- Góð reynsla og færni í notkun töflureikna (Excel)
- Reynsla og /eða þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu æskileg
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku skilyrði, kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra, sem skipar í starfið.
Launakjör skrifstofustjóra eru ákvörðuð samkvæmt ákvörðun Kjararáðs.
Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsækjendur eru beðnir um skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið.
Nánari upplýsingar um starfið veita Stefán Thors, ráðuneytisstjóri í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (stefan.thors@uar.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

MainManager

**ICEconsult er ört vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki með starfsemi í Danmörku, Noregi, Englandi og á Íslandi. Vegna aukinna verkefna óskar fyrirtækið eftir að ráða forritara og hugbúnaðarprófara til starfa. ICEconsult sérhæfir sig í gerð hugbúnaðar fyrir aðstöðustjórnun og er vöxtur félagsins mikill, bæði á Íslandi og erlendis. Starfsmenn eru rúmlega 30, þar af rúmlega 20 á Íslandi, auk samstarfsaðila í Bretlandi.**

## HUGBÚNAÐARPRÓFUN

**Starfssvið:**
- Prófun og skjölun á MainManager
- Uppsetning sjálfvirkra prófana m.a. í Telerik Test studio
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræði eða háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af prófunum og víðtæk þekking á nútímatækni við hugbúnaðarprófanir
- Haldgóð reynsla af sjálfvirkum prófunum
- Góð samskiptahæfni
- Gott vald á ensku, íslensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli til viðbótar er kostur

## FORRITARAR

**Starfssvið:**
- Forritun í .NET og almenn forritun
- Vinna í SCRUM teymi við nýþróun
- Vinna í Kanban teymi við villuleiðréttingar og aðlaganir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræði eða háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð þekking á .NET forritun og SCRUM
- Víðtæk reynsla af samþættingum
- Þekking á notkun á Visual Studio með Team Foundation Server tengingu er æskileg
- Gott vald á ensku, íslensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli til viðbótar er kostur

**Ítarlegri starfslýsingar er að finna á www.capacent.is**

ICEconsult sérhæfir sig í gerð hugbúnaðar fyrir aðstöðustjórnun (Facility Management). Aðstöðustjórnun miðar að því að auka arðsemi fyrirtækja með markvissri stýringu stoðferla. Með stoðferlum er m.a. átt við stjórnun þróunar-, viðhalds- og rekstrarverkefna, gerð og stýringu þjónustusamninga, umsýslu leigusamninga, gæðastjórnun, orkumál o.fl . Hugbúnaður félagsins heitir MainManager. Stærsti viðskiptavinur ICEconsult er Statsbygg í Noregi, sem á og rekur flest allar fasteignir norska ríkisins (rúmlega 2500 eignir). Meðal annarra erlendra viðskiptavina, má nefna DR húsið í Kaupmannahöfn, Flugger, Aston University í Birmingham, Kobenhavns kommune, Nykredit, YIT, Intigo, Danske Bank og Youth Hostel Association. Meðal viðskiptavina hér heima eru Reykjavíkurborg, Olíudreifing, Fasteignir ríkissjóðs, ISAVIA, Landsnet, Garðabær, Búseti, OR, ÁTVR, Olís, N1, Skeljungur, Ístak og Landsbankinn. ICEconsult er til húsa að Bæjarhálsi í Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

## Vörustjóri fastlínulausna

Hefur þú áhuga á að starfa að fjölbreyttum verkefnum í fjarskiptageiranum? Þá gæti starf vörustjóra net- og fastlínuþjónustu hjá Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Sem vörustjóri sérð þú um að verkefnastýra þróun, mótun og innleiðingu á þjónustu fyrir fyrirtækjamarkað auk þess að sinna ferlagerð og framlegðar- og tölfræðigreiningu.

**Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/starf**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2013.**

**Vodafone**
Góð samskipti bæta lífið

## Starfagátt STARFs

### Atvinnuleitendur

**Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs**

**www.starfid.is**

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is

## Vilt þú ganga til liðs við TM snillinga?

### TM auglýsir laust starf tjónamatsmanns í ökutækjatjónum



**Starfssvið:**
- Almenn afgreiðsla ökutækjatjóna
- Tjónamat og svörun skoðana til viðgerðaraðila
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Gagnaöflun og útreikningar tjónskostnaðar

**Hæfniskröfur**
- Menntun og reynsla á sviði bílgreina
- Reynsla og þekking á Cabas tjónamatskerfinu
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt góðri íslenskukunnáttu
- Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel í hópi og undir álagi

Einstaklingar sem hafa til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum og þjónustulund eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 8. desember n.k. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið starf@tm.is. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Högni Guðmundsson, forstöðumaður ökutækjatjóna, (hogni@tm.is) veitir frekari upplýsingar um starfið.

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum samskiptum sínum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu og snögga úrlausn sinna mála hvort sem er við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is www.tm.is

TM

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Set
**Set ehf • Röraverksmiðja**

## Verkfræðingur / tæknifræðingur

*Set ehf. er plastiðnaðarfyrirtæki sem leggur áherslu á lagnir og lagnakerfi og er með hátt tæknistig og afar fjölbreytta framleiðslu- og þjónustulínu.*

*Set þjónar íslenskum orku-, bygginga- og fyrirtækjamarkaði, stundar útflutning og rekur verksmiðju í Þýskalandi, Set Pipes GmbH.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.set.is***

Set ehf. óskar að ráða jákvæðan starfsmann sem er tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

**Helstu verkefni**
- Gerð tæknigagna
- Tilboðsgerð, hönnun og ráðgjöf
- Nýsköpun og vöruþróun
- Gæðamál
- Viðhalda og styrkja tengsl við viðskiptavini félagsins, innanlands sem utan

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Farsæl starfsreynsla
- Reynsla af markaðs- og kynningarmálum er æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í ritaðri og talaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku er æskileg og kunnátta í dönsku eða þýsku er kostur

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 15. desember n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg* ***starfsferilsskrá og kynningarbréf.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

# Framúrskarandi kennarar óskast

í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins, á vorönn 2014.

## Skipstjórnarskólinn

**Kennari í faggreinum skipstjórnar.**
Skipstjórnarmenntun og reynsla nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skipstjórnarskólans, í síma 514 9551 og í tölvupósti, *vmo@tskoli.is*.

## Tæknimenntaskólinn

- **Enska**, heil staða vegna afleysinga á vorönn
- **Eðlisfræði**, hálf staða á vorönn
- **Stærðfræði**, hálf staða á vorönn.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Kolbeinsdóttir, skólastjóri Tæknimenntaskólans, í síma 514 9301 og í tölvupósti, *kk@tskoli.is*.

## Véltækniskólinn

**Kennari í vél- og raftæknigreinum.**
Við leitum að kennara með menntun í véltæknifræði eða raftæknifræði.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, í síma 822 2354 og í tölvupósti, *egu@tskoli.is*.

Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
**Umsóknarfrestur er til 8. desember. Umsóknir sendist á *bg@tskoli.is*.**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Do you want to provide a clear view of the sky?

Tern Systems is a worldwide provider of mission critical Air Traffic Management solutions.

We are taking on additional international projects and seek motivated and skilled individuals for the following positions:

## Project Manager

Qualifications include:

- technical knowledge and experience with software development lifecycle,
- knowledge and experience with Agile,
- excellent communication and writing skills,
- ability to effectively present status and issues to project stakeholders,
- detail-oriented with the ability to handle and prioritize multiple concurrent projects,
- ability to work in a team-oriented, collaborative environment,
- PMP (Project Management Professional) certification or equivalent,
- +5 years project management in software development

## Software Engineer

Qualifications include:

- strong object oriented programming skills, ideally with C++,
- design and analysis experience,
- software unit testing experience,
- excellent problem solving and configuration management skills,
- experience with Linux distributions,
- ability to work in a collaborative, team oriented environment,
- highly motivated and passionate for delivering quality code,
- 3+ years in software development,
- degree in computer science or in an equivalent field.

## Test Engineer

Qualifications include:

- experience in implementing effective test procedures,
- ability to coordinate and plan software test activities,
- excellent problem solving skills,
- ability to work in a collaborative, team oriented environment,
- strong verbal and written communication skills,
- 5+ years in software testing,
- ISTQB certification or equivalent prefered
- university degree prefered.

Tern Systems is a subsidiary of Isavia and provides systems to customers in Europe, North Africa, East Asia and Southeast Asia, see www.tern.is.
For further information, contact Tómas Davíð Þorsteinsson, General Manager of Tern Systems, on 525-0500 or at tomas@tern.is.
**All applications and CVs shall be sent to jobs@tern.is.**

Tern Systems

## Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

**Menningar- og ferðamálasvið auglýsir tvær tímabundnar stöður**

**Verkefnastjóri – Menningarkort og safnbúðir menningarstofnana Reykjavíkur**
**og**
**Verkefnastjóri – Gestakort Reykjavíkur og kynning á menningarstofnunum Reykjavíkur gagnvart ferðaþjónustuaðilum**

Nánari upplýsingar um stöðurnar ásamt kröfum sem gerðar eru til umsækjenda er unnt að finna á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/laus-storf**

Umsóknarfrestur er til og með **12. desember nk.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar, Borgarbóksafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Minjasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin Gerðuberg og Viðey. Höfuðborgarstofa sinnir ferða- og markaðsmálum og sér um framkvæmd ýmissa stórra borgarhátíða.



EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Vörubílstjóri / Kranamaður

Eykt ehf óskar eftir vönum bílstjóra á vörubíl með krana til starfa sem fyrst vegna verkefna fyrirtækisins.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Eyktar. **eykt@eykt.is** undir *„Atvinna"* fyrir **5. desember** næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Einarsson alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4437

**Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400**



## Aðjúnkt
við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

**Laust er til umsóknar 100% starf aðjúnkts við námsbraut í land- og ferðamálafræði í Líf- og umhverfisvísindadeild.**

Við námsbrautina er boðið upp á grunn- og framhaldsnám á fræðasviði land- og ferðamálafræði. Átta akademískir starfsmenn starfa við námsbrautina og eru nemendur um 400.

**Hæfniskröfur:**
- Meistarapróf er krafa, æskilegt er að hafa einnig lokið doktorsprófi í landfræði, ferðamálafræði eða skyldum greinum
- Haldgóð reynsla af kennslu á háskólastigi
- Hæfni til að kenna á fræðasviðum land- og ferðamálafræðinnar

Ráðið verður í starfið tímabundið til eins árs með möguleika á framlengingu til árs.

Umsóknarfrestur er til **9. desember** næstkomandi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Gunnar Þór Jóhannesson**, lektor og varaformaður námsbrautar í land- og ferðamálafræði, netfang: **gtj@hi.is**.

Sjá nánar á **wwww.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA · SÍA · 133541



Jóhann Ólafsson & Co. er leiðandi aðili í sölu og þjónustu á ljósaperum, lýsingarbúnaði og tengdum vörum frá OSRAM, SITECO, TRAXON o.fl. Nánari upplýsingar um fyrirtækið: www.olafsson.is

Jóhann Ólafsson & Co
Krókhálsi 3 110 Reykjavík Sími: 533 1900 Símbréf: 533 1901

## Lagerstjóri

**Við leitum nú að áhugasömum og drífandi aðila með gott auga fyrir skipulagi til starfa sem lagerstjóri.**

**Starfssvið**
- Ábyrgð á allri daglegri starfsemi lagers auk skipulagningu lagers
- Umsjón með vörumóttöku og tiltekt pantana
- Umsjón með birgðahaldi

**Hæfniskröfur**
- Nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Lyftarapróf
- Góð almenn tölvuþekking
- Reynsla og þekking á lagerhaldi er kostur

Umsóknir sendist á netfang jarni@olafsson.is, eða á heimilisfangið Jóhann Ólafsson & CO merkt Jóni Árna Krókháls 3 110 Reykjavík, fyrir 16. desember 2013.

Öllum umsóknum verður svarað.



# Sölumaður

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða starfsmann til sölustarfa í heimilistækjaverslun fyrirtækisins.**

Starfið felst í afgreiðslu og sölu heimilistækja og almennri ráðgjöf. Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Reynsla af sölustörfum æskileg. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 12.00-18.00 og suma laugardaga frá kl. 11.00-14.00.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir mánudaginn 9. desember.**
**Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 520 3000.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# ATVINNA
STAÐA FORSTÖÐUMANNS HJÁ FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSSVIÐI

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar óskar að ráða forstöðumann íbúðakjarna á heimilum fatlaðs fólks sem nýtur sólarhringsþjónustu.

**Ábyrgð**
Forstöðumaður
- ber ábyrgð á að íbúum sé veitt sú þjónusta og stuðningur sem þeir þarfnast í daglegu lífi.
- stendur vörð um réttindi íbúa ásamt því að að efla möguleika þeirra til virkrar pátttöku í samfélaginu.
- ber ábyrgð á daglegum rekstri íbúðakjarnans.
- annast starfsmannahald með öllu sem því tilheyrir.
- er í samstarfi við aðra þjónustuaðila eftir því sem við á.

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði þroskaþjálfafræða, sálfræði-, félagsvísindaeða menntasviði.
- Þekking og reynsla í málefnum fatlaðs fólks.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 12. desember.**
**Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar http://reykjanesbaer.is**

**Upplýsingar veitir Sigríður Daníelsdóttir í síma 421 6700 eða á netfanginu sigridur.danielsdottir@reykjanesbaer.is**

REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

# Stórt sjávarútvegsfyrirtæki óskar að ráða aðalbókara

**Starfssvið**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi fyrirtækisins
- Skilagreinar, uppgjör, afstemmingar og þátttaka í áætlanagerð
- Greining fjárhagsupplýsinga
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Víðtæk reynsla af sambærilegu starfi
- Mjög góð tölvukunnátta er skilyrði
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

**Upplýsingar veitir:**

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Verkefnastjóri

Öflugt verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing með reynslu af jarðvinnu- og veituverkefnum. Um áhugaverð verkefni er að ræða bæði hér á landi og í Noregi.

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af jarðgangagerð er kostur
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla er kostur
- Reynsla af tilboðsgerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli

**Upplýsingar veitir:**

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

NEXTCODE HEALTH

NextCODE Health er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsstöðvar í Cambridge (Boston) og hjarta Reykjavíkur sem stefnir að því að verða í fremstu röð. NextCODE byggir starfsemi sína að hluta til á grunni hugbúnaðarlausnar sem þróuð var af deCODE genetics yfir 16 ára tímabil og er fær um að greina gríðarstór gagnasöfn flókinna erfðamengja. NextCODE býður viðskiptavinum sínum meðal annars að greina stökkbreytingar í erfðamengi sjúklinga, til að flýta fyrir og bæta sjúkdómsgreiningar og meðferð sjúkdóma.

## NextCODE leitar að öguðu og sjálfstæðu hugbúnaðarfólki í hæsta gæðaflokki til að taka þátt í þróun lausna sem geta stökkbreytt heilbrigðisþjónustu á heimsvísu.

### Vefforritarar

**Hæfniskröfur**
- Umtalsverð þekking á HTML5, CSS3, JavaScript og JQuery er nauðsynleg.
- Góð þekking á Ruby-On-Rails vefþróunarkerfinu og haldgóð reynsla af vensluðum gagnagrunnum (RDBMS).
- Gott auga fyrir uppsetningu á fallegum og skilvirkum vefviðmótum.
- Þekking á PhotoShop og/eða forritunarsöfnum (library) til að setja fram tölulegar upplýsingar er æskileg.

### Java forritarar

**Hæfniskröfur**
- Umtalsverð reynsla af forritun í Java eða Scala.
- Haldgóð þekking á gagnagrunnum (SQL) og hugbúnaðargerð í tengslum við vinnslu á miklu magni gagna.
- Reynsla af notkun þróunarverkfæra á borð við Eclipse er nauðsynleg.
- Reynsla af notkun reikniklasa (t.d. PBS, SunGrid engine eða Hadoop) er gagnleg.

### Vöruþróun á hugbúnaðarsviði

Helstu verkefnin á þessu sviði eru þarfagreining, skjölun, gæðastjórnun og prófanir.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af verkefnum tengdum vöruþróun á hugbúnaði.
- Reynsla og þekking á upplýsingatækni er nauðsynleg. Góð innsýn og áhugi á líffræði (erfðafræði) er mikill kostur.
- Reynsla af prófunum á hugbúnaði. Hugbúnaður NextCODE þarf að styðja CLIA/CAP gæðastaðla.

Hjá NextCODE býðst spennandi tækifæri til að starfa hjá framsæknu fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi. Starfsstöð ofangreindra starfa er í Reykjavík. Forstjóri NextCODE Health á Íslandi er Björn Zoëga.

**Upplýsingar veita:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt fylgiskjölum.**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## YFIRVÉLSTJÓRI FRAKKLANDI EURONOR

Euronor er útgerðarfyrirtæki sem rekur 2 frystitogara með 2990 HP aðalvél og 4 Ísfisktogara með 2000-2400 HP aðalvél. Útgerðin er staðsett í Boulogne Sur Mer í Norður Frakklandi. Veiðar eru mest stundaðar á ufsa í Norðursjó en einnig eru einhverjar veiðiheimildir af þorski í Barentshafi.

# Yfirvélstjóri

Euronor óskar eftir að ráða yfirvélstjóra á einn frystitogara og einn ísfisktogara. Um framtíðarstarf er að ræða

**Hæfniskröfur**

- Skilyrði að geta unnið sjálfstætt
- Réttindi VF I eða VF II
- Góð enskukunnátta
- Snyrtimennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi skilyrði

**Umsóknir berist til Jóhannesar Þorvarðarsonar**
**joivarda@euronor.org**

## Sérfræðingur á sviði umhverfisstjórnunnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verk fræði-, umhverfis- eða viðskipta-fræði skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Nákvæmni.
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hóp.
- Góða kunnáttu á Excel.
- Góð enskukunnátta.

**Starfssvið**
- Innleiðing ISO 14001.
- Umsjón með grænu bókhaldi.
- Þjónustustjórnun á umhverfis-sviði.
- Eftirlit með umhverfiskerfum.

**Við bjóðum**
- Fjölbreytt verkefni.
- Tækifæri til símenntunar og starfs þróunar.
- Gott starfsumhverfi.
- Vel samkeppnishæf laun.

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslu- og umhverfisverndarfyrirtæki landsins, með starfsemi á 5 stöðum, og rekur einnig dótturfélag í sömu starfsemi í Kanada. Starfsmenn eru um 70 talsins með dótturfélagi. Hringrás endurvinnur ýmis konar úrgang frá einstaklingum og fyrirtækjum og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar í ýmiskonar varning. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun gjaldeyristekna.
Umsóknir sendist á starf@hringras.is **fyrir 15. desember** næstkomandi.

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

## Lyfjaver leitar að starfsmanni í lyfjapökkun

Lyfjaver ehf var stofnað árið 1998 og er leiðandi fyrirtæki í vélskömmtun lyfja á Íslandi. Við leitum að liðsmanni.

**Starfsmaður í vélasal**
Um er að ræða starf við lyfjaskömmtunarvélar í framleiðsluhluta Lyfjavers á Suðurlandsbraut. Mikil áhersla er lögð á hreinlæti og öguð vinnubrögð samkvæmt gæðaferlum. Vinnutími er 8:30-16:45 en viðkomandi þarf að geta unnið yfirvinnu þegar þess er þörf. Starfið er fjölbreytt og krefst þess að starfsmaðurinn geti tileinkað sér vinnuferla og nýja hluti.

**Starfsvið**
- Umsjón og eftirlit með skömmtunarvélum
- Eftirlit með framleiðslunni (lyfjaskömmtunarrúllum)
- Skráning gagna samkvæmt gæðaferlum
- Viðhald og þrif á vélum og vélasal

**Hæfniskröfur**
- Iðnmenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Hreint sakavottorð
- Umsækjandi þarf að hafa náð a.m.k. 25 ára aldri

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Fyrirspurnir um starfið og umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir **7. desember n.k.**

LYFJAVER
LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN
Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100



FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

## SÉRFRÆÐINGUR - FERÐAMÁLASTOFA

**Ferðamálastofa leitar eftir sérfræðingi til starfa á starfsstöð sinni á Akureyri. Um er að ræða 100% starf til tveggja ára með möguleika á framlengingu. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.**

Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á atvinnugrein í örum vexti og löngun til að takast á við sérfræðiverkefni á sviði gæðamála innan ferðaþjónustunnar.

**Helstu verkefni:**
- Aðstoð við uppfærslur á viðmiðum og fylgigögnum VAKANS
- Úttekt á ferðaþjónustufyrirtækjum sem eru í VAKANUM
- Úrvinnsla gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- B.S. próf í ferðamálafræði, hótelfræði eða sambærileg menntun t.d. á sviði gæðamála
- Þekking og reynsla innan ferðaþjónustunnar nauðsynleg, sérstaklega hótel- og veitingageirans
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember n.k.** og er óskað eftir því að viðkomandi einstaklingur geti hafið störf sem fyrst, í síðasta lagi 1. febrúar 2014. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast með tölvupósti á netfangið upplysingar@ferdamalastofa.is eða á skrifstofu Ferðamálastofu Strandgötu 29, 600 Akureyri merktar VAKINN. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða, en öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verð tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elías Bj. Gíslason forstöðumaður skrifstofu Ferðamálastofu á Akureyri. Upplýsingar um starfsemi Ferðamálastofu er að finna á www.ferdamalastofa.is.

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501

VAKINN

PORT hönnun

## BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarf kemur til greina.

Hæfniskröfur:
- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:
- Ekki faglærður bifvélavirki
- Fúll á móti
- Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 16. desember 2013

TÉKKLAND Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Bjarkarás
## Vinna og Virkni

Starfsmaður óskast til starfa í **100% starf**, um er að ræða tímabundna afleysingu í veikindum. Vinnutíminn er frá 8.30-16.30 og staðsetning er Stjörnugróf 9. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða vinnu- og virknitilboð fyrir fullorðið fólk með fötlun og tekur starfsmaður þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í skemmtilegu vinnuumhverfi.

Upplýsingar veitir Sigurbjörg Sverrisdóttir í síma 414-0540 og Heba Bogadóttir í síma 414-0560 á virkum dögum. Atvinnumsókn sendist á **essy@styrktarfelag.is**. Upplýsingar um félagið má nálgast á heimasíðu þess **www.styrktarfelag.is.**

*Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags og Þroskaþjálfafélags Íslands.*

HS HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222

*Hitastýring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnarkerfum og ýmiskonar iðnaðarsjálfvirkni.*

## Óskum eftir að ráða Kælivélamann Rafvirkja

**Starfssvið:**
- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði kælitækni og/eða rafvirkjun
- Reynsla af vinnu við kælibúnað æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson
sími: 552-2222 netfang: **helgi@hitastyring.is**

Gallery Restaurant

## Gallery Restaurant – Hótel Holti auglýsir eftir bókara í 70-100% stöðu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í janúar 2014.

**Starfssvið:**
Starfið felst í bókhalds, launavinnslu, afstemmingum og frágangi bókhald til uppgjörs. Viðtæk reynsla af bókhaldi og launavinnslum er nauðsynleg ásamt góðum skilningi á löggjöf er varðar umfangsefnið.

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- Viðskipta og/eða bókhaldsmenntun eða önnur sambærileg menntun æskileg.
- Reynsla af skrifstofuvinnu, bókhaldi og/eða rekstri.
- Góð almenn tölvukunnátta (Word, Exel, Outlook).
- Nákvæmni og vandvirkni nauðsynleg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Þekking á ÓPUSallt bókhaldskerfi og DK launakerfi æskileg.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknir sendast á umsoknir@holt.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 9. desember 2013.**

# Ferðaráðgjafi

**Ferðaskrifstofan Iceland Encounter leitar að ferðaráðgjafa í fullt starf. Iceland Encounter er staðsett í miðbæ Reykjavíkur og býður uppá vandaðar, sérsniðnar ferðir um Ísland.**

**Helstu verkefni:**
- Sala og skipulagning á ferðum um Ísland.
- Gerð ferðagagna.
- Önnur tilfallandi störf.

**Hæfniskröfur:**
- Reiprennandi töluð og skrifuð enska.
- Þekking á ferðaþjónustu, staðarháttum á Íslandi og reynsla af ferðalögum innanlands.
- Mjög góð kunnátta á Word, Excel og Outlook
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Nákvæm vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði.
- Háskólamenntun er æskileg.

Umsókn og starfsferilskrá sendist á **contact@encounter.is.** Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 9. desember.

**www.encounter.is**

Iceland Encounter

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

## Öflugur læknaritari

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður leitar að öflugum læknaritara. Um er að ræða fullt starf sem læknaritari ásamt ýmsum öðrum tilfallandi skrifstofustörfum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.
Að VIRK - Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Nánari upplýsingar um VIRK - Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

**Hæfniskröfur:**
- Læknaritari með haldgóða reynslu af læknaritarastörfum, löggilding er kostur
- Fagmennska, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð færni í að koma frá sér máli í ræðu og riti

TALENT RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

## Sérfræðingur - Fjármálainnviðir

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á sviði Fjármálainnviða bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Fjármálainnviðir hafa með höndum yfirsýn og eftirlit með kerfislega þýðingarmiklum fjármálainnviðum/greiðslukerfum annars vegar og kerfisstjórn/rekstur kerfislega þýðingarmestu fjármálainnviða landsins, stórgreiðslu- og jöfnunarkerfisins. Starfsemi fjárhirslna Seðlabankans heyrir jafnframt undir sviðið auk starfsemi Greiðsluveitunnar ehf. félags í eigu Seðlabanka Íslands.

Sérfræðingurinn sem óskað er eftir að ráða mun starfa á vettvangi yfirsýnar og eftirlits. Helstu verkefni hans varða greiðslukortamarkað, uppbyggingu og skipulag erlendrar greiðslumiðlunar, úttektir innviða/kerfa, kostnaðargreining á vettvangi greiðslumiðlunar og skrif í rit bankans.

**Hæfnikröfur**
- Leitað er eftir einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu á vettvangi greiðslumiðlunar, einkum og sér í lagi á vettvangi greiðslukorta og erlendrar greiðslumiðlunar.
- Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu og skilning á innbyrðis tengslum innviða /kerfa á sviði greiðslumiðlunar og vera kunnugur fjármálakerfinu og samspili Seðlabankans við það.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Reynsla af verkefnastjórnun.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á ögurð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Kr. Tómasson, framkvæmdastjóri í síma 569 9600, netfang: gkt@cb.is

**Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi 14. desember næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

# Sölumaður sendibíla, vörubíla og vinnuvéla óskast!

**Vegna aukinna umsvifa vantar okkur sölumann fyrir Iveco sendibíla, Iveco vörubíla og Komatsu vinnuvélar.**

Um er að ræða krefjandi starf sem felur í sér sölu á sendibílum, vörubílum og vinnuvélum. Einnig heimsóknir til viðskiptavina um land allt ásamt samninga- og tilboðsgerð.

Umsækjandi þarf að að hafa víðtæka þekkingu á sendibílum, vörubílum og vinnuvélum. Hann þarf að vera framsækinn, áreiðanlegur, ósérhlífinn og hafa getu til að skipuleggja starf sitt og vinna sjálfstætt. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku.

Umsóknir skulu sendar á heida@kraftvelar.is fyrir 14. desember.

Öllum umsóknum verður svarað.



KRAFTVÉLAR

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Grunnskólakennari, yngsta stig í Hörðuvallaskóla
- Grunnskólakennarar í forfallakennslu í Smáraskóla
- Leikskólakennari á leikskólann Baug
- Leikskólakennari á leikskólann Læk
- Stuðningsfulltrúi á áfangaheimili fyrir fatlaða
Á. Guðmundsson ehf.
Ásborg slf.
Barnavöruverslunin Varðan
BB44 Gisting ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf.
Bílaklæðningar hf.
Bílasprautun og réttingar Hjartar
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Bílhúsið ehf.
Blikkarinn hf., blikksmiðja
Blikksmiðjan Vík ehf.
Borgargarðar ehf.-skrúðgarðaþjónusta
Brunabótafélag Íslands
dk hugbúnaður ehf., dk.is
Dýrheimar sf. heildsala
Eignarhaldsfélag G.Á.K. ehf.
Ernir ehf.
Farice ehf.
Frostmark ehf.
Gróðrarstöðin Storð ehf.
Harðbakur ehf.
Hefilverk ehf.
Hilmar Bjarnason ehf., rafverktaki
Hjallakirkja
Hjólið ehf.
Hvellur-G. Tómasson ehf.
Ísfix ehf.
Íshúsið ehf.
Íslandsspil sf.
Íslenskt marfang ehf.
Íslenskt sjávarfang ehf.
Klukkan, úr og skartgripir
Lakkskemman ehf.
Landmótun sf.
Ljósvakinn ehf.
Loft og raftæki ehf.
Lyfjaval ehf.
Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar
Lögmannsstofa SS ehf.
Málning hf.
MHG verslun ehf.
Mótaverk ehf.
Promens ehf.
Rafbreidd ehf., heimilistækjaviðgerðir
Rafmiðlun hf.
Raftækjasalan ehf.
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Stáliðjan
Suðurverk hf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf.
Vatn ehf.
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar
Verkfræðistofa Kópavogs ehf.
Verkfræðistofan VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf.
Viðskiptahúsið ehf.
Virðing hf.
Ýmus ehf., heildverslun

**GARÐABÆR**
Aflvélar ehf.
AÞ-Þrif ehf.
Árvík hf.
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf.
Garðabær
Garðasókn
Geislatækni ehf. – Laserþjónustan
Hagráð ehf.
Hannes Arnórsson ehf.
Icewear
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
K.C. Málun ehf.
Loftorka ehf.
Stálsmiðjan-Framtak ehf.
Öryggisgirðingar ehf.

**HAFNARFJÖRÐUR**
Alexander Ólafsson ehf.
Bílaverk ehf. bílamálun og réttingar
Bókhaldsstofan ehf.
Bragi Þór – Ljósmyndun ehf.
Byggingafélagið Sandfell ehf.
Bæjarbakarí ehf.
Dverghamrar ehf.
Eiríkur og Einar Valur ehf.
Endurskoðun-reikningsskil ehf.
Ferskfiskur ehf.
Fjarðargarðar ehf.
Friðrik A Jónsson ehf.
G. Ingason hf.
Garðasteinn ehf.
H. Jacobsen
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak hf.
H. Berg ehf.
Hjólasprettur ehf.
Hraunhamar ehf.
Hrif heilsuefling innan fyrirtækja
Hvalur hf.
Hyggir ehf., endurskoðunarstofa
Ican – Beykireykt þorsklifur ehf.
Ísrör ehf.
J.B.G. fiskverkun ehf.
Lagnameistarinn ehf.
Lögmenn Bæjarhrauni 8
Meda Miðlun slf.
Meta-Járnsmíði ehf.
Milli hrauna, heimilismatur
Móði ehf.
Pappír hf.
PH-verk ehf.
Rafhitun ehf.
Rjúpnafell ehf.
Skerpa renniverkstæði
Stálnaust ehf.
Stoðtækni ehf.
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf.
Teknís ehf.
Trefjar ehf.
Umbúðamiðlun ehf.
Úthafsskip ehf.
Veislulist-Skútan
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkþing ehf.
Vélaverkstæði Hjalta Einars ehf.
Víðir og Alda ehf.
Vogabær
VSB verkfræðistofa ehf.
Þvottahúsið ehf.

**REYKJANESBÆR**
Art-húsið ehf., hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofa
Áfangar ehf.-hreinlætisvörur
Bergnet ehf.
Bílaþvottur ehf.
Brautarnesti
DMM Lausnir ehf.
Driffell ehf.
Efnalaugin Vík ehf.
Grímsnes ehf.
IGS ehf. Keflavíkurflugvelli
Ístek ehf.
Langbest ehf.
Menu Veitingar ehf.
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Plexigler ehf.
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Reykjanesbær
Rörlagningamaðurinn ehf.
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Suðurflug ehf.
Toyota Reykjanesbæ
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
Verkfræðistofa Suðurnesja hf.
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vélasmiðja Ása og Óla ehf.
Þvottahöllin ehf.

**GRINDAVÍK**
BESA ehf.
Einhamar Seafood ehf.
Fanndals Lagnir ehf.
Jón og Margeir ehf.
Ó S fiskverkun ehf.
PGV Framtíðarform ehf.
Sílfell ehf.
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Stjörnufiskur ehf.
TG raf ehf.
Veiðafæraþjónustan ehf
Veitingastofan Vör ehf.
Vísir hf.

**SANDGERÐI**
Flugfiskur hf.
Fúsi ehf.
Orkan Sandgerði
Skinnfiskur ehf.

**GARÐUR**
Aukin Ökuréttindi ehf.
Háteigur ehf., fiskverkun

**MOSFELLSBÆR**
Amka Ísland ehf.
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf.
Dalsbú ehf.
Eiríkur Smiður ehf.
Fagverk verktakar sf.
Garðagróður ehf.
Hestaleigan Laxnesi
Múr og meira ehf.
Nonni litli ehf.
Reykjabúið ehf.
Sigurplast ehf.

**AKRANES**
Apótek Vesturlands ehf.
B.O.B. sf., vinnuvélar
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Bílasala Akraness ehf. – Bílás
Borgdal ehf.
Fasteignasalan Valfell
Garðar Jónsson, málarameistari
Omnis ehf. – Verslun og verkstæði
Practica, bókhaldsþjónusta
Rafnes sf.
Snókur verktakar ehf.
Spölur ehf. – Hvalfjarðargöng
Straumnes ehf., rafverktakar
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf.
Vignir G. Jónsson hf.
Þorgeir og Ellert hf.

**BORGARNES**
Blómasetrið
Borgarbyggð
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf.
Eyja- og Miklaholtshreppur
Ferðaþjónustan Nes
Félagsbúið Miðhrauni 2 sf.
Gæðakokkar ehf.
Hársnyrtistofa Margrétar
J.K. Lagnir ehf.
Landbúnaðarháskóli Íslands
Ræktunarstöðin Syðra-Lágafelli ehf.
Sæmundur Sigmundsson ehf.
Traktorsverk ehf.
Trésmiðja Pálma
Vegamót, þjónustumiðstöð
Velverk ehf.
Vélaverkstæðið Vogalæk

**REYKHOLT BORGARFIRÐI**
Garðyrkjustöðin Sólbyrgi

**STYKKISHÓLMUR**
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf.
Sæfell ehf.
Þ.B. Borg trésmiðja ehf.
Þórsnes ehf.

**ÓLAFSVÍK**
Steinunn ehf.
TS Vélaleiga ehf.
Tölvuverk bókhaldsþjónusta slf.

**HELLISSANDUR**
Breiðavík ehf.
Hjallasandur ehf.
KG Fiskverkun ehf.
Sjávariðjan Rifi hf.

**BÚÐARDALUR**
Rafsel Búðardal ehf.

**REYKHÓLAHREPPUR**
Reykhólahreppur

**ÍSAFJÖRÐUR**
Byggðasafn Vestfjarða
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Gamla bakaríið ehf.
H.V. umboðsverslun ehf. – Heklu söluumboð
Ísafjarðarbær
Ísfang hf.
Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar
Verkalýðsfélag Vestfirðinga

**HNÍFSDALUR**
Verkstjórafélag Vestfjarða

**BOLUNGARVÍK**
Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskihóll ehf.
Glaður ehf.
Jakob Valgeir ehf.
Magnús Már ehf.
Ráðhús ehf.
Sérleyfisferðir Bolungarvík – Ísafjörður
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf.
Vélvirkinn sf.

**SUÐUREYRI**
Berti G ÍS-161

**PATREKSFJÖRÐUR**
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf.
Grunnslóð ehf.
Nanna ehf.
Ungmennafélag Barðstrendinga
Vesturbyggð

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf.
T.V. Verk ehf.
Þórsberg hf.

**BÍLDUDALUR**
Ýmir ehf.

**ÞINGEYRI**
Bibbi Jóns ehf.
Brautin sf.
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf.

**HÓLMAVÍK**
Héraðssamband Strandamanna, HSS
Hólmadrangur ehf.

**ÁRNESHREPPUR**
Árneshreppur
Hótel Djúpavík ehf.

**HVAMMSTANGI**
Aðaltak slf.
Brauð- og kökugerðin ehf.
Húnaþing vestra
Kidka ehf.
Seafood Restaurant, Geitafelli
Skjanni ehf.
Sveitasetrið Gauksmýri
Villi Valli ehf.

**BLÖNDUÓS**
Blönduósbær
Grettir sf., fjölritunarstofa
Húnavatnshreppur

**SKAGASTRÖND**
Marska ehf.
Skagabyggð
Vélaverkstæði Skagastrandar
Vík ehf.

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Fisk-Seafood hf.
Kaupfélag Skagfirðinga
Króksverk ehf.
K-Tak ehf.
Skagafjarðarveitur
Tannlæknastofa Ingimundar Guðjónssonar ehf.
Útgerðarfélagið Sæfari ehf.
Verslun Haraldar Júlíussonar
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf.
Vörumiðlun ehf.

**VARMAHLÍÐ**
Akrahreppur Skagafirði
Hestasport-Ævintýraferðir ehf.

**HOFSÓS**
Grafarós ehf.

**SIGLUFJÖRÐUR**
Rammi hf.

**AKUREYRI**
Almenna lögþjónustan hf.
Amaro heildverslun
ÁK smíði ehf.
Baldur Halldórsson ehf.
Baugsbót ehf., bifreiðaverkstæði
Berg félag stjórnenda
Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjónssonar
Blikkrás ehf.
Brekkusel-Gistiheimili
Brynja ehf.
Byggingarfélagið Hyrna ehf.
Bæjarverk ehf.
Fasteignasalan Byggð
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Fjölnir ehf., trésmiðja
Fjölumboð ehf.
Fremri Almannatengsl
Geisli Gleraugnaverslun
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf.
Hagvís ehf., heildverslun
Hárstúdíóið Sunna ehf.
Hnýfill ehf.
Höldur ehf., bílaleiga
Ísgát ehf.
Íslensk verðbréf hf.
Júlíanne Kauertz
KG sendibílar ehf.
Knattspyrnufélag Akureyrar
Lagnalind ehf.
Ljósco ehf.
Malbikun KM ehf.
Norðurorka hf.
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf.
Rafmenn ehf.
Raftákn ehf.
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið-Bónusskór
Slippurinn Akureyri ehf.
Sólskógar ehf.
Steypusögun Norðurlands ehf.
Tannlæknastofa Mörthu Hermannsdóttur
Toyota Akureyri
Trétak ehf.
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Þrif og ræstivörur ehf.
Ösp sf., trésmiðja

**DALVÍK**
Bruggsmiðjan ehf.
EB ehf.
G.Ben útgerðarfélag ehf.
Gistihúsið Skeið
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf.
Kussungur ehf.
O Jakobsson ehf.
Sparisjóður Norðurlands
Vélvirki ehf., verkstæði

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Kristbjörg ehf.
Norlandia ehf.
Sjómannafélag Ólafsfjarðar

**HÚSAVÍK**
Fatahreinsun Húsavíkur sf.
Hreiðar Jósteinsson
Höfðavélar ehf.
Sorpsamlag Þingeyinga ehf.
Steinsteypir ehf.
Vermir sf.

**LAUGAR**
Norðurpóll ehf., trésmiðja

**MÝVATN**
Eldá ehf.
Jarðböðin við Mývatn
Skútustaðir ehf.

**KÓPASKER**
Kristján Þórhallur Halldórsson
Rifós hf., lax- og bleikjueldisstöð
Vökvaþjónusta Kópaskers ehf.

**RAUFARHÖFN**
Önundur ehf.

**ÞÓRSHÖFN**
Geir ehf.
Trésmiðjan Brú ehf.

**BAKKAFJÖRÐUR**
Skeggjastaðakirkja

**VOPNAFJÖRÐUR**
Símabær ehf.
Vopnafjarðarhreppur

**EGILSSTAÐIR**
Austfjarðaflutningar ehf.
Ágúst Bogason ehf.
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Bólholt ehf.
Fellabakstur ehf.
Fljótsdalshérað
Héraðsprent ehf.
Miðás ehf. – Brúnás innréttingar
PV-pípulagnir ehf.
Skógar ehf.

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Gullberg hf., útgerð
PG stálsmiði ehf.

**REYÐARFJÖRÐUR**
Launafl ehf.
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**ESKIFJÖRÐUR**
Fjarðaþrif ehf.
Glussi ehf., viðgerðir
Rúnar Hákonarson, gröfuþjónusta

**NESKAUPSTAÐUR**
Fjarðahótel
Rafgeisli Tómas R Zoëga ehf.
Síldarvinnslan hf.
Verkmenntaskóli Austurlands

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR**
Loðnuvinnslan hf.
Vöggur ehf.

**BREIÐDALSVÍK**
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík

**DJÚPIVOGUR**
Berunes farfuglaheimili ehf.

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Ferðaþjónustan Gerði
Gistiheimilið Hvammur
Ís og ævintýri ehf.
Jökulsárlón ehf.
Rósaberg ehf.
Uggi SF-47
Vélsmiðjan Foss ehf.
Ögmund ehf.

**SELFOSS**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bjarnabúð
Brandugla slf., þýðingar
Búhnykkur sf.
Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi
Flóahreppur
Fossvélar ehf.
Fræðslunet Suðurlands
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Jeppasmiðjan ehf.
Jóhann Helgi og Co ehf.
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Lindin, verslun
Mjölnir, vörubílstjórafélag
Písl ehf.
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafteikn
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf.
Renniverkstæði Björns Jensen ehf.
Sigfús Kristinsson
Tannlæknastofa Halls og Petru
Veiðisport ehf.
Veitingastaðurinn Menam
Verslunin Íris
Vélaverkstæði Þóris ehf.

**HVERAGERÐI**
Garðyrkjustöð Ingibjargar
Hveragerðiskirkja

**ÞORLÁKSHÖFN**
Bergverk ehf.
Fagus hf.
Fiskmark ehf.
Frostfiskur ehf.
Járnkarlinn ehf.
Sveitarfélagið Ölfus

**ÖLFUS**
Durinn ehf.
Sjóklettur ehf.
Stokkar og steinar sf.

**LAUGARVATN**
Ásvélar ehf.

**FLÚÐIR**
Ferðaþjónustan Syðra-Langholti
Hitaveita Flúða og nágrennis
Hrunamannahreppur
Íslenskt grænmeti
Loðdýrabúið ehf.
Vélaverkstæðið Klakkur ehf.

**HELLA**
Fannberg ehf.
Trésmiðja Ingólfs ehf.
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar

**HVOLSVÖLLUR**
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf.
Hansastál ehf.
Rangárþing eystra

**VÍK**
Hrafnatindur ehf.
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf.

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Geirland ehf., hótel og veitingarekstur

**VESTMANNAEYJAR**
Alþrif í Vestmannaeyjum
Áhaldaleigan ehf.
Bergur-Huginn ehf.
Bessi hf.
Bílaverkstæði Sigurjóns
Bragginn sf., bílaverkstæði
Frár ehf.
Godthaab í Nöf ehf.
Guðmunda ehf. – Viking Tours ehf.
Huginn ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Leo Fresh Fish ehf.
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf.
Physio ehf.
Pípulagningaþjónustan Vatnsveitan ehf.
Rannsóknarþjónustan Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.
Tvisturinn ehf.
Vinnslustöðin hf.
Vöruval ehf.

# Vefsíður sem vert er að heimsækja!

Á heimasíðu Hjálparstarfsins, **www.help.is**, færðu allar upplýsingar um starfið og þaðan getur þú sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag.

### Partíljón og sannkallaður búhnykkur

Geitur og hænur Hjálparstarfsins eru sannkölluð partíljón. Afmæli, útskriftarveislur og innflutningsboð eru þeirra ær og kýr. Taktu þær með næst þegar þér er boðið. Svona ferðu að: Á gjafavefnum okkar **www.gjofsemgefur.is** – eða bara á skrifstofunni hjá okkur, velur þú úr 37 ólíkum gjöfum. Meðal geita og hæna finnur þú grænmetisgarð, saumavél og ýmsar gjafir fyrir börn og unglinga á Íslandi. Þú fylgir leiðbeiningunum, kaupir það gjafabréf sem þér hugnast best, skrifar fallega kveðju og ferð með það í boðið. Afmælisbarnið verður ákaflega hissa og glatt að fá svo óvenjulega gjöf. Útskriftarneminn geymir gjafabréfið með heillakortunum og á næstu árum á hann oft eftir að hugsa til fátæku fjölskyldunnar sem fékk gagnlega gjöf þegar hann fagnaði tímamótum. Já, því andvirði gjafabréfsins rennur til þeirra sem sannarlega þurfa á búhnykk að halda. Eftir innflutningsboðið hangir gjafabréfið á ísskápnum á nýja heimilinu og gleður – við hverja laumuferð í ísskápinn ... um nótt ...

### Langar þig að gefa?

Ef ekkert sérstakt stendur til en þig langar að gefa, ferðu inn á **www.framlag.is** og velur málefni sem þú vilt styrkja. Þú velur upphæð og gengur frá málinu; einn, tveir og þrír. Eða hringdu bara til okkar. Við gerum þetta allt í gegnum síma líka: 528 4400.

**Fréttablaðið okkar, Margt smátt**, kemur út fjórum sinnum á ári. Láttu okkur vita ef þú vilt ókeypis áskrift.






# Náttúruleg hringrás – meiri afurðir



Sjálfbærni og umhverfisvernd eru grunnvallarþættir í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Umhverfisvernd er lykillinn að framtíðinni, forvörn gegn sífelldum náttúruhamförum, flóðum og þurrkum. Fólk er frætt um samhengi hlutanna. Hvernig gróðureyðing, sem eykst við það að höggvinn er eldiviður, verður til þess að vatn tollir ekki í jörðinni. Vatnið flýtur burt á yfirborðinu eða gufar upp þegar engar rætur halda í það og laufskrúð veitir ekki skugga. Nýtanlegum vatnsbólum fækkar. Þess vegna er fólki kennt að rækta græðlinga og planta meðfram ám og lónum til að halda í jarðveg og raka. Stallar eru gerðir til að rækta á svo jarðvegur skolist ekki burt. Hraðvaxta trjátegundir má um leið nýta í eldivið og hlífa þannig náttúrulegum gróðri. Með sparhlóðum verkefnisins þarf helmingi minna af honum en áður. Trén bera sum ávöxt og þau veita matjurtum skugga. Tegundir eru ræktaðar á víxl til að draga úr næringartapi í ökrum. Gróðurleifar eru nýttar í moltugerð og tað til áburðar. Náttúruleg hringrás verndar auðlindir.

Á Indlandi berjast samstarfsaðilar Hjálparstarfsins fyrir lífi aðalfljóts héraðsins. Það sér ríkum og fátækum fyrir vatni. Vöruframleiðendur á svæðinu eru frekir á vatn á kostnað íbúa. Sandnám opinberra og einkaaðila úr árfarveginum dregur úr rakadrægni hans og áin verður ekki eins vatnsmikil.



*Trjágræðlingar.*

**Þetta er meðal annars gert í verkefnum á Indlandi, í Eþíópíu, Malaví og Úganda:**

- Barátta fyrir drykkjar- og áveituvatni.
- Kenna meðferð og geymslu korns og minnka sóun.
- Sparhlóðir vernda umhverfið.
- Ný fræ bæta frjósemi moldar.
- 7.700 m af grjótstöllum.
- 26.000 trjágræðlingar.
- Moltugerð.
- Víxlræktun hlífir jarðvegi.



*Víxlræktun hlífir jarðvegi.*



# Enn öflugri Sportþrenna

## Nýtt útlit og meira omega-3

Nú hefur **Sportþrenna** fengið nýtt útlit og meira af omega-3.

**Sportþrenna** er ætluð þeim sem stunda líkamsrækt og íþróttir af miklu kappi.

Hún inniheldur vítamín og steinefni sem vernda gegn oxunarálagi.




VERT

**> ORKUBÚSKAPUR** **> ANDOXUN** **> ÓNÆMISKERFI**

www.lysi.is













*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



**ÓVÆNTAR FORNMINJAR!** Starfsmenn Keilis láta apaskítinn í loftinu vera og segja hann gamlar fornminjar.



**RAGNHEIÐUR MEÐ LJÓNSUNGA** Hún segir dýragarða nauðsynlega til að fólk beri virðingu fyrir dýrum.

## STOFNUÐU SAFNIÐ Í FJÁRÖFLUNARSKYNI



**JÓN KR. GUNNARSSON** Stofnaði Sædýrasafnið og lést árið 2000.

Jón Kr., faðir Ragnhildar, var skáti í Hafnarfirði og líka í Hjálparsveit skáta. Upphaf Sædýrasafnsins má rekja til þess þegar nokkrir félagar í Hjálparsveitinni héldu fiskisýningu í fjáröflunarskyni fyrir skátana. Það gekk svo vel að í framhaldinu stofnuðu félagarnir Sædýrasafnið sem sjálfseignarstofnun. Árið 1976 varð breyting á starfi safnsins. Þá hóf Sædýrasafnið að veiða háhyrninga sem seldir voru í erlenda dýragarða og voru einnig til sýnis í safninu. Bæði Keikó og Tilikum voru fangaðir á þessum tíma. Upp úr 1980 þrengdist að rekstrinum. Samningar við erlenda dýragarða stóðust ekki og útgerðin kostaði sitt auk þess sem ráðist hafði verið í dýrar endurbætur. Safnið stefndi í þrot árið 1980 en eftir árangurslausar tilraunir til að endurvekja starfsemina var því endanlega lokað árið 1987.

Keiko – sem um tíma var frægasti Íslendingur í heimi. Jón, faðir Ragnhildar lést árið 2000, en árið áður en hann lést barðist hann gegn því að Keiko yrði fluttur aftur til landsins. Ein grein eftir hann vakti landsathygli. Hann sagði að Keikó væri jafngildi 66 þúsund kjötbolla sem hægt væri að senda til Kenýa og fæða hungraðan heim.

„Ég man að Seaworld hafði samband við pabba og hann útskýrði fyrir þeim að þetta væri feigðarflan – í raun grimmd við dýrið sem væri orðið vant umhyggju og að fá sitt fóður úr hendi manna. Háhyrningar eru hópdýr, eins og úlfar, og þeir hleypa ekki ókunnugu dýri inn í hjörðina. Keiko átti aldrei sjens að komast aftur inn í samfélag háhyrninga. Þarna réðu peningar og markaðslögmálin ferðinni. Þetta sagði pabbi við þá og þeir höfðu ekki samband aftur.“

Ég spyr Ragnhildi að lokum hvernig tilfinning það hafi verið að heimsækja aftur garðinn sem var svo stór hluti af hennar lífi en tilheyrir nú fortíðinni. „Það var skrítið að koma þangað. Gras yfir öllu og húsin breytt. Þarna var alltaf allt fullt af lífi, dýr á beit og börn út um allt. Það var dásamlegt að fá að alast upp í þessu umhverfi. Ómetanlegt,“ segir Ragnhildur.

### Dýragarðar nauðsynlegir

Reglulega er saga Sædýrasafnsins í Hafnarfirði rifjuð upp. Nú síðast þegar Tilikum komst í heimsfréttirnar. Yfirleitt eru það neikvæðu augnablikin sem dregin eru fram í dagsljósið. Til að mynda þegar gestur safnsins henti flösku í ísbjarnargryfjuna. Ísbjörninn steig á brotna flöskuna, fékk blóðeitrun og lést skömmu síðar. Eða þegar mikið frost varð þess valdandi að tveir háhyrningar fengu lungnabólgu og létust.

„Ísbjörninn fékk lyf og læknismeðferð en það dugði ekki til. Hann lést skömmu síðar og það sýnir kannski hve viðkvæm náttúran er. Að ein gosflaska geti fellt þetta stóra og hrausta dýr,“ segir Ragnhildur og heldur áfram: „Það má ekki setja þá mælikvarða og reglur sem við búum við í dag á hluti í fortíðinni. Ef ekki væri fyrir dýragarða væri þekking manna og virðing fyrir dýrum mun minni í dag. Ein aðalástæðan fyrir þeirri virðingu sem í dag er borin fyrir háhyrningum er af því að þeir hafa verið hafðir til sýnis. Fólk hefur séð mikilfengleika þeirra og notið samvista við dýrin. Bróðir minn, sem þjálfaði háhyrninga í fjölda ára, sagðist líta á háhyrninga í dýragörðum sem eins konar sendiherra sinnar tegundar. Og í langflestum dýragörðum í heiminum fer afar vel um dýrin og þau gleðja bæði fullorðna og börn.“

Ragnhildur segir borgarsamfélagið hafa skapað ákveðna fjarlægð á náttúruna. „Það er alltaf lögð áhersla á meiri steypu og minna líf. Sædýrasafnið gladdi hjörtu þúsunda Íslendinga á tímum þar sem afþreying var af mun skornari skammti en í dag. Við höfum sjaldan þurft jafn mikið á dýragörðum að halda eins og nú. Þar sem börn fá tækifæri til að virða fyrir sér dýrin og snerta.“





# TVEIR FRÁBÆRIR ÞÆTTIR
## HEFJAST Á SUNNUDAGSKVÖLD



# Hvar er ísbjörninn?

Vetrarólympíuleikarnir 2014 hefjast í febrúar næstkomandi í Sochi við Svartahaf. **Helga Brekkan** sótti þing rússneskra blaðamanna í Sochi í lok september, fór í skoðunarferð um svæðið og var hvött til að skrifa eitthvað jákvætt um leikana.

Vetrarólympíuleikarnir 2014 hefjast 7. febrúar í Sochi við Svartahaf. Þar eru hlý sumur og mildir vetur. „Lukkudýr“ leikanna er ísbjörn.

Að þeim loknum munu íbúar Sochi búa við betra vegakerfi, risaíþróttamannvirki og bætt raf- og fjarskiptakerfi. Vetrarólympíuleikar við Svartahaf, draumur Pútíns Rússlandsforseta, eru dýrustu Ólympíuleikar sögunnar. Áætlaður kostnaður árið 2007 var 12 milljarðar dollara en er nú um 50 milljarðar dollara. Stjórnarandstæðingurinn Boris Nemtsov tók fyrr á árinu saman skýrslu um spillingu þar sem hann segir Ólympíuleikana í Sochi vera áður óþekkt tækifæri fulltrúa stjórnar Pútíns og ólígarka til að skipta kökunni á milli sín.

### Hvött til að skrifa jákvætt

Í lok september sótti ég þing rússneskra blaðamanna í Sochi. Fulltrúar stjórnvalda þar hvöttu blaðamenn til þess að skrifa á jákvæðum nótum um vetrarleikana. Morguninn eftir er lagt af stað í skoðunarferð á Ólympíusvæðið. Vegavinna við ströndina og rútan situr föst í bílaröð. Í Sochi og nágrenni rísa hótel og skrifstofur og fjöldi húsa rifinn. Skautahallir og stærsta fjölmiðlahús heims enn ókláruð.

Ólympíuleikar fatlaðra eru velkomnir hér í mars 2014. Breyting frá afstöðu yfirvalda í Moskvu sem lýstu því yfir árið 1980 að: „Í Sovétríkjunum eru engir fatlaðir einstaklingar.“ Bandaríkin og fleiri lönd hundsuðu þá Ólympíuleika að sumri til að mótmæla innrás Brezhnevs í Afganistan.

Margir hafa hvatt til að hætta við þátttöku í Vetrarólympíuleikunum í Sochi vegna mannréttindabrota í Rússlandi. Ný lög gegn réttindum samkynhneigðra hafa vakið mesta athygli en einnig hert tök gegn mótmælendum, vaxandi fjöldi samviskufanga og skerðing tjáningarfrelsis. Nýlega bönnuðu rússnesk stjórnvöld ættleiðingar til Svíþjóðar. Ástæðan sögð réttur til hjónabands samkynhneigðra þar.

Árið 2012 fjölgaði munaðarlausum börnum í Rússlandi um 118.000.

Þótt fordómar séu talsverðir þá er kynhneigð ekki aðaláhyggjumál íbúa stærsta ríkis veraldar. Víða í Rússlandi er fólk ekki með gas í húsum sínum á meðan það streymir í leiðslum framhjá þorpum þeirra til útlanda. Gróðinn fyllir vasa valdamanna og vina þeirra. Samkvæmt nýrri rannsókn er skipting auðæfa í Rússlandi sú ójafnasta í heimi. 35% af auðæfum Rússlands eru í eigu 110 manna. Þessir ofurríku 110 karlar standa nærri valdinu eða eru valdið og græða meðal annars á olíu og gasi.

Við erum á leið upp í Krasnaja Poljana-fjöll um 40 km frá Sochi þar sem keppt verður á skíðum og stokkið af dýrasta palli sögunnar. Eftir akstur gegnum jarðgöng sést hversu mikið af skóglendi hefur verið rutt. Margir mótmæltu og hefur vísinda- og blaðamönnum hefur verið hótað. Rótgróin náttúruverndarsamtök bönnuð.



**SOCHI** Margir hafa hvatt fólk til að hætta við þátttöku á Vetrarólympíuleikunum vegna mannréttindabrota í Rússlandi. MYND/GRIGORY PASKO

Leiðsögumaðurinn bendir á hálfbyggða lestarstöð, spor, brýr og fleiri göng. Fyrrverandi yfirmaður KGB og persónulegur vinur Pútíns fékk þann feita verktakasamning. Malbikið ku vera dýrara en kavíar segir einhver.

Í þorpi nærri Bjarnarhorni er stoppað til hunangskaupa.

Það er hlýtt, skógarbjörn betra lukkudýr leikanna, hugsa ég.

Fæ mér fíkju af tré og kona stígur út úr húsi. Spyr hvernig henni lítist á Ólympíuleikana. Hún segir við mig: „Bara að skrifa eitthvað jákvætt.“

Ég bið um að fá að taka mynd en hún neitar og skýst aftur inn í húsið.

Við ökum áfram, framhjá verkamönnum í rykskýi við lagningu járnbrautar. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch telja að það séu um 16.000 farandverkamenn sem byggja 136 Ólympíubyggingar. Fjöldi ólöglegra verkamanna í Sochi alls talinn um 70.000. Flestir frá grannríkjunum og hafa unnið fyrir lág laun undir stjórn spilltra verktaka.

### Uppáhaldsskíðasvæði Pútíns

Við stígum út í Rosa Khutor, eftirlíkingu af svissnesku fjallaþorpi.

Tómur bær og á skiltum búðanna stendur: „Bráðum opnum við!“

Búðir frá MacDonalds til Gucci. Hér er uppáhaldsskíðasvæði Vladimírs Pútín forseta. Hann ferðast auðveldlega upp eftir í þyrlu frá sumarhúsinu í Bocharov Ruche nærri Dagomys við Svartahaf. Margir spyrja sig nú hverjir komi hingað eftir leikana. Hótelgisting í Ölpunum er mun ódýrari og þjónustan hugsanlega betri.

Við leggjum af stað í fyrsta skíðakláfnum upp aðalbrekkuna.

Gámablokkir, hálfköruð hótel og í fjallshlíðinni sofa verkamenn. Framkvæmdir eru á eftir áætlun og það er unnið dag og nótt. Eftir þriggja kláfa klif upp í 2.000 metra hæð er ægifagurt yfir að horfa og loftið ferskt.

Niður svífum við yfir menn sem hlaða sandpokum að læk niður með verðandi Ólympíusvigbraut. Á skiptistöð í næsta kláfi sitja þreyttir menn með föggur sínar. Enginn lukkuísbjörn hér. Þyrla sveimar yfir með steypuhrærivél í keðju.

Vladimír Pútín lenti í þyrlu á hafís norðurslóða til að klappa svæfðum hvítabirni. Á sjónvarpsstöðvum Kreml, First Channel og Russia Today var björninn hífður upp í keðju til vigtunar. Pútín handfjatlaði hálsól með senditæki og starði ákveðinn inn í myndavélar. Hann segist hafa áhyggjur af dýrum í útrýmingarhættu. Eitt fyrsta embættisverk hans fyrir þrettán árum var að leggja niður umhverfisráðuneytið og færa inn í ráðuneyti orku og auðlinda.

Fyrir Vetrarólympíuleikana í Sochi 2014 verður slegið heimsmet í Ólympíukyndlahlaupi. Í boði kjarnorkumiðstöðvarinnar Rosatom og Coca-Cola hlaupa fjórtán þúsund manns gegnum 2.900 bæi í 83 umdæmum Rússlands. Hlauparinn má síðan eiga sinn kyndil.

Á afmælisdegi Pútíns, 7. október, var skokkað af stað í Moskvu. Loginn slokknaði við Kreml en áhorfandi með kveikjara brást skjótt við. Sama dag sendu mannréttindasamtökin Human Rights Watch kyndlaferð af stað á netsíðu sinni. Þar segir frá mannréttindabrotum þar sem Ólympíuloginn fer hjá. Viku síðar sigldi rússneskur kjarnorkuísbrjótur frá Múrmansk með vísindamenn frá norðurskautsríkjunum og fjölmiðlafólk.

Hlaupið var með Ólympíukyndla á ísnum yfir norðurpólnum og síðan siglt aftur til Múrmansk.

Mikhaíl Gorbatsjov hélt fræga ræðu í Múrmansk í október 1987 þar sem hann hvatti til alþjóðlegrar samvinnu í umhverfis- og friðarmálum á norðurskautssvæðinu. Í Múrmansk sat nýlega hópur náttúruverndarsinna í fangelsi fyrir friðsamleg mótmæli gegn olíuvinnslu Rússa. Þeim hefur verið sleppt gegn tryggingu en geta átt yfir höfði sér sjö ára fangelsi. Milljónir manna um allan heim mótmæla olíuborunum á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga og hættu á olíuslysum.

### Milljónir mótmæla

Hvort ákærur gegn ríkisborgurum Bandaríkjanna, Finnlands,Bretlands, Ástralíu, Brasilíu,Kanada, Danmörku,Hollandi, Nýja Sjálandi,Úkraínu, Rússlandi,Frakklandi, Ítalíu, Tyrklandi, Póllandi og Svíþjóð verði felldar niður fyrir ólympíuleikana, veit aðeins Pútín.

Milljónir manna um allan heim mótmæla olíuborunum á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga og hættu á olíuslysum.

Hvort ríkisborgurum Bandaríkjanna, Finnlands, Bretlands, Ástralíu, Brasilíu, Kanada, Danmerkur, Hollands, Nýja-Sjálands, Úkraínu, Rússlands, Frakklands, Ítalíu, Tyrklands, Póllands og Svíþjóðar verður sleppt áður en Ólympíuleikarnir hefjast veit aðeins Pútín.

Í nóvember var Ólympíukyndli (án loga af öryggisástæðum) skutlað út í geim og öðrum sökkt niður á botn Bajkalvatns. Síðan mun skíðloga í Sochi og Vetrarólympíuleikarnir 2014 hefjast. Ef snjó vantar verður hann búinn til eða fluttur frá Síberíu. Og hver veit nema hvítabirni verði kippt með.



**FRAMKVÆMDIR** Eftir þriggja kláfa klif upp í 2.000 metra hæð er ægifagurt yfir að horfa og loftið ferskt. MYND/GRIGORY PASKO


ÞAÐ SKELFUR

Við fögnum útgáfu endurminninga Ragnars Stefánssonar í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, í dag kl. 14-16.
Léttar veitingar. Allir velkomnir!
Ragnar mun spjalla við gesti og árita bókina.




„Afskaplega skemmtileg og skýr frásögn og góður húmor, lúmskur. Gleði og tregi skiptast á en alltaf virðing fyrir manneskjunni.“
*Guðmundur Brynjólfsson, Facebook*

„Frá hlýju hjarta, hlý og nærfærin umfjöllun um formæður og -feður – hverra manna maður er. Ættarsögur með afar pólitísku og þjóðfélagslegu ívafi. … Ljúft innlegg í þá skoðun sem telur að „íslenska þjóðin“ hafi orðið til á miðri síðustu öld – til þess eins að verða eilíflega ung, rík og falleg.“
*Birna Þórðardóttir*

SKRUDDA
www.skrudda.is



DYNAMO REYKJAVIK

# Vinátta þvert á dýrategundir

Í hinni nýútkomnu bók Óvænt vinátta–47 ótrúlegar sögur úr dýraríkinu eftir Jennifer S. Holland heyrum við sögur og sjáum myndir af dýrum sem eiga ekkert sameiginlegt en bindast ólíklegustu vináttuböndum.

**Óvænt vinátta**
Höfundur: **Jennifer S. Holland**
Útgáfa: **Bókafélagið**
Fjöldi síðna: **210 bls.**

## Skúfpáfinn og kötturinn

Með því að klóra ketti á bak við eyrun eignast maður lífstíðarvin. En hvað ef sá sem klórar er með fjaðrir, gogg og fuglsfætur? Það virtist ekki skipta máli fyrir Lucky, ungan flækingskettling, sem var svo heppinn að Libby Miller og Gay Fortson í Savannah í Georgíu björguðu henni. Þegar Lucky var tekin inn á heimilið þurfti hún að búa með Coco, hvatvísum og framhleypnum skúfpáfa sem tók köttinn mjúkum tökum.

Coco sat á háum fótagaflinum á rúmi eigenda sinna einn morguninn og Lucky, sem hafði ekki enn komist í návígi við fuglinn, hlýtur að hafa verið í felum undir rúminu. Þegar Libby gekk inn í herbergið „voru þau saman í rúminu“. Hún hafði áhyggjur af því að önnur myndi meiða hina en „Coco bar sig svo mjúklega að! Hún strauk Lucky með öðrum fætinum og gekk síðan fram og aftur á höfðinu á henni. Lucky virtist standa á sama.“ Libby náði í upptökuvél og myndaði þessi skrítnu samskipti. Myndbandið rataði á internetið og hefur breiðst út eins og eldur í sinu. „Fólk um allan heim hefur unun af að sjá hvernig þeim semur,“ segir hún.

Dýrin tvö halda áfram að vera góðir sambýlingar þrátt fyrir að fuglinn hafi alla burði til að meiða köttinn með sterkum gogg og klóm. Coco rekur örmjóa tunguna inn í lítil eyru kattarins eða hnoðast með hann og kjáir við hann og virðist heilluð af bragðinu af mjúkum feldi og mjúkum líkama. Lucky finnst þetta gott og veltir sér á bakið til að bjóða upp á að maginn sé nuddaður.

Á kvöldin sitja kötturinn og fuglinn hin ánægðustu í kjöltu eigendanna og „tjilla“ ásamt hundunum fjórum sem eru á heimilinu. Kvöldin eru ekki fullkomin fyrr en búið er að hleypa öllum dýrunum út þar sem þau halda áfram að mynda tengsl, segja eigendurnir. „Okkur þykir yndislegt að dýrin okkar skuli vera svona ánægð með að vera saman.“





## Greifingjahundurinn og grislingurinn

Á ískaldri nóttu kom heppinn grislingur í heiminn á hálmfleti í hlöðu í Vestur-Virginíu.

Pink var afturkreistingur hvernig sem á það var litið. Þegar hann fæddist töldu hvorki Johanna Kerby, sem hjálpaði til við fæðinguna, né eiginmaður hennar og dóttir sem fylgdust með, að pínulitli grislingurinn gæti haldið lífi utan við leg móður sinnar. Til allrar hamingju kom óvæntur velgjörðaraðili til skjalanna og gaf Pink tækifæri til að lifa.

Gyltan gaut ellefu grislingum og Pink kom síðastur þeirra í heiminn. Strax var ljóst að hann var ekki eins og systkini hans. Grísir fæðast yfirleitt með opin augu og það tekur þá aðeins nokkrar mínútur að standa á fætur, ganga og finna spenana. Þeir eru yfirleitt eitt og hálft til tvö kíló. Pink var innan við hálft kíló og augun voru lokuð. Hann var veikburða, hartnær hárlaus og gaf frá sér ámátlegt væl. „Hann lá bara í kassanum og kjökraði,“ rifjar Johanna upp. „Hann reyndi ekki einu sinni að ganga. Hann var einfaldlega of veikburða.“ Þegar hún lagði hann við spena móður hans vildi hann ekki sjúga. Sterkari systkin hans fóru brátt að ýta honum í burtu og reyna að losna við þennan veikasta keppinaut.

Johanna fékk hugmynd. Greifingjahundur fjölskyldunnar, lítil rauð tík sem hét Tink, hafði alltaf verið hænd að fólki og sýnt móðurlega tilburði í samskiptum við önnur dýr. Hún hafði líka alltaf verið hrifin af grislingum.

Þegar Tink sá grislinga í fyrsta sinn mörgum árum áður í svínahúsi Kerby-fjölskyldunnar „safnaði hún þeim öllum saman úti í horni og fór að sleikja þá,“ rifjar Johanna upp. „Þeir voru tólf kíló, miklu stærri en hún, en Tink lét það ekki á sig fá. Hún var svo sæl og ánægð og ljómaði af gleði.“ Í annað skipti lá við að hún drukknaði í djúpum skítnum í svínastíunni þegar hún hætti sér þangað inn til þess eins að komast nálægt dýrunum.

Tink var nýbúin að gjóta tveimur hvolpum en annar þeirra fæddist dauður og hún var greinilega miður sín. Johanna ákvað að setja Tink og Pink saman og kanna hvort tíkin tæki grislingnum sem eigin afkvæmi. Það hafði nýlega gerst með hvolpa annarrar tíkur; Tink hafði tekið þeim sem sínum eigin.

Tink tók grislingnum af sömu ástúð og hvolpunum. Þegar Pink var settur í hundakassann „varð Tink yfir sig ánægð. Hún sleikti hann vandlega og át meira að segja leifarnar af naflastrengnum,“ segir Johanna. Svo stakk hún honum undir hálsinn til að halda á honum hita og þegar hvolparnir vildu fá að drekka notaði hún trýnið til að beina Pink að spenunum.

Kerby-fjölskyldunni til mikillar ánægju fór Pink að sjúga spenann. „Tink fór með hann eins og hann væri konungborinn; ég held að hann hafi verið uppáhaldið hennar,“ segir Johanna. Þessi sérstaka aðhlynning varð til þess að Pink var fljótur að ná stærð systkina sinna en hann sýndi aldrei neinn áhuga á að fara aftur til svínanna. Nú var hann hluti af hundafjölskyldu og lék sér og flaugst á við hvolpana eins og ekkert væri.

## Fíllinn og flækingshundurinn

Í fílaathvarfinu í Hohenwald í Tennessee er algengt að fílar frá mismunandi heimshlutum finni sér vini. Það kemur ekki á óvart þar sem í hlut eiga félagslynd dýr sem eru vön að vera í hjörð. Flækingshundar eru algengir á lóð athvarfsins en yfirleitt skipta þeir sér ekkert af fílunum heldur halda sig við sína líka. Kvenfíllinn Tarra og tíkin Bella brutust þó út úr þessu mynstri.

Þessi tvö greindu spendýr létu sig félagslegar hefðir engu varða, fundu hvor aðra og urðu næsta óaðskiljanlegar. Blíðlyndi risavaxni kvenfíllinn og bústna flækingstíkin átu saman, drukku saman og sváfu hlið við hlið. Fótleggir Törru, stórir eins og trjástofnar, gnæfðu yfir höfuð Bellu, en þær voru ánægðar svo lengi sem þær voru saman.

Tíkin Bella veiktist og starfsfólkið tók hana inn í athvarfið til að hjúkra henni. Tarra virtist miður sín og hélt sig nálægt húsinu sem Bella var í eins og hún væri að vaka yfir henni. Hún beið dögum saman á meðan Bella náði sér. Loks gátu þær verið saman aftur. Tarra klappaði Bellu með rananum, öskraði og stappaði niður fótunum. Tíkin Bella skalf af æsingi, dillaði rófunni og sveiflaði tungunni á meðan hún velti sér á jörðinni.

Og í eitt stórkostlegt andartak lyfti Tarra einum risastórum fætinum og nuddaði magann á vinkonu sinni mjúklega.

Hinn frægi líffræðingur Joyce Poole, sem hefur fylgst með fílum í fleiri klukkustundir en nokkur annar á jarðríki, minnist þess að hafa séð þær stöllur þegar hún var í heimsókn í athvarfinu. „Ég var svo lánsöm að komast nálægt, ná tengslum og sjá Törru með Bellu og einnig öðrum hundi sem hún vingaðist við. Hún var alltaf að reyna að halda á hundunum með rananum. Þetta var dásamlegt að sjá.“ En svona vinátta kemur Poole ekki á óvart. „Vegna vinnu okkar með fíla og eigin reynslu af hundum vitum við að báðar þessar dýrategundir eru tilfinningaverur sem mynda sterk tengsl,“ segir hún. Í náttúrunni eru fílar trygg dýr í samheldnum hjörðum þar sem mæðraveldi ríkir. Þeir taka ekki aðeins að sér afkvæmi kvenfíla sem drepast heldur syrgja þá sem þeir missa. Fíll eins og Tarra, segir Poole, sem ólst upp hjá ólíkum fyrirmyndum og komst í kynni við aðrar dýrategundir, „hefur einfaldlega flutt þessi tengsl yfir á annars konar dýr.“

Líkt og Horton, hinn frægi teiknimyndafíll dr. Seuss, sem sat á eggjum fyrir hirðulausa móður og klakti þeim út, virðist sem Tarra sé „hundrað prósent trygg!“



➜ Þessi tvö greindu spendýr létu sig félagslegar hefðir engu varða, fundu hvor aðra og urðu næsta óaðskiljanlegar.

„Sá **besti** hefur aldrei verið betri.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... Arnaldur einsog hann gerist **bestur**.“

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON / PRESSAN.IS

„... hlýtur að teljast með hans allra **bestu** verkum.“

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / FRÉTTATÍMINN

„Sögusvið, persónusköpun og bygging haldast í hendur við að gera Skuggasund að einni **bestu** bók Arnaldar.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Arnaldur sýnir allar sínar **bestu** hliðar.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Sagan rígheldur ... maður leggur hana ekki frá sér.“

SIGURÐUR G. TÓMASSON / KILJAN




VAKA-HELGAFELL

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*


Vnr. 55095034
Jólastjarna.
590 kr.
AÐEINS Í BYKO BREIDD
Aðeins 2 á mann. Verð gildir meðan birgðir endast!
Vnr. 50626770-3
Hitakanna, 1 l, 4 litir.
5.990 kr.
JÓLALEIKUR BYKO
Dregið um vinning daglega til jóla.
Alls 23 glæsilegir vinningar.
Heildarverðmæti 800.000 krónur.
WWW.FACEBOOK.COM/BYKO.IS
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
Vnr. 88900722-67
Útisería, 40/80 eða 120 ljósa,
mislit, glær eða rauð.
KLÚBB verð frá
1.390 kr.
Almennt verð frá 1.499 kr.
Vnr. 42369875
Sósuhitakanna, 0,4 l.
3.490 kr.
Vnr. 41119012
Hnífaparasett,
alls 24 stk.
2.990 kr.
Gleðileg jól
88949201-7
Útisería, 20 ljós, glær,
rauð eða marglit.
20 LJÓSA
KLÚBB verð
4.790 kr.
Almennt verð 5.990 kr.
88949211-7
Útisería, 40 ljós, glær,
rauð eða marglit.
40 LJÓSA
KLÚBB verð
8.790 kr.
Almennt verð 10.990 kr.
88949231-7
Útisería, 80 ljós,
glær, rauð eða marglit.
80 LJÓSA
KLÚBB verð
16.790 kr.
Almennt verð 20.990 kr.
Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell
fyrir fjóra, alls 20 stk.
5.990 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.







Jólavörur á lægra verði

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.














## JÓLAGLEÐI Í BYKO

**BYKO BREIDD**

**Laugardag 30. nóvember**

kl. 13:00 Álafosskórinn syngur jólalög
kl. 14:00 Kammerkór Mosfellsbæjar
kl. 15:00 Sjonni og Vigga skemmta

**Sunnudag 1. desember**

kl. 13:00 Jólajazz
kl. 15:00 Sjonni og Vigga skemmta
kl. 16:30 Álafosskórinn syngur jólalög

**BYKO GRANDA**

**Laugardag 30. nóvember**

kl. 13:00 Sjonni og Vigga skemmta
kl. 14:30 Álafosskórinn syngur jólalög

**Sunnudag 1. desember**

kl. 13:00 Álafosskórinn syngur jólalög
kl. 15:00 Jólajazz
kl. 17:00 Sjonni og Vigga skemmta

**Heitar vöfflur í öllum verslunum í dag**

Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi í dag laugardag milli kl. 13 og 15.



## JÓLAHLAÐBORÐ Í BYKO BREIDD

laugardag og sunnudag kl. 11:30 - 14:30

JÓLAHLAÐBORÐ 1.490 kr.



www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

# STÓRVELDIN RÍÐA HVORT ÖÐRU AÐ FULLU

FLÆKJUSAGA **Illugi Jökulsson** getur ekki annað en dáðst svolítið að herferð Heraklíusar Býsanskeisara sem bjargaði ríkinu undan Persum, en það var reyndar skammgóður vermir.



Það er sama hvar borið er niður í mannkynssögunni, alls staðar spretta upp magnaðar sögur sem krefjast þess að vera sagðar. Aldrei þessu vant vannst mér ekki pláss til að rekja flækjusögu síðustu viku til enda, og kannski ekki að undra því þar var gríðarleg saga á ferð og átti eftir að reynast í meira lagi áhrifarík. Það er sagan um Heraklíus Býsanskeisara og Khosrá Persakóng, en þar var komið þeirri sögu að sá síðarnefndi Persakóngur virtist standa með pálmann í höndunum, hann hafði lagt undir sig nokkur þau lönd sem höfðu allt frá því á fyrstu öld fyrir Krist tilheyrt Rómaveldi og síðan Býsans: Sýrland, Egiftaland, Palestínu. Eftir stóð Býsansríkið með ýmsar lendur í Norður-Afríku og hér og hvar á Ítalíu, en var líka lemstrað á Balkanskaga og jafnvel í Litlu-Asíu sjálfri (nú Tyrklandi) þar fóru persneskir herir um eins og þeim sýndist og veifuðu bryntröllum sínum í augsýn íbúa í Konstantínópel. Þetta var laust upp úr árinu 620 og þá voru 150 ár síðan Rómaveldi féll í Vestur-Evrópu, nú virtist allt útlit fyrir að austurhlutinn færi sömu leið. Og svo sem mála sannast að það var aðeins með naumindum sem hægt var að kalla Býsansríkið „rómverskt“ þegar hér var komið sögu, Heraklíus hafði til að mynda lagt af latínu sem opinbert tungumál ríkisins og tekið upp grísku. Latína hafði reyndar aldrei verið töluð af þorra fólks í Býsansríkinu og yfirstéttin hafði líka lagt hana af fyrir löngu en menn höfðu þó puðað við að nota hana áfram í hinni æðstu stjórnsýslu við keisarahirðina – nú var það brúk líka fyrir bí og stjórnvaldsákvarðanir Heraklíusar keisara voru festar á papýrus með hinum mjúku línum grískunnar en ekki harðneskjulegum strikum latínuletursins. En var þetta of seint í rassinn gripið hjá Heraklíusi? Yrði grískan fljótlega úrelt líka við Hellusundið þar sem Konstantínópel stóð á rústum hinnar gömlu grísku borgar Býzantíum? Mundi persneska brátt hljóma þar milli múrveggjanna þegar Khosrá kóngur og liðsmenn brytust inn í borgina og stæðu yfir höfuðsvörðum Heraklíusar?

## Guð hjálpi Rómverjum

Já, vissulega var allt útlit fyrir það. Heraklíus hafði fram að þessu sýnt lítinn dug við varnir borgarinnar og ríkisins, hann hlýtur að hafa hugsað öðruhvoru til þeirrar stundar þegar hann steypti fyrirrennara sínum Phocasi af stóli og Phocas hæddist að honum og spurði hvort honum myndi nokkuð takast betur upp en sér við ríkisstjórnina, en þessu reiddist Heraklíus svo að hann drap Phocas eigin hendi. En nú var sem sé útlit fyrir að stefndi í svo magnað klúður hjá Heraklíusi að ríkið sjálft myndi varla lifa það af, og Heraklíus íhugaði að yfirgefa höfuðborgina og láta hana Persum eftir – enda sáust kyndlar þeirra flökta í námunda við borgina þegar rökkvaði og Heraklíus hafði ljóslega ekki bolmagn til að hrekja þá brott. Hann hafði þegar árið 615 látið slá nýjan pening með áletruninni „Deus adiuta Romanis“ sem þýðir „Guð hjálpi Rómverjum“, því Býsansmenn kölluðu sig ennþá Rómverja þótt þeir væru hættir að tala latínu og létu sig litlu skipta borgina á Tíberbökkum, en svona vesældarleg og veimilítíuleg áletrun hafði aldrei verið á rómverskum peningi, þar höfðu menn treyst í þúsund ár á herinn og harðneskjuna, en ekki verið með bænakvak þegar hætta steðjaði að. Enda dugði þessi bæn lítt eða ekki, Persakóngur hélt áfram í mörg ár að lima sundur Býsansríkið og þegar hann náði Egiftalandi hafði hann sent Býsanskeisara svohljóðandi bréf:

„Khosrá, mestur guða og herra heimsins, skrifar Heraklíusi, hinum illa og vitskerta þræli sínum. Hví neitar þú enn að gangast undir ok vort og kallar þig kóng? Hef ég ekki lagt Grikkina að velli? Þú segist treysta guði þínum. Því hefur hann þá ekki frelsað úr mínum höndum Caesareu og Jerúsalem [í Palestínu] eða Alexandríu? Og munum vér ekki einnig eyðileggja Konstantínópel? En ég mun fyrirgefa þér ruglið ef þú lýtur oss og kemur hingað með konu þinni og börnum, og ég mun gefa þér spildu með vínviðarrunnum og ólífulundi og líta hlýlega til þín. Ekki blekkja sjálfan þig með trú á þennan Krist, sem ekki tókst að bjarga sér undan Gyðingunum sem drápu hann með því að negla hann á kross. Jafnvel þótt þú reynir að fela þig dýpst á hafsbotni, þá munum vér rétta út hönd vora og klófesta þig, hvort sem þú vilt eða ekki.“





Svona bréf hefur ekki verið skemmtilegt fyrir Býsanskeisara að fá, og draugar Ágústusar, Konstanínusar og Jústiníanusar hafa áreiðanlega hrist hausinn ávítandi yfir Heraklíusi þegar hann þurfti að hlýða á þennan boðskap. Ekki síst af því lengst af var ekki útlit fyrir annað en að Heraklíus yrði að láta þessa ósvífni yfir sig ganga. En rétt í þann mund að keisarinn ætlaði að lúpast brott frá Konstantínópel og leita hælis í Karþagó, þá taldi Sergíus nokkur í hann kjark, enginn smákall reyndar, heldur patríarkinn í höfuðborginni, sem sé æðsti maður kirkjunnar, hann beinlínis skipaði Heraklíusi að snúa tafarlaust vörn í sókn gegn Persum, ekki vera með þennan aumingjaskap, og Sergíus opnaði fjárhirslur kirkjunnar og þangað sótti Heraklíus nú ógrynni fjár til að borga nýjan her sem stefnt skyldi til úrslitaorrustu gegn Persum. Og hann hafði fleiri klær úti – hækkaði skatta, lækkaði laun embættismanna um helming, lagði þungar sektir á spillta stjórnmálamenn, og fékk að bræða niður heilmikið af bronsstyttum og skrautgripum kirkjunnar til að afla málma í vopn. Sumarið 622 hélt Heraklíus burt frá Konstantínópel með her sinn, hann lét sér ekki til hugar koma að eyða orku í persneskar sveitir í nágrenni borgarinnar, heldur stefndi inn í miðja Litlu-Asíu þar sem hann þjálfaði nýja dáta sína sumarlangt – um haustið vann hann frægan sigur á einum helsta herforingja Persa, sem Sharbaraz hét, þar með var mestum þrýstingi létt af höfuðborginni. Sumarið eftir þurfti Heraklíus að bregðast við hættulegri árás Avara á Balkanskaganum, þeir frændur Húnanna ætluðu að nota sér vandræði Býsansmanna í Litlu-Asíu til að ná höfuðborginni og munaði minnstu að þeir næðu að handsama keisarann sjálfan, Heraklíus komst undan á flótta og varð svo að borga Avörum gríðarmikinn pening fyrir að láta sig í friði meðan hann hélt aftur í austurveg þar sem þrír persneskir herir biðu.

> **Herferð Heraklíusar gegn Persum árin 624-627 var einhver magnaðasta slagsmálasaga í samanlagðri sögu Rómaveldis og Býsans. Allt í einu var eins og nýr maður væri fæddur. Heraklíus sýndi bæði dirfsku og hugmyndaauðgi þegar hann braust með her sinn fyrst til Armeníu og ... tók að ógna hjarta Persaveldis. Þessi keisari, sem hingað til hafði virst makráður og sérhlífinn, barðist nú skyndilega eins og óður maður ...“**

## Örmagna ríki

Herferð Heraklíusar gegn Persum árin 624-627 var einhver magnaðasta slagsmálasaga í samanlagðri sögu Rómaveldis og Býsans. Allt í einu var eins og nýr maður væri fæddur. Heraklíus sýndi bæði dirfsku og hugmyndaauðgi þegar hann braust með her sinn fyrst til Armeníu og sótti síðan inn í Mesópótamíu og tók að ógna hjarta Persaveldis. Þessi keisari, sem hingað til hafði virst makráður og sérhlífinn, barðist nú skyndilega eins og óður maður og tókst að sigra hvern persneska herinn af öðrum – hann lét sig einu gilda þótt óvígur Persaher settist um Konstantínópel, heldur hélt áfram að herja í austrinu eins og ekkert væri, og hann náði að afla sér óvæntra bandamanna, sem var ný þjóð sem kom úr Litlu-Asíu og hafði lítið heyrst af áður, það voru Tyrkir. Heraklíus hét að gefa foringja Tyrkja dóttur sína að launum fyrir aðstoð, en þegar til kom voru Tyrkir reyndar ótryggir bandamenn og lítið á þeim að græða. Heraklíus stóð einn – og næstum eins og tragísk hetja rambaði hann hvað eftir annað á barmi glötunar, þar sem hann þvældist með her sinn um óvinaslóðir, en ótrúlegt nokk, hann hafði sigur að lokum, í mikilli þoku þann 12. desember árið 627 náði býsanski herinn að gersigra þann persneska við Nníníve, hina fornu höfuðborg hinna grimmu Assyríumanna. Þá kom í ljós að ekki bara Býsansmenn heldur líka Persar höfðu gengið fram af sér í þessu langvinna þrotlausa stríði stórveldanna – kraftar þeirra voru á þrotum, herveldi Khosrás féll saman eins og spilaborg og á örfáum misserum náðu Býsansmenn aftur Sýrlandi, Palestínu og Egiftalandi. Khosrá var steypt af stóli af reiðum persneskum aðalsmönnum sem kunnu ekki að meta stjórn hans á stríðinu við Býsans, það var raunar sonur Khosrás sem settur var yfir valdaránið, og hann lét drepa karl föður sinn, og þannig fór fyrir kónginum mikla sem hafði hreykt sér svo hátt í bréfinu til Heraklíusar.

Hafði Heraklíus þannig sigrað að lokum? Hafði honum tekist með sinni mögnuðu og ógleymanlegu herferð að bjarga ríki sínu frá hruni og glötun? Já – og nei. Svo örmagna var ríki hans, þrátt fyrir sigurinn, að aðeins fáeinum árum seinna höfðu Býsansmenn aftur misst öll Miðausturlönd, en nú ekki í hendur Persa, því ríki þeirra var gersamlega hrunið, heldur nýrrar árásarþjóðar úr þeirri óvæntu átt suðri, sem voru Arabar. Vopnaðir nýrri trú hirtu þeir öll Miðausturlönd og Persíu af hinum örþreyttu stórveldum. En ef þeir Khosrá og Heraklíus hefðu – eins og fyrri leiðtogar Býsans og Persíu – haft vit á að semja áður en í óefni var komið, þá er eins víst að Aröbum hefði ekkert orðið ágengt, og þá er ekki víst að nokkuð hefði orðið úr trúarbrögðunum íslam.



VÍGVÖLLURINN VIÐ NÍNÍVE.



# DEBENHAMS

## *gjafavörudagar*





# 30%*

AFSLÁTTUR AF:

- VÖLDUM SLOPPUM FYRIR DÖMUR OG HERRA
- ÖLLUM UNDIRFÖTUM FRÁ PRESENCE
- VÖLDUM ÚLPUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
- ÖLLUM LEIKFÖNGUM
- HÚFUM, VETTLINGUM OG TREFLUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA






*Gerðu lífið skemmtilegra*

*Gildir út sunnudag.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

**HVERJIR VERÐA TILNEFNDIR? !**

**Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna verða tilkynntar á morgun. Flestir telja að Sjón og Jón Kalman verði tilnefndir í flokki fagurbókmennta. Við bíðum spennt.**

FÆRT TIL BÓKAR

## Gamlinginn í bíó



Ólæsinginn sem kunni að reikna gengur afar vel á metsölulistum og vermir tvö efstu sætin á lista þýddra skáldverka. Mynd byggð á Gamlingjanum sem stökk út um gluggann, eftir sama höfund, með **Robert Gustavsson** í aðalhlutverki er jólamyndin í Svíþjóð þetta árið. Sambíóin hafa tryggt sér sýningarréttinn á myndinni og verður hún sýnd hér á landi á nýju ári. Gamlinginn rann út eins og heitar lummur á síðasta ári og búast má við að mikill spenningur sé fyrir myndinni.



## Máni og fullveldið

Vegna tengsla söguhetjunnar Mána Steins í bók Sjóns, Mánasteinn – drengurinn sem aldrei var til, við fullveldistökuna 1918 verður efnt til bjóðs í Þjóðmenningarhúsinu á morgun. Þar mun Sjón lesa úr bókinni, sýnd verður kvikmynd sem tengist efni hennar og tónlistarfólk skemmtir gestum.

## Verðlaunabókin Ósjálfrátt tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs

Auk Illsku er Ósjálfrátt eftir **Auði Jónsdóttur** tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs af Íslands hálfu. Bókin hlaut feikigóðar viðtökur þegar hún kom út í fyrra og hreppti Fjöruverðlaunin það árið. Gagnrýnendur og lesendur héldu vart vatni og Hallgrímur Helgason kvað upp úr á Facebook: „Ein skemmtilegasta lesning síðustu ára. [...] Love this book.“



# Sest kannski í helgan stein

Illska eftir **Eirík Örn Norðdahl** er önnur tveggja bóka sem í gær voru tilnefndar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs á næsta ári. Illska hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í fyrra og velgengni hennar hefur orðið til þess að Eiríkur hefur verið á stöðugu flakki milli bókmenntahátíða um allan heim. Hann segist vera með átta eða níu skáldsögur í hausnum.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Maður fékk náttúrulega að vita þetta fyrir mörgum mánuðum og er búinn að vera að springa yfir að geta ekki grobbað mig af þessu,“ segir Eiríkur Örn Norðdahl, spurður hvort tilnefningin hafi komið honum á óvart. „Það þarf að láta þýða bækurnar á eitthvert Norðurlandamálanna áður en hægt er að tilnefna þær.“

Illska hefur nú verið þýdd á dönsku, af Nönnu Kalkar, til að vera gjaldgeng til verðlaunanna en útgáfurétturinn hefur verið seldur til Frakklands, Þýskalands og Svíþjóðar en ekki Danmerkur. „Nú er ég bara með þýðingu á dönsku en engan útgefanda þar,“ segir Eiríkur og hlær. „En vonandi er hægt að plata einhvern danskan útgefanda til að gefa hana út nú þegar hann getur lesið hana.“

Heldurðu að þú getir nokkurn tíma skrifað aðra bók eftir þessa fádæma velgengni Illsku? „Ætli það nokkuð,“ segir Eiríkur og glottir. „Ég sest kannski bara í helgan stein og reyni að lifa á því sem Illska halar inn. En í alvöru talað þá var svo mikið verk að skrifa þessa blessuðu bók að þegar ég settist niður til að fara að gera eitthvað annað þá spruttu upp í hausnum á mér átta eða níu bækur samtímis. Ég er eitthvað byrjaður að skrifa í flestum þeirra þannig að heilinn er á mörgum mismunandi stöðum og ég veit ekkert hvar hann endar. Það er auðvitað engin glóra að vera að skrifa margar sögur í einu og gengur ekki neitt, en það fer vonandi að skýrast hver þeirra verður ofan á. En þetta helgast nú meira af því hversu erfitt var að skrifa Illskuna en viðtökunum.“



**ILLSKA** Eiríkur hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Illsku fyrr á þessu ári og nú hefur hún verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Önnur ástæða þess að Eiríki hefur ekki gefist mikið tóm til að komast í gang með næstu skáldsögu er að hann hefur verið á flakki milli bókmenntahátíða um allan heim. „Ég hef verið heima hjá mér samtals tíu daga síðan í júlí,“ segir hann. „Það hefur sprottið upp svo mikið af bókmenntahátíðum og einhver verður að sinna þeim, ekki satt? Þetta fer að slaga upp í túr hjá góðum tónlistarmanni, en nú er ég á leið heim á Ísafjörð til að leggjast undir feld, hugsa, sofa og hvíla mig.“

Ljóðabókin Hnefi eða vitstola orð kom út í haust og Eiríkur hefur einnig verið að lesa upp úr henni hér og þar auk þess að vera skólaskáld sem heimsækir grunnskóla til að fræða börnin um skáldskap. Hann segist meðal annars segja krökkunum hvers vegna hann byrjaði að reyna að skrifa sögur sjö ára gamall. „Fyrsta tilraunin sem ég man eftir er þegar systir mín, fimm árum eldri en ég, var búin að skrifa sögu sem hún las fyrir mig á gamlárskvöld. Sagan inspíreraði mig til að reyna að skrifa sjálfur þótt ég rétt kynni að draga til stafs. Og síðan hef ég bara ekki getað hætt.“

# Erótískur eltihrellir

BÆKUR ★★★☆☆

**Blindhríð**
Sindri Freysson
**SÖGUR ÚTGÁFA**

Veðurþulurinn Stefán, aðalpersóna nýjustu skáldsögu Sindra Freyssonar, Blindhríð, er ósköp venjulegur náungi. Myndarlegur og kemur vel fyrir og hefur í krafti þeirra eiginleika valist til að spá um veðrið á sjónvarpsstöðinni Stöðinni, þótt minna fari fyrir menntun hans í veðurfræði eða dýpri þekkingu á veðurkerfum heimsins. Í einkalífinu er Stefán tilþrifalítill, blautur um helgar og einhleypur. Í raun og veru er líf hans ekkert sérstaklega í frásögur færandi – þar til hin enska Viola kemur til sögunnar.

Viola tekur Stefán á löpp eftir að þau eru samferða í flugvél frá London og þau eyða saman nótt á flugvallarhóteli í Keflavík. Eftir það ævintýri heldur Stefán sig lausan allra mála þótt eftir standi raunar samviskubit yfir hegðun hans í hótelrúminu. En þetta er aðeins upphafið að sögu Stefáns og Violu. Fljótlega fara Stefáni að berast tölvupóstar og sms frá Violu og áður en hann veit af hefur sambandið milli þeirra snúist upp í hreinræktaðar netofsóknir. Viola er, næstum frá upphafi, fullkominn og mjög fær eltihrellir. Hún sér við öllum undanbrögðum Stefáns, er ótrúlega klár á tölvur, þannig að það dugar Stefáni skammt að skipta um tölvupóstföng eða loka símanúmerum. Smám saman holast líf Stefáns að innan, hann missir sjálfur tökin og Violu tekst með klækjum að klekkja á bæði honum sjálfum og fólki í kringum hann með hörmulegum afleiðingum.

Bréf Violu eru töluverður hluti bókarinnar og þau eru bæði sannfærandi og hrollvekjandi. Bréfin eru kynósa, uppfull af fantasíum um kynlíf Violu, hún veltir sér og Stefáni upp úr ævintýrum sínum með ólíkum körlum af ýmsum þjóðernum milli þess sem hún ber á hann ýmsar sakir eða játar honum ást sína og óendanlega kynferðislega þrá. Þráhyggja Violu er vel útmáluð í sögunni og afleiðingarnar sömuleiðis: varnarleysi Stefáns verður smám saman fullkomið, hann er algerlega á valdi Violu og örvæntingin vex hröðum skrefum þar til hann sér enga leið aðra en að myrða kvalara sinn. Sagan hefst á undirbúningi þessa morðs og form hennar bítur í skottið á sér. Undir lok sögunnar fylgjum við Stefáni þar sem hann ætlar að gera alvöru úr fyrirætlun sinni.





Blindhríð er sálfræðitryllir, í sögunni byggist upp innri spenna um sálarlíf og sálarheill Stefáns en líka um niðurstöðuna af ofsóknum Violu og viðbrögð Stefáns. Bókin er vel skrifuð og bréf Violu eru sannfærandi í brjálæði sínu, en þau verða ansi mörg og endurtekningasöm. Að einhverju leyti er þetta nauðsynlegt til að vekja með lesandanum tilfinningu fyrir því hversu yfirþyrmandi og langvarandi ofsóknirnar eru, en þau verða ansi tilbreytingasnauð og endurtekningasöm til lengdar. Það er erfitt að halda jafnvægi milli raunsæis og spennu í sögu af þessu tagi og stundum verður raunsæið yfirþyrmandi á kostnað spennunnar.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifaður og spunninn sálfræðitryllir sem líður þó stundum fyrir endurtekningar og nákvæma útmálun á þráhyggju annarrar aðalpersónunnar.

# GJAFAKORT NETTÓ ER GJÖF SEM GLEDUR




## ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIN Í ÖLLUM VERSLUNUM NETTÓ UM ALLT LAND

**nettó**
Í JÓLASKAPI

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

markhönnun ehf

## Konráð og félagar á ferð og flugi 72

Bragi Halldórsson

„Jæja, strákar," sagði Kata kotroskin. „Ég var að lesa nokkuð ansi skemmtilegt í bók." Konráð horfði á hana spyrjandi. Kata snéri upp á sig. „Heldur þú að ég lesi aldrei?" sagði hún reið. " Að ég sé bara alltaf í fótbolta?" „Nei, nei," sagði Konráð. „Ég er bara forvitinn um hvað þú last." „Jæja," sagði Kata og var orðin rólegri. „Vitið þið hversu oft er hægt að brjóta saman blað í miðju?" Róbert klóraði sér í hausnum. „Hvað meinar þú?" sagði hann. „Jú," sagði Kata. „Brjóta það saman einu sinni, svo aftur og aftur, þangað til að það er ekki hægt að brjóta það saman oftar." Konráð hugsaði sig um. „Það hlýtur að fara eftir því hvað blaðið er stórt," sagði hann. „Nei," sagði Kata. „Það er nefnilega það skrítna við það, það er alveg sama hvað blaðið er stórt, það er bara hægt að brjóta hvaða blað sem er visst mörgum sinnum saman. Prófið þið bara."

Prófað þú að brjóta saman blað og vittu hve oft þú getur brotið það saman.





SVAR: 7 sinnum.

## Brandarar

Þrír ánamaðkar komu upp úr moldinni eftir rigningu og einn sagði við annan: „Þú ert svo sætur! Ég elska þig!"
Þá sagði sá þriðji: „Ertu eitthvað ruglaður? Þú ert að tala við afturendann á þér!"

Einu sinni voru tvö bláber sem voru hjón. Karlinn sagði: „Mér er kalt." „Já, auðvitað," sagði konan þá. „Þú ert ber!"

Hver er munurinn á lauk og fiðlu?
Það grætur enginn þegar fiðlan er skorin.




# Dularfullar ráðgátur og ævintýri

Enid Blyton er einn frægasti barnabókahöfundur allra tíma.

Það er öruggt að á barnabókadeildinni á þínu bókasafni eru bækur eftir rithöfund að nafni Enid Blyton í röðum. Bækurnar hennar heita spennandi nöfnum. Til dæmis Ævintýrabækurnar, sem fjalla um fjögur börn og páfagaukinn Kíki sem lenda í spennandi svaðilförum. Og Fimmbækurnar sem eru 21 talsins og fjalla líka um fjögur börn og hundinn þeirra sem rannsaka dularfull mál. Svo má ekki gleyma bókunum Leynifélagið sjö saman og Ráðgátubókunum.

Sumir halda að Enid Blyton sé karlmannsnafn en svo er ekki. Enid Mary Blyton er kona sem fæddist árið 1897 í Bretlandi og var einn vinsælasti barnabókarithöfundur 20. aldari. Bækurnar hennar hafa selst í mörg hundruð milljónum eintaka. Flestar hafa verið þýddar á íslensku og notið mikilla vinsælda hér á landi.

Mörgum finnst reyndar þau viðhorf sem koma fram í bókum Enid Blyton heldur gamaldags. Vondu karlarnir eru oftast af lægri stéttum eða útlendingar. Og ósjaldan líta stúlkurnar til drengjanna með aðdáunarglampa í augum. Útgefendur hafa stundum breytt textanum í bókum hennar til að gera hann nútímalegri.

Enid Blyton er engu að síður skyldulesning fyrir alla fróðleiksfúsa krakka sem dreymir um að lenda í ævintýrum eða leysa ráðgátur– eða vilja bara njóta þess að lesa spennandi bók á dimmum vetrardegi.



**ENID BLYTON RITHÖFUNDUR** Hefur notið ótrúlegra vinsælda um allan heim.




**SKEMMTILEG ÆVINTÝRI** Hægt er að nálgast bækur Enid Blyton á öllum bókasöfnum.



**BRÆÐUR OG BESTU VINIR** Hurðaskellir og Stúfur biðja foreldra sína oft um systur.

# Rífumst um hverjir fara fyrstir til byggða

Krakkasíðan náði tali af Hurðaskelli sem er staddur í bænum til að undirbúa jólin ásamt Stúfi bróður sínum. Hurðaskellir segir þá bræður hafa gefið íslenskum börnum heilan fjórutíu feta gám af kartöflum í skóinn í gegnum tíðina.

**Hvenær komið þið jólasveinarnir til byggða?** Við, Hurðaskellir og Stúfur, komum alltaf í nóvember til að pakka því inn sem við setjum í skóna og til að kaupa kartöflur í skóinn handa þeim börnum sem eru óþekk. Magnús Ólafsson leikari og Þorgeir Ástvaldsson útvarpsmaður taka alltaf á móti okkur og við gistum hjá þeim.

**Rífist þið bræðurnir stundum?** Já, við erum stundum orðnir svo óþolinmóðir þegar jólin nálgast og rífumst um það hverjir eiga að fara fyrstir til byggða, en Grýla og Leppalúði, foreldrar okkar, ráða þessu og segja okkur að hætta að rífast.

**Hvað hefurðu gefið margar kartöflur í skóinn í gegnum tíðina?** Við erum nú orðnir svo gamlir, ég og Stúfur, eða um 700 ára, að við erum búnir að setja í það heila einn fjörutíu feta gám af kartöflum í skó landsmanna. Börnin eru nú alltaf að verða betri og betri svo þetta fer minnkandi, sem betur fer.

**Hvert er uppáhaldsjólalagið þitt?** Það er lagið sem hann Stúfur samdi og heitir Í bæinn við brunum, Stúfur og Hurðaskellir og var á einni af jólaplötunum okkar.

**Hefurðu skellt hurð svo fast að hún hefur brotnað?** Já, einu sinni skellti ég svo hressilega að húsið hrundi!

**Hvort er skemmtilegra að hræða börn eða skemmta þeim?** Við látum Grýlu og Leppalúða um að hræða börnin, en við gleðjum þau með söng, gríni og gleði og Stúfur spilar undir á harmónikuna.

**Hver er besti vinur þinn og af hverju?** Við Stúfur erum bestu vinir, enda erum við bræður og okkur þykir ofboðslega vænt um öll íslensk börn.

**Langar þig stundum til að eignast systur?** Já, við bræðurnir erum alltaf að biðja Grýlu og Leppalúða um systur, en þau eru bara orðin svo gömul og komin úr barneign. Þau eru að tala um að ættleiða eina systur frá Kína.

**Festist maturinn nokkurn tíma í skegginu þínu?** Já, eftir allar jólakræsingarnar erum við að borða úr skegginu á okkur fram að næstu jólum!

**Hver er jólagjöfin í ár?** Ást og umhyggja, og að hjálpa þeim sem minna mega sín svo að allir eigi gleðileg jól.


DAGUR REYKSKYNJARANS
VAKA REYKSKYNJARAR
YFIR ÞÉR OG ÞÍNUM?
Dagur reykskynjarans er 1. desember.
Notum hann öll til að:
• Prófa reykskynjarana og skipta um rafhlöður ef þess gerist þörf.
• Kaupa og setja upp reykskynjara ef enginn eða aðeins einn reykskynjari er fyrir. Þeir eiga að vera tveir eða fleiri á hverju heimili.
• Setja upp reykskynjarann sem búið er að kaupa en hefur ekki komist lengra en ofan í skúffu eða inn í skáp.
Eldvarnabandalagið óskar landsmönnum öllum þess að hátíðin sem fer í hönd verði slysalaus og gleðileg.
Förum varlega!
[ELDVARNA] bandalagið
Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.
www.mvs.is

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
1. Sá er hnýsist í pappíra afkomanda er ekki flekklaus (11)
11. Hankavar hlífir sneplum tveim og hlustum (10)
12. Lagði ljósavélar hjá samtengdum ljósavélum (11)
13. Liðsfjötrar beygja höfuðþræði (10)
14. Salamiskammturinn var nagaður af Frankfúrtara (11)
15. Kemur þá vesæll vængurinn í hús (8)
16. Hylja ólgu og þyrilsnúða (9)
18. Þessi stjarna er algjör loftkroppur (11)
21. Sprautast úr þar til gerðum hálsum (9)
22. Kreistum Völu með grjóthörðum rándýrum (11)
26. Sama á ný meðal bakskanka (10)
28. Einn blautan eftir sex í spili (11)
29. Segja Jóni og Jóni frá samheiti titlavísinda (10)
30. Lin moltan er býsna góð með sig (9)
32. Gestrisni Huga má rekja til stórmennsku (12)
35. Finnst rétt ég leiki kjána í fíflalátum (9)
36. Fóstra sveitalög við Knarrarsjó (10)
37. Einstaklingur og armar hans finna bragarhátt Shakespeares (10)
38. Fljót fetsins vísar til frekjunnar (9)
39. Tæki þeirra sem lært hafa á tækin (11

**LÓÐRÉTT**
1. Styttist reisurnar enn enda þær sem sendiferðir (15)
2. Borga öllum jafnt fyrir línu í launamálum (15)
3. Ljós sem blóm af lauki bróður Eysteins (11)
4. Bar hinn þolni og leðurlíki (7)
5. Sérðu snáðana með sílin? (7)
6. Tveir plús tveir er jafnt og kúnst (10)
7. Valta yfir velunnara náttúrunnar (10)
8. Ljúga um allt er að lóðbrettum lýtur (10)
9. Tásudrif knýr bólstrasvif (8)
10. Stelum nótu frá músíkölskum (8)
17. Aftansöngur alifuglanna og leiðindaskarfanna (14)
19. Hef rúllað ríkidæmi, létt er það (7)
20. Fýlufjölskylda hefur það sem þarf til að finna sjálfa sig (7)
22. Kæra dæmdan karl (8)
23. Slaka metani undir fjögur augu (11)
24. Fersk með klaka og tæmd drossía – þær eru nýmæli á Fróni (11)
25. Píla sendingar sveif stuttan spöl (11)
27. Dópa frjálsa og ódópaða (10)
31. Andstyggileg, erfið og verulega íþyngjandi (7)
33. Innreið stuðsöngva (6)
34. Skálda þráð (6)

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | E | G | L | S | K | Ú | T | U | R | | S | P | A | N | G | Ó | L | A | R |
| P | | R | | I | | T | | | A | | Ö | | K | | R | | Ý | | E |
| Ö | R | E | I | G | A | M | E | N | N | I | N | G | U | | A | | R | | G |
| R | | I | | U | | Á | | | G | | G | | R | A | S | S | Í | A | N |
| V | Í | N | A | R | S | N | I | T | S | E | L | | B | | T | | S | | V |
| A | | D | | G | | A | | | Ý | | I | L | L | V | I | R | K | J | A |
| R | A | U | Ð | L | I | Ð | I | N | N | | Ð | | E | | F | | R | | T |
| | L | | | E | | A | | E | | H | | B | I | T | A | B | A | R | N |
| A | F | H | Ý | Ð | A | | | T | | E | | | K | | | L | | É | |
| F | | E | | I | | H | U | N | D | I | N | G | J | A | H | Á | T | T | |
| G | E | R | A | N | D | I | | Á | | Ð | | | U | | | Þ | | T | |
| R | | T | | N | | T | Í | M | A | R | A | M | M | A | | R | | V | |
| E | I | R | L | I | T | A | | I | | U | | O | | L | J | Á | F | A | R |
| I | | U | | | | E | Y | Ð | I | M | E | L | U | M | | Ð | | X | |
| D | E | K | K | A | Ð | I | | | N | | | D | | Á | | U | | I | |
| D | | K | | T | | N | | | N | | H | V | A | T | A | M | E | N | N |
| U | T | A | N | Y | F | I | R | S | K | Ó | | A | | T | | | I | | Æ |
| | A | | | R | | N | | | A | | | R | | K | Ö | L | L | U | M |
| | F | | | Ð | | G | L | Y | S | D | O | P | P | A | | | Í | | A |
| Ú | T | B | Í | A | Ð | U | | | T | | | A | | R | I | T | F | Æ | R |

Lausnarorð síðustu viku var
**SNYRTIMENNSKA**

FORLAGIÐ




**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Mánasteinn eftir Sjón frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jón Guðmundsson Reykjavík**

**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikilvægur öryggisbúnaður. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 4. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „30. nóvember“.






**FRÓÐLEIKURINN** Palestínskir hryðjuverkamenn tóku hóp ísraelskra íþróttamanna í gíslingu og drápu þá alla.



# Óhugguleg gíslataka

Árið 1972 voru Ólympíuleikarnir haldnir í München í Þýskalandi. Aðeins 27 ár voru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldar og var Þjóðverjum mikið í mun að leikarnir gæfu góða mynd af ástandinu í þýsku samfélagi. Af þeim sökum var öryggisgæsla höfð í lágmarki, verðirnir í Ólympíuþorpinu voru óvopnaðir og heimurinn átti að hafa þá mynd af Þýskalandi að þar væru allir öruggir.

Svo var þó ekki. Hinn 5. september brutu átta Palestínumenn sér leið inn í Ólympíuþorpið. Þetta voru meðlimir hryðjuverkasamtakanna Svarta september, klofningshreyfingar úr PLO. Þeir réðust á ísraelsku íþróttamennina sem sváfu værum blundi í Ólympíuþorpinu. Tveir ísraelskir íþróttamenn voru drepnir og níu teknir í gíslingu.

Gíslatakan vakti heimsathygli. Hryðjuverkamennirnir kröfðust þess að 234 palestínskum föngum í Ísrael yrði sleppt auk þess sem þeir vildu að RAF-meðlimunum Andreas Baader og Ulrike Meinhof yrði sleppt úr haldi í Þýskalandi. Þetta var fyrir tíma bandarísku möntrunnar um að engir samningar séu gerðir við hryðjuverkamenn. Þýsk stjórnvöld buðu þeim háar peningafjárhæðir til að leysa gíslana úr haldi en það bar ekki árangur. Þá voru gerðar tilraunir til að lauma þýskri sérsveit inn í Ólympíuþorpið en aðgerðir lögreglunnar voru allar í beinni útsendingu og því vissu hryðjuverkamennirnir upp á hár hvað var að gerast.

Gíslatakan endaði með skelfingu. Þýsk yfirvöld urðu við þeirri beiðni að útvega hryðjuverkamönnunum flugvél en á Fürstenfeldbruck-flugvellinum í útjaðri München biðu leyniskyttur lögreglunnar. Lögreglan misreiknaði hins vegar fjölda hryðjuverkamannanna sem veittu mikla mótspyrnu. Fimm hryðjuverkamenn voru drepnir en þrír sluppu lifandi og voru teknir höndum. En allir gíslarnir létu lífið í aðgerðunum sem töldust algerlega misheppnaðar.

Hryðjuverkamönnunum þremur var nokkru síðar sleppt úr haldi eftir að þýsk farþegaflugvél var tekin í gíslingu og var fagnað sem hetjum í sínu heimalandi.

Gíslatakan á Ólympíuleikunum árið 1972 var áfall fyrir ísraelsku þjóðina og heiminn allan, sem fylgdist með í beinni útsendingu. Tvær áhugaverðar kvikmyndir hafa verið gerðar um þessa atburði og nálgast þær söguna frá ólíkum hliðum. Önnur er heimildarmyndin One day in September sem hlaut Óskarsverðlaun árið 1999. Hin er Munich eftir Steven Spielberg frá árinu 2005 sem lýsir eftirleik gíslatökunnar og eltingarleik ísraelsku leyniþjónustunnar við þá sem báru ábyrgð á henni. -SB

# BÆKUR SEM GLEÐJA




Mói er fullur af frábærum hugmyndum en samt kemur hann sér ævinlega í klandur.

Hressandi hrekkjusvínasögur eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, prýddar fjölda mynda eftir Lindu Ólafsdóttur.




Þegar allt fer í bál og brand í Fagradal flýja Hringur og Lína út í Skuggasker, dularfullu eyjuna við sjóndeildarhring sem allir óttast.

Spennandi og ríkulega myndskreytt saga eftir Sigrúnu Eldjárn.




Hér er ólátabelgurinn Ólafía Arndís byrjuð að blogga og hlífir engum.

Sprenghlægileg saga eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur, prýdd myndum eftir Margréti E. Laxness.

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

FORLAGIÐ

## MERKISATBURÐIR



**1700** Sænskur 8.500 manna her sigrar fjórum sinnum stærri her Rússa í orrustunni við Narva.

**1878** Þjóðsöngur Ástralíu, Advance Australia Fair, er fyrst fluttur í Sydney.

**1835** bandaríski rithöfundurinn Mark Twain fæðist.

**1886** Tvö skip frá Reykjavík farast í ofsaveðri og þrettán drukkna.

**1916** Goðafoss strandar í hríðarveðri við Straumnes fyrir norðan Aðalvík á Hornströndum. Mannbjörg verður.

**1939** Vetrarstríðið hefst með því að Sovétríkin gera innrás í Finnland.

**1960** Ungmennafélagið Stjarnan er stofnað í Garðabæ.

**1995** Javier Solana er skipaður yfirmaður NATO.

**2005** Skurðlæknar í Frakklandi græða nýtt andlit á manneskju í fyrsta sinn í sögunni.

**2007** Kárahnjúkavirkjun er gangsett við formlega athöfn.



**SUDDEN WEATHER CHANGE** Spileríið hófst í Fjölbraut í Breiðholti fyrir sjö árum og þeir eru enn að.

# Við ljúkum þessu á góðu nótunum

Rokkhljómsveitin Sudden Weather Change heldur sína allra síðustu tónleika á Gamla Gauknum í kvöld. Strákarnir hafa spilað saman síðan í FB árið 2006.

Leiðir hljómsveitarmeðlima lágu saman árið 2006 þegar þeir voru ungir strákar á myndlistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Ákafir og með með stóra drauma ákváðu þeir að stofna hljómsveitina Sudden Weather Change. Í upphafi voru hljómsveitarmeðlimir fimm talsins. Það voru þeir Loji Höskuldsson, Magnús Dagur Sævarsson, Oddur Guðmundsson, Benjamín Maark Stacey og Bergur Thomas Anderson. „Við vorum byrjaðir að spila áður en Bergur kom í bandið og við vorum svo lélegir að ég meira að segja grét eitt sinn eftir tónleika,“ segir Loji Höskuldsson, söngvari og gítarleikari. Hann segir að hljómsveitin hafi orðið heil þegar Bergur Thomas Anderson byrjaði í bandinu. Á sjö ára ferli hefur hljómsveitin gefið út sex plötur en árið 2010 vann hún til verðlaunanna Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum. „Í heilt ár á eftir tók ég upp efni og gerði heimildarmynd sem fjallar um það hvernig það er að vera Bjartasta vonin. Myndin var kaldhæðnisleg og sýnir hve eðlilegir við vorum þar sem við vorum engar stórstjörnur,“ segir Loji. Hann lýsir tónlist þeirra félaga sem melódísku hávaðarokki þar sem lögin fjalla ekki endilega um neitt sérstakt heldur séu blanda af sérvöldum góðum orðum.

> **Það var orðið skrítið andrúmsloft og við skildum í fýlu. Tíminn læknar þó flest sár og því höfum við ákveðið að spila í síðasta sinn í kvöld og kveðja þannig vini, ættingja og alla sem hafa stutt okkur í gegnum tíðina.**

### Band öfganna

Hljómsveitarmeðlimir hafa verið þekktir fyrir líflega og kröftuga sviðsframkomu og segir Loji að það hafi alltaf verið tryllt stemning á tónleikum þeirra. Loji segir að tónlistarlífið hafi verið spennandi og eitt sumarið pökkuðu þeir saman í rútu ásamt FM Belfast og fleiri böndum og fóru í tónleikaferðalag um landið. „Allar sögusagnir sem maður hefur heyrt um rokkbönd rættust þá. Einn meðlimurinn í bandinu þurfti meira að segja að hætta að drekka í hálft ár því hann var nánast búinn að eyðileggja í sér lifrina. Þetta var brjálaður tími.“

Sudden Weather Change spilaði á Airwaves í nokkur skipti og áfram héldu liðsmenn í vonina að þeir myndu verða uppgötvaðir erlendis. „Við vonuðum að eitthvað kæmi upp í hendurnar á okkur en við erum alveg ömurlegir þegar kemur að svona pappírsvinnu, þá erum alveg með tíu þumalputta,“ segir Loji hlæjandi.

Árið 2011 voru þeir komnir á góðan stað og hófu samstarf með ástralska tónlistarmanninum Ben Frost. Þeir voru þá allir í námi í Listaháskólanum. Mitt á milli þess að hrærast í myndlist og lestri í listabókum tóku þeir upp plötuna Varrior. Draumurinn um útrás varð þó að veruleika fyrr en varði þegar þeir kynntust umboðsmanninum Megan. Hún útvegaði þeim gigg í Bandaríkjunum og þeir ferðuðust meðal annars til Los Angeles, San Fransisco og New York. Þegar þeir komu til baka var ævintýrið úti og þeir ákváðu að hætta að spila saman.

„Það var orðið skrítið andrúmsloft og við skildum í fýlu. Tíminn læknar þó flest sár og því höfum við ákveðið að spila í síðasta sinn í kvöld og kveðja þannig vini, ættingja og alla sem hafa stutt okkur í gegnum tíðina og ljúka þessu sáttir með allt á góðu nótunum.“

Tónleikarnir verða á Gamla Gauk og verður húsið opnað kl. 22. Aðgangseyrir er þúsund krónur.

---

✝



Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og allan hlýhug við fráfall elskulegrar systur minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristbjargar Bjarnadóttur**
**frá Víðistöðum,**
**Hvassaleiti 18 og Eir í Reykjavík,**

sem lést hinn 18. október sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks á 2. hæð suður á Eir fyrir alla alúð og góða umönnun.

**S. Kristín Bjarnadóttir**
**Bjarni Guðmundsson**
**Magnús Guðmundsson** — **Helga Jónsdóttir**
**Guðmundur Ó. Bjarnason**
**Guðrún María Bjarnadóttir**
**Telma Kristín Bjarnadóttir**
**Jón Bjarni Magnússon** — **Erla Sigríður Hallgrímsdóttir**
**Árni Magnússon** — **Thelma Dögg Haraldsdóttir**
**Helga Júlíana Jónsdóttir**

---

✝



Þökkum þeim sem sýndu okkur samúð og styrktu góð málefni vegna andláts

**ÖNNU RÖGNU LEIFSDÓTTUR**
**frá Þingeyri við Dýrafjörð,**
**síðast til heimilis að Gautlandi 15.**

Þökkum sérstaklega starfsfólki í Múlabæ fyrir góða umönnun svo og öðrum sem aðstoðuðu hana heima fyrir og annars staðar.

**Álfheiður Erla Sigurðardóttir** — **Guðbrandur G. Björnsson**
**Sigurður F. Guðbrandsson** — **Katja Dinse**
**Ásta G. Guðbrandsdóttir** — **Gunnlaugur Vésteinsson**
**Ragna B. Guðbrandsdóttir** — **Manuel Plasencia Gutierrez**
**og barnabarnabörn.**

---

**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

---

WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

---

✝



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**ÞORBJÖRN RÚNAR SIGURÐSSON**
**tannsmiður**
**Tungubakka 24, Reykjavík,**

lést laugardaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Kristrún Haraldsdóttir**
**Haraldur Þorbjörnsson** — **Kristín Hrönn Þráinsdóttir**
**Daði Þorbjörnsson** — **Eydís Salome Eiríksdóttir**
**Svanbjörg Sigurjónsdóttir** — **Sigurður Jóhann Þorbjörnsson**
**Björk, Rúnar, Baldur, Brynjar og Arnaldur**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**EINAR SIGURÐSSON**
**matreiðslumeistari,**
**Svöluási 1a, Hafnarfirði,**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Fanney Ottósdóttir**
**Halldóra Einarsdóttir** — **Hólmar Egilsson**
**Einar Einarsson** — **Björg Össurardóttir**
**Helgi Einarsson** — **Helga Íris Ingólfsdóttir**
**Halldóra M. Sæmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**RICHARD HAUKUR**
**ÓLSEN FELIXSON**
**bifreiðarstjóri,**
**Hábergi 30,**

andaðist 20. nóvember sl. á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir fyrir góða umönnun fá heimahjúkrun og hjúkrunarheimilið Eir.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Erna Petrea Þórarinsdóttir.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR INGÓLFSSONAR**
**Háeyrarvöllum 34, Eyrarbakka.**

Alúðarþakkir færum við þeim sem önnuðust hann, veittu hjálparhönd og umhyggju í veikindum hans.

**Ingunn Hinriksdóttir** — **Sævar Sigurðsson**
**Sigríður Guðlaug Björnsdóttir** — **Jón Birgir Kristjánsson**
**Halldór Björnsson** — **Hafdís Edda Sigfúsdóttir**
**og afabörnin.**


GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Allt að 42% minni fita
FAMILY
VERÐ FYRIR ...16.995
TILBOÐSVERÐ ... 14.995
COMPACT
VERÐ FYRIR ...11.995
TILBOÐSVERÐ ... 9.995
Russell Hobbs
SERÍUR
KAUPTU TVÆR
OG FÁÐU ÞÁ ÓDÝRARI Á
50%
ELECTROLUX
SKAFTRYKSUGA
ÞRÁÐ- OG POKALAUS
VERÐ FYRIR ... 24.900
TILBOÐSVERÐ ... 19.900
MÖGNUÐ
JÓLATILBOÐ
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
TRISTAR VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ FYRIR ... 9.999
TILBOÐSVERÐ ... 5.999
ALGJÖR SNILLD!
GUFUSLÉTTIR
VERÐ FYRIR ... 9.999
TILBOÐSVERÐ ... 7.999
BABYLISS
HÁRBLÁSARI
ÖFLUGUR AC MÓTOR
VERÐ FYRIR ... 10.999
TILBOÐSVERÐ ... 8.995
KAI
Pure Komachi 2
hnífalínan eru hágæða hnífar frá KAI í Japan, sem hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Hnífarnir njóta mikilla vinsælda um heim allan.
ÖLL LÍNAN 20% AFSLÁTTUR
Verð frá 2.999 til 4.499
TRISTAR
SALT&
PIPARKVÖRN
2 Í PAKKA
VERÐ... 5.990
TILBOÐ ... 4.990
TRISTAR
BLANDARI
GLERKANNA
MALAR KLAKA
VERÐ ... 9.999
TILBOÐ ... 7.990
KitchenAid
HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT + MATREIÐSLUBÓK
HVÍT
VERÐ FYRIR ... 99.989
TILBOÐSVERÐ ... 84.990
LITUÐ
VERÐ FYRIR ... 102.989
TILBOÐSVERÐ ... 87.990
VINSÆLUSTU
JÓLAGJAFIRNAR
FISSLER POTTASETT PARIS
39.999
MELISSA SAFAPRESSA
400W STÁL 8.995
REMINGTON KEILUJÁRN SILK
5 ÁRA ÁBYRGÐ
9.995
ÍSGERÐARVÉL YONANAS
12.995
AEG KAFFIVÉL 12.995
STEIKARSTEINN
LOKSINS KOMINN AFTUR
11.495
DOLCE GUSTO
MINI-ME
19.995
+ 3 KAFFIPAKKAR
MEDISANA
HITAPÚÐI FYRIR HÁLS OG BAK
6.995
SEVERIN POPPVÉL
• ENGIN OLÍA
5.995
EVA SOLO KARAFLA
MARGIR LITIR 7.999
HAMBORGARAPRESSA
GERIR FYLLTA HAMBORGARA
2.499
ÍSLENSKA
PÖNNUKÖKUPANNAN
9.999
GRUNWERG MANDÓLÍN
SNEIÐIR, SKRÆLAR OG RÍFUR
7.499
BRAUN TÖFRASPROTI 600W
16.995

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR BRAGADÓTTIR**
**Ólafsgeisla 4, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum, Hringbraut, miðvikudaginn 27. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju 9. desember klukkan 13.



**Reynir Sigurðsson**
**Sigurður Reynisson**
**Bragi Reynisson** **Kristín Smáradóttir**
**Ástþór Bragason**
**Bjarki Bragason**

---

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og kveðjur við fráfall elsku konunnar minnar, mömmu okkar og fósturmömmu, dóttur, systur og mágkonu,

**NÍNU BJARKAR SIGURÐARDÓTTUR**

sem lést 30. október.



**Flosi Eiríksson**
**Eyrún, Kári, Eiríkur og Júlíus Flosabörn**

**Sigurður Ó. Kjartansson** **Eyrún Gunnarsdóttir**
**Kjartan Ó. Sigurðsson** **María Dröfn Steingrímsdóttir**
**Inga Sigurðardóttir** **Ingólfur E. Kjartansson**

---

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SÓLVEIG SÆMUNDSDÓTTIR**

lést þann 15. nóvember á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



**Erna Magnea Ólafsdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Magnús Ólafsson**
**Stella Guðmundsdóttir** **Jónas Birgir Birgisson**
**og fjölskyldur.**

---

Móðir mín, tengdamóðir og amma,

**FRÍÐA BJÖRG ÓLAFSDÓTTIR**
**Laugavegi 149,**

lést þann 15. nóvember sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu



**Björn Björnsson Álfheiður Einarsdóttir**
**og fjölskylda.**

---

Ástkær bróðir minn og mágur,

**EYVINDUR GARÐAR FRIÐGEIRSSON**
**Grandavegi 39b, Reykjavík,**

lést þann 25. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 6. desember kl. 13.00.



**Guðrún Friðgeirsdóttir**
**Stefán Briem**

---

Við þökkum innilega auðsýnda samúð og kærleika við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**JÓNS GUNNARS HANNESSONAR**
**Laugarnesvegi 65, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir sendum við öllum þeim sem hjúkruðu honum og studdu í veikindum hans.



**Rósa Óskarsdóttir**
**Elsa Jónsdóttir** **Fjalar Jóhannsson**
**Andrea Fanney Jónsdóttir** **Kjartan Friðrik Ólafsson**
**Eva Rós og Brynja Fjalarsdætur**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 30. NÓVEMBER 1965

# Skarðsbók komst á ný í eigu Íslendinga

Íslenskir bankar keyptu Skarðsbók postulasagna á uppboði í London þennan dag árið 1965. Þar hafði hún verið í einkaeigu, eitt fornra handrita Íslendinga. Hún var síðan afhent Stofnun Árna Magnússonar til varðveislu.

Lengi vel var Skarðsbók postulasagna í eigu kirkjunnar á Skarði á Skarðsströnd. Þaðan hvarf handritið um 1820 en kom síðar í leitirnar á Englandi.

Skarðsbók er reyndar nafn á tveimur fornum íslenskum skinnhandritum, Skarðsbók postulasagna annars vegar og Skarðsbók Jónsbókar hins vegar. Sú síðarnefnda er lögbókarhandrit sem hefur að geyma Jónsbók og nokkrar réttarbætur. Handritið var skrifað árið 1363 fyrir tilstuðlan Orms Snorrasonar, lögmanns á Skarði á Skarðsströnd. Handritið er einnig geymt í Árnasafni.



**SKARÐSBÓK POSTULASAGNA** Hún er geymd á Árnastofnun.



**LISTMÁLARINN** „Ég hef fengist við listmálun í allnokkur ár, eða aðeins lengur en það," segir Aðalsteinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Listin bara flýtur fram

Ellefu myndlistarmenn opna samsýningu í dag í Anarkíu, listasal í Hamraborg 3 í Kópavogi. Aðalsteinn Eyþórsson er einn þeirra. Hann sýnir olíumálverk á striga og krossvið.

„Ég hef fengist við listmálun í allnokkur ár eða aðeins lengur en það," segir Aðalsteinn Eyþórsson, þegar heilsað er upp á hann í Anarkíu listasal, norðanvert í Hamraborginni. Hann er að hengja upp verk sín á samsýningu ellefu listamanna sem verður opnuð í dag. Það eru olíumálverk frá þriggja ára tímabili, ýmist máluð á striga eða krossvið. Listastefna Aðalsteins er samt frekar óljós að hans eigin sögn. „Algengt er að list núna sé svo mikið hugsuð, jafnvel djúphugsuð. Mín er frekar vanhugsuð. Flýtur bara fram," segir hann frekar kæruleysislega.

Að listasalnum Anarkíu standa þeir ellefu myndlistarmenn sem nú sýna þar og hafa kosið að fara eigin leiðir í kynningu á list sinni. Þeir eru auk Aðalsteins þau Anna Hansson, Ásta R. Ólafsdóttir, Bjarni Sigurbjörnsson, Finnbogi Helgason, Guðlaug Friðriksdóttir, Hanna Pálsdóttir, Helga Ástvaldsdóttir, Kristín Tryggvadóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Þorgeir Helgason.

Aðalsteinn er semsagt meðal sjö kvenna og fjögurra karla með sýninguna í Anarkíu. Hvert og eitt þeirra fékk sinn vegg, ólíka að stærð – en veglega samt. Aðalsteinn segir þar um reynt fólk að ræða á myndlistarsviðinu og þótt bakgrunnurinn sé mismunandi þá tengist hópurinn Myndlistarskóla Kópavogs þar sem allir hafa verið eitthvað, einhvern tíma.

Húsnæðið í Hamraborginni kom upp í hendur hópsins í vor og þar hafa sýningar verið frá því snemmsumars sem staðið hafa í mánuð hver þar sem ýmist einn eða tveir listamenn úr hópnum hafa sýnt í senn. Nú taka þeir allir höndum saman og bjóða til opnunar milli klukkan 14 og 18 í dag en annars verður sýningin opin þriðjudaga til föstudaga milli kl. 15 og 18 og um helgar frá 14 til 18 til 29. desember.

> **Algengt er að list núna sé svo mikið hugsuð, jafnvel djúphugsuð. Mín er frekar vanhugsuð. Flýtur bara fram.**

Í lokin kemur leiðarlýsing: Þegar ekið er inn í Hamraborgina um brúna er beygt strax niður til vinstri og svo aðeins til hægri. Þar er gengið inn í Anarkíu listasal.

Nánar má fræðast um hópinn og stefnu hans á vefsíðunni anarkia.is.

**- gun**

---

Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og dóttir,

**LILJA INGA JÓNATANSDÓTTIR**
**Ásabergi, Eyrarbakka,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 26. nóvember. Jarðsungið verður frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 7. desember kl. 14.00.



**Guðmundur Helgi Guðnason**
**Guðni Guðmundsson**
**Sigurður Tómas Guðmundsson**
**Emilía Hlín Guðnadóttir**
**Sigrún Ingjaldsdóttir**

---

Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

**DANÍEL HAFSTEINSSON**

er látinn.



**Margrét Jóna Hafsteinsdóttir**
**Unnur Inga Karlsdóttir** **Davíð Bjarnason**
**María Jórunn Hafsteinsdóttir** **Smári Geirsson**
**Aðalsteinn Hafsteinsson** **Guðrún Sigvaldadóttir**
**Sigrún Hafsteinsdóttir** **Hans Pétur Blomsterberg**
**Jón Grétar Hafsteinsson** **Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir**
**Haraldur Hafsteinsson**
**Sólveig Hafsteinsdóttir** **Walter Unnarsson**
**Þórdís Hafsteinsdóttir**
**og systkinabörn.**

# HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN Á SJÓNVÖRPUM




63.648

1.989 kr. tomman!

**Thomson 32HW3324**
32" LED sjónvarp 1366x768p upplausn. Stafrænn móttakari DVB-T/2. Pure Image 2 Engine. USB, 3x HDMI, Scart, Component, VGA, CVBS og heyrnatólstengi.




## 1.989 kr. tomman!

**Toshiba 22DL833**
22" LED sjónvarp með innbyggðum DVD spilara. Flott myndgæði með skerpu 3.000.000:1, 3D digital comb filter og digital noise reduction. Stafrænn DVBT móttakari, 2 HDMI og USB tengi.




## 2.789 kr. tomman!

**Philips 42PFL3108T**
42" Full HD sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. 100Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Ljósskynjari. App fyrir Android/ Apple síma og spjaldtölvur. USB, 2 HDMI tengi o.fl.




## 2.489 kr. tomman!

**Panasonic TXL39B6**
39" LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Pro. High Contrast filter . DVB-T/C stafrænn móttakari. USB Mediaplayer, 2 HDMI, Scart, heyrnatólstengi, Optical út o.fl.

## DOLCE GUSTO KAFFIVÉLAR

DeLonghi



Verðvernd Max
33 DAGAR

Skilaréttur Max
33 DAGAR

*3 pakkar af kaffi fylgja um helgina!*

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

Nýtt!

TILBÚIÐ BEINT Í OFNINN!

**2898** kr. pk.
Heil önd, Crispy Duck, hoisinsósa og 24 pönnukökur, 1,06 kg

**1698** kr. pk.
1/2 önd, Crispy Duck, hoisinsósa og 12 pönnukökur, 530 g

25% afsláttur

**598** kr. kg
Verð áður ~~798~~ kr. kg
Grísabógur hringskorinn

GOTT VERÐ!

**1398** kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

# JÓLAVEISLAN BYRJAR HJÁ OKKUR!

23% afsláttur

**998** kr. kg
Verð áður ~~1298~~ kr. kg
Grísahryggur með pöru

25% afsláttur

**1199** kr. kg
Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Lambalæri, trönuberja- og eplamarinerað

**1998** kr. kg
ÍM kjúklingabringur

Coca-Cola

Kaupauki
Dagatal
fylgir með kaupum
á kippu af 4x2L Coke*

**998** kr. pk.

Með hverri kippu 4 x 2L
færð þú 1 stk.

Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast.

Coca-Cola and the Contour bottle are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2013, The Coca-Cola company.

SAFARÍKAR KLEMENTÍNUR

2,3 kg

**795** kr. pk.
Klementínur, 2,3 kg

Jólaservíettur
Matarservíettur, 33x33 cm **429** kr. pk.
Kaffiservíettur, 25x25 cm **328** kr. pk.

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

# Girnilegir forréttir



ORA
Hátíðarsíld, 500 g 662 kr.
Jólasíld 2013, 630 g 799 kr.

**598** kr. pk.
Grand Reserva hráskinka, 90 g

Esju
Hreindýrapate 3398 kr./kg
Sveitapate 2451 kr./kg

20% afsláttur
**2989** kr. kg
Verð áður ~~3748~~ kr. kg
Reykás, reyktur og grafinn lax í bitum



# Forréttir í úrvali!



Kubbakerti í aðventukransinn

Kubbakerti
18 cm rauð eða hvít 498 kr.
25 cm rauð eða hvít 698 kr.

**589** kr. pk.
Blandaðar hnetur, 400 g

**649** kr. búntið
Grenigreinar

**1298** kr. stk.
Jólastjarna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



2 | KL. 20:25 ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL

Vandaðir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur sem beinir sjónum að óupplýstum glæpum á Íslandi.

**Frábært** sunnudagskvöld

2 | KL. 19:10
SJÁLFSTÆTT FÓLK
Í kvöld verður gestur Jóns Ársæls útvarps- og sjónvarpsmaðurinn Ásgeir Kolbeins.



2 | KL. 19:50
HIÐ BLÓMLEGA BÚ
Matreiðslumaðurinn Árni Ólafur snýr aftur og í þetta sinn ræður jólastemning ríkjum.




2 | KL. 20:55
THE TUNNEL
Glæný bresk spennuþáttaröð sem byggir á dönsku þáttaröðinni Brúin.




2 | KL. 21:40
HOMELAND
Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy-verðlaun í ár.



Krakkastöðin | KL. 19:00
ALGJÖR SVEPPI – OG LEITIN AÐ VILLA
Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um Sveppa og leit hans að Villa.



3 | KL. 20:30
VAMPIRE DIARIES
Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 7 | | 2 | 8 | 9 | |
| | 7 | 3 | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | 5 | 3 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 1 | | | 2 |
| | 5 | | | 3 | | | 6 | |
| 7 | | | | 8 | | | 3 | 4 |
| | | 6 | | | 3 | | 7 | |
| 9 | 8 | | 1 | | | | | |
| 1 | | | 6 | | 5 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 8 | | 2 | | | | 1 |
| | | 2 | | 6 | 3 | | | |
| 5 | 9 | | 4 | | 1 | 2 | | 8 |
| 3 | | | | | 2 | | 8 | 7 |
| | | 4 | 9 | | | 3 | | |
| | 6 | | | | | 5 | | |
| | | 5 | | | 4 | | 1 | 3 |
| | | | | | | 7 | | |
| | 3 | | | 5 | | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | 4 | 5 | | |
| | 5 | 6 | | | | 7 | | |
| 1 | 8 | | | 6 | 7 | 4 | | 3 |
| | | | | | | 1 | | |
| | | | 7 | 2 | | | 6 | |
| | | | | 9 | | | 3 | 7 |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 6 | | | | 8 | | | 9 | |
| | | | 6 | 5 | | 8 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 4 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 9 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 |
| 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 1 | 4 | 5 | 6 | 2 | 9 | 3 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 6 | 1 | 7 | 2 | 9 | 4 | 8 |
| 7 | 9 | 5 | 6 | 4 | 8 | 3 | 1 | 2 |
| 2 | 8 | 1 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 4 | 9 |
| 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |
| 8 | 1 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 | 1 | 7 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 8 | 6 | 4 |
| 7 | 2 | 9 | 1 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 |
| 6 | 4 | 3 | 2 | 7 | 8 | 5 | 9 | 1 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ekki láta það sem þú getur ekki gert trufla það sem þú getur gert.“**

*John Wooden körfuboltaþjálfari*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** frá, **8.** magi, **9.** lepja, **11.** svörð, **12.** hroki, **14.** vinna, **16.** kusk, **17.** sérstaklega, **18.** stefna, **20.** hljóta, **21.** bás.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stjórn, **3.** skammstöfun, **4.** fax, **5.** hlóðir, **7.** pest, **10.** fálm, **13.** blaður, **15.** skjótur, **16.** loka, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** af, **8.** hít, **9.** lap, **11.** mó, **12.** dramb, **14.** starf, **16.** ló, **17.** sér, **18.** átt, **20.** fá, **21.** stía. **LÓÐRÉTT: 1.** vald, **3.** eh, **4.** símbréf, **5.** stó, **7.** farsótt, **10.** pat, **13.** mas, **15.** frár, **16.** lás, **19.** tí.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Rússar unnu Kínverja í 3. umferð HM landsliða. Öllum skákum lauk með jafntefli nema Ian Nepomniachtchi (2721) vann Yangyi Yu (2668).**

**Svartur á leik**



**42...Hh5!** Hvítur gafst upp enda á hann ekkert gott svar við 43...Hxh2. Kínverjinn hafði unnið tafl skömmu áður en lék stöðunni niður í fertugasta leik. Eftir þrjár umferðir voru Úkraníumenn efstir með 6 stig og Armenar aðrir með 5 stig. **www.skak.is.** Skemmtikvöld ungmenna í kvöld.

# FÁTÆKT

Það er erfitt að vera fátækur. Ég hefði til dæmis viljað vera í íþróttum.

*12 ára stúlka í Reykjavík*

Það er erfitt að vera fátækur. Maður upplifir skömm og minnimáttarkennd og líður eins og maður sé ekki jafn góður og hinir, af því maður hefur ekki peninga fyrir öllu því góða.

*13 ára drengur á Vesturlandi*

# JÓLAPEYSAN

30. OKTÓBER - 13. DESEMBER

## AUÐVELT AÐ VERA MEÐ

www.jolapeysan.is

Jól með Barnaheillum
Save the Children á Íslandi

**Styrktu verkefni Barnaheilla og sendu SMS með textanum „jol"**
**í síma 903 1510 - 903 1520 - 903 1550 fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.**

## Listamenn styrkja Sól í Tógó

Uppboð á myndverkum í Hannesarholti.



**Sól í Tógó stendur fyrir myndverkauppboði í dag klukkan 14 í salnum í Hannesarholti.**

**Meðal þeirra listamanna sem gefa verk á uppboðið eru margar af helstu stórkanónum íslenskrar myndlistar: Ólafur Elíasson, Eggert Pétursson og Ragnar Kjartansson, Gjörningaklúbburinn, Elín Hansdóttir og Gabríela Friðriksdóttir. Uppboðið er því mikill viðburður og þarft og brýnt verkefni. Alþingismaðurinn Óttarr Proppé stýrir uppboðinu. Ágóðinn rennur til byggingar heimilis fyrir munaðarlaus börn í Anehó í Tógó.**

**STJÓRNANDINN** Alþingismaðurinn Óttarr Proppé stýrir uppboðinu.


TJARNARBÍÓ

STÓRU BÖRNIN – ATH! TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI – 30.NÓVEMBER, 6.OG 7.DES. KL. 20:00

HORN Á HÖFÐI – 8. OG 28. DES. KL. 13:00 (SÍÐUSTU SÝNINGAR)

AÐVENTA – 8. OG 15. DESEMBER KL. 20:00

NÓTTIN VAR SÚ ÁGÆT EIN – 11. 12. OG 13. DES. KL. 20:00

ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEINN – 14. OG 15. DESEMBER KL. 15:00





MIÐASALAN ER OPIN FRÁ KL. 15:00-18:00 ÞRI-FÖS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS / 527-2100 / MIDI.IS

WWW.TJARNARBIO.IS




**HYMNODIA** „Þetta er kór sem reynir að fara frumlegar leiðir í efnisvali og framkomu," segir stjórnandinn Eyþór Ingi Jónsson.

# Ekki alltof skrítin

Jólatónleikar kammerkórsins Hymnodiu í Háteigskirkju í dag mynda klukkustundar langa spuna- og draumkennda heild með nýjum lögum í bland við þekkt.

„Við ætlum að flytja nokkurn veginn þá efnisskrá sem er á nýju plötunni okkar. Það eru glæný aðventu- og jólalög sem lítið eða ekkert hafa heyrst, í bland við vel þekkt lög sem eru kannski í öðruvísi útsetningum og með öðruvísi undirspili en venjulega," segir Eyþór Ingi Jónsson, stjórnandi kammerkórsins Hymnodiu, um jólatónleika kórsins í Háteigskirkju í dag. Hann segir kórinn og hljóðfæraleikarana spinna milli atriða, því verði aldrei þögn heldur sé flutningurinn ein heild. Auk þess sé lýsingu haldið í lágmarki. „Við ætlum að koma tónleikagestum í hátíðarskap og ekki vera alltof skrítin," lofar hann.

Hymnodia hefur verið að syngja með Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands dag eftir dag á risatónleikum í Hörpu síðustu daga. „Þetta er kór sem reynir að fara frumlegar leiðir í efnisvali og framkomu," segir Eyþór Ingi. „Við gerum mikið að því að flytja nýja músík og spinna, tökum að okkur nýstárleg hlutverk eins og nú með Skálmöld og sinfóníunni en hápunkturinn á ferlinum var að flytja stjórnarskrána á Feneyjatvíæringnum á síðasta ári."

Jólatónleikar í Akureyrarkirkju rétt fyrir jólin, ásamt völdum hljóðfæraleikurum, hafa verið fastur punktur í starfsemi kórsins síðustu ár. Sú hefð verður ekki rofin á þessari aðventu heldur bresta þeir á 21. desember, að sögn Eyþórs Inga sem auk þess að vera kórstjóri er organisti Akureyrarkirkju.

Tíu ár eru liðin frá því að Hymnodia var stofnuð og hélt hún upp á tímamótin með því að halda tíu hálftíma tónleika á tíu tímum í tíu kirkjum í Eyjafirði. Segja má að hinn nýútkomni diskur, Það ljós inn skein, tengist tíu ára afmælinu líka og tónleikarnir í framhaldi af honum.

gun@frettabladid.is






**ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR** Myndlistarkonan bjó til óvenjulegt listaverk í Skaftfelli sem flutt verður á laugardaginn.

# Snjórinn gufaði upp

Listakonan Ásdís Sif flytur vídeó-gjörning í beinni útsendingu á netinu.

Listakonan Ásdís Sif Gunnarsdóttir mun á laugardagskvöld breyta umhverfi Skaftfells og húsum í kring á Seyðisfirði í listaverk. Hún sýnir stóra myndbandsinnsetningu utandyra en hún hefur á síðustu vikum unnið að draumkenndum myndbandsverkum sem hún hyggst varpa á snjóinn.

Reyndar kom smábabb í bátinn þegar snjóa leysti óvænt í lok vikunnar.

„Já, það er enginn snjór," segir Ásdís hlæjandi. „Svo þetta verður aðeins öðruvísi en ég planaði. Maður verður bara að hugsa í lausnum!"

Verk Ásdísar er byggt á ljóðum sem hún hefur samið síðustu vikur í Skaftfelli en þar geta listamenn sótt um vinnustofur. „Þessi ljóð byggjast í raun bara á mínum eigin tilfinningum. Hvernig mér líður á daginn eða hvernig birtan er. Ég kann því vel að spinna af fingrum fram," segir Ásdís.

Ásdís notast við skjávarpa og varpar myndefni út um glugga í Skaftfelli á umhverfið. Innsetningin, eða gjörningurinn, verður svo send út beint á netinu.

„Þetta verður um kortérs útsending og ég vona bara að það verði þúsundir sem fylgjast með. Það er mikil stemning hér á Seyðisfirði og ýmislegt að gerast þetta kvöld, ljóðaupplestur og fleira."

Ásdís hefur töluvert unnið með kvikmyndamiðilinn í verkum sínum. Hún hefur unnið fjölda stórra innsetninga og framið gjörninga auk þess að flytja ljóð og sýna ljósmyndir.

Vídeó-gjörningur Ásdísar nefnist „Varanleg" og hefst klukkan 17 á Seyðisfirði og verður sendur út á „livestream" klukkan 18.

simon@frettabladid.is


FJÖLBREYTTUR
MENNINGARVETUR
Í MENNINGARHÚSINU HOFI
LITRÍKAR LEIKSÝNINGAR
10. & 11. JANÚAR
ENGLAR ALHEIMSINS
Í SAMSTARFI VIÐ ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
1. FEBRÚAR
JEPPI Á FJALLI
Í SAMSTARFI VIÐ BORGARLEIKHÚSIÐ
7. FEBRÚAR
LADDI LENGIR LÍFIÐ
Í SAMSTARFI VIÐ SENU
29. MARS
ÓSKASTEINAR
Í SAMSTARFI VIÐ BORGARLEIKHÚSIÐ
ÆVINTÝRALEG AÐVENTA
1. DESEMBER
HÚMAR AÐ KVELDI
ERNA HRÖNN OG PÁLMI SIGURHJARTARSON
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
7. DESEMBER
GLEÐI OG FRIÐARJÓL
PÁLMI GUNNARSSON, RAGNHEIÐUR GRÖNDAL OG HYMNODIA
13. & 14. DESEMBER
BAGGALÚTUR
ÖRFÁ SÆTI LAUS
19. DESEMBER
DJÓKAÍN
HUGLEIKUR DAGSSON
21. DESEMBER
BUBBI MORTHENS
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR
22. DESEMBER
SJÁLFSPROTTIN SPÉVÍSI
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
15. FEBRÚAR
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS OG EIVÖR PÁLSDÓTTIR
27. FEBRÚAR
AF FINGRUM FRAM – STEFÁN HILMARSSON
TÖFRANDI TÓNAR
9. MARS
LÖGIN ÚR TEIKNIMYNDUNUM
FELIX BERGSSON, VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR OG ÞÓR BREIÐFJÖRÐ
16. MARS
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS
TÓNLIST OG BÍÓ
17. APRÍL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS
STÓRTÓNLEIKAR Á SKÍRDAG
18. APRÍL
SKONROKK
80'S ROKKVEISLA
19. APRÍL
ÓSKAR P. OG GESTIR
3. MAÍ
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS
POLLAPÖNK
TAKTU FLUGIÐ NORÐUR
www.flugfelag.is
GEFÐU UPPLIFUN Í JÓLAGJÖF
- Gjafakort Hofs
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA
MIÐASALA OG NÁNARI UPPLÝSINGAR UM FORSÖLUTILBOÐ OG VETRARDAGSKRÁNA Á MENNINGARHUS.IS OG Í SÍMA 450 1000
Strandgata 12 600 Akureyri
sími 450 1000 www.menningarhus.is
HOF MENNINGARHÚS
Síminn
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
NORÐURORKA
Íslandsbanki
BORGUN
KEAHOTELS

Laugardagur í Spilavinum

Upplestur kl. 13:00
Gunnar Helgason kemur og les upp úr bókinni sinni Rangstæður í Reykjavík
20% afsláttur
af bókinni Rangstæður í Reykjavík laugardag 30. nóv.

VARÚLFUR
Spilað kl. 15

Íslandssöguspilið
Stefán Pálsson höfundur og Lára hönnuður mæta og kynna spilið milli kl. 14-15.

Full búð af skemmtilegum spilum fyrir allan aldur

Spilavinir
Suðurlandsbraut 48 (bláu húsin í Faxafeni) - Sími 553 3450
Vefverslun: www.spilavinir.is - sendum um allt



GULLBORINN Ósk við verk sitt í Vatnsmýrinni sem er nákvæm eftirlíking gullborsins frá 1905. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Maður og náttúra í Vatnsmýrinni

**Pumpa er sýning sem opnuð verður í Norræna húsinu á morgun. Þar sýna þrjár kynslóðir listakvenna verk sín sem fjalla um tengsl manns og náttúru. Ein þeirra er Ósk Vilhjálmsdóttir sem meðal annars reisir gamla gullborinn í Vatnsmýrinni.**

Gullborinn er hluti af verki sem ég er með í salnum niðri í Norræna húsinu,“ segir Ósk Vilhjálmsdóttir spurð hvaðan sú hugmynd að endurskapa gullborinn í Vatnsmýrinni hafi komið. „Sýningin heitir Pumpa og við erum þrjár myndlistarkonur hver af sinni kynslóðinni sem sýnum, Hinar eru Hildur Hákonardóttir og Steinunn Gunnlaugsdóttir. Við erum allar að fjalla um mann og náttúru og sambandið þeirra á milli og ég er með stór myndbönd sem sýna annars vegar mjaltir í tæknifjósi og hins vegar hvernig olíu er dælt á kerfið úr stórum olíubíl. Það eru mjög mikil líkindi á milli þessara tveggja mekanisma.“

Sýningin heitir Mýrargull og verk allra listakvennanna tengjast henni á einn eða annan hátt. „Mér fannst áhugavert að það hefði verið grafið eftir gulli í Vatnsmýrinni fyrir rúmum hundrað árum. Ég fann myndir eftir Magnús Ólafsson, teknar 1907, af gullgröfurunum og mér fannst það tengjast þessari hringrás sem ég hafði verið að velta fyrir mér.“

Bor Óskar er nákvæm eftirmynd borsins sem notaður var við gulleitina upp úr aldamótunum 1900. „Ég fékk leikmyndahönnuð með mér og við erum að setja upp propps sem er eiginlega alveg eins og fyrirmyndin. Ég fékk líka eldgamla talíu og þetta er sett upp alveg eins og það var.“



GULLGRÖFTUR Mynd frá árinu 1907 sem sýnir gullleitarmenn að störfum í mýrinni. MYND/MAGNÚS ÓLAFSSON

Ósk, Hildur og Steinunn hafa einu sinni sýnt saman áður, á Listasafni Akureyrar í fyrra og Ósk segir verk þeirra tengd þótt gjörólík séu. „Við höfum allar tengst einhvers konar aktívisma. Steinunn sýnir mjög ögrandi og pólitískt verk sem fjallar um togstreitu kynjanna og Hildur er að vinna út frá plöntufræði Goethes, þannig að tengsl manns og náttúru eru í forgrunni hjá okkur öllum.“

Sýningin Pumpa verður opnuð í Norræna húsinu klukkan 15 á morgun og stendur til 10. janúar.

fridrikab@frettabladid.is

VILTU HÆTTA AÐ REYKJA?
Nicovel® lyfjatyggigúmmí
**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.
BÓNUS 598 kr/pk

Dimmalimm
Þjóðminjasafn Íslands, Verslun
KRAUM, Austurstræti
Listasafn Íslands, Verslun
Líf og List, Smáralind
Artform, Skólavörðustíg
Búsáhöld, Kringlunni
Þorsteinn Bergmann, Skólavörðustíg
www.isafoldart.com

1

BÓKSÖLU LISTINN

Þýdd skáldverk

18. 11.- 24. 11. 2013

# ÓLÆSINGINN Á TOPPNUM

1.

Metsölulisti Eymundsson

Vasabrotsbækur - skáldverk

20.11.13 – 26.11.13

## Ærslafull gamansaga eftir höfund Gamlingjans. Full af húmor og hlýju.

Eldklár stelpa frá Soweto, tvíburi sem ekki er til, Svíakóngur, ísraelska leyniþjónustan og sex, kannski sjö kjarnorkusprengjur koma saman í ótrúlegri atburðarás sem ógnar heiminum – eins og hann hefur hingað til þekkt sig.

Glæný bók eftir höfund **Gamlingjans sem skreið út um gluggann og hvarf** sem notið hefur fádæma vinsælda.




FÁANLEG INNBUNDIN OG Í KILJU

***„Hittir frábærlega í mark. Aftur.“***

Metro (um **Ólæsingjann**)

***„… „feel good“-skáldsaga af bestu gerð … grípandi og léttgeggjuð.“***

Sydsvenskan (um **Ólæsingjann**)

***„… ótrúleg saga og fyndin.“***

Gotlands Allehanda (um **Ólæsingjann**)

★ ★ ★ ★ ★

***„Fullkominn skemmtilestur.“***

Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið (um **Gamlingjann**)

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

# 7.990 kr. +

## Sex frábærar sjónvarpsstöðvar

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.




# Internet og heimasími fylgir

## Of gott til að vera satt?

1. **Raunverulegur sparnaður**
   Þú sparar frá 60.000 kr. á ári og því 180.000 kr. á gildistíma tilboðsins miðað við verð ráðandi aðila á markaði.

2. **Langur gildistími**
   Gildir í allt að 36 mánuði sem skilar sér í auknum heildarsparnaði. Engin binding á síma- og netþjónustu.

3. **Auðvelt að skipta**
   Það er bæði fljótlegt og einfalt að skipta yfir í net- og símaþjónustu 365. Við tengjum þig, þér að kostnaðarlausu.

4. **Ekkert smátt letur**
   Alltaf er greitt línugjald eins og hjá öðrum þjónustuaðilum á markaðnum. Við bjóðum upp á leigu á hágæða Zyxel-netbeini.

# 0 kr.

**180.000 kr. sparnaður**
á 36 mánuðum

## Netið og heimasími innifalið í 36 mánuði

Allt að 100 MB/s ljóshraða internet og 10 GB erlent niðurhal fylgir. Þú færir netið yfir til 365 og heldur núverandi sjónvarpsbúnaði. 40 GB viðbótargagnamagn á aðeins 1.000 kr. aukalega. Þjónusta veitt um Ljósleiðara Gagnaveitunnar og Ljósveitu Mílu.

Með pakkanum fylgja 100 mínútur í íslenska heimasíma. Talaðu fyrir 1 kr. á mínútu. Þú getur bætt við þig 500 mín. fyrir 500 kr. og 1.000 mínútum fyrir 1.000 kr.




# sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

## Raunverulegur sparnaður í þágu heimilanna

Það er kominn tími til að ná hagkvæmari samningum og lækka net- og símreikninga heimilisins. Við leggjum tímamótatilboð á borðið þar sem aðeins er greitt fyrir áskriftarpakka – og ekkert aukalega fyrir internet og heimasíma. Þetta er aðgerð sem mun skapa efnahagslegan ávinning, lausn í samræmi við þarfir og kröfur fólksins í landinu. **Tilboðið býðst aðeins til áramóta!**

2 3 Krakka stöðin GULL STÖÐIN BÍÓ STÖÐIN POPP TÍVÍ

Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.
**Þjónustuver 512 5100 | Nánar á 365.is**

365

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

**30. NÓVEMBER**

## Gjörningar

**18.00** Á laugardaginn mun Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarkona sýna stóra myndbandsinnsetningu utandyra. **Innsetningin** mun standa eina kvöldstund en einnig verður bein útsending í 15 mínútur frá kl. 18.00.

## Tónleikar

**16.00** 350 dansarar á öllum aldri dansa við kröftugan undirleik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands 30. nóvember kl. 16.00 og 19.30 í sýningunni Hnotubrjóturinn í Hofi: Litríkt jólaævintýri.

**22.00** Á laugrdaginn heldur Kaleo útgáfutónleika á Græna hattinum kl. 22.00 Miðaverð 2.000 kr.

**22.00** Plow, Why Not Jack, Tundra og Godhillca koma fram á Bar 11 laugardagskvöld á hátíðinni Fuzz Fest. Dagskrá hefst klukkan 22.00.

**22.00** Tilbury, Útgáfutónleikar á Græna hattinum kl. 22.00 Miðaverð 2.000 kr.

**22.00** Laugardaginn 30. nóvember mun hljómsveitin Sudden Weather Change halda sína síðustu tónleika. Hljómsveitin hefur verið starfandi frá 2006 og á sjö ára ferli hefur hún gefið út 6 plötur. Tónleikarnir verða á Gamla Gauk og opnar húsið kl. 22.00. Markús & The Diversion Sessions sér um upphitun. Þúsund krónur aðgangseyrir og diskar á tilboði.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8.Laugardaginn 30. nóvember kl. 23.00.

## Listasmiðja

**12.00** Vegna síendurtekinna fyrirspurna opna listamenn og hönnuðir í Flóru vinnustofur sínar næstkomandi laugardag 30. nóvember kl. 12-16. Aðgangur er ókeypis, allir velkomnir.

## Sýningar

**15.00** Laugardaginn 30. nóvember kl. 15:00 verður opnuð í listasafni ASÍ sýning á verkum Tuma Magnússonar og Michael Mørk. Sýningin nefnist Á staðnum, en báðir listamennirnir ganga oft út frá eigindum staðarins í verkum sínum.

## Hátíðir

**13.00** Minjasafnið á Akureyri opnar jólasýningu laugardaginn 30. nóvember kl 13. Í aðalhlutverki eru 82 hrekkjóttir íslenskir jólasveinar, skógur gamalla jólatrjáa, jólaskraut, spennandi jólasveinaveröld og rannsóknarstofa jólasveina.

**14.00** Aðventuhátíð Kópavogsbæjar verður haldin laugardaginn 30. nóvember þar sem jólaljósin á vinabæjartrénu á Hálsatorgi verða tendruð.

## Dansleikir

**11.00** Nemendur og kennarar Salsaceland munu á laugardag dansa til styrktar Barnaspítala Hringsins í dansstúdíó okkar á Grensásvegi 12a. Einnig verður boðið upp á tíma fyrir byrjendur, ekki er þörf að mæta með dansfélaga. Dagskrá hefst klukkan 11.00.

## Markaðir



**11.00** *Jólabasar Kattholts verður laugardaginn 30. nóvember milli klukkan 11 og 16. Margt góðra muna verður á boðstólum, jólakort, handunnið jólaskraut, kerti og fleira sem tengist jólum. Allur ágóði fer til styrktar óskilakisum í Kattholti.*

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? SUNNUDAGUR

**31. NÓVEMBER**

## Tónleikar

**16.00** Tónleikar Harmonikufélags Reykjavíkur í Ráðhúsinu við Vonarstræti verða laugardaginn nk. kl. 16.00. Titill tónleikanna er Dagur harmonikunnar.

**17.00** Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju 2013 hefst næsta sunnudag þann 1. desember. Upphafstónleikarnir eru aðventutónleikar kammerkórsins Schola cantorum, sem flytur glæsilega efnisskrá með undirleikslausri kórtónlist sem spannar stef aðventu og jóla. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.00.

**17.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur árlega jólatónleika sína í Silfurbergi, Hörpu sunnudaginn 1. desember kl. 17. Einsöngvari verður hinn dularfulli og ástæli Bogomil Font en stjórnandi verður Samúel J. Samúelsson. Flutt verður öll tónlistin af hinum vinsæla geisladiski Majonesjól sem kom út 2006. Tónleikarnir verða rúmlega klukkustundarlangir, án hlés. Þeir eru ætlaðir fjölskyldufólki á öllum aldri. Miðaverð er kr. 3.500 fyrir fullorðna en aðeins kr 1.500 fyrir börn.

**17.00** Laugardag kl. 17 opnar sýning á margrómuðu verki Ragnars Kjartansson, The Visitors, í Kling & Bang gallerí, Reykjavík í samstarfi við Thyssen-Bornemisza Art Contemporary, Vínarborg.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

## Leiklist

**14.00** Möguleikhúsið sýnir jólaleikritið Hvar er Stekkjarstaur?eftir Pétur Eggerz í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sunnudag kl. 14.00.

**14.00** Sunnudaginn 1. desember kl. 14 frumsýnir Stoppleikhópurinn jólaleikritið Sigga og skessan í jólaskapi í Ársafni, Hraunbæ 119. Leikritið byggir á sögum Herdísar Egilsdóttur um þær stöllur og er ætlað börnum á aldrinum 2-9 ára.

## Fræðsla

**15.00** Kínakynning vegna 60 ára afmælis KÍM og næstu ferðar Kínaklúbbs Unnar til Kína/Tíbet, á Njálsgötu 33. Sýndar verða myndir, drukkið te og borðaðar piparkökur. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

## Sýningar

**11.00** Sunnudaginn 1. desember, opnar sýning Húberts Nóa Jóhannessonar, Leiðarstjörnur undir nafninu Celestial navigation, í safnaðarheimili Neskirkju. Sýningin verður opnuð að lokinni messu sem hefst kl. 11.

## Hátíðir

**11.00** Á sunnudag verða tvær athafnir í Breiðholtskirkju í Mjódd: Kl. 11 verður fjölskylduguðsþjónusta og kl. 20 verður síðan haldin hin árlega aðventuhátíð Breiðholtssafnaðar.

**16.00** Ljósin verða tendruð á Óslóartrénu á Austurvelli, á sunnudaginn kl.16 Fyrir hönd Reykvíkinga mun Jón Gnarr veita grenitrénu viðtöku úr hendi Dag Wernø Holter sendiherra Noregs og Rinu Marin Hansen, borgarfulltrúa Verkamannaflokksins í Ósló.



## Opið hús

**10.00** Á sunnudaginn er aðgangur að Þjóðminjasafni Íslands ókeypis. Jólasýningar safnsins verða opnar og gestum boðið að taka þátt í jólaratleiknum, Hvar er jólakötturinn?

## Kvikmyndir

**15.00** Gulleyjan (Ostrov sokrovistsj), sovésk kvikmynd frá 1971, sem er byggð á samnefndri skáldsögu skoska rithöfundarins Roberts Louis Stevenson (1850-1894) verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Leikstjóri myndarinnar er Jevgeníj Fridman. Myndin er á rússnesku en með enskum texta. Aðgangur ókeypis.

## Dansleikir

**20.00** Dansað verður i félagsheimili eldri borgara i Stangarhyl 4 i Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl. 20.00-23.00. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr. fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

## Listamannaspjall

**15.00** Sunnudaginn 1. desember kl. 15 mun Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir ræða við gesti um sýninguna Dvalið hjá djúpu vatni í Hafnarborg.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




# ÍSLENSK TÓNLIST
## Í JÓLAPAKKANN




# 20% afsláttur
## af árituðum titlum

### Áritanir um helgina

**KRINGLAN**

Laugardagur kl. 14 Baggalútur
Laugardagur kl. 15 Dr. Gunni
Laugardagur kl. 16 Páll Óskar

Sunnudagur kl. 15 Raggi Bjarna

**SMÁRALIND**

Laugardagur kl. 14 Sigríður Thorlacius
Laugardagur kl. 15 Helgi Björns

KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N



**VIRTUR PLÖTUSNÚÐUR** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, var plötusnúður í Glaumbæ, Tónabæ og Klúbbnum í gamla daga.



**BORGARSTJÓRI Á KLEPPI** Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson náðu saman er þeir unnu á Kópavogshælinu en Jón hefur einnig unnið á Kleppi, sem leigubílstjóri og hjá Volvo í Svíþjóð.



**RAFRÆNIR LYFSEÐLAR** Borgarfulltrúinn og Baggalútsgrínarinn Karl Sigurðsson stofnaði tölvufyrirtækið doc.is með bókaútgefandanum Tómasi Hermannssyni áður en hann varð frægur. Doc.is vann með rafræna lyfseðla.



**KANKVÍS Í KJÖRBÚÐ** Leikkonan Nína Dögg Filippusdóttir vann í hverfiskjörbúðinni Kveldúlfi.

# Fyrri störf landsþekktra Íslendinga

Einhvers staðar verða allir að byrja. Þessir frægu Íslendingar eiga það sameiginlegt að hafa unnið ýmis tilfallandi störf til að eiga fyrir salti í grautinn áður en þeir vöktu heimsathygli. Störfin eru jafn misjöfn og þau eru mörg – allt frá ræstitæknum til bensíntitta.



**BRANDARAKARL Í BYKO** Grínistinn Pétur Jóhann Sigfússon hefur oft gert grín að starfi sínu í BYKO þar sem hann sagði brandara ókeypis. Nú kosta þeir.



**BYRJAÐI Í BENSÍNINU** Stjörnuspaðinn Ásgeir Kolbeins stóð eitt sinn vaktina á Esso-bensínstöð.



**PÍTUPÍA** Söng- og leikkonan Selma Björnsdóttir vann á mörgum vídeóleigum með skóla en lengst á Myndbandalaginu í Mosfellsbæ. Þá vann hún einnig á Pítunni í Skipholti.



**PÓSTURINN PÁLL** Sykurmolinn og varaborgarfulltrúinn Einar Örn Benediktsson var einu sinni póstbifreiðarstjóri.



**PALLI Í HANS** Diskódívan Páll Óskar Hjálmtýsson stóð eitt sinn vaktina í Hans Petersen.



**GRÆN OG VÆN** Leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir vann á Grænum kosti áður en listagyðjan barði að dyrum.



**BÓNUSBORGARI** Tískudívan Andrea Róberts vann á Bónusborgaranum sem þá var og hét.



**O SOLE MIO** Borgarfulltrúinn Júlíus Vífill Ingvarsson starfaði sem óperusöngvari í Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu.



**BLÓMABARN** Söng- og leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir vann hjá móður sinni í blómabúðinni Blómastofunni á Eiðistorgi.



**DENNI Á SIGLINGU** Leikarinn Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, eða Denni eins og hann er oftast kallaður, vann á Bíla-áttunni, í 10-11 og á skemmtiferðaskipi.



**Á SJÓ** Söngvarinn og stílistinn Haffi Haff var einu sinni á sjó.



**Á FERÐ OG FLUGI** Leikkonan Margrét Vilhjálmsdóttir vann einu sinni við skúringar og þrif hjá Flugleiðum á Reykjavíkurflugvelli.

# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

# ÚTSALA

-60% -20% -40%

**CAMPRI SNOW JOGGER UNGBARNA**
CAMPRI
MARGIR LITIR

3.990KR

**FIRETRAP RHINO HERRA**
Firetrap

11.490KR

**NIKE 5 ELASTICO BARNA**

6.390KR

**CAMPRI SNOW KULDASKÓR UNGBARNA**
CAMPRI
MARGIR LITIR

4.390KR

**GOLDDIGGA DANNI BOW STÍGVÉL BARNA**
golddigga

5.990KR

**NIKE DART X HERRA**

8.790KR

**SLAZENGER BÓMULLARBUXUR HERRA**
Slazenger
MARGIR LITIR

1 FYRIR 2.390 KR
2 FYRIR
3.590KR

**GOLDDIGGA PERFORATED KVENNA**
golddigga
MARGIR LITIR

5.990KR

**NIKE AIR ICARUS+ HERRA**
INNANFÓTASTYRKTUR

15.890KR

**EVERLAST BÓMULLARBUXUR**
EVERLAST
MARGIR LITIR

2.990KR

**HOT TUNA SKÍÐA ÚLPA HERRA**
HOTTUNA
MARGIR LITIR

14.890KR

**EVERLAST BÓMULLARPEYSA**
EVERLAST
MARGIR LITIR

2.990KR

**HOT TUNA ÍÐA ÚLPA KVENNA**
HOTTUNA

14.890KR

**LA GEAR V-HÁLSMÁLSBOLUR KVENNA**
LA GEAR

1 FYRIR 1.190 KR
2 FYRIR
1.790KR

## SPORTS DIRECT - LINDUM - SKÓGARLIND 2 - KÓPAVOGI

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER:
12.DES - 18. DES: 10-22 | 19.DES - 23. DES:10-23
Aðfangadagur: 10-16 | Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: Lokað

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas



facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*

SPORTS DIRECT.COM GJAFAKORT
Gildir í verslunum Sportsdirect.com á Íslandi!

# KÆRLEIKSKÚLUR Í GEGNUM ÁRIN

Kærleikskúlan 2013 var afhjúpuð við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur á miðvikudagsmorgun. Þetta er í ellefta sinn sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra gefur út Kærleikskúlu en tilgangurinn með sölu hennar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna, með því að efla starfsemi Reykjadals. Ragnar Kjartansson er listamaður Kærleikskúlu ársins 2013. Hér að neðan má líta allar kærleikskúlur frá árinu 2003, þegar átakið hóf göngu sína með fyrstu Kærleikskúlunni frá listamanninum Erró.




## 2013 HUGVEKJA RAGNAR KJARTANSSON

„Það var jólanótt árið 1998 og ég sat niðri í stofu með föður mínum. Aðrir voru farnir í háttinn, kertin voru að brenna upp og það rigndi ofan í jólasnjóinn. Faðir minn verður yfirleitt svolítið drukkinn á jólunum og honum finnst mikilvægt að nota hátíðleikann til að lesa syni sínum lífsreglurnar. Þessi jól var hann í sérstaklega miklu stuði. Við reyktum vindla og hann var með koníaksglas í hendinni. Skyndilega sagði hann með þungum andardrætti: „Ragnar, ég þarf að segja þér eitthvað það mikilvægasta sem ég mun nokkurn tíma segja þér.“ Hann lokaði augunum og það var löng þögn. Svo sagði hann: „Það er fallegt en sorglegt að vera manneskja“. Þetta hafði djúpstæð áhrif á mig. Nú prýðir þessi sanna mótsögn Kærleikskúluna. Það er einmitt mótsögnin sem alltaf situr í mér, sérstaklega á jólunum þegar við hlustum á prestinn tala í útvarpinu, popparanir syngja um kærleik og frið og við hugsum um stóra hluti. En lífið er aldrei „annaðhvort eða“ – aldrei annaðhvort harmþrungið eða gleðilegt, aldrei svart eða hvítt. Við lifum og deyjum á gráa svæðinu. Þar byggjum við okkar bústað. Hlutskipti okkar, hvers og eins, er bæði sorglegt og fallegt.“



## 2012 LOKKANDI HRAFNHILDUR ARNARDÓTTIR

„Lokkandi er rómantískur óður til líkama og sálar, minnisvarði minninga. Innan um skilningarvitin laumast allt og dvelur inni í flóknu landslagi holds og hugar einsog ilmurinn úr eldhúsinu. Hárflækjan, ímyndað landslag tilfinninga og taugaboða sem lokka okkur inn í króka og kima hugans, er samofin öllu – einstök og endalaus.“



## 2010 FJARLÆGÐ KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR

„Þegar ég horfði inn í kúluna í fyrstu, þá sá ég fyrir mér þekkt minni; lítinn heim innan í kúlunni og endamörk hans, glerið sjálft eins og sjóndeildarhring þess sem horfir innan úr miðju hans. Kúlan er alheimur í sjálfum sér, en í hönd manns er þessi litla veröld bara ögn í stærri alheimi – sem kannski er líka ögn í enn stærri alheimi, lítill viðkvæmur hlutur í hönd einhvers sem starir innan í hann. Fjöllin sem prentuð eru á kúluna eru dregin upp af ljósmyndum sem ég tók eða safnaði af íslenskum fjöllum á árinu 2010.“



## 2011 SKAPAÐU ÞINN HEIM YOKO ONO




„Fyrir Ísland með ástarkveðju:
Teiknaðu ímyndað kort á svarthvítan hnött.
Kastaðu vængjaðri pílu á handahófskenndan stað á hnettinum.
Litaðu svæðið þar sem pílan lendir með lit að eigin vali.
Kastaðu pílunni aftur og sjáðu hvar hún lendir.
Litaðu svæðið þar sem hún lenti að þinni egin ósk.
Haltu áfram að lita svæðið þar sem pílan lendir.
Haltu áfram að lita þar til heimurinn er allur í lit.“

## 2009 SNERTING HREINN FRIÐFINNSON

„Við erum í sífellu að snerta hluti sem á vegi okkar verða. Manneskjan skilur eftir sig slóð af fingraförum í gegnum lífið. Við snertum fólk og það okkur. Snerting er notuð í lækninga- og líknarskyni. Við tökum upp hluti, réttum þá öðrum, búum til hluti, breytum hlutum. Immanuel Kant sagði að hendurnar væru hinn ytri heili mannsins.“



## 2008 ALLT SEM ANDANN DREGUR GJÖRNINGA-KLÚBBURINN

„Kærleikskúlan er blásin upp af því dýrmætasta sem hverri lifandi manneskju er gefið, andardrætti. Andinn í kúlunni er táknrænn fyrir hið ósnertanlega og andlega, langanir og þrár. Kúlan er kysst þremur kossum sem fela í sér tjáningu ástar, vináttu og þakklætis. Kyssum hvert annað.“




## 2007 HRINGUR EGGERT PÉTURSSON

„Eftir vetur kemur vor, síðan sumar, haust og aftur vetur. Af gróðrinum lesum við framrás tímans. Sortulyngið ber blóm að vori. Blómið verður að beri sem þroskast yfir sumartímann og um haustið er berið orðið skærrautt. Lyngið dvelur undir snjónum og birtist aftur vorgrænt og blómgast á ný. Fræin skjóta rótum.Lífskeðjan er óslitinn hringur.“





## 2006 SALT JARÐAR GABRÍELA FRIÐRIKSDÓTTIR

„Óteljandi agnir mynda landslag sem breiðir úr sér og þekur jörðina. Þar vaxa áferðarmiklir og kynlegir kvistir. Landslag sem mótar og nærir hin margvíslegu lífsform og andann sem innan og utan þess býr. Það er lífsvilji sálarinnar og vonin sem mynda samfélög heimsins. Að viðurkenna, varðveita og virða hið skapandi afl margbreytileikans er krydd lífsins – SALT JARÐAR.“

## 2005 ÁN UPPHAFS – ÁN ENDIS RÚRÍ

„Orðin vísa til þess að kærleikurinn á sér hvorki upphaf né endi. Hann er óskilyrtur – óendanlegur – hann er. Eins er með fossinn – hann rennur án afláts – hann er. Jörðin er ein samfelld heild. Einn af hinum máttugu fossum landsins birtist í brothættu, svífandi listaverkinu, sem örsmáum heimi, sem aftur kallast á við og speglar alheim þar sem jörðin svífur um í ómælisgeimi.“





## 2004 AUGAÐ ÓLAFUR ELÍASSON

„Uppspretta verksins er augað. Augun eru stórkostleg verkfæri, þau eru farvegur fyrir samskipti, þau hafa áhrif á skilning okkar og skoðanir á okkur sjálfum, öðrum, umhverfinu – heiminum! Ég hef mikla ánægju af því að leika mér með eitthvað sem mér þykir fallegt. Fegurð er varasamt orð vegna þess að það er búið að staðla það og gera að einhverri klisju. Því ættum við kannski að tala um fagurfræði frekar en fegurð. Oft getur eitthvað sem er mjög ljótt við ákveðnar aðstæður orðið ótrúlega fallegt við aðrar. Svo fegurð er ekki einangrað fyrirbæri, hún er frekar spurning um eitthvað sem er einhvers virði og virði má alltaf semja um.“

## 2003 2 MÁLARAR ERRÓ

Verkið heitir „2 málarar“ og er úr röð verka sem Erró gerði árið 1984. Það er eins og flest verka hans byggð á tilvísunum í myndir annarra, að þessu sinni eru það verk meistaranna Picasso og Léger. Orðin þrjú „PAIX - LIBERTÉ - SOLIDARITÉ“ eru boðskapur myndarinnar.





Jól
í Skemmtigarðinum
Jólatilboð
1.5 KLST. LEIKJAKORT VERÐ: 2.990,-
4.000 KR. INNEIGN VERÐ: 3.000,-
8.000 KR. INNEIGN VERÐ: 5.000,-
18.000 KR. INNEIGN VERÐ: 10.000,-
30 NÓV.
EINAR MIKAEL SÝNIR 30. NÓVEMBER.
MAGNAÐAR SJÓNHVERFINGAR Á SLAGINU KL. 16:00 Á EFRI HÆÐINNI
OG KL. 16:30 FÁ ALLIR GESTIR AÐ HALDA Á ALVÖRU TÖFRADÚFU.
ALLIR GESTIR FÁ ÁRITAÐ PLAKAT FRÁ EINARI MIKAEL TÖFRAMANNI.
ÖLLUM BOÐIÐ FRÍTT Á FRUMSÝNINGU Á ÞÆTTINUM LEYNDARMÁL VÍSINDANNA
Á VEITINGASVÆÐINU KL. 18:00.
Tímakort
1.990,-
TILBOÐ FYRIR GESTI ÞANN 30. NÓV.,
KLUKKUSTUNDARKORT Á 1.990.-
dagskrá
Í DESEMBER
7 DES 13:00 - 15:00 JÓLAÚTGÁFA SYRPU
15:00 - 16:00 RAUÐHETTA OG ÚLFURINN
17:00 - 18:00 SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLATÓNA
8 DES 15:00 – 16:00 3 JÓLASVEINAR VERÐA MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI
17:00 – 18:00 LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN
14 DES 15:00 – 16:00 GOSI
17:00 – 18:00 SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLALÖG
15 DES 15:00 – 16:00 3 JÓLASVEINAR MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI
17:00 – 18:00 LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN
21 DES 15:00 – 16:00 LANGLEGGUR OG SKJÓÐA
17:00 – 18:00 SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLALÖG
22 DES 15:00 – 16:00 3 JÓLASVEINAR MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI
16:00 – 17:00 LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN
ÓKEYPIS AÐGANGUR Á ALLA VIÐBURÐI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til fimmtudaga kl. 14 til 22
Föstudaga kl. 14 til 23
Laugardaga kl. 12 til 23
Sunnudaga kl. 13 til 22
pepsi
Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND
www.skemmtigardurinnsmaralind.is

netto
Í JÓLASKAPI




**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

markhönnun ehf

# NAMMI NAMM JÓLANAMMIÐ ER KOMIÐ Í NETTÓ!

TOBLERONE TINYS
330 G
998 KR/PK







QUALITY STREET
820 G
1.598 KR/DS

NÓI KONFEKT
Í LAUSU 800 G
2.498 KR/PK







CADBURY ROSES
750 G
1.698 KR/DS

JÓAKIM AÐALÖND
VIÐSKIPTALEIKUR
-19%
3.967
ÁÐUR 4.898 KR




LINDOR
MJÓLKURSÚKKULAÐI
200 G
689 KR/PK




CELEBRATIONS
750 G
1.898 KR/DS







Mozzarella
Skinka
Pepperoni

PIZZUR
NICE'N EASY
159
ÁÐUR 199 KR/STK



Fljótlegt & gott í amstri dagsins

NICE'N EASY
FRYSTIRÉTTIR
498
KR/PK

MUNIÐ GJAFAKORTIN



**Tilboðin gilda 30. nóv - 1. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Jólaþorpið í Hafnarfirði skreytt af leikskólabörnum

**Jólaþorpið í Hafnarfirði opnað með formlegum hætti í 11. sinn á laugardaginn. Metskráning er í sölubása og færri komast að en vilja.**

Leikskólabörn í Hafnarfirði tóku þátt í jólaundirbúningi í bænum, en þau skreyttu húsin fyrir árlega opnun Jólaþorpsins þar í bæ. Jólaþorpið verður opnað formlega á laugardaginn í ellefta sinn.

„Jólaþorpið er að stækka og stækka," segir Marín Guðrún Hrafnsdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar. Hún segir að mikið samstarf við kaupmenn í Hafnarfirði hjálpi til. „Við erum í raun að reyna að búa til jólaheim og Jólaþorpið er hjartað. Við erum að reyna að samtvinna jólastemninguna í miðbænum og Firðinum saman við jólaþorpið sem er á Thorsplani. Við verðum með flotta leiki í samstarfi við kaupmennina og getur fólk unnið veglega vinninga."

Þorpið hefur vaxið undanfarin ár og notið mikilla vinsælda. „Nú í ár er algjör metaðsókn, margir vilja vera með hús í þorpinu. Það er ljóst að við þurfum að fjölga húsum eða fjölga opnunardögum. Líklega komast færri að en vilja," segir Marín.

Dagskráin er sniðin fyrir alla fjölskylduna, að sögn Marínar. „Við reynum alltaf að vera með eitthvað sem höfðar til yngstu barnanna, hvort sem það eru jólasveinaheimsóknir eða eitthvað annað. Við verðum með dagskrá allar helgar fram að jólum, mest á milli 13 til 16, en annars verður alltaf eitthvað um að vera þarna, lifandi tónlist og fín stemning."

Athygli vekur að einhver vinsælasta vara þorpsins verður tekin úr beinni sölu. „Ein breytingin sem gerð hefur verið er að hætta að selja heitt kakó. Í staðinn mun Rauði krossinn vera með svokallaðar kakóstöðvar víðsvegar um miðbæinn og getur fólk fengið sér kakó þar, án endurgjalds. Í staðinn verður tekið við frjálsum framlögum sem renna óskipt til Rauða krossins," útskýrir Marín. Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað formlega klukkan 12 á laugardaginn og nær dagskráin þann dag hámarki þegar jólatréð frá Fredriksberg, vinabæ Hafnarfjarðar í Noregi, verður tendrað klukkan 17.

kjartanatli@frettabladid.is



**JÓLASTEMNING** Marín er í skýjunum yfir Jólaþorpinu sem stækkar með hverju árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**ALLT OPIÐ** Ghostigital opnar Andefnabúð í kvöld.

## Opin búð á Kex í kvöld

Andefnabúðin er titill á safndisk með alls kyns andefni sem ekki hefur ratað inn á stúdíóplötur hljómsveitarinnar Ghostigital.

Andefnabúðin er full af skemmtilegu góðgæti, eins og „remixum," samstarfsverkefnum og einstæðum og einstökum villilömbum. Tónlist Ghostigital er skoðuð frá annarri hlið í fjörugum endurhljóðblöndunum helstu danshljómsveita landsins og forvitnileg samstarfsverkefni dregin í sviðsljósið.

„Stundum eru þetta „remix" af okkar lögum eftir aðra listamenn á borð við Gus Gus og Captain Fufanu, eða „remix" eftir okkur af lögum eftir aðra eins og Björk. Svo er slatti af samstarfsverkefnum, líkt og með Sóleyju og Skúla Sverrissyni," segir Curver Thoroddsen meðlimur sveitarinnar.

Síðastliðin ellefu ár hefur Ghostigital heillað, hrellt og hrist upp í íslensku tónlistarlífi með afdráttarlausri og uppátækjasamri tónlist sinni.

Herlegheitin hefjast með glæsibrag klukkan 21.00 í kvöld. - glp



**JÓLASTEMNING** Allur ágóði rennur til barnaheimilisins Óss. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Árlegur jólamarkaður

Árlegur jólamarkaður Barnaheimilisins Óss verður haldinn í dag, laugardag. Húsið verður opnað klukkan 13 og stendur markaðurinn til klukkan 18. Á markaðinum mun kenna ýmissa grasa og geta gestir gert góð kaup á barnafötum, heimilisvörum, glingri og góssi. Þá verður einnig jólaglögg á boðstólum.

Barnaheimilið Ós á sér langa sögu en leikskólinn er til húsa í hjarta Reykjavíkur, á Bergþórugötunni. Allur ágóði af jólamarkaðinum rennur til barnaheimilisins. - lkg

# Vonast til þess að sjá álfa og tröll

Paul Kalkbrenner kemur hingað til lands í febrúar og spilar á Sónar-hátíðinni.

Þýski raftónlistarmaðurinn Paul Kalkbrenner er einn þeirra listamanna sem koma fram á Sónartónlistarhátíðinni í febrúar næstkomandi. Fréttablaðið náði tali af Þjóðverjanum þegar hann hámaði í sig morgunkornið. „Ég hlakka mikið til þess að koma til Íslands og vona að ég nái að sjá álfa og tröll. Ég hef heyrt að þetta sé mikil hestaþjóð," segir Paul Kalkbrenner léttur í lundu. Hann hefur komið fram um allan heim og kom einnig fram á Sónar-hátíðinni í Barcelona síðastliðið sumar. Þá var hann einnig á Sónar-tónleikaferðalagi um Bandaríkin.

Aðspurður hvort hann ætli að gera eitthvað sérstakt á Íslandi segist hann ætla að reyna að fara í Bláa lónið og mögulega skoða aðeins skemmtanalífið. „Konan mín og vinur verða með í för þannig að þau hafa auðvitað sitt að segja um hvað við gerum á Íslandi."

Kalkbrenner hefur gefið út átta plötur, sex breiðskífur, eina tónleikaplötu og eina „remix"-plötu.

Þessi fyrrverandi trompetleikari er best þekktur fyrir lagið Sky and Sand sem fór sigurför um Evrópu árið 2009 og gaf síðast út plötu árið 2012 og hét hún Guten Tag. „Ég stefni á að gefa út aðra plötu á næsta ári."

„Ég þekki Björk, Sigur Rós og Ásgeir Sigurvinsson," segir Kalkbrenner spurður um hvort hann viti eitthvað um Ísland. „Ég hlakka mikið til að koma og lofa góðu stuði." - glp



**ÞEKKIR ÁSGEIR SIGURVINSSON** Paul Kalkbrenner hlakkar til að koma á Sónar á Íslandi í febrúar. NORDICPHOTOS/GETTY



**PEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Sextán ár skilja að Demi Moore og Ashton Kutcher. AFP/NORDICPHOTOS

## Loksins skilin

Meira en tveimur árum eftir að Demi Moore tilkynnti að hjónabandi hennar og Ashtons Kutcher væri lokið, eru þau formlega skilin.

Eftir marga mánuði af orðrómi þess efnis að samningaviðræður um eignaskipti væru þess valdandi að ekki hefði verið skrifað undir skilnaðarpappíra, komust Kutcher og Moore loksins að samkomulagi sem var undirritað 31. október síðastliðinn, samkvæmt slúðurmiðlum vestanhafs.

Moore, sem er fimmtíu og eins árs, tilkynnti í nóvember 2011 að hún væri að skilja við Kutcher eftir að upp komst um framhjáhald Kutchers með Söru Leal. Kutcher neitaði þeim ásökunum. - ósk



**FANN ÁSTINA** Ryan virðist vera genginn út.

## Kominn með nýja

American Idol-kynnirinn Ryan Seacrest, 38 ára, sást spóka sig um með ljóshærðri konu í Úrúgvæ um síðustu helgi.

Sú heppna heitir Shayna Terese Taylor, er einnig 38 ára, og er fyrirsæta og einkaþjálfari. Turtildúfurnar fengu sér hádegismat á La Huelle og sleiktu sólskinið aðeins.

Ryan hætti með dansaranum Julianne Hough í mars á þessu ári og sló sér upp í stuttan tíma með fyrirsætunni Dominique Piek í sumar. - lkg

## Óbirt efni Salingers lekur

Þrjár áður óbirtar smásögur eftir J.D. Salinger, sem skrifaði meðal annars bókina Catcher in the Rye, hafa lekið á internetið, nú nokkru eftir að ólögleg prentuð útgáfa var boðin upp á eBay.

Þetta er í fyrsta sinn sem smásögurnar Paula, Birthday Boy og The Ocean Full of Bowling Balls, sem hafa um langt skeið verið aðgengilegar á lokuðum bókasöfnum Princeton-háskólans og University of Texas, eru aðgengilegar almenningi.

Smásagan The Ocean Full of Bowling Balls er sérlega áhugaverð að því leytinu til að hún er talin vera óopinber undanfari bókarinnar Catcher in the Rye. - ósk



**JD SALINGER**








# Útrás til Finnlands

**Rakel Sævarsdóttir og Aldís María Valdimarsdóttir opnuðu netverslunina Kaupstaður.is saman í sumar. Þar geta íslenskir hönnuðir sýnt og selt vörur sínar.**

„Þetta er metnaðarfullur, rafrænn vettvangur þar sem íslenskir hönnuðir fá tækifæri til þess að sýna og selja vörur sínar. Smart netverslun með íslenska hönnun. Mér fannst einfaldlega vanta metnaðarfullan vettvang fyrir íslenska hönnuði þar sem þeir geta sýnt og auðvitað selt vörurnar sínar,“ segir Rakel Sævarsdóttir. Hún byrjaði að vinna að netversluninni Kaupstaður.is snemma árs 2012 og fékk Aldísi Maríu Valdimarsdóttur í lið með sér í október sama ár.

„Upprunalega kom hugmyndin að Kaupstað í framhaldsnámi mínu en þá ákvað ég að stofna rafrænan vettvang fyrir myndlist, hönnun og handverk. Ég byrjaði að þróa myndlistarvettvanginn og árið 2010 var Muses.is opnað, en þar sýna upprennandi listamenn og selja verk sín. Snemma árs 2012 var ég orðin eirðarlaus og gat ekki beðið lengur svo ég hætti í launuðu dagvinnunni sem ég var í og hellti mér á fullu í undirbúningsvinnu fyrir Kaupstað,“ segir Rakel en Kaupstaður.is var opnaður 6. júní síðastliðinn. Viðtökurnar hafa verið framar björtustu vonum og stefna þær stöllur á útrás til Finnlands.

„Við erum byrjaðar að láta þýða Kaupstað yfir á finnsku. Á næsta ári munum við einbeita okkur að kynningu í Finnlandi. Aldís bjó þar um árabil og hefur sterkt tengslanet á hönnunarsviðinu þar. Við teljum okkur eiga góða möguleika þar sem mætti segja að Finnar séu hálfgerð hönnunarþjóð sem hefur áhuga á Íslandi og íslenskri menningu,“ segir Rakel.

liljakatrin@frettabladid.is



**Við teljum okkur eiga góða möguleika í Finnlandi.**
*Rakel Sævarsdóttir*

**STÖÐUGT Í PRÓUN** Margt hefur breyst síðan netverslunin var opnuð og er hún enn í vinnslu að sögn Rakelar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## RAKEL OG ALDÍS Í HNOTSKURN

**Rakel** lauk BA-námi í listfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og MA-námi í hagnýtri menningarmiðlun frá sama skóla árið 2009.

**Aldís** lauk námi í viðburðastjórnun frá Háskólanum á Hólum vorið 2012 og grafískri hönnun frá Myndlistarskólanum á Akureyri árið 2011.



# ÞÚ FINNUR BÓKINA Á FISKISLÓÐ

LEIKHORN FYRIR BÖRNIN

NÆG BÍLASTÆÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI

INNPÖKKUNARBORÐ OG ÓDÝRIR MERKIMIÐAR

Allar nýjustu bækurnar




**ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI**

FORLAGIÐ
Bókabúð

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
